

## I EES-STOFNANIR

## 1. Sameiginlega EES-nefndin

|                |  |    |
|----------------|--|----|
| 2013/EES/28/01 | Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 456/2012 frá 30. maí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 um framkvæmdarreglur varðandi tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar varmir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á flutningum á tilteknum dýrum af smitnæmum tegundum í tengslum við blátungu. . . . .                  | 1  |
| 2013/EES/28/02 | Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 45/2012 frá 19. janúar 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar efni flutningsskjala. . . . .   | 8  |
| 2013/EES/28/03 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 278/2012 frá 28. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar ákvörðun á innihaldi díoxína og fjölkloráðra bifényla. . . . .  | 10 |
| 2013/EES/28/04 | Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 843/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 109.713), sem fôðuraukefni fyrir kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps eða undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE). . . . .     | 25 |
| 2013/EES/28/05 | Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 870/2012 frá 24. september 2012 um leyfi fyrir naringíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir . . .  | 28 |
| 2013/EES/28/06 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 880/2011 frá 2. september 2011 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 208/2011 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar skrár yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB og heiti þeirra . . . . . | 31 |
| 2013/EES/28/07 | Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 489/2012 frá 8. júní 2012 um framkvæmdarreglur vegna beitingar 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli. . . . .   | 32 |
| 2013/EES/28/08 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 556/2012 frá 26. júní 2012 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir spinósað í og á hindberjum . . . . .  | 37 |

|                       |   |     |
|-----------------------|---|-----|
| <b>2013/EES/28/09</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 897/2012 frá 1. október 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asibensólar-S-metýl, amisúlbróm, sýasófamið, díflúfeníkan, dímoxystróbín, metoxyfenósíð og níkótín í eða á tilteknum afurðum. . . . .   | 51  |
| <b>2013/EES/28/10</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 899/2012 frá 21. september 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asefat, alaklór, anilásín, asósýklótín, benfúrakarb, bútýlat, kaptafól, karbarýl, karbófúran, karbósúlfan, klórphenapýr, klórþaldimetýl, klórþíamið, sýhexatín, díásínón, díklóbeníl, díkófól, dímetípín, díníkónasól, dísulífótón, fenítróþíón, flúfensín, fúrapíókarb, hexakónasól, laktófen, mepróníl, metamídófos, metóþren, mónókrótófos, mónúrón, oxykarboxín, oxydemetónmetýl, parapíónmetýl, fórat, fosalón, prósymídón, prófenófos, própáklór, kínglórak, kvintósen, tólýlflúaníð, tríklórfón, trídormorf og tríflúralín í eða á tilteknum afurðum og breytingu á þeirri reglugerð með samningu V. viðauka þar sem skráð verða staðalgildi. . . . . | 82  |
| <b>2013/EES/28/11</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2012 frá 4. júlí 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bifenasat, kaptan, sýpródíníl, flúópíkólíð, hexýþíasox, ísóþróþíólan, metaldehýð, oxadíxýl og fosmet í eða á tilteknum afurðum . . . . .   | 158 |
| <b>2013/EES/28/12</b> | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/24/ESB frá 8. október 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 86/297/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aflúttak á dráttarvélum og hlífar fyrir það, í því skyni að aðlaga tæknileg ákvæði hennar. . . . .  | 195 |
| <b>2013/EES/28/13</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1047/2012 frá 8. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1924/2006 að því er varðar listann yfir næringarfullyrðingar. . . . .  | 197 |
| <b>2013/EES/28/14</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1048/2012 frá 8. nóvember 2012 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu. . . . .  | 199 |
| <b>2013/EES/28/15</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1049/2012 frá 8. nóvember 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólýglýsítólsíröpi í nokkrum matvælaflokkum. . . . .   | 202 |
| <b>2013/EES/28/16</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1050/2012 frá 8. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar pólýglýsítólsíröp . . . . .   | 206 |
| <b>2013/EES/28/17</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1056/2012 frá 12. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 um ensím í matvælum að því er varðar umbreytingarráðstafanir. . . . .   | 208 |
| <b>2013/EES/28/18</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1057/2012 frá 12. nóvember 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á dímetýlpólýsíloxani (E 900) sem froðueyði í fæðubótarefnum . . . . .  | 210 |
| <b>2013/EES/28/19</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1058/2012 frá 12. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aflatoxín í þurrkuðum fíkjum . . . . .  | 213 |

|                       |   |     |
|-----------------------|---|-----|
| <b>2013/EES/28/20</b> | Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012 frá 31. ágúst 2012 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2013, 2014 og 2015 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu . . . . . | 215 |
| <b>2013/EES/28/21</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 712/2012 frá 3. ágúst 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1234/2008 að því er varðar athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa fyrir manna- og dýralyfjum . . . . .  | 235 |
| <b>2013/EES/28/22</b> | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/14/ESB frá 8. maí 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu metýlnónýlketóni við í I. viðauka við hana . . . . .  | 246 |
| <b>2013/EES/28/23</b> | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/15/ESB frá 8. maí 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu disartréskjarna við í I. viðauka við hana . . . . .   | 249 |
| <b>2013/EES/28/24</b> | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/16/ESB frá 10. maí 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu saltsýru við í I. viðauka við hana . . . . .   | 252 |
| <b>2013/EES/28/25</b> | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/20/ESB frá 6. júlí 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu flúfenoxúrón við fyrir vöruflokk 8 í I. viðauka við hana . . . . .   | 255 |
| <b>2013/EES/28/26</b> | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/22/ESB frá 22. ágúst 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu DDA-karbónati við í I. viðauka við hana . . . . .  | 259 |
| <b>2013/EES/28/27</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2012 frá 19. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka . . . . .   | 263 |
| <b>2013/EES/28/28</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 835/2012 frá 18. september 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII, viðauka við hana (kadmíum) . . . . .  | 267 |
| <b>2013/EES/28/29</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 836/2012 frá 18. september 2012 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi blýi) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) . . . . .   | 270 |
| <b>2013/EES/28/30</b> | Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB frá 2. ágúst 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga þá að tækniframförum . . . . .  | 273 |
| <b>2013/EES/28/31</b> | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/63/ESB frá 1. júní 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB um gæði bensins og díseleldsneytis í því skyni að laga hana að tækniframförum . . . . .  | 282 |
| <b>2013/EES/28/32</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012 frá 3. október 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun þurrkara til heimilisnota . . . . .  | 284 |

|                       |  |     |
|-----------------------|--|-----|
| <b>2013/EES/28/33</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 622/2012 frá 11. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi vishönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án áspéttis og hringrásardælum án áspéttis sem eru felldar inn í vörur . . . . .                                      | 294 |
| <b>2013/EES/28/34</b> | Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/23/ESB frá 12. september 2012 um breytingu á tilskipun 2009/138/EB (Gjaldþolsáætlun II) að því er varðar lögleiðingardag hennar og gildistöku hennar, og dagsetningu niðurfellingar tiltekinna tilskipana . . . . .   | 299 |
| <b>2013/EES/28/35</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 311/2012 frá 21. desember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar þætti tengda lýsingum og auglýsingum . . . . .  | 301 |
| <b>2013/EES/28/36</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 560/2009 frá 26. júní 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu . . . . .   | 303 |
| <b>2013/EES/28/37</b> | Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/65/ESB frá 20. október 2010 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum og um niðurfellingu á tilskipun 2002/6/EB . . . . .   | 336 |
| <b>2013/EES/28/38</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2012 frá 11. júní 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 593/2007 um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á . . . . .  | 346 |
| <b>2013/EES/28/39</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1332/2011 frá 16. desember 2011 um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur fyrir árekstrarvara í flugi . . . . .  | 351 |
| <b>2013/EES/28/40</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2011 frá 24. febrúar 2011 um upplýsingar sem á að leggja fram áður en starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt . . . . .  | 354 |
| <b>2013/EES/28/41</b> | Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/77/ESB frá 27. september 2011 um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda . . . . .  | 360 |
| <b>2013/EES/28/42</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (kadmíum) . . . . .                | 365 |
| <b>2013/EES/28/43</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1224/2012 frá 18. desember 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004. . . . . | 369 |
| <b>2013/EES/28/44</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 frá 28. apríl 2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu . . . . .   | 371 |
| <b>2013/EES/28/45</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1654/2005 frá 10. október 2005 breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu . . . . .  | 382 |

|                       |  |     |
|-----------------------|--|-----|
| <b>2013/EES/28/46</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1255/2007 frá 25. október 2007 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu . . . . .   | 397 |
| <b>2013/EES/28/47</b> | Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/12/ESB frá 19. apríl 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 2001/112/EB varðandi aldinsafa og tilteknar álíka vörur til manneldis . . . . .  | 411 |
| <b>2013/EES/28/48</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1147/2012 frá 4. desember 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á bývaxi (E 901), karnúbavaxi (E 903), skellakki (E 904) og örkristölluðu vaxi (E 905) á tiltekin aldin . . . . .   | 422 |
| <b>2013/EES/28/49</b> | Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 862/2012 frá 4. júní 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar upplýsingar um samþykki fyrir notkun lýsingarinnar, upplýsingar um undirliggjandi vísitölur og kröfuna um skýrslu frá óháðum skoðunarmönnum eða endurskoðendum . . . . .  | 425 |
| <b>2013/EES/28/50</b> | Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/8/ESB frá 2. mars 2012 um breytingu á tilskipun 2003/90/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði . . . . .                                      | 435 |
| <b>2013/EES/28/51</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2012 frá 12. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur fyrir vélknúin ökutæki sem knúin eru vetni og blöndu vetnis og jarðgass, með tilliti til losunar, og að sértækum upplýsingum, varðandi ökutæki með rafaftrás, verði bætt í upplýsingaskjalið fyrir EB-gerðarviðurkenningu. . . . . | 439 |
| <b>2013/EES/28/52</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1149/2012 frá 4. desember 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósmarinkjarna (E 392) í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta . . . . .  | 452 |
| <b>2013/EES/28/53</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1183/2012 frá 30. nóvember 2012 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli . . . . .  | 455 |
| <b>2013/EES/28/54</b> | Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/51/ESB frá 10. október 2012 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágur varðandi búnað sem inniheldur kadmíum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum . . . . .  | 460 |
| <b>2013/EES/28/55</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2012 frá 25. júní 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun vatnsdælna . . . . .  | 462 |
| <b>2013/EES/28/56</b> | Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (2012/627/ESB) . . . . .   | 471 |
| <b>2013/EES/28/57</b> | Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. október 2012 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (2012/628/ESB) . . . . .   | 473 |

|                       |  |     |
|-----------------------|--|-----|
| <b>2013/EES/28/58</b> | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2013 frá 29. janúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara, sem stunduðu flugstarfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag, þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint, einnig með tilliti til rýmkunar á kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir þannig að það nái yfir EFTA-löndin innan EES . . . . | 475 |
|-----------------------|--|-----|

|                       |   |     |
|-----------------------|---|-----|
| <b>2013/EES/28/59</b> | Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 frá 22. apríl 2002 um að taka í notkun .eu höfuðlénid . . . . . | 650 |
|-----------------------|---|-----|

**II EFTA-STOFNANIR**

- 1. Fastanefnd EFTA-rikkanna**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA**
- 3. EFTA-dómstóllinn**

**III ESB-STOFNANIR**

- 1. Framkvæmdastjórnin**

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

2013/EES/28/01

### Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 456/2012

frá 30. maí 2012

#### um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 um framkvæmdarreglur varðandi tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á flutningum á tilteknum dýrum af smitnæmum tegundum í tengslum við blátungu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2000/75/EB frá 20. nóvember 2000 um sérstök ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu<sup>(1)</sup>, einkum 9. gr. (c-lið 1. mgr.), 11. og 12. gr. og 19. gr. (þriðju málsgrein),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007<sup>(2)</sup> er mælt fyrir um reglur að því er varðar varnir, vöktun, eftirlit og takmarkanir á flutningi dýra, í tengslum við blátungu, innan takmörkunarsvæða og frá þeim. Þar eru einnig fastsett skilyrði fyrir undanþágum frá brottfararbanninu, sem gildir um flutning dýra af smitnæmum tegundum, sæðis þeirra, eggja og fósturvísa, sem kveðið er á um í tilskipun 2000/75/EB, þ.m.t. reglur um notkun á bóluefni gegn blátungu.
- 2) Samkvæmt núgildandi reglum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/75/EB, er notkun bóluefnis gegn blátungu bönnuð utan verndarsvæða. Ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/5/ESB frá 14. mars 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar bólusetningu gegn blátungu<sup>(3)</sup> gera reglurnar um bólusetningu, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2000/75/EB, sveigjanlegri til að leyfa einnig bólusetningu gegn blátungu með óvirkjuðum bóluefnum utan svæðanna sem falla undir takmarkanir á tilflutningi dýra. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1266/2007 til samræmis við það. Enn fremur er nauðsynlegt að gera breytingar til að einfalda vöktunar- og eftirlitsferlið og til að aðlaga málsmeðferðarreglurnar, sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1266/2007, að nýlegum vísindalegum álitum.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 1266/2007 er kveðið á um að aðildarríkin skuli senda upplýsingar um blátungu, sem safnað er á meðan áætlanirnar um vöktun og eftirlit eru í framkvæmd,

í veflæga kerfið BlueTongue NETwork (BT-netkerfið) til að safna saman faraldsfræðilegum upplýsingum um blátungu og greina þær.

- 4) Eigi að síður sýnir reynslan að nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir innan ramma annarra fyrirliggjandi skuldbindinga Sambandsins um tilkynningar og skýrslugjöf sem varða sjúkdóma. Skuldbindingin um að skiptast á upplýsingum í gegnum BT-netkerfið er því ekki lengur nauðsynleg.
- 5) Með reglugerð (EB) nr. 1266/2007, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2009<sup>(4)</sup> var innleiddur möguleiki fyrir aðildarríkin til að afmarka, við tiltekin skilyrði, „svæði með minni áhættu“ til að greiða fyrir forvarnarbólusetningum á hlutum yfirráðasvæðis síns þar sem veiran fyrirfinnst ekki. Vegna gildistöku tilskipunar 2012/5/ESB, en með henni er heimilað að einnig megi bólusetja gegn blátungu utan takmörkunarsvæða, eru ákvæðin um afmörkun „svæða með minni áhættu“ ekki lengur nauðsynleg.
- 6) Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1266/2007 er aðildarríkjum heimilt að ákveða að taka landsvæði, sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti, út fyrir takmörkunarsvæði og þannig lýsa svæðið sjúkdómslaust þegar sannað hefur verið með vöktun að veiran hefur ekki fundist þar í tvö ár.
- 7) Á þeim hlutum takmörkunarsvæðis þar sem vöktun og eftirlit í a.m.k. eitt ár, þ.m.t. heilt tímabil þegar smitferjur eru virkar, hafa leitt í ljós að tiltekin sermigerð eða sermigerðir blátunguveirunnar hafi ekki fundist er þó hætta á enduruppkomu sjúkdómsins með aðflutningi smitandi dýra frá öðrum hlutum sama takmörkunarsvæðis þar sem blátunguveiran er enn virk. Til að tryggja örugga umbreytingu í átt til sjúkdómsleysis við hagstæðar faraldsfræðilegar aðstæður skal aðildarríkjunum í slíkum tilvikum heimilt að afmarka „sjúkdómslaust svæði til bráðabirgða“ með því skilyrði að vöktun og eftirliti sé beitt til að staðfesta að veiran sé ekki fyrir hendi.
- 8) Samkvæmt vísindalegu álitum vísindanefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um heilbrigði og velferð dýra varðandi hættu á útbreiðslu blátungu við umflutning dýra („Risk of Bluetongue Transmission in Animal Transit“),

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjótið. ESB L 141, 31.5.2012, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2013 frá 1 febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 74.

<sup>(2)</sup> Stjótið. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 37.

<sup>(3)</sup> Stjótið. ESB L 81, 21.3.2012, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjótið. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 3.

sem samþykkt var 11. september 2008<sup>(1)</sup>, er fræðilegur möguleiki á því að mýflugur, sem bera smit, ferðist með dýrunum. Hugsanlegt er að halda megi þeirri áhættu í skefjum með því að hreinsa ökutækið og meðhöndla það með skordýraeitri eða fæliefnum fyrir fermingu dýranna eða þegar dýr eru flutt um svæði þar sem vitað er að áhættan er lítil eða á tímabili þegar vitað er að áhættan er lítil. Til að takmarka óæskileg áhrif þessara efna á umhverfið og til að forðast hugsanleg vandamál að því er varðar biðtíma og hugsanlegar efnaleifar í dýrunum skal ekki lengur gera kröfu um að dýr séu meðhöndluð með leyfilegu skordýraeitri eða fæliefnum þar eð þessi meðhöndlun veitir takmarkað viðbótaröryggi.

- 9) Með reglugerð (EB) nr. 1266/2007, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 648/2011<sup>(2)</sup>, er viðtökuáðildarríkjum þar sem aðflutningur dýra, sem ekki eru ónæg, getur skapað áhættu fyrir heilbrigði dýra heimilt, á meðan á umbreytingartímabili stendur, að krefjast þess að flutningur slíkra dýra sé háður tilteknum viðbótarskilyrðum. Þar eð mælt er fyrir um reglur um viðmiðanir fyrir smitferjuvarðar stöðvar í þessari reglugerð er það umbreytingarákvæði ekki lengur nauðsynlegt.
- 10) Vegna mismunandi dreifingar veirunnar, umhverfis- aðstæðna og mismunandi bólusetningaráætlana í aðildarríkjum geta faraldsfræðilegar aðstæður er varða blátungu verið verulega frábrugðnar hver annarri á mismunandi svæðum Sambandsins. Reynslan hefur sýnt að framkvæma má mismunandi eftirlitsáætlanir svo vel fari til að ná fram fyrirhuguðum markmiðum. Því skal einfalda samræmdu lágmarkskröfurnar um vöktun og eftirlit, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1266/2007, til að auka sveigjanleika aðildarríkjanna til að útfæra landsbundnar áætlanir sínar um vöktun og eftirlit, að teknu tilliti til vísindalegs álits vísindanefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um heilbrigði og velferð dýra varðandi vöktun og eftirlit með blátungu<sup>(3)</sup>.
- 11) Á grunni framangreinds vísindalegs álits ætti lágmarks-úrtaksstærðin til að finna 5% algengi með 95% öryggi í stofnum smitnæmra tegunda að nægja til eftirlits til að sýna fram á að veiran sé ekki fyrir hendi á landsvæði, sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti, á tveggja ára tímabili.
- 12) Það er mikilvæg krafa vegna tiltekinna skilyrða fyrir undanþágum frá brottfararbanninu, sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1266/2007, að halda dýrum, sem eru smitnæg fyrir blátungu, á smitferjuheldri stöð í tiltekinn tíma. Reynslan sýnir að það er erfitt fyrir aðildarríkin að koma á viðeigandi viðmiðunum til að koma á fót smitferjuheldri stöð fyrir reglubundna flutninga í tengslum við viðskipti með dýr af smitnægum tegundum, s.s. nautgripi, sauðfé og geitur.

- 13) Til að bæta skilvirkni smitferjuheldra stöðva og til að aðstoða aðildarríkin við að koma þeirri eftirlitsráðstöfun í framkvæmd skal setja nokkrar viðmiðanir. Þessar viðmiðanir skulu byggjast á reynslu aðildarríkjanna og á heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) um landdýr. Til að aðlaga iðorðanotkunina að heilbrigðisreglum OIE skal iðorðið „smitferjuvarin stöð“ koma í stað iðorðsins „smitferjuheld stöð“ sem er sem stendur notað í reglugerð (EB) nr. 1266/2007.
- 14) Til að bregðast við nýjum vísindalegum upplýsingum sem benda til þess að blátunguveiran, einkum þá af blátungusermigerð 8, geti smitast um fylgju voru innleiddar varúðarráðstafanir með reglugerð (EB) nr. 1266/2007, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 384/2008<sup>(4)</sup>, til að koma í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu blátungu með dýrum með fangi eða tilteknum nýfæddum dýrum.
- 15) Samkvæmt vísindalegu mati vísindanefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um heilbrigði og velferð dýra varðandi blátungusermigerð 8<sup>(5)</sup> eru vísindalegar sannanir fyrir því að blátunguveira af sermigerð 8, sem barst til Sambandsins árið 2006, smitist um fylgju. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á að aðrar sermigerðir blátunguveirunnar smitist um fylgju á sýktum svæðum þar sem ekki eru notuð umbreytt, lifandi bóluefni. Í ljósi niðurstaðna í því áliti skal varúðarráðstöfunin sem varðar flutning á dýrum með fangi einungis gilda um svæði sem eru með takmörkunum að því er varðar blátunguveiru af sermigerð 8.
- 16) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1266/2007 til samræmis við það.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1266/2007 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

##### Áætlunir um vöktun og eftirlit með blátungu

Aðildarríkin skulu hrinda í framkvæmd áætlunum um vöktun og eftirlit með blátungu í samræmi við lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka.“

- 2) Ákvæði 5. gr. falli brott.

- 3) Í stað 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„2. Áður en aðildarríki taka ákvörðun um að taka landsvæði, sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti, út fyrir takmörkunarsvæði skulu þau senda framkvæmdastjórninni rökstuddar upplýsingar sem sýna fram á að blátunguveiran

<sup>(1)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 795, 18–65.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 176, 5.7.2011, bls. 18.

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(6), 2192.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 116, 30.4.2008, bls. 3.

<sup>(5)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(5), 2189.



hafi ekki verið fyrir hendi á því svæði í tvö ár, þ.m.t. tvö heil tímabil þegar smitferjur eru virkar, eftir að áætlun um vöktun á blátungu var hrundið í framkvæmd í samræmi við 3. lið I. viðauka.“

4) Í stað 2. mgr. a í 7. gr. komi eftirfarandi:

„2a. Aðildarríkjunum er heimilt að afmarka landsvæði, sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti, innan takmörkunarsvæðis sem „sjúkdómslaust svæði til bráðabirgða“, að því tilskildu að í eitt ár, þ.m.t. eitt heilt tímabil þegar smitferjur eru virkar, hafi vöktun og eftirlit í samræmi við 3. lið I. viðauka sýnt fram á að blátunguveiran sé ekki fyrir hendi á þeim hluta takmörkunarsvæðisins fyrir þá tilteknu sermigerð blátungu eða sambland af sermigerðum.

Aðildarríki sem hyggst afmarka takmörkunarsvæði eða hluta takmörkunarsvæðis sem „sjúkdómslaust svæði til bráðabirgða“ skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlun sína. Með þeirri tilkynningu skulu fylgja upplýsingarnar sem um getur í 3. lið I. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal, innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, gera aðildarríkjunum grein fyrir skránni yfir „sjúkdómslaus svæði til bráðabirgða“.

Flutninga dýra innan sama takmörkunarsvæðis frá svæði þar sem sömu sermigerð eða sermigerðir blátunguveirunnar er að finna, yfir á hluta sama takmörkunarsvæðis sem er afmarkað sem „sjúkdómslaust svæði til bráðabirgða“ má einungis heimila ef:

- a) dýrin uppfylla skilyrðin í III. viðauka eða
- b) dýrin uppfylla allar aðrar viðeigandi dýraheilbrigðis-ábyrgðir sem byggjast á jákvæðum niðurstöðum úr áhættumati á ráðstöfunum gegn útbreiðslu blátunguveirunnar og vernd gegn ásókn smitferja, sem lögbært yfirvald á upprunastað gerir kröfu um og lögbært yfirvald á viðtökustað samþykkir, áður en slík dýr eru flutt eða
- c) dýrin eru ætluð til tafarlausrar slátrunar.“

5) Í stað þriðju undirgreinar 5. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„Upplýsingar um tilgreind sláturhús skulu gerðar aðgengilegar hinum aðildarríkjunum og almenningi.“

6) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

**Frekari skilyrði fyrir umflutningi dýra**

1. Lögbært yfirvald skal heimila umflutning dýra, að því tilskildu að:

- a) farartækin, sem dýrin eru flutt með, séu meðhöndluð með leyfilegu skordýraeitri og/eða fæliefnum að lokinni viðunandi hreinsun og sóttthreinsun á fermingarstaðnum. Þessi meðhöndlun skal ávallt eiga sér stað áður en takmörkunarsvæðið er yfirgefið eða komið er inn á það,
- b) þegar gert er ráð fyrir að hvíldartími á eftirlitsstöð (áður *stjórnstöð*) verði lengri en einn dagur meðan á flutningi um takmörkunarsvæði stendur séu dýrin vernduð gegn ásókn smitferja í smitferjuvarinni stöð, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef umflutningurinn á sér stað:

- a) eingöngu frá eða um landsvæði á takmörkunarsvæðinu, sem skipta máli í faraldsfræðilegu tilliti, á því tímabili sem er árstíðabundið laust við blátungusmitferjur, sem er skilgreint í samræmi við V. viðauka, eða
- b) frá eða um hluta takmörkunarsvæðisins sem er afmarkað sem „sjúkdómslaust svæði til bráðabirgða“ í samræmi við 2. mgr. a. í 7. gr.

3. Að því er varðar dýr sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal bæta eftirfarandi texta við samsvarandi heilbrigðisvottorð sem mælt er fyrir um í tilskipunum 64/432/EBE, 91/68/EBE og 92/65/EBE eða sem um getur í ákvörðun 93/444/EBE: „Meðhöndlun með skordýraeitri/fæliefni ... (*tilgreinið heiti vörunnar*) hinn... (*tilgreinið dagsetningu*) í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1266/2007“.

7) Ákvæði 9. gr. a falli brott.

8) Ákvæðum I., II., III. og V. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á fimmta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1266/2007 er breytt sem hér segir:

1) Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

## „I. VIÐAUKI

**Lágmarkskröfur er varða áætlanir um vöktun og eftirlit með blátungu (sem um getur í 4. gr.)**1. *Almennar kröfur*

Vöktunar- og eftirlitsáætlanir er varða blátungu skulu miðast að því að:

- a) greina allar hugsanlegar uppkomur blátunguveirunnar og
- b) ef við á, sýna fram á að tiltekna sermigerðir þeirra veiru séu ekki fyrir hendi í aðildarríki eða á svæði sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti eða
- c) ákvarða hvaða árstíðabundna tímabil telst laust við smitferjur (skordýrafræðilegt eftirlit).

Landfræðileg tilvísunareining, að því er varðar vöktun og eftirlit með blátungu, skal afmarkast af reit sem er um  $45 \times 45$  km (u.þ.b. 2000 km<sup>2</sup>) nema sérstök umhverfisskilyrði réttlæti aðra stærð.

Ef við á, er aðildarríkjunum einnig heimilt að nota „svæði“ eins og það er skilgreint í p-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE eða svæðin eins og þau eru skilgreind í X. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB frá 1. mars 2005 um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun ráðsins 82/894/EB<sup>(1)</sup> sem landfræðilega tilvísunareiningu vegna vöktunar og eftirlits.

2. *Vöktunar- og eftirlitsáætlanir vegna blátungu sem miðast að því að greina hugsanlegar uppkomur blátunguveirunnar*

Vöktunar- og eftirlitsáætlanir vegna blátungu, sem miðast að því að greina hugsanlegar uppkomur blátunguveirunnar, skulu a.m.k. felast í óbeinu klínísku eftirliti og beinu eftirliti með rannsókn á rannsóknarstofu.

2.1. Óbeint klínískt eftirlit skal felast í formlegu og tilhlýðilega skráðu, áframhaldandi kerfi sem miðast að því að greina og rannsaka öll tilvik þar sem grunur vaknar um blátungu, þ.m.t. viðvörunarkerfi sem er notað til að tilkynna um grunsamleg tilvik. Eigendur eða ábúendur og dýralæknar skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi tafarlaust um öll tilvik þar sem grunur vaknar.

2.2. Beint eftirlit, með rannsókn á rannsóknarstofu, skal felast í árlegri áætlun með a.m.k. einni sermifræðilegri eða veirufræðilegri vöktun eða samsetningu af þessu tvennu með vísbendidýrum, á sermifræðilegum eða veirufræðilegum athugunum eða á markvissri vöktun sem byggist á áhættumati.

- Sýnataka má fara fram með fyrirfram skilgreindu millibili yfir allt árið en skal a.m.k. fara fram einu sinni á ári á þeim árstíma þegar mestar líkur eru á að sýking eða mótefnavending greinist.
- Vöktunar- og eftirlitsáætlanirnar fyrir blátungu skulu vera þannig útfærðar að sýni séu tekin úr smitnæmum dýrum (þ.e. dýrum sem hafa ekki verið bólusett og hafa komist í snertingu við mögulegar smitferjur) sem eru dæmigerð fyrir samsetningu stofns smitnæmra tegunda á landsvæðinu sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti.
- Stærð sýna skal reiknuð út til að finna viðeigandi tilgátualgengi á grundvelli þekktrar áhættu markstofnsins, með 95% öryggi í markstofni smitnæmu tegundarinnar á viðkomandi landsvæði sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti. Ef visindalegar upplýsingar um hvaða algengis má vænta fyrir markstofninn eru ekki fyrir hendi skal reikna stærð sýna þannig að hægt sé að greina 20% algengi.

- Í þeim tilvikum þar sem sýni koma ekki úr einstökum dýrum skal stærð sýna aðlöguð í samræmi við næmi greiningaraðferða sem notaðar eru.
- Rannsóknir á rannsóknarstofum skulu útfærðar þannig að jákvæðum skimunarprófunum sé fylgt eftir með sérstökum sermifræðilegum eða veirufraðilegum prófunum til að greina sermigerðir, sem beinast að sermigerð eða sermigerðum blátungu sem búist er við að séu fyrir hendi á landsvæði, sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti, sem eru nauðsynlegar til að ganga úr skugga um hvaða sérstaka sermigerð er fyrir hendi.

3. *Vöktunar- og eftirlitsáætlanir vegna blátungu sem miðast að því að sýna fram á að tiltekna sermigerðir blátunguveirunnar séu ekki fyrir hendi í aðildarríki eða á landsvæði sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti*

Vöktunar- og eftirlitsáætlanir vegna blátungu, sem miðast að því að sýna fram á að blátunguveiran sé ekki fyrir hendi, skulu uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í lið 2.1 og 2.2. Stærð sýna, sem eru notuð í virka eftirlitinu með rannsókn á rannsóknarstofu, skal reiknuð út til að finna 5%<sup>(2)</sup> algengi með 95% öryggi. Auk þess:

- a) til að taka landsvæði, sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti, út fyrir takmörkunarsvæði, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr., skulu aðildarríki sýna fram á að blátunguveiran hafi ekki verið þar fyrir hendi í a.m.k. tvö ár, þ.m.t. tvö heil tímabil þegar smitferjur eru virkar.

Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi upplýsingar um faraldsfræðilega sögu vöktunar- og eftirlitsáætlana sem eru til staðar og árlegar niðurstöður þeirra næstliðin þrjú ár, þ.m.t. að minnsta kosti:

- i. lýsingu á þeim rannsóknum sem standa yfir og tegund greiningarprófunar sem er notuð (ELISA-prófun, sermihlutleysing, kjarnsýrumögnun, veirueinangrun),
- ii. tegundir sem sýni eru tekin úr og fjölda sýna sem eru tekin úr hverri smitnæmri dýrategund og ef sermisöfn eru notuð skal tilkynna um áætlaðan fjölda dýra sem svara til þeirra hópa sem eru prófaðir,
- iii. hvaða landfræðilega umfangi sýnin samsvara,
- iv. tíðni og tímasetningu sýnatökunnar,
- v. fjölda jákvæðra niðurstaðna, tilgreint eftir dýrategundum og landfræðilegri staðsetningu.

- b) til að afmarka „sjúkdómslaust svæði til bráðabirgða“ eins og um getur í 2. mgr. a í 7. gr. skulu aðildarríki sýna fram á að blátunguveiran hafi ekki verið þar fyrir hendi í a.m.k. eitt ár, þ.m.t. eitt tímabil þegar smitferjur eru virkar.

Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi faraldsfræðilegar upplýsingar um sögu vöktunar- og eftirlitsáætlana sem eru til staðar og árlegar niðurstöður þeirra næstliðin tvö ár, þ.m.t. að minnsta kosti upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í i. til v. lið a-liðar.

4. *Vöktunar- og eftirlitsáætlanir vegna blátungu sem miðast að því að ákvarða árstíðabundna tímabilið sem er laust við smitferjur (skordýrafræðilegt eftirlit).*

Skordýrafræðilegt eftirlit til að ákvarða hvaða árstíðabundna tímabil er laust við smitferjur, eins og um getur í V. viðauka, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) það skal a.m.k. felast í virkri, árlegri áætlun um að fanga smitferjur í varanlega staðsettar söggildir sem er ætlað að ákvarða breytingar á stofnstærð smitferjunnar,
- b) nota skal söggildir, búnar útfjólubláu ljósi, í samræmi við fyrirfram ákveðnar verklagsreglur; gildirnar skulu vera í gangi alla nóttina og með a.m.k. eftirfarandi tíðni:

— eina nótt í viku í mánuðinum fyrir áætlað upphaf og í mánuðinum fyrir áætluð lok árstíðabundins tímabils sem telst laust við smitferjur,

— eina nótt í mánuði á árstíðabundnu tímabili sem telst laust við smitferjur.

Aðlaga má fjölda skipta sem söggildirnar eru notaðar á grundvelli vísbendinga sem fást fyrstu þrjú árin sem gildirnar eru í notkun,

- c) setja skal a.m.k. eina söggildru á hvert svæði sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti á öllu svæðinu sem er árstíðabundið laust við blátungu. Senda skal nægilegt hlutfall af mýflugunum, sem safnast í söggildrunar, á sérhæfða rannsóknarstofu þar sem hægt er að telja og sanngreina tegundir sem grunur leikur á um að séu smitferjur.

(<sup>1</sup>) Stjótd. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 40.

(<sup>2</sup>) Á umbreytingartímabili fram til 31. ágúst 2012 er heimilt að reikna stærð sýna í rannsókninni til að greina 20% algengi.“

- 2) Í stað II. viðauka komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

**Viðmiðanir fyrir „smitferjuvarða stöð“ (sem um getur í III. viðauka (2., 3. og 4. lið A-þáttar), B-þætti (b-lið) og C-þætti (b-lið 2. liðar) þess viðauka)**

1. Smitferjuvarin stöð skal a.m.k. uppfylla eftirfarandi:
  - a) hún skal búa yfir viðeigandi ápreifanlegum tálum við aðkomu- og brottfararstaði,
  - b) op á smitferjuvarinni stöð skulu vera varin gegn smitferjum með skermum með möskvum af viðeigandi þéttleika sem skal gegndreypta reglulega með viðurkenndu skordýraeitri samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,
  - c) smitferjuvöktun og -varnir skulu fara fram innan og umhverfis smitferjuvörðu stöðina,
  - d) gera skal ráðstafanir til að takmarka eða eyða uppeldisstöðum smitferja í nágrenni við smitferjuvörðu stöðina,
  - e) staðlaðar verklagsreglur skulu vera til staðar, þ.m.t. lýsingar á vara- og viðvörunarkerfum, vegna starfrækslu smitferjuvörðu stöðvarinnar og flutnings á dýrum á fermingarstað.
2. Lögbært yfirvald skal samþykkja stöð sem smitferjuvarða ef viðmiðanirnar í 1. lið eru uppfylltar. Það skal sannprófa með viðeigandi tíðni, en a.m.k. þrisvar sinnum á því verndunartímabili sem krafist er (í upphafi þess, á meðan á því stendur og í lok þess), skilvirkni ráðstafananna, með smitferjugildru inni á smitferjuvörðu stöðinni.“
- 3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Ákvæðum A-þáttar er breytt sem hér segir:
    - i. Í stað fyrstu undirgreinar 2. liðar komi eftirfarandi:
 

„Dýrin voru vernduð, fram að sendingu, gegn ásókn smitferja í smitferjuvarðri stöð í samræmi við viðmiðanirnar, sem settar eru fram II. viðauka, í a.m.k. 60 daga fyrir sendingardag.“
    - ii. Í stað fyrstu undirgreinar 3. liðar komi eftirfarandi:
 

„Dýrunum var haldið fram að sendingu á svæði sem er árstíðabundið laust við blátungu á árstíðabundna tímabilinu sem telst laust við smitferjur, sem er skilgreint í samræmi við V. viðauka, eða þau hafa verið vernduð gegn ásókn smitferja í smitferjuvarðri stöð, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. viðauka, í a.m.k. 28 daga og voru á því tímabili sett í sermiprófun, með neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr til þess að greina mótiefni gegn blátunguveiruhópnum, sem var framkvæmd á sýnum sem voru tekin úr viðkomandi dýri a.m.k. 28 dögum eftir upphafsdeg verndartímabilsins gegn ásókn smitferja eða tímabilsins sem er árstíðabundið laust við smitferjur.“
    - iii. Í stað fyrstu undirgreinar 4. liðar komi eftirfarandi:
 

„Dýrunum var haldið fram að sendingu á svæði sem er árstíðabundið laust við blátungu á árstíðabundna tímabilinu sem telst laust við smitferjur, sem er skilgreint í samræmi við V. viðauka, eða þau hafa verið vernduð gegn ásókn smitferja í smitferjuvarðri stöð, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. viðauka, í a.m.k. 14 daga og voru á því tímabili sett í efnasanngreiningarprófun, með neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr, sem var framkvæmd á sýnum sem voru tekin úr viðkomandi dýri a.m.k. 14 dögum eftir þann dag þegar verndartímabil gegn ásókn smitferja hófst eða tímabilið sem er árstíðabundið laust við smitferjur.“

## iv. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. Dýrin hafa verið bólusettt gegn sermigerð eða sermigerðum sem eru til staðar eða líklegt er að séu til staðar á upprunalandsvæði sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti, ónæmistímabilið sem ábyrgt er í forskriftunum með bóluefninu tekur enn til dýranna og dýrin uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi kröfum:

- a) þau voru bólusettt meira en 60 dögum fyrir flutningsdag,
- b) þau voru bólusettt með óvirkjuðu bóluefni, a.m.k. fyrir þann dagafjölda sem þarf að líða áður en ónæmisverndin sem gefin er upp í forskriftunum með bóluefninu kemur fram og voru sett í efnasanngreiningarpröfun, með neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við handbók Alþjóðadýra heilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr, sem var framkvæmd a.m.k. 14 dögum eftir að ónæmisverndin sem gefin er upp í forskriftunum með bóluefninu kemur fram,
- c) þau voru bólusettt áður og hafa verið endurbólusettt með óvirkjuðu bóluefni innan ónæmisverndartímabilsins sem er ábyrgt í forskriftunum með bóluefninu,
- d) þeim var haldið á árstíðabundna tímabilinu sem telst laust við smitferjur, sem er skilgreint í samræmi við V. viðauka, á svæði sem er árstíðabundið laust við blátungu, frá fæðingu eða í a.m.k. 60 daga fyrir bólusetningardag, og voru bólusettt með óvirkjuðu bóluefni a.m.k. fyrir þann dagafjölda sem þarf að líða áður en ónæmisverndin sem gefin er upp í forskriftunum með bóluefninu kemur fram.

Ef dýr, sem um getur í þessum lið, eru ætluð til viðskipta innan Sambandsins skal bæta eftirfarandi texta við samsvarandi heilbrigðisvottorð sem mælt er fyrir um í tilskipunum 64/432/EBE, 91/68/EBE og 92/65/EBE:

„Dýrið eða dýrin voru bólusettt gegn blátungu af sermigerð(um) ..... (tilgreinið sermigerð(ir)) með ..... (tilgreinið heiti bóluefnis) með óvirkjuðu/umbreyttu, lifandi bóluefni (tilgreinið það sem við á) í samræmi við 5. lið A-þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1266/2007.““

## v. Í stað inngangsorðanna í 6. lið komi eftirfarandi:

„6. Dýrunum var alltaf haldið á upprunalandsvæði sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti þar sem aðeins ein sermigerð var eða er til staðar eða líklegt er að sé til staðar og:“

## vi. Ákvæðum 7. liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað inngangsorðanna komi eftirfarandi:

„7. Dýrin voru sett í tvær fullnægjandi sermiprófanir, með jákvæðum niðurstöðum, í samræmi við handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr, sem eru fullnægjandi með tilliti til þess að greina sértæk mótefni gegn öllum sermigerðum blátunguveiru sem eru til staðar eða líklegar til að vera til staðar, á landsvæði sem skiptir máli í faraldsfræðilegu tilliti og:“

— Í stað þriðja undirliðar komi eftirfarandi:

„Að því er varðar dýr með fangi, sem verið er að flytja frá takmörkunarsvæði fyrir blátunguveiru af sermigerð 8, verður a.m.k. eitt af þeim skilyrðum sem sett eru fram í 5., 6. og 7. lið að hafa verið uppfyllt áður en sæðing eða þörun fór fram eða skilyrðið, sem mælt er fyrir um í 3. lið, verður að vera uppfyllt. Ef sermiprófun, eins og sett er fram í 3. lið, er framkvæmd skal prófunin ekki framkvæmd fyrr en í fyrsta lagi sjö dögum fyrir flutningsdag.“

## b) Í stað b-liðar í B-þætti komi eftirfarandi:

„b) þau voru varin gegn ásókn smitferja í smitferjuvarinni stöð, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. viðauka, í a.m.k. 60 daga áður en söfnun sæðis hófst og meðan á söfnuninni stóð,“

## c) Í stað b-liðar í 2. lið C-þáttar komi eftirfarandi:

„b) þau voru varin gegn ásókn smitferja í smitferjuvarinni stöð, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. viðauka, í a.m.k. 60 daga áður en söfnun fósturvísa/eggja hófst og meðan á söfnuninni stóð,“

## 4) Í stað yfirskriftar V. viðauka komi eftirfarandi:

„V. VIÐAUKI

**Viðmiðanir fyrir skilgreiningu á árstíðabundnu tímabili sem telst laust við smitferjur (sem um getur í 2. mgr. 9. gr.)“**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 45/2012****2013/EES/28/02****frá 19. janúar 2012****um breytingu á viðaukanum við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar efni  
flutningsskjala (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

Handvirk skráning órafrænna kennimerkja kallar á  
töluverða vinnu fyrir umsjónarmenn dýranna og er  
hugsanlegur skekkjuvaldur.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17.  
desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og  
skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr.  
1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE <sup>(1)</sup>,  
einkum 1. mgr. 10. gr.,

- 5) Tekið var tillit til sérstakra aðstæðna dýra sem fædd voru  
fyrir 31. desember 2009 að því er varðar kröfuna um að  
skrá einstaklingsbundna kóða dýranna í flutningsskjalið.  
Áhættan, sem fylgir flutningum þessara dýra til sláturhúss,  
er takmörkuð og réttlætir ekki aukið stjórnsýsluálag sem  
hlýst af þeirri kröfu. Dýr, sem flutt eru beint til sláturhúss  
innan sama aðildarríkis, voru því undanþegin þeirri kröfu  
án tillits til þess hvaða dag flutningurinn á sér stað.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að hvert  
aðildarríki skuli koma á kerfi fyrir auðkenningu og  
skráningu sauðfjár og geita í samræmi við ákvæði þeirrar  
reglugerðar.
- 2) Kerfið á að samanstanda af fjórum þáttum, nánar tiltekið:  
auðkennismerki til að auðkenna sérhvert dýr (hér á eftir  
nefnt auðkennismerki), uppfærðar skrár, sem eru færðar  
á hverri bújörð, flutningsskjöl (áður flutningsskýrslur) og  
miðlæg skrá eða tölvugagnagrunnur. Í viðaukanum við þá  
reglugerð eru settar fram kröfur fyrir þessa þætti.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 21/2004 er kveðið á um að frá og  
með 31. desember 2009 verði skylt að nota rafræna  
auðkenningu fyrir öll dýr sem eru fædd eftir þann dag.  
Flest dýr sem eru fædd fyrir þann dag eru þó ennþá aðeins  
auðkennd með órafrænum kennimerkjum.
- 4) Einstaklingsbundna kóða dýra, sem eru í órafrænu  
kennimerkjunum, er eingöngu unnt að skrá handvirkta.

- 6) Til að draga enn frekar úr stjórnsýsluálagi á rekstraraðila  
er kveðið á um í viðaukanum við reglugerð (EB)  
nr. 21/2004, eins og henni var breytt með reglugerð  
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/2008<sup>(2)</sup>, að  
krafa um skráningu einstaklingsbundinna kóða  
dýra í flutningsskjál fyrir 31. desember 2011 sé ekki  
skyldubundin vegna dýra sem fædd eru fyrir 31. desember  
2009 við alla flutninga nema flutning þeirra til sláturhúss,  
$\text{SD}_R$  staðalfrávik niðurstaðna úr lífgreiningu við  $\text{BEQ}_{\text{DL}}$ , mælt við samanburðarnákvæm innanstofuskilyrði

8.3.3. Reiknað sem meðalgildi lífgreiningarniðurstaðna (gefið upp sem lífgreiningarjafngildi, leiðrétt fyrir blanksýni og endurheimt) úr mörgum greiningum á sýnum ( $n \geq 6$ ) sem hafa verið menguð með innihaldi sem samsvarar 2/3 af styrknum, sem mælingar miðast við, á grundvelli þeirrar athugunar að gildi þetta er oftast í kringum þröskuldsgildi, sem er ákvarðað samkvæmt lið 8.3.1 eða 8.3.2:

Mynd 1



Útreikningur á þröskuldsgildum miðað við 95% öryggisstig, sem felur í sér að falssamræmishlutfall sé < 5% og  $RSD_R < 25\%$ : 1. úr *neðri* hluta 95% spábilsins við ákvörðunarmörkin fyrir gasgreiningu/massagreiningu, hvor tveggja með mikilli upplausn, 2. úr mörgum greiningum á sýnum ( $n \geq 6$ ), sem hafa verið menguð með innihaldi sem samsvarar ákvörðunarmörkunum fyrir gasgreiningu/massagreiningu, hvor tveggja með mikilli upplausn, sem *neðri* mörk gagnadreifingar (sýnd í myndinni með normalferli) við samsvarandi BEQ-meðalgildi.

#### 8.3.4. Takmarkanir varðandi þröskuldsgildi:

Þröskuldsgildi, byggð á lífgreiningarjafngildi og reiknuð út frá  $RSD_R$  sem fæst við fullgildingu með því að nota takmarkaðan fjölda sýna með mismunandi sýnaefnivíðar-/efnamyndamynstrum, geta verið hærrí en gildin, sem mælingar miðast við og byggjast á eiturjafngildi, vegna meiri nákvæmni en næst við reglubundnar greiningar við eftirlit með óþekktri breidd hugsanlegra efnamyndamynstra. Í þeim tilvikum skal reikna þröskuldsgildi út frá  $RSD_R$  sem samsvarar 25% eða helst tveimur þriðju hlutum þess styrks sem mælingar miðast við.

#### 8.4. Gæðakröfur

- 8.4.1. Gera skal prófanir á endurteknigarnákvæmni lífgreiningaraðferða svo að fá megi upplýsingar um fráviksstuðulinn innan einnar prófunarsyrpu og inn á milli prófunarsyrpa. Endurteknigarnákvæmni skal vera undir 20%, samanburðarnákvæmni innan stofu undir 25%. Því til grundvallar skulu liggja gildi, reiknuð sem lífgreiningarjafngildi, eftir leiðréttingu fyrir blanksýni og endurheimt.
- 8.4.2. Tilskilinn liður í fullgildingarferlinu er að sýna fram á að með prófuninni sé unnt að greina á milli blanksýnis og styrks við þröskuldsgildi en það gerir kleift að sanngreina sýni fyrir ofan samsvarandi þröskuldsgildi (sbr. lið 8.1.2).
- 8.4.3. Skilgreina skal markefnasambönd, hugsanlegar truflanir og viðunandi hámarksgildi fyrir blanksýni.
- 8.4.4. Hundradshlutfall staðalfráviks í svörum eða styrk, sem reiknast út frá svöruninni (eingöngu hægt á mælisviði) í þrefaldri ákvörðun sýnisútdráttar, skal ekki vera yfir 15%.
- 8.4.5. Nota skal óleiðréttar niðurstöður úr viðmiðunarsýninu eða -sýnunum, gefnar upp sem lífgreiningarjafngildi (blanksýni og styrkur sem mælingar miðast við), til að meta nothæfi lífgreiningaraðferðarinnar á föstu tímabili.
- 8.4.6. Gera skal gæðaeftirlitsskipurit fyrir blanksýni aðferðarinnar og fyrir hverja gerð viðmiðunarsýnis og yfirfara það til að tryggja að nothæfi greiningarinnar sé í samræmi við kröfur, einkum varðandi blanksýni aðferðarinnar, þegar um er að ræða kröfur um lágmarksmun miðað við neðri hluta mælisviðsins, og fyrir viðmiðunarsýni þegar um er að ræða samanburðarnákvæmni innan stofu. Hafa skal eftirlit með blanksýnum aðferðarinnar til að koma í veg fyrir niðurstöður, sem eru í falssamræmi við kröfur, þegar blanksýnin eru dregin frá.

- 8.4.7. Niðurstöðum úr gasgreiningu/massagreiningu með mikilli upplausn á grunsamlegum sýnum og 2–10% sýnanna, sem eru í samræmi við kröfur (lágmark 20 sýni fyrir hvern sýnaefnivið), skal safnað saman og þær notaðar til að meta nothæfi skimunaraðferðarinnar og tengslin á milli BEQ- og TEQ-gilda. Gagnasafn þetta má nota til að endurmeta þröskuldsgildi sem gilda fyrir reglubundin sýni úr fullgiltum sýnaefniviði.
- 8.4.8. Einnig má sýna fram á nothæfi aðferðarinnar með hringprófunum. Geti rannsóknarstofa sýnt fram á góðan árangur má, þegar falssamræmishlutfallið er metið, bæta við niðurstöðum úr sýnum sem voru greind í hringprófunum og ná yfir styrkbil sem er allt að t.d.  $2 \times$  hámarksgildi. Sýnin skulu ná yfir algengustu efnamyndamynstur úr ólíkum uppsprettum.
- 8.4.9. Í mengunarátvikum má endurmeta þröskuldsgildin til að endurspegla tiltekinn sýnaefnivið og efnamyndamynstur viðkomandi atviks.

## 9. Skýrslur um niðurstöður

### 9.1. Staðfestingaraðferðir

- 9.1.1. Að því marki sem greiningaraðferðin leyfir skal styrkur einstakra PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efnamynda koma fram í greiningarniðurstöðum sem lágreiknigildi, háreiknigildi og miðreiknigildi til þess að sem mest af upplýsingum sé að finna í skýrslunni um niðurstöður svo að unnt sé að túlka niðurstöðurnar samkvæmt sérstökum kröfum.
- 9.1.2. Í skýrslunni skal koma fram aðferðin sem notuð var við útdrátt PCDD-/PCDF-efna, díoxínlíkra PCB-efna og fituefna.
- 9.1.3. Gera skal grein fyrir tölum um endurheimtur einstakra innri staðla ef endurheimturnar eru utan þess bils sem um getur í lið 7.2.5, ef þær eru hærrí en hámarksgildið, svo og ef eftir því er leitað.
- 9.1.4. Þar eð taka skal tillit til óvissu í mælingum þegar tekin er ákvörðun um hvort sýni uppfylli viðmiðun skal gerð grein fyrir þessum þætti. Þess vegna skal gefa niðurstöður úr greiningum upp sem  $x \pm U$  þar sem  $x$  er niðurstaða greiningarinnar og  $U$  er útvíkkaða mælióvissan, reiknuð með þekjustuðlinum 2, sem gefur u.þ.b. 95% öryggisstig. Ef PCDD-/PCDF-efni og díoxínlíkra PCB-efni eru ákvörðuð hvert í sínu lagi skal nota summu áætlaðrar, útvíkkaðrar mælióvissu fyrir mismunandi niðurstöður greininga á PCDD-/PCDF-efnum og díoxínlíkum PCB-efnum þegar áætluð, útvíkkuð mælióvissa er tilgreind fyrir summu PCDD-/PCDF-efna og díoxínlíkra PCB-efna.
- 9.1.5. Ef tekið er tillit til óvissu í mælingum með því að beita ákvörðunarmörkunum ( $CC\alpha$ ) (eins og lýst er í lið 2.2) skal greina frá þessum þætti.
- 9.1.6. Niðurstöðurnar skulu gefnar upp í sömu einingum og með a.m.k. sama fjölda marktækra tölustafa og hámarksgildin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/32/EB.

### 9.2. Lífgreiningaraðferðir til skimunar

- 9.2.1. Þegar niðurstöður skimunar eru gefnar upp skal tilgreina hvort þær séu í samræmi við kröfur eða hvort grunur sé um að þær séu í ósamræmi við kröfur (sú „grunsamlegar“).
- 9.2.2. Þar að auki má tilgreina niðurstöðu fyrir PCDD-/PCDF-efni og/eða díoxínlíkra PCB-efni, gefin upp sem lífgreiningarjafngildi (BEQ) en ekki eiturjafngildi (TEQ).
- 9.2.3. Sé mælióvissa varðandi reiknað BEQ-gildi tilgreind, t.d. sem staðalfrávik, þarf að liggja því til grundvallar a.m.k. þreföld greining sýnisins, þ.m.t. útdráttur, hreinsun og ákvörðun prófunarniðurstöðu.
- 9.2.4. Sé sýni með svörun undir tilkynningarmörkunum skal það gefið upp sem undir tilkynningarmörkunum.
- 9.2.5. Fyrir hverja gerð af sýnaefniviði skal koma fram í skýrslunni styrkurinn sem mælingar miðast við og sem matið grundvallast á.
- 9.2.6. Í skýrslunni skal koma fram gerð prófunar sem notuð var, grundvallarregla hennar og tegund kvörðunar.
- 9.2.7. Í skýrslunni skal koma fram aðferðin sem notuð var við útdrátt PCDD-/PCDF-efna, díoxínlíkra PCB-efna og fituefna.

## III. KAFLI

### Undirbúningur sýna og kröfur varðandi greiningaraðferðir sem eru notaðar við opinbert eftirlit með innihaldi ódíoxínlíkra PCB-efna (PCB # 28, 52, 101, 138, 153, 180)

#### 1. Gildandi greiningaraðferðir

Gasgreining/greining með rafeindahremmingu (GC/ECD), gasgreining/massagreining með litilli upplausn (GC/LRMS), gasgreining með tvöfaldri massagreiningu (GC/MS-MS), gasgreining/massagreining með mikilli upplausn (GC/HRMS) eða jafngildar aðferðir.

## 2. Sanngreining og staðfesting greiniefna sem eru til mælinga

- 2.1. Hlutfallslegur endurnýjunartími með tilliti til innri staðla eða viðmiðunarstaðla (leyfilegt frávik sem nemur +/- 0,25%).
- 2.2. Aðgreining, með gasgreiningu, á öllum PCB-efnavísunum sex (PCB 28, PCB 52, PCB 101, PCB 138, PCB 153 og PCB 180) frá truflandi efnunum, sérstaklega PCB-efnum sem skolest út samtímis, einkum þegar innihald sýnanna er í námunda við lögfest mörk og staðfesta verður að þau séu í ósamræmi við mörkin.

*Athugasemd:* Efnamyndir, sem skolest oft út samtímis, eru t.d. PCB 28/31, PCB 52/69 og PCB 138/163/164. Við gasgreiningu/massagreiningu þarf einnig að taka til athugunar hugsanlegar truflanir frá brotum efnamynda með herra klórhlutfalli.

### 2.3. Kröfur varðandi aðferðir með gas- og massagreiningu

Vöktun a.m.k.:

- tveggja tiltekinn jóna fyrir massagreiningu með mikilli upplausn
- tveggja tiltekinn jóna með  $m/z > 200$  eða þrjú tiltekinn jóna með  $m/z > 100$  fyrir massagreiningu með lítilli upplausn
- einnar móðurjónar og tveggja dótturjóna fyrir tvöfalda massagreiningu.

Hæstu leyfilegu vikmörk fyrir samsætuhlutfallið (e. *abundance ratio*) fyrir valdar niðurbrotsjónir:

Hlutfallslegt frávik fyrir samsætuhlutfallið fyrir valdar niðurbrotsjónir frá tilgetnu samsætuhlutfalli (e. *theoretical abundance*) eða kvörðunarstaðli fyrir markjón (sem er útbreiddasta jónin sem er vöktuð) og staðfestingarjón eða -jónum:

| Hlutfallsleg þéttni staðfestingarjón(a) í samanburði við markjón | GC-EI-MS<br>(hlutfallslegt frávik) | GC-CI-MS, GC-MS <sup>b</sup><br>(hlutfallslegt frávik) |
|--|------------------------------------|--|
| > 50%  | ± 10%                              | ± 20%  |
| > 20% til 50%  | ± 15%                              | ± 25%  |
| > 10% til 20%  | ± 20%                              | ± 30%  |
| ≤ 10%  | ± 50% (*)                          | ± 50% (*)  |

(\*) Þar eð nægilegur fjöldi niðurbrotsjóna finnst með hlutfallslegri þéttni sem er > 10%, er ekki ráðlagt að nota staðfestingarjón eða -jónir með hlutfallslegri þéttni sem er minni en 10% í samanburði við markjónina.

### 2.4. Kröfur varðandi gasgreiningu/greiningu með rafeindahremmingu (GC/ECD):

Staðfesta skal niðurstöður, sem fara yfir vikmörk, með tveimur GC-súlum með stöðufösum með mismunandi skautun.

## 3. Sýnt fram á nothæfi aðferðarinnar

Nothæfi aðferðarinnar skal fullgilt innan þess styrkbils sem mælingar miðast við (0,5 til 2 sinnum styrkurinn sem mælingar miðast við), með viðunandi fráviksstuðli fyrir endurtekna greiningu (sjá kröfur varðandi samkvæmni innan stofu (e. *intermediate precision*) í 8. lið).

## 4. Magngreiningarmörk

Blankgildin skulu ekki fara yfir 30% þess mengunarstyrks sem samsvarar hámarksgildinu (\*\*\*\*\*).

(\*\*\*\*\*). Mælt er eindregið með því að hlutdeild prófefnisblanksýnis í innihaldi aðskotaefnis í sýni sé minni en það. Rannsóknarstofunni ber að hafa eftirlit með breytileika í gildum blanksýna, einkum ef gildi blanksýna eru dregin frá.

## 5. Gæðastjórnun

Reglulegt eftirlit með blanksýnum, greining íbættra sýna, gæðaeftirlitssýni, þáttaka í fjölsetra rannsóknum á viðkomandi sýnaefnivíði.

## 6. Eftirlit með endurheimtum

- 6.1. Nota skal viðeigandi innri staðla með eðlislefnafræðilegum eiginleikum sem eru sambærilegir við greiniefnin sem eru til mælinga.
- 6.2. Viðbót innri staðla:  
Viðbót við vörur (á undan útdrætti og hreinsunarferli),
- 6.3. Kröfur varðandi aðferðir þar sem allir samsætumerktu PCB-efnamyndavísarnir sex eru notaðir:
- niðurstöður skulu leiðréttar fyrir endurheimtur innri staðla,
  - endurheimtur fyrir samsætumerkta innri staðla skulu vera á bilinu 50–120%,
  - minni eða meiri endurheimtur fyrir einstakar efnamyndir með minna en 10% hlutdeild í summu PCB-efnavísanna sex eru viðunandi.
- 6.4. Kröfur varðandi aðferðir sem ekki nota alla sex samsætumerktu innri staðlana eða aðra innri staðla:
- hafa skal eftirlit með endurheimt innri staðals eða staðla fyrir hvert sýni,
  - endurheimtur innri staðals eða staðla skulu vera á bilinu 60–120%,
  - niðurstöður skulu leiðréttar fyrir endurheimtur innri staðla.
- 6.5. Endurheimtur ómerktra efnamynda skal prófa með íbættum sýnum eða gæðaeftirlitssýnum á styrkbilinu sem mælingar miðast við. Endurheimtur fyrir þessar efnamyndir skulu teljast ásættanlegar á bilinu 70–120%.

## 7. Kröfur sem varða rannsóknarstofur

Í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 882/2004 skal viðurkenndur aðili, sem starfar í samræmi við ISO-leiðbeiningar 58, faggilda rannsóknarstofur til að tryggja að þær búi yfir gæðatryggingu við greiningar. Rannsóknarstofur skulu faggiltar samkvæmt staðlinum EN ISO/IEC 17025.

## 8. Nothæfiseiginleikar: Viðmiðanir fyrir summu PCB-efnavísanna sex í þeim styrk sem mælingar miðast við

|   |                 |
|---|-----------------|
| Réttleiki   | – 30% til + 30% |
| Samkvæmni innan stofu (e. <i>intermediate precision</i> ) (RSD %) | ≤ 20%           |
| Munur á milli útreiknings á lág- og háreiknigildi                 | ≤ 20%           |

## 9. Skýrslur um niðurstöður

- 9.1. Að því marki sem greiningaraðferðin leyfir skal styrkur einstakra PCB-efnamynda koma fram í greiningar-niðurstöðum og skal tilgreindur sem lágreiknigildi, háreiknigildi og miðreiknigildi til þess að sem mest af upplýsingum sé að finna í skýrslunni um niðurstöður svo að unnt sé að túlka niðurstöðurnar samkvæmt sérstökum kröfum.
- 9.2. Í skýrslunni skal koma fram aðferðin sem notuð var við útdrátt PCB-efna og fituefna.
- 9.3. Gera skal grein fyrir tölum um endurheimtur einstakra innri staðla ef endurheimturnar eru utan þess bils sem um getur í 6. lið, ef þær eru hærri en hámarksgildið, svo og eftir því er leitað.
- 9.4. Þar eð taka skal tillit til óvissu í mælingum þegar tekin er ákvörðun um hvort sýni uppfylli viðmiðun skal einnig gerð grein fyrir þessum þætti. Þess vegna skal gefa niðurstöður úr greiningum upp sem x +/- U þar sem x er niðurstaða greiningarinnar og U er útvíkkaða mælióvissan, reiknuð með þekjustaðlinum 2, sem gefur u.þ.b. 95% öryggisstig.
- 9.5. Ef tekið er tillit til óvissu í mælingum með því að beita ákvörðunarmörkunum (CC<sub>α</sub>) (eins og lýst er í lið 2.1 í I. kafla) skal greina frá þessum þætti.
- 9.6. Niðurstöðurnar skulu gefnar upp í sömu einingum og með a.m.k. sama fjölda marktækra tölustafa og hámarksgildin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/32/EB.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2013/EES/28/04**  
**nr. 843/2012**

**frá 18. september 2012**

**um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), sem fôðuraukefni fyrir kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps eða undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er BASF SE) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps eða undaneldis, og skrautfugla.
- 4) Notkun blöndunnar var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga og endur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009<sup>(2)</sup> og fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007<sup>(3)</sup>.

- 5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókninni um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713) fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukafuglategundir til eldis og sem eru aldar til varps eða undaneldis, og skrautfugla. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 2. febrúar 2012<sup>(4)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hans geti bætt fôðurstuðul hjá öllum marktægundum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 21.

<sup>(4)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2575.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---



## VIBAUKI

| Kenninúmer<br>aukefnisins | Nafn leyfishafa | Aukefni                                 | Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð   | Tegund eða<br>flokkur dýra            | Hámarks-<br>aldur | Lágmarks-<br>innihald                                 | Hámarks-<br>innihald | Önnur ákvæði   | Leyfi rennur út |
|---------------------------|-----------------|---|---|---------------------------------------|-------------------|---|----------------------|--|-----------------|
|                           |                 |   |   |                                       |                   | Virkniefningar/kg heilföðurs<br>með 12% rakainnihaldi |                      |  |                 |
| 4a62                      | BASF SE         | Endó-1,4-<br>betaxýlanasi<br>EC 3.2.1.8 | <b>Samsetning aukefnis</b><br>Blanda með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem<br>er framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS<br>109.713), með virkni að lágmarki:<br>Fast form: 5600 TXU <sup>(1)</sup> /g<br>Vökvaform: 5600 TXU/ml<br><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i><br>Endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með<br><i>Aspergillus niger</i> (CBS 109.713)<br><i>Greiningaraðferð</i> <sup>(2)</sup><br>Seigjumælingaraðferð sem byggist á minnkandi<br>seigju sem næst fram með verkum endó-<br>1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan<br>(arabínóxýlan úr hveiti) við pH-gildið 3,5 og 55<br>°C | Kalkúnar,<br>aldur til<br>undandeldis | —                 | 560 TXU<br><br>280 TXU                                | —                    | 1. Í notkunarleiddbeiningum með<br>aukefninu og forblöndunni skal<br>tilgreina geymsluhita, geymsluþol og<br>kögglafestu.<br>2. Ráðlagður hámarks-kammtur á hvert<br>kíló heilföðurs fyrir allar tegundir<br>sem falla undir gildissvið þessarar<br>reglugerðar: 840 TXU.<br>3. Til notkunar í fôður, auðugt af<br>sterkju og öðrum fjölskykrum en<br>sterkju (einkum betaglúkónum og<br>arabínóxýlönnum). | 9. október 2022 |

## Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarþættandi efni

(1) 1 TXU er það magn ensims sem leysir 5 mikrómol afoxandi sykra (xýlósa) afgilda) á minútu úr arabínóxýlan úr hveiti við pH-gildið 3,5 og 55 °C.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi síðu tilvísunarrannsóknarstofunnar: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 870/2012**

2013/EES/28/05

frá 24. september 2012

**um leyfi fyrir naringíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE <sup>(2)</sup>.
- 2) Naringín var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Fôðuraukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir fôðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á naringíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 12. október 2011 <sup>(3)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi naringín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að aukefnið sé áhrifaríkt sem bragðefni. Niðurstaðan var að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á naringíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð teknar eru upp breytingar á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir naringíni og þar eð ekki er um að ræða bein og tafarlaus áhrif á öryggi skal veita hæfilegan frest áður en leyfið er veitt svo að hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja leyfinu. Því til viðbótar þykir rétt að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af naringíni, eins og leyfilegt er í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, og af fôðri sem inniheldur naringín.
- 7) Það er afar flókið fyrir rekstraraðila að laga sig hvað eftir annað og frá degi til dags að merkimiðum á fôðri sem inniheldur mismunandi aukefni, sem hafa verið leyfð hvert á fætur öðru samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, og sem nýjar reglur um merkingar gilda um sem þarf að fara að. Því er rétt að draga úr rekstrarlegu álagi á rekstraraðila með því að veita frest til að breyting á merkingum gangi snurðulaust fyrir sig.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Leyfi**

Efnið naringín, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fôðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

**Kröfur um merkingar**

Fôður sem inniheldur naringín skal merkt í samræmi við þessa reglugerð eigi síðar en 25. maí 2013.

Fôður, sem inniheldur naringín og hefur verið merkt í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir 25. maí 2013, má þó áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 257, 25.9.2012, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2416.

3. gr.

#### **Umbreytingarráðstafanir**

Heimilt er að nota áfram og setja á markað fyrirbyggjandi birgðir af naringíni og fõðri sem inniheldur naringín á gildistökudegi þessarar reglugerðar samkvæmt skilyrðum tilskipunar 70/524/EBE, þar til birgðirnar eru uppnar.

4. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi 25. nóvember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

| Kenninúmer<br>aukefnisins                                 | Nafn<br>leyfishafa | Aukefni  | Samsetning, efnafornúla, lýsing,<br>greiningaraðferð  | Tegund eða<br>flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-<br>innihald                                   | Hámarks-<br>innihald | Önnur ákvæði   | Leyfi rennur út      |
|---|--------------------|----------|---|----------------------------|--------------|---|----------------------|--|----------------------|
|   |                    |          |   |                            |              | mg af virku efni/kg heilföðurs<br>með 12% rakainnihaldi |                      |  |                      |
| <b>Flokkur skynrænna aukefna. Virkur hópur: bragðefni</b> |                    |          |   |                            |              |   |                      |  |                      |
| 2b16058   | —                  | Naringín | <p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Naringín</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Naringín</p> <p>Dregið út úr sitrusávöxtum</p> <p>Hreinleiki: A.m.k. 90%</p> <p>(2S)-4H-1-bensópýran-4-ón, 7-((2-O-(6-deoxý-<math>\alpha</math>-L-mannópýranósýl)-<math>\beta</math>-D-glúkópýranósýl)oxý)-2,3-dihýdró-5-hýdroxý-2-(4-hýdroxýfenýl)</p> <p>Efnafornúla: C<sub>27</sub>H<sub>32</sub>O<sub>14</sub></p> <p>CAS-númer 10236-47-2</p> <p>FLAVIS 16.058</p> <p><i>Greiningaraðferð</i><sup>(1)</sup></p> <p>Til að ákvarða naringín í fóðuraufefninu:</p> <p>Háþrýstivöskvaskiljun (HPLC) í tengslum við isognema fyrir útfjöluþlátt ljós (Evrópska lýfjaskráin, gæðalýsing efnis 2.2.29).</p> | Allar dýra-<br>tegundir    | —            | —   | —                    | <p>1. Í notkunarleiðbeiningum með auk-<br/>efninu og forblöndunni skal tilgreina<br/>geymsluhita, geymsluþol og köggla-<br/>festu.</p> <p>2. Ráðlagður skammtur er allt að 5 mg/kg<br/>heilföðurs.</p> <p>3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal<br/>nota öndunar-, augn- og húðvörn.</p> | 25. nóvember<br>2022 |

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: [http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL\\_feed\\_additives/Pages/index.aspx](http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx)

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EUB) nr. 880/2011

2013/EES/28/06

frá 2. september 2011

um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 208/2011 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar skrár yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB og heiti þeirra (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni, skyldur og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir matvæli og fôður og fyrir heilbrigði dýra og lifandi dýr. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum eru tilgreindar í II. hluta VII. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 87/2011 frá 2. febrúar 2011 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði býflugna, um frekari skyldur og verkefni fyrir þá rannsóknarstofu og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004<sup>(2)</sup> eru tilnefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB á sviði heilbrigðis býflugna og þeim bætt við skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011 frá 2. mars 2011 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar

skrár yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB og heiti þeirra <sup>(3)</sup> kom í stað VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004. Hins vegar vantaði tilvísunarrannsóknarstofu ESB á sviði heilbrigðis býflugna í skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum, sem er sett fram í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 208/2011.

- 4) Það er mikilvægt að uppfæra reglulega skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 882/2004. Því ber að leiðrétta úrfellinguna í reglugerð (ESB) nr. 208/2011 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 208/2011, í skránni yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði dýra og lifandi dýrum í II. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004, bætist við eftirfarandi 18. liður:

**„18. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði býflugna**  
ANSES — Sophia-Antipolis Laboratory  
Sophia-Antipolis  
France.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. september 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 228, 3.9.2011, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 55/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 29.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)  
nr. 489/2012**

2013/EES/28/07

frá 8. júní 2012

**um framkvæmdarreglur vegna beitingar 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 1925/2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli <sup>(1)</sup>, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 er því komið á að eigi síðar en 1. júlí 2013 skuli framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um áhrif vegna framkvæmdar þeirrar reglugerðar. Með tilliti til þess skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegar, viðeigandi upplýsingar.
- 2) Nauðsynlegar, viðeigandi upplýsingar sem aðildarríkjnum ber að veita skulu tengjast þróun markaðarins fyrir matvæli sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í, þ.m.t. gögn sem sýna fram á horfur á markaðinum síðan íblöndun vítamína og steinefna í matvæli var samræmd á vettvangi Sambandsins.
- 3) Slíkar upplýsingar skulu innihalda neyslumynstur á matvælum sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í og upplýsingar um inntöku íbúa og sérstakra íbúahópa, ef við á, á vítamínum og steinefnum. Þetta skal innihalda upplýsingar sem sýna fram á breytingar á neysluvenjum síðan íblöndun vítamína og steinefna í matvæli var samræmd.
- 4) Viðeigandi upplýsingar sem aðildarríkjnum ber að leggja fram skulu einnig varða íblöndun efna, annarra en vítamína eða steinefna, í matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni<sup>(2)</sup>. Slíkar upplýsingar skulu innihalda upplýsingar um neyslu slíkra matvæla og magn íblöndra efna og um allar landsráðstafanir, hvort sem þær eru löggjöf eða ekki, sem hafa verið gerðar til þess að takmarka eða banna notkun tiltekinna annarra efna í matvæli.
- 5) Nauðsynlegt er, með þessum framkvæmdarreglum, að taka saman skrá yfir viðeigandi upplýsingar sem aðildarríkin

skulu safna og leggja fyrir framkvæmdastjórnina og að ákvarða sameiginlegt snið fyrir framsetningu þessara upplýsinga.

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Viðfangsefni**

Í þessari reglugerð eru settar framkvæmdarreglur vegna beitingar á 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 og einkum um miðlun aðildarríkjanna á nauðsynlegum, viðeigandi upplýsingum til framkvæmdastjórnarinnar í þeim tilgangi að meta áhrif vegna framkvæmdar reglugerðar (EB) nr. 1925/2006.

*2. gr.*

**Viðeigandi upplýsingar**

1. Eigi síðar en 1. júlí 2012 skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegar, viðeigandi upplýsingar, einkum að því er varðar eftirfarandi:

- a) þróun innanlandsmarkaða fyrir matvæli sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í, síðan á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 1925/2006,
- b) neyslumynstur á matvælum sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í,
- c) það magn sem íbúar taka inn af vítamínum og steinefnum,
- d) íblöndun efna, annarra en vítamína eða steinefna, í matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. gr. tilskipunar 2002/46/EB, og upplýsingar um neyslumynstur á slíkum matvælum sem og magnið af þessum efnum sem er blandað í matvæli og fæðubótarefni.

2. Nauðsynlegu, viðeigandi upplýsingarnar, sem aðildarríkjnum ber að veita framkvæmdastjórninni, sem um getur í 1. mgr. skulu innihalda a.m.k. upplýsingarnar sem eru tilgreindar í I. viðauka við þessa reglugerð.

Nauðsynlegu, viðeigandi upplýsingarnar og einstök atriði þeirra skulu lögð fyrir framkvæmdastjórnina á því sniði sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það ef einhverjar af upplýsingunum, sem tilgreindar eru í I. viðauka, eru ófáanlegar eða ef er ekki hægt, af öðrum ástæðum, að veita framkvæmdastjórninni þær fyrir 1. júlí 2012.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 150, 9.6.2012, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júní 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

*I. VIÐAUKI***Nauðsynlegar, viðeigandi upplýsingar sem aðildarríkjunum ber að veita í þeim tilgangi að meta áhrif vegna framkvæmdar reglugerðar (EB) nr. 1925/2006**

- A. Upplýsingar um þróun innanlandsmarkaða fyrir matvæli, sem vítamínun og steinefnum hefur verið blandað í, skulu innihalda eftirfarandi:
1. Almennar upplýsingar um innanlandsmarkaðinn, þ.m.t. markaðshlutdeild tiltekinna matvæla eða matvælaflokka.
  2. Upplýsingar um horfur varðandi þróun innanlandsmarkaðarins.
- Upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. lið, skulu innihalda upplýsingar um matvæli sem innihalda þau vítamín og steinefni sem er algengast að blanda í matvæli og upplýsingar um magn vítamína og steinefna sem er blandað í matvæli. Slíkar upplýsingar má fá úr markaðsskýrslum sem fást á almennum markaði, landsbundnum eftirlitsráðstöfunum og öðrum viðeigandi og skilgreindum heimildum.
- B. Upplýsingar um neyslumynstur matvæla sem vítamínun og steinefnum hefur verið blandað í skulu innihalda eftirfarandi:
1. Upplýsingar um neyslumynstur hjá íbúum og, ef við á, hjá sérstökum íbúahópum, á tilteknum matvælum eða matvælaflökkum sem vítamínun og steinefnum hefur verið blandað í, þ.m.t. slíkar upplýsingar um matvæli sem innihalda þau vítamín og steinefni sem er algengast að blanda í matvæli og upplýsingar um magn vítamína og steinefna sem er blandað í matvæli.
  2. Upplýsingar sem fengnar eru með könnunum á neyslu sem eru dæmigerðar fyrir landið, gögnum úr fræðilegum rannsóknum og öðrum viðeigandi og skilgreindum heimildum, þ.m.t. upplýsingar um aðferðafræði neyslukönnunarinnar, s.s. aðferðafræðina við matið á neyslunni og hvaða undirhópar og aldursflokkar íbúa voru metnir.
  3. Upplýsingar um allar breytingar sem komu í ljós varðandi almennar neysluvenjur og horfur varðandi neyslu á matvælum sem vítamínun og steinefnum hefur verið blandað í, einkum þær breytingar sem gætu tengst gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 1925/2006. Aðildarríkin skulu veita upplýsingar um grundvöllinn fyrir þessum breytingum sem komu í ljós, þ.m.t. upplýsingar um grunngreininguna sem er notuð til að bera saman fyrri og núverandi neyslu á matvælum sem vítamínun og steinefnum hefur verið blandað í.
- C. Upplýsingar um inntekið magn vítamína og steinefna skulu innihalda eftirfarandi:
1. Upplýsingar um það magn sem íbúar og, ef við á, sérstakir íbúahópar taka inn af vítamínun og steinefnum. Þessar upplýsingar skulu fengnar með gögnum úr heimildum sem um getur í lið B.2 í þessum viðauka.
  2. Upplýsingar um allar breytingar sem komu í ljós varðandi inntekið magn af vítamínun og steinefnum, þ.m.t. horfur varðandi inntekið magn sem gætu tengst gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 1925/2006. Aðildarríkin skulu veita upplýsingar um grundvöllinn fyrir þessum breytingum sem komu í ljós, þ.m.t. upplýsingar um grunngreininguna sem er notuð til að bera saman inntekið magn vítamína og steinefna fyrir og eftir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1925/2006.
- D. Upplýsingar um íblöndun efna, annarra en vítamína og steinefna, í matvæli skulu innihalda eftirfarandi:
1. Upplýsingar um innanlandsmarkað fyrir matvæli sem tilteknum öðrum efnum hefur verið blandað í, þ.m.t. markaðshlutdeild tiltekinna matvæla eða matvælaflokka.
  2. Upplýsingar um innanlandsmarkað fyrir fæðubótarefni, eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. gr. tilskipunar 2002/46/EB.
  3. Upplýsingar um efni sem er algengast að blanda í matvæli, byggðar á upplýsingum úr markaðsskýrslum sem fást á almennum markaði, landsbundnum eftirlitsráðstöfunum og öðrum viðeigandi og skilgreindum heimildum og skulu innihalda upplýsingar um það í hvaða magni öðrum efnum er blandað í tiltekin matvæli eða matvælaflokka.
  4. Upplýsingar um landsráðstafanir, þ.m.t. löggjafarráðstafanir og aðrar ráðstafanir, sem er ætlað að takmarka eða banna notkun annarra efna við framleiðslu matvæla, þ.m.t. fæðubótarefni.



## II. VIÐAUKI

## Snið fyrir framsetningu upplýsinga sem aðildarríkin leggja fram

*Þróun markaðarins fyrir matvæli sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í*

| Tegund upplýsinga sem skal leggja fram  | Gagnaheimildir |
|---|----------------|
| Hlutdeild mismunandi matvæla, sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í, eftir matvælaflokkum á innanlandsmarkaði, eins og þau eru skilgreind í aðalmatvælaflokkunum 20 í FoodEx-matvælaflokkunarkerfinu <sup>(1)</sup> , að undanskildum matvælum til sérstakra, næringarlegra nota og fæðubótarefnum. |                |
| Horfur að því er varðar stærð markaðar fyrir matvæli sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í og einkum upplýsingar um markaðinn fyrir og eftir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1925/2006.  |                |
| <sup>(1)</sup> Matvælaöryggisstofnun Evrópu: The food classification and description system FoodEx 2 (draft- revision 1). Supporting Publications 2011:215. [438 bls.]. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu  |                |

*Neyslumynstur á matvælum sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í*

| Tegund upplýsinga sem skal leggja fram   | Gagnaheimildir |
|--|----------------|
| Meðalneysla íbúa á matvælum sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í.   |                |
| Meðalneysla íbúa á matvælum, sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í, hjá eftirfarandi íbúahópum:  |                |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>– fullorðnir (18 ára og eldri),</li> <li>– börn (yngri en 18 ára) og, ef við á, tilgreindir aldurshópar og</li> <li>– eftir matvælaflokkum eins og eins og þeir eru skilgreindir í aðalmatvælaflokkunum 20 í FoodEx-matvælaflokkunarkerfinu, að undanskildum matvælum til sérstakra, næringarlegra nota og fæðubótarefnum.</li> </ul> |                |
| Magn vítamína og steinefna sem er blandað í matvælin, samkvæmt aðalmatvælaflokkunum 20 í FoodEx-matvælaflokkunarkerfinu. Þetta skal gefið upp sem íblandað magn eða sem magnbil.   |                |
| Breytingar sem komu í ljós varðandi neyslumynstur á matvælum sem vítamínum og steinefnum hefur verið blandað í, þ.m.t. gögn um grunngreininguna sem er notuð til að bera saman neyslu fyrir og eftir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1925/2006.   |                |

*Inntekið magn vítamína og steinefna*

| Tegund upplýsinga sem skal leggja fram   | Gagnaheimildir |
|--|----------------|
| Meðalmagn sem íbúar taka inn af vítamínum og steinefnum.   |                |
| Meðalmagn sem eftirfarandi íbúahópar taka inn af vítamínum og steinefnum:  |                |
| <ul style="list-style-type: none"> <li>– fullorðnir (18 ára og eldri),</li> <li>– börn (yngri en 18 ára) og, ef við á, tilgreindir aldurshópar.</li> </ul>   |                |
| Aðferðafræði neyslukönnunar (einkum aðferðir við mat á neyslu, aldurshópar, undirhópar íbúa).  |                |
| Breytingar sem komu í ljós varðandi inntekið magn af vítamínum og steinefnum, þ.m.t. gögn um grunngreininguna sem er notuð til að bera saman magn inntöku fyrir og eftir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1925/2006. |                |

*Íblöndun annarra efna en vítamína eða steinefna*

| Tegund upplýsinga sem skal leggja fram  | Gagnaheimildir |
|---|----------------|
| <p>Hlutdeild matvæla, sem öðrum efnum hefur verið blandað í, á innanlandsmarkaði, þ.m.t. fæðubótarefni, samkvæmt eftirfarandi flokkum efna sem eru notuð:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Amínósýrur</li> <li>2. Ensím</li> <li>3. Bætibakteríuörvandi efni (e. <i>prebiotics</i>) og bætibakteríur</li> <li>4. Lífsnauðsynlegar fitusýrur og aðrar sérstakar fitusýrur</li> <li>5. Plöntuefni og plöntuefnaútdráttur</li> <li>6. Önnur efni</li> </ol> |                |
| <p>Horfur að því er varðar stærð markaðar og einkum upplýsingar um markaðinn fyrir og eftir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1925/2006.</p>   |                |
| <p>Landsráðstafanir sem varða takmörkun eða bann við notkun annarra efna við framleiðslu matvæla, þ.m.t. fæðubótarefni.</p>   |                |

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 556/2012

2013/EES/28/08

frá 26. júní 2012

## um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir spinósað í og á hindberjum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE<sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir spinósað.
- 2) Hinn 11. maí 2012 tilkynnti Frakkland til framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 53 gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuvarnarefna á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE<sup>(2)</sup>, um tímabundna leyfisveitingu fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda virka efnið spinósað, vegna óvæntrar uppkomu *Drosophila suzukii*, hættu sem var ófyrirsjáanleg og ekki hægt að halda í skefjum með öðrum aðferðum. Af þessum sökum tilkynnti Frakkland hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnuninni (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) einnig um, í samræmi við 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að það hefði veitt leyfi fyrir því að setja hindber, sem innihalda meira af varnarefnaleifum en gildandi hámarksgildi leifa segja til um, á markað á frönsku yfirráðasvæði. Sem stendur er það hámarksgildi leifa fastsett við 0,3.
- 3) Frakkland lagði fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi mat á áhættu fyrir neytendur og lagði til tímabundið hámarksgildi leifa á grundvelli þess.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 166, 27.6.2012, bls. 67. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

- 4) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á gögnin sem lögð voru fram og gaf út yfirlýsingu<sup>(3)</sup> um öryggi tillagðs tímabundins hámarksgildis leifa.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að notkun spinósaðs á hindber, eins og hún er heimilud í Frakklandi, leiði til þess að váhrif sem neytendur verða fyrir fari yfir eiturefnafræðileg viðmiðunargildi og er því ekki búist við að hún skapi hættu fyrir lýðheilsu.
- 6) Á grundvelli yfirlýsingar Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildi leifa kröfurnar í 4. mgr. 18 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 8) Þar eð Frakkland hefur þegar heimilað neyðarnotkun plöntuvarnarefna, sem innihalda spinósað, og bráð þörf er á því í kjölfarið að tryggja öfluga neytendavernd þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa með því að beita málsmeðferðinni sem um getur í 5. mgr. 45 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(3)</sup> Matvælaöryggisstofnun Evrópu; Statement on the modification of the existing MRL for spinosad in raspberries. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012, 10(5), 2751, (26. bls.) doi: 10.2903/j.efsa.2012.2751. Aðgengilegt á Netinu: <http://www.efsa.europa.eu/efsajournal.htm>

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

*VIÐAUKI*

Í stað dálksins fyrir spínósað í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 komi eftirfarandi:

## „Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

| Kenni-<br>númer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um <sup>(a)</sup>                           | Spinósað: summa spinósaðs<br>A og spinósaðs D, gefin upp<br>sem spinósað (F) |
|-----------------|--|--|
| (1)             | (2)  | (3)  |
| 0100000         | <b>1. NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR</b>   |  |
| 0110000         | i. <b>Sítrusávéxtir</b>  | 0,3  |
| 0110010         | Greipaldin (pómelónur, sætugreipaldin, tangeló-aldin (að undanskildum minneólum), ljótaldin og aðrir blendingar) |  |
| 0110020         | Appelsínur (ilmappelsínur, beiskjuappelsínur, myrtuappelsínur og aðrir blendingar)                               |  |
| 0110030         | Sítrónur (skrápsítrónur, sítrónur)   |  |
| 0110040         | Súraldin   |  |
| 0110050         | Mandarínur (klementínur, tangarínur, minneólur og aðrir blendingar)  |  |
| 0110990         | Annað  |  |
| 0130010         | Epli (skógarepli)  |                 |
| 0130020         | Perur (sandperur)  |                 |
| 0130030         | Kveði  |                 |
| 0130040         | Trjámispilsaldin   |                 |
| 0130050         | Dúnepli  |                 |
| 0130990         | Annað  |                 |
| 0140000         | <b>iv. Steinaldín</b>  |                 |
| 0140010         | Apríkósúr  |                 |
| 0140020         | Kirsuber (sætkirsuber, súrkirsuber)  |                 |
| 0140030         | Ferskjur (nektarínur og áþekkir blendingar)  |                 |

| (1)     | (2)   | (3) |
|---------|---|-----|
| 0140040 | Plómur (sveskjuplómur, eðalplómur, kirsuberjaplómur, þyrniplómur)   |     |
| 0140990 | Annað   |     |
| 0150000 | v. <b>Ber og smá aldin</b>  |     |
| 0151000 | a) <i>Vínber til neyslu og vínþrúgur</i>  |     |
| 0151010 | Vínber til neyslu   |     |
| 0151020 | Vínþrúgur   |     |
| 0152000 | b) <i>Jarðarber</i>   |     |
| 0153000 | c) <i>Klungurber</i>  |     |
| 0153010 | Brómber   |     |
| 0153020 | Daggarber (logaber, bersaber og múltuber)   |     |
| 0153030 | Hindber, (vínhindber, heimskautaber/hindber, ( <i>Rubus arcticus</i> ), mjaðarhindber ( <i>Rubus arcticus x idaeus</i> ))   |     |
| 0153990 | Annað   |     |
| 0154000 | d) <i>Önnur smá aldin og ber</i>  |     |
| 0154010 | Bláber (aðalbláber)   |     |
| 0154020 | Trönuber (rauðber (týtuber))  |     |
| 0154030 | Rífsber (rauð og hvít) og sólber  |     |
| 0154040 | Stíkilsber (þ.m.t. blendingar við aðrar <i>Ribes</i> -tegundir)   |     |
| 0154050 | Rósaldin  |     |
| 0154060 | Mórber (aldin jarðarberjatrés)  |     |
| 0154070 | Eplapýmiber (kíviber ( <i>Actinidia arguta</i> ))   |     |
| 0154080 | Ylliber (logalaufsbær, reyniber, hafþyrnisber (strandþyrnisber), snæþyrnisber, amalber og önnur ber af trjákenndum plöntum) |     |
| 0154990 | Annað   |     |
| 0160000 | vi. <b>Ýmis aldin</b>   |     |
| 0161000 | a) <i>Ætt hýði</i>  |     |
| 0161010 | Döðlur  |     |
| 0161020 | Fíkjur  |     |
| 0161030 | Ólífur til átu  |     |
| 0161040 | Gullappelsínur (Marumi gullappelsínur, nagami gullappelsínur, læmhvatar ( <i>Citrus aurantifolia x Fortunella</i> spp.))    |     |
| 0161050 | Stjörnualdin (bilimbi)  |     |
| 0161060 | Gallaldin   |     |
| 0161070 | Jövuþlómur (jövuepli, malajaepli, rósaepi, brasílufkirsuber, (grumichama, <i>Eugenia uniflora</i> ))                        |     |
| 0161990 | Annað   |     |
| 0162000 | b) <i>Óætt hýði, lítið</i>  |     |
| 0162010 | Kíví  |     |
| 0162020 | Litkaber (tröllígulber, ígulber, gullaldin)   |     |
| 0162030 | Píslaraldin   |     |

| (1)     | (2)  | (3)             |
|---------|--|-----------------|
| 0162040 | Kaktusfíkjur   |                 |
| 0162050 | Stjörnuepli  |                 |
| 0162060 | Persimónur (Virginíu-kakí) (svartaldin, mexíkóperur, grænaldin, gulaldin og mjúkaldin)                             |                 |
| 0162990 | Annað  |                 |
| 0163000 | c) <i>Óætt hýði, stórt</i>   |                 |
| 0163010 | Lárperur   |                 |
| 0163020 | Bananar (dvergbananar, mjölbananar, eplabananar)   |                 |
| 0163030 | Mangó  |                 |
| 0163040 | Papæjaldin   |                 |
| 0163050 | Granatepli   |                 |
| 0163060 | Morgunberkjur, (kvöldberkjur, sykurepli (sólberkjur), flosberkjur og önnur miðlungsstór aldin af berkjuviðarætt)   |                 |
| 0163070 | Gvava (drekaávéxtir ( <i>Hylocereus undatus</i> ))   |                 |
| 0163080 | Ananas   |                 |
| 0163090 | Brauðaldin (saðningaraldin)  |                 |
| 0163100 | Dáraaldin  |                 |
| 0163110 | Nónberkjur   |                 |
| 0163990 | Annað  |                 |
| 0200000 | <b>2. NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI</b>  | <b>0,01 (*)</b> |
| 0210000 | i. <b>Rótarávéxtir og hnýði</b>  |                 |
| 0211000 | a) <i>Kartöftur</i>  |                 |
| 0212000 | b) <i>Hitabeltisrótarávéxtir og -hnýði</i>   |                 |
| 0212010 | Kassava (þerrirætur, japanskar þerrirætur, filseyru)   |                 |
| 0212020 | Sætuhnúðar   |                 |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði (svarðarhnetur, jíkamarætur)  |                 |
| 0212040 | Örvarrót   |                 |
| 0212990 | Annað  |                 |
| 0213000 | c) <i>Aðrir rótarávéxtir og hnýði, að sykkurrófum undanskildum</i>   |                 |
| 0213010 | Rauðrófur  |                 |
| 0213020 | Gulrætur   |                 |
| 0213030 | Hnúðsilla  |                 |
| 0213040 | Píparrót (hvannarætur, skessujurtarrætur, mariuvandarætur)   |                 |
| 0213050 | Ætífíflar  |                 |
| 0213060 | Nípur  |                 |
| 0213070 | Steinseljurætur  |                 |
| 0213080 | Hreðkur (vetrarhreðkur, japanskar hreðkur, ætihreðkur og svipuð yrki, hnetusveipsef ( <i>Cyperus esculentus</i> )) |                 |
| 0213090 | Hafursrætur (svartrætur)   |                 |
| 0213100 | Gulrófur   |                 |



| (1)     | (2)  | (3) |
|---------|--|-----|
| 0213110 | Næpur  |     |
| 0213990 | Annað  |     |
| 0220000 | <b>ii. Laukar</b>  |     |
| 0220010 | Hvítlaukur   |     |
| 0220020 | Laukar (silfurlaukur)  |     |
| 0220030 | Skalottlaukur  |     |
| 0220040 | Vorlaukar (pípulaukur og svipuð yrki)  |     |
| 0220990 | Annað  |     |
| 0230000 | <b>iii. Aldingrænmeti</b>  |     |
| 0231000 | a) <i>Náttskuggaætt</i>  |     |
| 0231010 | Tómatar (kirsuberjatómatar, trjátómatar, blöðruber, goðaber, úlfaber ( <i>Lycium barbarum</i> og <i>L. chinense</i> )) |     |
| 0231020 | Paprikur (eldpipar)  |     |
| 0231030 | Eggaldin (melónuperur)   |     |
| 0231040 | Okra   |     |
| 0231990 | Annað  |     |
| 0232000 | b) <i>Graskersætt — ætt hýði</i>   |     |
| 0232010 | Gúrkur   |     |
| 0232020 | Smágúrkur  |     |
| 0232030 | Dvergbítar (sumargrasker, grasker (gárugrasker))   |     |
| 0232990 | Annað  |     |
| 0233000 | c) <i>Graskersætt — óætt hýði</i>  |     |
| 0233010 | Melónur (horngúrkur)   |     |
| 0233020 | Risagrasker (vetrargrasker)  |     |
| 0233030 | Vatnsmelónur   |     |
| 0233990 | Annað  |     |
| 0234000 | d) <i>Sykurmaís</i>  |     |
| 0239000 | e) <i>Annað aldingrænmeti</i>  |     |
| 0240000 | <b>iv. Kál</b>   |     |
| 0241000 | a) <i>Blómstrandi kál</i>  |     |
| 0241010 | Spergilkál (kalabríukál, kínaspergilkál, næpukál)  |     |
| 0241020 | Blómkál  |     |
| 0241990 | Annað  |     |
| 0242000 | b) <i>Kálhöfuð</i>   |     |
| 0242010 | Rósakál  |     |
| 0242020 | Höfuðkál (toppkál, rauðkál, blöðrukál, hvítkál)  |     |
| 0242990 | Annað  |     |
| 0243000 | c) <i>Blaðkál</i>  |     |

| (1)     | (2)   | (3) |
|---------|---|-----|
| 0243010 | Kínakál (sinnepskál, blaðkál, rósettukál, blómsturkál, kínakál)   |     |
| 0243020 | Grænkál (sveitakál, portúgalskt grænkál, portúgalskt hvítkál, fóðurkál)   |     |
| 0243990 | Annað   |     |
| 0244000 | d) <i>Hnúðkál</i>   |     |
| 0250000 | <b>v. Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir</b>   |     |
| 0251000 | a) <i>Salat og aðrar salatplöntur; þ.m.t. plöntur af krossblómætt</i>   |     |
| 0251010 | Vorsalat (strábrúða)  |     |
| 0251020 | Salat (höfuðsalat, lollo rosso-salat (laufsalat), jöklasalat, bindisalat)   |     |
| 0251030 | Flatur salatfífill (breiðblaða salatfífill) (villtur kaffífífill, rauðlaufssalat, hrokkinblaðssalat, sykurbrauðssalat)  |     |
| 0251040 | Karsi   |     |
| 0251050 | Vetrarkarsi   |     |
| 0251060 | Klettasalat (gyltumustarður)  |     |
| 0251070 | Sinnepskál  |     |
| 0251080 | Blöð og stilkur af <i>Brassica</i> spp. (misunakál, blöð af baunategundum og hreðkum og önnur unglöð af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i> (plönturnar eru uppskornar þegar þær eru komnar með allt að 8 eiginleg laufblöð)) |     |
| 0251990 | Annað   |     |
| 0252000 | b) <i>Spínat og áþekkt grænmeti (blöð)</i>  |     |
| 0252010 | Spínat (nýsjálenskt spínat, blöð af halategundum ( <i>Amaranthus</i> ))   |     |
| 0252020 | Súpugull (diskgrýta, garðaportúlakki, portúlakki, súrsmæra, strandstjaki, sódaurtarblöð)  |     |
| 0252030 | Blaðbeðjur (rauðrófulauf)   |     |
| 0252990 | Annað   |     |
| 0253000 | c) <i>Vínviðarlauf</i>  |     |
| 0254000 | d) <i>Brunnperla</i>  |     |
| 0255000 | e) <i>Jólasalat</i>   |     |
| 0256000 | f) <i>Kryddjurtir</i>   |     |
| 0256010 | Kerfill   |     |
| 0256020 | Graslaukur  |     |
| 0256030 | Blaðsellerí (fennikulauf, kórianderlauf, dilllauf, kúmenlauf, skessujurt, hvönn, spánarkerfill og önnur lauf af sveipjurtaætt)  |     |
| 0256040 | Steinselja  |     |
| 0256050 | Salvía (vetrarsar, sumarsar)  |     |
| 0256060 | Rósmarín  |     |
| 0256070 | Garðablöðberg (meiran, kjarrminta)  |     |
| 0256080 | Basilíka (blöð af hjartafró, mint, piparminta)  |     |
| 0256090 | Lárviðarlauf  |     |
| 0256100 | Fáfnisgras (isópur)   |     |
| 0256990 | Annað (æt blóm)   |     |

| (1)     | (2)   | (3)             |
|---------|---|-----------------|
| 0260000 | <b>vi. Belgávextir (ferskir)</b>  |                 |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) (grænar baunir (garðbaunir, belgbaunir), glæsibaunir, snittubaunir, spergilbaunir) |                 |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) (breiðbaunir, flögubaunir, risabaunir, smjörbaunir, augnbaunir)                    |                 |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) (sykurertur)  |                 |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) (garðertur, kjúklingabaunir)  |                 |
| 0260050 | Linsubaunir   |                 |
| 0260990 | Annað   |                 |
| 0270000 | <b>vii. Stöngulgrænmeti (ferskt)</b>  |                 |
| 0270010 | Spergill  |                 |
| 0270020 | Salatþistlar  |                 |
| 0270030 | Sellerí   |                 |
| 0270040 | Fennika   |                 |
| 0270050 | Ætiþistlar  |                 |
| 0270060 | Blaðlaukur  |                 |
| 0270070 | Rabarbari   |                 |
| 0270080 | Bambussprotar   |                 |
| 0270090 | Pálmakjarnar  |                 |
| 0270990 | Annað   |                 |
| 0280000 | <b>viii. Sveppir</b>  |                 |
| 0280010 | Ræktaðir (ætisveppir, ostrusveppir, tókasveppir)  |                 |
| 0280020 | Villtir (kantarellur, trufflur, steinmyrklar, kóngssveppir)   |                 |
| 0280990 | Annað   |                 |
| 0290000 | <b>ix. Þang og þari</b>   |                 |
| 0300000 | <b>3. ÞURRKADIR BELGÁVEXTIR</b>   | <b>0,01 (*)</b> |
| 0300010 | Baunir (breiðbaunir, bostonbaunir, flögubaunir, risabaunir, smjörbaunir, hestabaunir, augnbaunir)       |                 |
| 0300020 | Linsubaunir   |                 |
| 0300030 | Ertur (kjúklingabaunir, gráertur, varpabaunir)  |                 |
| 0300040 | Úlfabaunir  |                 |
| 0300990 | Annað   |                 |
| 0400000 | <b>4. OLÍUFRAE OG OLÍURÍK ALDIN</b>   | <b>0,01 (*)</b> |
| 0401000 | <b>i. Oliufrae</b>  |                 |
| 0401010 | Hörfrae   |                 |
| 0401020 | Jarðhnetur  |                 |
| 0401030 | Valmúafrae  |                 |
| 0401040 | Sesamfrae   |                 |
| 0401050 | Sólblómafrae  |                 |
| 0401060 | Repjufrae (arfanæpa, akurfrækál)  |                 |

| (1)     | (2)  | (3)             |
|---------|--|-----------------|
| 0401070 | Sojabaunir   |                 |
| 0401080 | Mustarðsfræ  |                 |
| 0401090 | Baðmullarfræ   |                 |
| 0401100 | Risagraskersfræ (önnur fræ af ættkvíslinni <i>Cucurbitaceae</i> )              |                 |
| 0401110 | Litunarþistill   |                 |
| 0401120 | Hjólkróna  |                 |
| 0401130 | Akurdoðra  |                 |
| 0401140 | Hampfræ  |                 |
| 0401150 | Kristpálmafræ  |                 |
| 0401990 | Annað  |                 |
| 0402000 | <b>ii. Ólífurík aldin</b>  |                 |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu   |                 |
| 0402020 | Pálmahnetur (olíupálmakjarnar)   |                 |
| 0402030 | Pálmaaldin   |                 |
| 0402040 | Dúnviðaraldin  |                 |
| 0402990 | Annað  |                 |
| 0500000 | <b>5. KORNTÉGUNDIR</b>   |                 |
| 0500010 | Bygg   | <b>0,01 (*)</b> |
| 0500020 | Bókhveiti (halar, frumbyggjanjólí)   | <b>0,01 (*)</b> |
| 0500030 | Máis   | <b>0,01 (*)</b> |
| 0500040 | Hirsi (mannagrjón, hvingresi)  | <b>0,01 (*)</b> |
| 0500050 | Hafrar   | <b>0,01 (*)</b> |
| 0500060 | Hrísgrjón  | <b>5 (+)</b>    |
| 0500070 | Rúgur  | <b>0,01 (*)</b> |
| 0500080 | Dúrra  | <b>0,01 (*)</b> |
| 0500090 | Hveiti (spelt, rúghveiti)  | <b>0,01 (*)</b> |
| 0500990 | Annað  | <b>0,01 (*)</b> |
| 0600000 | <b>6. TE, KAFFI, JURTATE OG KAKÓ</b>   | <b>0,01 (*)</b> |
| 0610000 | <b>i. Te (þurrkuð lauf og stíkar, einnig gerjuð, <i>Camellia sinensis</i>)</b> |                 |
| 0620000 | <b>ii. Kaffibaunir</b>   |                 |
| 0630000 | <b>iii. Jurtate (þurrkuð)</b>  |                 |
| 0631000 | a) <i>Blóm</i>   |                 |
| 0631010 | Kamillublóm  |                 |
| 0631020 | Blóm af læknakólfi   |                 |
| 0631030 | Rósablöð   |                 |
| 0631040 | Jasmínublóm (ylliblóm ( <i>Sambucus nigra</i> ))                               |                 |
| 0631050 | Lindiblóm  |                 |

| (1)     | (2)  | (3)      |
|---------|--|----------|
| 0631990 | Annað  |          |
| 0632000 | b) <i>Lauf</i>   |          |
| 0632010 | Jarðarberjalauf  |          |
| 0632020 | Rauðrunnalauf (laufblöð af musteristré)                          |          |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf (Maté)   |          |
| 0632990 | Annað  |          |
| 0633000 | c) <i>Rætur</i>  |          |
| 0633010 | Garðabrúðurót  |          |
| 0633020 | Ginsengrót   |          |
| 0633990 | Annað  |          |
| 0639000 | d) <i>Önnur jurtate</i>  |          |
| 0640000 | iv. <b>Kakóbaunir (gerjaðar baunir)</b>                          |          |
| 0650000 | v. <b>Karób (Jóhannesarbrauð)</b>                                |          |
| 0700000 | 7. <b>HUMLAR (þurrkaðir), þ.m.t. humlaköggjar og óþykkt duft</b> | 0,01 (*) |
| 0800000 | 8. <b>KRYDD</b>  | 0,01 (*) |
| 0810000 | i. <b>Fræ</b>  |          |
| 0810010 | Anís   |          |
| 0810020 | Ilmfrú   |          |
| 0810030 | Sellerífræ (skessujurtarfræ)                                     |          |
| 0810040 | Kórianderfræ   |          |
| 0810050 | Kúmínfræ   |          |
| 0810060 | Dillfræ  |          |
| 0810070 | Fennikufræ   |          |
| 0810080 | Grikkjasmári   |          |
| 0810090 | Múskat   |          |
| 0810990 | Annað  |          |
| 0820000 | ii. <b>Aldin og ber</b>  |          |
| 0820010 | Allrahanda   |          |
| 0820020 | Aníspipar (kínapiapar)   |          |
| 0820030 | Kúmen  |          |
| 0820040 | Kardimommur  |          |
| 0820050 | Einiber  |          |
| 0820060 | Pipar, svartur og hvítur (langpipar, rósapiapar)                 |          |
| 0820070 | Vanillustangir   |          |
| 0820080 | Tamarind   |          |
| 0820990 | Annað  |          |
| 0830000 | iii. <b>Börkur</b>   |          |

| (1)     | (2)  | (3)             |
|---------|--|-----------------|
| 0830010 | Kanill (kassiukanill)  |                 |
| 0830990 | Annað  |                 |
| 0840000 | <b>iv. Rætur eða jarðstönglar</b>  |                 |
| 0840010 | Lakkrísrot   |                 |
| 0840020 | Engifer  |                 |
| 0840030 | Túrmerik (kúrkúmín)  |                 |
| 0840040 | Piparrót   |                 |
| 0840990 | Annað  |                 |
| 0850000 | <b>v. Blómknappar</b>  |                 |
| 0850010 | Negull   |                 |
| 0850020 | Kapers   |                 |
| 0850990 | Annað  |                 |
| 0860000 | <b>vi. Fræni</b>   |                 |
| 0860010 | Saffran  |                 |
| 0860990 | Annað  |                 |
| 0870000 | <b>vii. Frækápur</b>   |                 |
| 0870010 | Múskatblóm   |                 |
| 0870990 | Annað  |                 |
| 0900000 | <b>9. SYKURPLÖNTUR</b>   | <b>0,01 (*)</b> |
| 0900010 | Sykkurrófur (rætur)  |                 |
| 0900020 | Sykkurreyr   |                 |
| 0900030 | Kaffifíflsrætur  |                 |
| 0900990 | Annað  |                 |
| 1000000 | <b>10. AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU-LANDDÝR</b>   | <b>0,01 (*)</b> |
| 1010000 | <b>i. Kjöt, unnar kjötvörur, sláturmatur, blóð, dýrafita; nýtt, kælt eða fryst, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt eða unnið í fin- eða grófmalað mjöl; aðrar unnar afurðir, t.d. pylsur og tilreidd matvæli gerð úr þessum vörum</b> |                 |
| 1011000 | a) <i>Svín</i>   |                 |
| 1011010 | Kjöt   |                 |
| 1011020 | Fita, án magurs kjöts  |                 |
| 1011030 | Lifur  |                 |
| 1011040 | Nýru   |                 |
| 1011050 | Ætur sláturmatur   |                 |
| 1011990 | Annað  |                 |
| 1012000 | b) <i>Nautgripir</i>   |                 |
| 1012010 | Kjöt   |                 |
| 1012020 | Fita   |                 |
| 1012030 | Lifur  |                 |

| (1)     | (2)   | (3) |
|---------|---|-----|
| 1012040 | Nýru  |     |
| 1012050 | Ætur sláturmatur  |     |
| 1012990 | Annað   |     |
| 1013000 | c) <i>Sauðfé</i>  |     |
| 1013010 | Kjöt  |     |
| 1013020 | Fita  |     |
| 1013030 | Lifur   |     |
| 1013040 | Nýru  |     |
| 1013050 | Ætur sláturmatur  |     |
| 1013990 | Annað   |     |
| 1014000 | d) <i>Geitur</i>  |     |
| 1014010 | Kjöt  |     |
| 1014020 | Fita  |     |
| 1014030 | Lifur   |     |
| 1014040 | Nýru  |     |
| 1014050 | Ætur sláturmatur  |     |
| 1014990 | Annað   |     |
| 1015000 | e) <i>Hestar, asnar, múldýr eða múlasnar</i>  |     |
| 1015010 | Kjöt  |     |
| 1015020 | Fita  |     |
| 1015030 | Lifur   |     |
| 1015040 | Nýru  |     |
| 1015050 | Ætur sláturmatur  |     |
| 1015990 | Annað   |     |
| 1016000 | f) <i>Alifuglar — hænsni, gæsir, endur, kalkúnar og perluhænsn — strútar, dúfur</i> |     |
| 1016010 | Kjöt  |     |
| 1016020 | Fita  |     |
| 1016030 | Lifur   |     |
| 1016040 | Nýru  |     |
| 1016050 | Ætur sláturmatur  |     |
| 1016990 | Annað   |     |
| 1017000 | g) <i>Önnur húsdýr (kanínur, kengúrur)</i>  |     |
| 1017010 | Kjöt  |     |
| 1017020 | Fita  |     |
| 1017030 | Lifur   |     |
| 1017040 | Nýru  |     |
| 1017050 | Ætur sláturmatur  |     |

| (1)     | (2)   | (3) |
|---------|---|-----|
| 1017990 | Annað   |     |
| 1020000 | <b>ii. Mjólk og rjómi, þó ekki þykkt eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, smjör og önnur fita framleidd úr mjólk, ostur og ystingur</b>   |     |
| 1020010 | Nautgripir  |     |
| 1020020 | Sauðfé  |     |
| 1020030 | Geitur  |     |
| 1020040 | Hestar  |     |
| 1020990 | Annað   |     |
| 1030000 | <b>iii. Fuglseggr, ný, rotvarin eða soðin, skurnlaus egg og eggjaraudur; nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða rotvarið með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni</b> |     |
| 1030010 | Kjúklingar  |     |
| 1030020 | Endur   |     |
| 1030030 | Gæsir   |     |
| 1030040 | Kornhænur   |     |
| 1030990 | Annað   |     |
| 1040000 | <b>iv. Hunang (drottningarhunang, frjókorn)</b>   |     |
| 1050000 | <b>v. Froskdýr og skriðdýr (froskalappir, krókódílar)</b>   |     |
| 1060000 | <b>vi. Sniglar</b>  |     |
| 1070000 | <b>vii. Aðrar afurðir landdýra</b>  |     |

(\*) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

(\*) Neðri greiningarmörk.

#### Ísóprópiólan

(+) Rannsóknir til athugunar á eiginleikum ísóprópiólans við bakstur/suðu skal leggja fyrir það aðildarríki sem metur umsóknina, fyrir Matvælaöryggisstofnunina og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eigi síðar en 31. desember 2013. Endurmat á gögnum getur leitt til breytinga á hámarksgildum leifa.

**0500060**      **Hrísrjón<sup>cs</sup>**



## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/24/ESB

2013/EES/28/12

frá 8. október 2012

um breytingu á tilskipun ráðsins 86/297/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aflúttak á dráttarvélum og hlífar fyrir það, í því skyni að aðlaga tæknileg ákvæði hennar (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, ihlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE (1), einkum b-lið 1. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í lið 4.2 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 86/297/EBE (2) eru sett fram almenn ákvæði varðandi aflúttak að framan. Í töflu 2 í þeim viðauka er kveðið á um beitingu staðalsins ISO 8759-1:1998 á flokka dráttarvéla sem eru með aflúttak að framan, en í honum er einnig kveðið á um stærðarmál varðandi staðsetningu aflúttaks að framan. Hins vegar eru þessar kröfur varðandi staðsetningu ekki samrýmanlegar við mikinn fjölda dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt vegna nýrra krafna um hönnun.
- 2) Kröfurnar varðandi aflúttak að framan sem settar eru fram í tilskipun 86/297/EBE lúta einungis að öryggismálum, þ.e. staðsetningu aflúttaksins, kröfum um hlífar og autt svæði. Sú staðsetning aflúttaks sem kveðið er á um í tilskipun 86/297/EBE er ekki samrýmanleg við marga flokka dráttarvéla sem nú eru á markaðnum og áfest áhöld þeirra. Í töflu 2 í I. viðauka við tilskipun ráðsins 86/297/EBE eru dráttarvélar í flokkum T4.1 og T4.3 nú þegar undanskildar þessum kröfum um staðsetningu.
- 3) Til viðbótar við dráttarvélar í flokkum T4.1 og T4.3, sem þegar eru undanskildar þessum kröfum í ákvæði 4.2 í staðli ISO 8759-1:1998, geta dráttarvélar í flokkum T1, T2, T3, T4.2 og T5 ekki uppfyllt þessar kröfur.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 24. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 186, 8.7.1986, bls. 19.

- 4) Hægt er að útbúa margs konar dráttarvélar með sérstökum gerðum aflúttaks, sem falla ekki undir staðal ISO 8759-1:1998.
- 5) Ef um er að ræða dráttarvélar í flokki T3 gildir staðallinn aðeins ef dráttarvélin er með aflúttaki sem tilgreint er í staðlinum. Hins vegar væri hægt að útbúa aðra ökutækjaflokka, t.d. T2 og sumar minni dráttarvélar í flokki T1, með sérstökum gerðum aflúttaks, sem ekki falla undir staðalinn. Af þessum sökum skal undanþágan frá kröfunum í staðli ISO 8759-1:1998 einnig ná til dráttarvéla í flokkum T1 og T2.
- 6) Sams konar vandkvæði má einnig finna í samsvarandi C-flokkum.
- 7) Þar sem skilgreiningarnar í staðli ISO 8759-1:1998, að undanskildu ákvæði 4.2, skulu gilda um dráttarvélar í öllum flokkum T og C sem eru með aflúttak að framan verður tafla 2 óþörf og skal því fella hana brott.
- 8) Því ber að breyta tilskipun 86/297/EBE til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

SAMBÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 86/297/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) í stað liðar 4.2 komi eftirfarandi:

**„4.2. Ákvæði varðandi aflúttak að framan**

Skilgreiningarnar í staðli ISO 8759-1:1998, að undanskildu ákvæði 4.2, gilda um dráttarvélar í öllum flokkum T og C sem eru með aflúttak að framan eins og tilgreint er í staðlinum.“

2) Tafla 2 falli brott.

2. gr:

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. nóvember 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr:

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr:

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. október 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1047/2012

2013/EES/28/13

frá 8. nóvember 2012

## um breytingu á reglugerð (EB) nr 1924/2006 að því er varðar listann yfir næringarfullyrðingar (\*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVROPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

heimilt er að gefa upp með fullyrðingunni „létt/light“, samrýmdist ekki tilgangi og efni grunngerningsins.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- 5) Skerðing á mettaðri fitu er aðeins gagnleg þegar ekkert kemur í staðinn eða í staðinn kemur ómettuð fita. Ef transítusýra kemur í stað mettaðrar fitu hefur það ekki góð áhrif á heilbrigði og því skulu skilyrðin fyrir notkun næringarfullyrðingar sem vísar til þess að dregið sé úr mettaðri fitu vera þannig að ekki sé hægt að setja transítusýrur í staðinn.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til efiirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að næringarfullyrðingar er varða matvæli skuli aðeins leyfðar ef þær eru tilgreindar í viðaukanum við þá reglugerð og þær eru einnig sett fram skilyrði fyrir notkun slíkra fullyrðinga.
- 2) Að höfðu samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, einkum stjórnendur matvælafrirtækja og neytendahópa, var komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að bæta nýjum næringarfullyrðingum á listann yfir leyfilegar næringarfullyrðingar og breyta skilyrðunum um notkun fullyrðinganna sem þegar eru heimil samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006.
- 3) Salt hefur verið notað sem rotvarnarefni og bragðaukandi efni. Þar eð ný tækni hefur verið þróuð og vísindaleg ráðgjöf varðandi salt er almennt viðurkennd leggja framleiðendur sig fram við að framleiða sífellt fleiri vörur án viðbættis salts þegar það er tæknilega mögulegt. Þó er fullyrðingin um að salti/natríumi hafi ekki verið bætt við tiltekin matvæli ekki heimil eins og stendur. Rétt er að gera framleiðendum kleift að upplýsa neytendur um þessa tilteknu hlið framleiðsluferlisins í ljósi þess hve mikilvægt það er út frá heilbrigðissjónarmiðum að hvetja til slíkra nýjunga. Til að forðast að nota slíka fullyrðingu á matvælum sem innihalda mikið magn natríums á náttúrulegan hátt skal takmarka notkun hennar við matvæli sem innihalda lítið magn natríums.
- 4) Í ályktun sinni frá 2. febrúar 2012 um drög að reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á reglugerð (EB) nr 1924/2006 að því er varðar lista yfir næringarfullyrðingar var það mat Evrópuþingsins að ný næringarfullyrðing, sem gerði það kleift að gefa upp minni skerðingu en

- 6) Við núverandi aðstæður má fullyrða að sykurmagn hafi verið skert, jafnvel þegar fita kemur í stað sykurs þannig að til verður endurbönduð vara sem er orkuríkari. Fullyrðingin um að dregið hafi verið úr sykurmagni skal því aðeins heimiluð þegar orka matvæla er ekki meiri eftir endurböndun. Strangari skilyrði þar sem farið er fram á skerðingu á orku sem samsvari skerðingu á sykri væru aðeins möguleg að því er varðar afar takmarkaðan fjölda vara og myndu því takmarka notkun fullyrðingarinnar verulega.
- 7) Því ber að breyta viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Vörur sem eru settar á markað fyrir 1. júní 2014 og uppfylla ekki kröfur reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, má setja áfram á markað þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls.36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

---

*VIÐAUKI*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Á eftir færslunni varðandi fullyrðinguna „NATRÍUMSNAUÐUR EÐA SALTSNAUÐUR“ bætist eftirfarandi færsla við:

„ÁN VIÐBÆTTS NATRÍUMS/SALTS

Aðeins má nota fullyrðingu þess efnis að matvæli séu án viðbætts natríums/salts og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef varan er án viðbætts natríums/salts eða annarra innihaldsefna sem innihalda viðbætt natríum/salt og varan inniheldur að hámarki 0,12 g af natríumi eða jafngildi þess af salti fyrir hver 100 g eða 100 ml.“

- 2) Í færslunni varðandi fullyrðinguna „SKERT INNIHALD [HEITI NÆRINGAREFNISINS]“ bætast eftirfarandi málsgreinar við:

„Aðeins má nota fullyrðinguna „skert innihald mettaðrar fitu“ og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur:

- ef summa mettaðra fitusýra og transfitusýra í vörunni sem ber fullyrðinguna er a.m.k. 30% lægri en summa mettaðra fitusýra og transfitusýra í svipaðri vöru og
- ef innihald transfitusýra í vörunni sem ber fullyrðinguna er jafnt eða minna en í svipaðri vöru.

Aðeins má nota fullyrðinguna „skert innihald sykurs“ og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef orkumagn vörunnar sem ber fullyrðinguna er jafnmikið eða minna en orkumagnið í svipaðri vöru.“

---

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1048/2012

2013/EES/28/14

frá 8. nóvember 2012

## um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælaframleiðinga geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“.
- 3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila álitum á viðkomandi heilsufullyrðingu.
- 4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 5) Í kjölfar umsóknar frá Cargill Incorporated, sem lögð var fram samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og þar sem farið var fram á verndun gagna sem njóta einkaleyfisverndar og varða safngreiningu<sup>(2)</sup> og upplýsinga varðandi framleiðsluferli „betatrefja“ úr byggi (Barliv™), var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitum á heilsufullyrðingu varðandi áhrif betaglúkans úr byggi á lækkun kólesteróls í blóði og minni hættu á hjartasjúkdómi (kransæðasjúkdómi) (spurning nr. EFSA-Q-2011-00798)<sup>(3)</sup>. Fullyrðingin, sem

umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Sýnt hefur verið fram á að betaglúkan úr byggi lækkar/minnkar kólesteról í blóði. Lækkun kólesteróls í blóði kann að minnka áhættu á hjartasjúkdómi (kransæðasjúkdómi)“.

- 6) Með hliðsjón af framlögðum gögnum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í álitum sínu, sem barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum 8. desember 2011, að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu betaglúkans úr byggi og lækkun á styrk lágbéttmífítupróteínkólesteróls (e. *LDL-cholesterol concentrations*) í blóði. Því telst heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og skal henni bætt við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar. Matvælaöryggisstofnunin taldi að safngreiningin og upplýsingarnar varðandi framleiðsluferli „betatrefja“ úr byggi (Barliv™), sem umsækjandinn hélt fram að nýtu einkaleyfisverndar, væru ekki nauðsynleg til að hún kæmist að niðurstöðu. Því telst krafan, sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, ekki uppfyllt og til samræmis við það skal ekki veita gögnumum einkaleyfisvernd.
- 7) Í kjölfar umsóknar frá Valens Int. d.o.o., sem lögð var fram samkvæmt a-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitum á heilsufullyrðingu varðandi áhrif betaglúkans úr byggi á lækkun kólesteróls í blóði og minni áhættu á hjartasjúkdómi (kransæðasjúkdómi) (spurning nr. EFSA-Q-2011-00799).<sup>(4)</sup> Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Sýnt hefur verið fram á að betaglúkan úr byggi minnkar kólesteról í blóði. Lækkun kólesteróls í blóði kann að minnka áhættu á hjartasjúkdómi“.
- 8) Með hliðsjón af framlögðum gögnum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í álitum sínu, sem barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum 8. desember 2011, að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu betaglúkans úr byggi og lækkun á styrk lágbéttmífítupróteínkólesteróls (e. *LDL-cholesterol concentrations*) í blóði. Því telst heilsufullyrðing, sem samrýmist þeirri niðurstöðu, uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og skal henni bætt við á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar.
- 9) Í 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að tiltekin atriði skuli koma fram í álitum þar sem mælt er með því að veita leyfi fyrir heilsufullyrðingu. Til samræmis við það skulu þessi atriði sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar leyfðu fullyrðinguna, þ. á m. og eftir því sem við á, breytt orðalag viðkomandi

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Harland JI, 2011: Meta-analysis of the effects of barley beta-glucan on blood lipids (óbirt).

<sup>(3)</sup> Tíðindi *Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2011) 9(12), 2470.

<sup>(4)</sup> Tíðindi *Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2011) 9(12), 2471.

fullyrðingar, sértæk skilyrði fyrir notkun hennar og, eftir því sem við á, skilyrði og takmarkanir varðandi notkun matvælna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörðun, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.

- 10) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningar að því er þetta varðar. Ef orðalag fullyrðinga felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að þær staðfesta sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflokks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar skulu þær því lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 11) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem framkvæmdastjórninni hafa borist, skv. 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

1. Nota má heilsufullyrðinguna sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð fyrir matvæli á markaði Evrópusambandsins í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. Heilsufullyrðinguna, sem vísað er til í 1. mgr., skal færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar, sem kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

##### *2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

## Leyfð heilsufullyrðing

| Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006                                  | Umsækjandi — heimilisfang   | Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur | Fullyrðing  | Skilyrði fyrir nokkun fullyrðingar   | Skilyrði og/éða takmarkanir á nokkun matvælananna og/éða viðbótar-yfirlýsing eða viðvörðun | Tilvísunarnúmer állits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu |
|--|---|--|---|--|--|---|
| Heilsufullyrðing sem varðar a-lið 1. mgr. 14. gr. og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhræftu | <p>Cargill Incorporated, fyrir milligöngu Cargill Health and Nutrition, c/o Cargill R &amp; D Centre Europe, Havenstraat 84, 1800 Vilvoorde, Belgium</p> <p>Valens Int. d.o.o., Kidričeva ulica 24b, SI-3000 Celje, Slovenija</p> | Betaglúkan úr byggi                                  | Sýnt hefur verið fram á að betaglúkan úr byggi lækkar/minnkar kólesteról í blóði. Hátt kólesteról er áhættuþáttur í þróun kransæðasjúkdóms. | Veita skal neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka á betaglúkani úr byggi þurfi að vera 3 g til að fá fram jákvæðu áhrifin. |  | Q-2011-00798  |
|  |   |  |   | Fullyrðinguna er heimilt að nota um matvæli sem veita a.m.k. 1 g af betaglúkani úr byggi með hverjum magnbundnum skammti.              |  | Q-2011-00799  |

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1049/2012

2013/EES/28/15

frá 8. nóvember 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólýglýsítólsírópi í nokkrum matvælaflokkum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á pólýglýsítólsírópi í nokkrum matvælaflokkum var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á öryggi pólýglýsítólsíróps þegar það er notað sem matvælaaukefni<sup>(3)</sup>. Hún telur að efnafraðileg og eiturefnafraðileg gögn sem liggja fyrir að því er varðar pólýglýsítólsíróp séu ófullnægjandi til að hægt sé að fastsetja ásættanlega, daglega inntöku. Þó er það niðurstaða hennar, á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir, að ekkert bendi til þess að öryggisvandi sé fyrir hendi í tengslum við fyrirhugaða notkun og magnið sem á að nota.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2009 7(12), 1413.

6) Af tæknilegum ástæðum er þörf á að nota fjölkóhólið pólýglýsítólsíróp sem valkost í stað annarra fjölkóhóla sem þegar eru heimiluð. Pólýglýsítólsíróp er ekki eins sætt og gefur orkuskertum eða sykurlausum vörum meiri fyllingu, ógagnsæi, bindingu og stöðugleika. Því er rétt að heimila notkun pólýglýsítólsíróps í matvælaflokkunum sem sótt er um og gefa því matvælaaukefni E-númerið E 964.

7) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum<sup>(4)</sup>, gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun pólýglýsítólsíróps í viðkomandi matvælaflokkum fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökuðag að því er varðar þetta matvælaaukefni.

8) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.



Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 2. lið B-hluta bætist eftirfarandi færsla um E 964 við á eftir færslunni um E 962:

|        |                     |
|--------|---------------------|
| „E 964 | Pólýglýsítólísiróp“ |
|--------|---------------------|

- 2) Í E-hluta bætast eftirfarandi færslur um E 964 við í númeraröð í viðkomandi matvælaflokkum:

| „03.   |                    | Ís til neyslu |  |  |  | Gildistími:                          |
|--|--------------------|---------------|--|--|--|--------------------------------------|
| E 964  | Pólýglýsítólísiróp | 200 000       |  |  |  | Frá 29. nóvember 2012                |
| <b>04.2.5.1 Sultur í sérflokki og hlaup í sérflokki eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB</b>                |                    |               |  |  |  |                                      |
| E 964  | Pólýglýsítólísiróp | 500 000       |  |  |  | Frá 29. nóvember 2012                |
| <b>04.2.5.2 Sultur, hlaup og marmelaði og sykrað kastaniuhnetumauk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB</b> |                    |               |  |  |  |                                      |
| E 964  | Pólýglýsítólísiróp | 500 000       |  |  |  | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012 |
| <b>04.2.5.3 Annað sambærilegt smurálegg úr aldinum eða grænmeti</b>  |                    |               |  |  |  |                                      |
| E 964  | Pólýglýsítólísiróp | 500 000       |  |  |  | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012 |
| <b>05.1 Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB</b>   |                    |               |  |  |  |                                      |
| E 964  | Pólýglýsítólísiróp | 200 000       |  |  |  | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012 |
| <b>05.2 Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt</b>  |                    |               |  |  |  |                                      |
| E 964  | Pólýglýsítólísiróp | 200 000       |  |  |  | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012 |
| E 964  | Pólýglýsítólísiróp | 600 000       |  |  |  | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012 |

|             |   |                    |         |  |                                       |
|-------------|---|--------------------|---------|--|---------------------------------------|
|             | E 964   | Pólyglýsítólísiróp | 800 000 | Einungis seigt sælgæti án viðbættis sykurs   | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012  |
|             | E 964   | Pólyglýsítólísiróp | 990000  | Einungis hart sælgæti án viðbættis sykurs  | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012  |
| <b>05.3</b> | <b>Tyggjúmmí</b>  |                    |         |  |                                       |
|             | E 964   | Pólyglýsítólísiróp | 200 000 | Einungis án viðbættis sykurs   | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012  |
| <b>06.3</b> | <b>Morgunkorn</b>   |                    |         |  |                                       |
|             | E 964   | Pólyglýsítólísiróp | 200 000 | Einungis morgunkorn eða vörur, að stofni til úr korni, orkuskerter eða án viðbættis sykurs | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012  |
| <b>07.2</b> | <b>Fínt kaffibrauð</b>  |                    |         |  |                                       |
|             | E 964   | Pólyglýsítólísiróp | 300000  | Einungis afurðir sem eru orkuskerter eða án viðbættis sykurs                               | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012  |
| <b>16.</b>  | <b>Eftirréttir að undanskildum vörum sem falla í 1., 3. og 4. flokk</b> |                    |         |  |                                       |
|             | E 964   | Pólyglýsítólísiróp | 300000  | Einungis afurðir sem eru orkuskerter eða án viðbættis sykurs                               | Gildistími:<br>Frá 29. nóvember 2012“ |

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1050/2012

2013/EES/28/16

frá 8. nóvember 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar pólýglýsítólsíróp (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum<sup>(1)</sup>, einkum 14. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012<sup>(3)</sup> er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008.
- 2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu („Matvælaöryggisstofnunin“) gaf álit sitt varðandi öryggi pólýglýsítólsíróps með því að taka tillit til nákvæmu skilgreininganna sem umsækjandinn lagði til 24. nóvember 2009 fyrir efnið sem aukefni í matvælum<sup>(4)</sup>. Þetta matvælaaukefni var síðan heimilað á grundvelli tiltekinna notkunar og því gefið númerið E 964 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1049/2012 frá 8. nóvember 2012 um breytingu á

II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólýglýsítólsírópi í nokkrum matvælaflokkum<sup>(5)</sup>. Því skal samþykkja nákvæmar skilgreiningar fyrir þetta matvælaaukefni.

- 3) Nauðsynlegt er að taka mið af nákvæmum skilgreiningum og greiningaraðferðum fyrir aukefni sem sameiginlega sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aukefni í matvælum (JECFA) leggur til.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Visindalegt álit nefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um notkun pólýglýsítólsíróps sem matvælaaukefnis (Scientific Opinion on the use of Polyglycitol Syrup as a food additive). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009 7(12), 1413.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 310, 9.11.2012, bls. 41.

## VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 bætist eftirfarandi færsla um E 964 við á eftir færslunni um E 962:

**„E 964 PÓLÝGLÝSÍTÓLSÍRÓP**

|                       |  |
|-----------------------|--|
| <b>Samheiti</b>       | Vatnsrofsefni vetnaðrar sterkju, vetnað glúkósasíróp og pólýglúsítól   |
| <b>Skilgreining</b>   | Blanda, einkum úr maltítóli og sorbítóli og minna magni af vetnuðum fá- og fjölsykrum og maltrótrítóli. Hún er framleidd með hvarfaðri vetnun á blöndu af vatnsrofsefnum sterkju, sem er samsett úr glúkósa, maltósa og hærri glúkósaafjölliðum, sem svipar til hvataða vetnunarferlisins sem er notað við framleiðslu á maltítólsírópi. Sírópið sem þannig fæst er afseltað með jónaskiptum og er þykkt að þeim styrk sem óskað er eftir.                                       |
| EINECS-númer          |  |
| Efnaheiti             | Sorbítól: D-glúsítól<br>Maltítól: (α)-D-glúkópýranósýl-1,4-D-glúsítól  |
| Efnaformúla           | Sorbítól: C <sub>6</sub> H <sub>14</sub> O <sub>6</sub><br>Maltítól: C <sub>12</sub> H <sub>24</sub> O <sub>11</sub>   |
| Mólþyngd              | Sorbítól: 182,2<br>Maltítól: 344,3   |
| Magngreining          | Innihald vetnaðra sykra í heild ekki minna en 99% miðað við vatnsfrítt form, ekki minna en 50% af fjölkóhólum með hærri mólþyngd, ekki meira en 50% af maltítóli og ekki meira en 20% af sorbítóli miðað við vatnsfrítt form.  |
| <b>Lýsing</b>         | Litlaus og lyktarlaus, tær seigfljótandi vökvi   |
| <b>Sanngreining</b>   |  |
| Leysni                | Mjög leysanlegt í vatni og lítillega leysanlegt í etanóli  |
| Prófun fyrir maltítól | Stenst prófunina   |
| Prófun fyrir sorbítól | 7 ml af metanóli, 1 ml af bensaldehýði og 1 ml af saltsýrulausn er bætt við 5 g af sýninu. Blandað er saman og hrist í vélhristara uns kristallar myndast. Kristallarnir eru síaðir og leystir upp í 20 ml af sjóðandi vatni sem inniheldur 1 g af natríumbikarbónati. Kristallarnir eru síaðir og þvegnir með 5 ml af blöndu vatns og metanóls (1:2) og látnir loftþorna. Kristallar sorbítólmónóbensýlidenafleiðunnar sem þannig fást bráðna við hita á bilinu 173 til 179 °C. |
| <b>Hreinleiki</b>     |  |
| Vatnsinnihald         | Ekki meira en 31% (aðferð Karls Fischers)  |
| Klóríð                | Ekki meira en 50 mg/kg   |
| Súlföt                | Ekki meira en 100 mg/kg  |
| Afoxandi sykrur       | Ekki meira en 0,3%   |
| Nikkel                | Ekki meira en 2 mg/kg  |
| Bly                   | Ekki meira en 1 mg/kg“   |

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1056/2012

2013/EES/28/17

frá 12. nóvember 2012

## um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 um ensím í matvælum að því er varðar umbreytingarráðstafanir (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97<sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1332/2008 rennur frestur til að leggja fram umsóknir um ensím út 24 mánuðum eftir gildistökudag framkvæmdarráðstafananna sem mæla á fyrir um í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 234/2011 frá 10. mars 2011 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 <sup>(3)</sup> gildir frá 11. september 2011.
- 3) Samantekt á skrá Sambandsins yfir matvælaensím skal ganga snurðulaust fyrir sig og skal ekki raska núverandi markaði fyrir matvælaensím, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Ef nauðsyn krefur er heimilt að samþykkja allar viðeigandi umbreytingarráðstafanir í þeim tilgangi að taka saman þessa skrá í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 5. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1332/2008.
- 4) Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 234/2011 skulu umsækjendur taka tillit til nýjustu leiðbeiningarskjala frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“), sem varða gögn sem krafist er fyrir áhættumat, sem eru fyrirbyggjandi þegar umsóknin er lögð fram. Matvælaöryggisstofnunin samþykkti vísindalegt álit 23. júlí 2009 með leiðbeiningum um kröfur um gögn til að meta umsóknir um ensím í matvælum <sup>(4)</sup> og birti skýringarrit 8. júlí 2011

með leiðbeiningum um framlagningu málsskjala um matvælaensím <sup>(5)</sup>. Hún samþykkti einnig vísindalegt álit 25. maí 2011 um uppfærslu leiðbeininga um áhættumat á erfðabreyttum örverum og afurðum þeirra sem ætlaðar eru til notkunar í matvæli og fóður <sup>(6)</sup>.

- 5) Ítarlegu kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 234/2011 og í leiðbeiningarskjölum og skýringarriti Matvælaöryggisstofnunarinnar voru samþykktar síðar en reglugerð (EB) nr. 1332/2008.
- 6) Sú reynsla sem fékkst í millitíðinni sýnir að upphaflegur frestur til að leggja fram umsóknir er ekki nægur til að hagsmunaaðilar og einkum lítil og meðalstór fyrirtæki geti lagt fram öll nauðsynleg gögn innan tímabilsins. Þörf er á lengri tíma en upphaflega var ætlað til framlagningar umsókna til að tryggja snurðulausa umbreytingu úr núverandi lagalegri stöðu yfir í kerfið sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1332/2008. Því skal lengja 24 mánaða frestinn, sem var komið á með reglugerð (EB) nr. 1332/2008, til að leggja fram umsóknir um ensím.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

## SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

I. gr.

Í stað annarrar undirgreinar í 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1332/2008 komi eftirfarandi:

„Frestur til að leggja fram slíkar umsóknir skal vera 42 mánuðir frá gildistökudegi framkvæmdarráðstafananna sem mælt er fyrir um í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 64, 11.3.2011, bls. 15.<sup>(4)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 1305, bls. 1. <http://www.efsa.europa.eu/en/scdoc/doc/1305.pdf><sup>(5)</sup> Supporting Publication 2011:177. <http://www.efsa.europa.eu/en/supporting/doc/177e.pdf><sup>(6)</sup> Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(6), 2193. <http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/2193.pdf>

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1057/2012

2013/EES/28/18

frá 12. nóvember 2012

## um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á dímetylpólýsílóxani (E 900) sem froðueyði í fæðubótarefnum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á dímetylpólýsílóxani (E 900) sem froðueyði í fæðubótarefnum var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Fæðubótarefni í formi freyðandi taflna innihalda oftast sýrur (t.d. sítrónusýru) og vetniskolefnis- eða karbónatsólt. Töflurnar eru settar í vatn og við uppleysinguna myndast koltvísýringur. Koltvísýringurinn myndar oftast stígandi froðu sem flæðir yfir barma glassins. Því er nauðsynlegt að eyða þessari stígandi froðu, að hluta til eða í heild, með því að bæta froðueyði við freyðandi töfluna. Nota má dímetylpólýsílóxan (E 900) sem skilvirkari valkost í stað þeirra pólýsorbata og súkrósaestera af fitusýrum sem er sem stendur heimilt að nota.
- 6) Í skýrslu frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu<sup>(3)</sup> er komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á frekari prófum á dímetylpólýsílóxani (E 900) þar eð fræðilega

inntekið magn, á grundvelli varfærnislegra ályktana um fæðuneyslu og notkun aukefna, fór ekki yfir ásættanlega, daglega inntöku. Vísindanefndin um matvæli fastsetti 18. maí 1990 <sup>(4)</sup> 1,5 mg/kg líkamsþyngdar sem ásættanlega, daglega inntöku. Talið er að inntekið magn til viðbótar, sem er byggt á nýju notkuninni sem froðueyði í fæðubótarefnum í formi freyðandi taflna, sé minna en 10% af ásættanlegri, daglegri inntöku. Því er rétt að heimila notkun dímetylpólýsílóxans (E 900) í fæðubótarefnum í formi freyðandi taflna.

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun dímetylpólýsílóxans (E 900) í fæðubótarefnum í formi freyðandi taflna telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 <sup>(5)</sup> gildir skráin yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, að meginreglu til frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun dímetylpólýsílóxans (E 900) í fæðubótarefnum fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistöku dag að því er varðar þessa notkun matvælaaukefnisins.
- 9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> COM(2001) 542, lokagerð.

<sup>(4)</sup> [http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf\\_reports\\_32.pdf](http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_32.pdf)

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.



2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

VIBAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflökki 17.1 „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tryggjanlegum formum“ á eftir færslunni fyrir E 551–559:

|        |  |    |  |   |                                     |
|--------|--|----|--|---|-------------------------------------|
| „E 900 | Dímetylpólýsifloxan  | 10 |  | Einungis fæðubótarefni í formi freyðandi taflna | Gildistími:<br>Frá 3. desember 2012 |
|        | (79): Hámarksgildi á við um uppleyst fæðubótarefni tilbúið til neyslu þegar það er þynnt með 200 ml af vatni.“ |    |  |   |                                     |

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1058/2012

2013/EES/28/19

frá 12. nóvember 2012

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir aflatoxín í þurrkuðum fíkjum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum <sup>(2)</sup> eru fastsett hámarksgildi fyrir aflatoxín B1 og heildarinnihald aflatoxína (aflatoxín B1 + G1 + B2 + G2) í ýmsum matvælum.
- 2) Nauðsynlegt er að breyta hámarksgildunum fyrir aflatoxín í þurrkuðum fíkjum til að taka tillit til þróunar í Alþjóðamatvælaáskránni, nýrra upplýsinga um að hve miklu leyti hægt er að koma í veg fyrir að aflatoxín sé fyrir hendi með því að beita góðum starfsvenjum og nýrrar vísindapekkingar varðandi mun á heilbrigðisáhættu í tengslum við mismunandi hámarksgildi, sem byggjast á tilgátu, fyrir aflatoxín B1 og heildarmagn aflatoxína í ólíkum matvælum.
- 3) Í Alþjóðamatvælaáskránni var gildið 10 µg/kg fastsett fyrir heildarmagn aflatoxína í þurrkuðum fíkjum „tilbúnum til neyslu“ <sup>(3)</sup>. Hámarksgildið var byggt á mati sem sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum vann á sextugasta og áttunda fundi sínum um áhrif váhrifa og heilbrigðisáhættu í tengslum við mismunandi hámarksgildi, sem byggjast á tilgátu, fyrir aflatoxín í möndlum, parahnetum, heslihnetum, pistasíuhnetum og þurrkuðum fíkjum <sup>(4)</sup>. Sérfræðinganefndin komst að þeirri niðurstöðu varðandi þurrkaðar fíkjur að óháð því hvaða sviðsmynd væri athuguð myndu hámarksgildi, sem

byggjast á tilgátu, ekki hafa veruleg áhrif á fæðutengd heildarváhrif af völdum aflatoxína. Sýnt var fram á að með því að beita góðum starfsvenjum var hægt að ná gildi sem nemur 10 µg/kg fyrir heildarmagn aflatoxína.

- 4) Í Alþjóðamatvælaáskránni var einungis fastsett hámarksgildi fyrir heildarmagn aflatoxína vegna þess mikla breytileika sem komið hefur í ljós að því er varðar hlutfallið á milli aflatoxíns B1 og heildarmagns aflatoxína sem má rekja til ýmissa þátta (ræktunarár, yrki, veður). Þar eð aflatoxín B1 er sterkasti krabbameinsvaldurinn hefur verið fastsett sérstakt, lægra hámarksgildi fyrir aflatoxín B1 í löggjöf Evrópusambandsins auk gildisins fyrir heildarmagn aflatoxína. Heildarmagn aflatoxína er summa aflatoxíns B1, B2, G1 og G2. Því er rétt að hámarksgildið, sem var fastsett fyrir aflatoxín B1, samsvari gildinu sem var fastsett fyrir heildarmagn aflatoxína. Samsvarandi gildi fyrir aflatoxín B1 var ákvarðað með því að nota gögn um aflatoxín í þurrkuðum fíkjum sem safnað hefur verið síðan árið 2005. Þessir útreikningar sýna að hlutfallið milli innihalds aflatoxíns B1/heildarmagns aflatoxína er að meðaltali u.þ.b. 0,6 fremur en að styrkur aflatoxíns B1 sé að meðaltali u.þ.b. 50% af heildarmagni aflatoxína eins og áður var talið.
- 5) Niðurstaða áður nefnds mats sameiginlegu sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum á váhrifum af völdum mismunandi hámarksgilda í þurrkuðum fíkjum var staðfest með uppfærðu mati á váhrifum <sup>(5)</sup> sem deild Matvælaöryggisstofnunar Evrópu sem annast vöktun á mataræði og á iðefnum í matvælum (e. *Dietary and Chemical Monitoring (DCM) Unit*) vann þar sem áætlað var, í ólíkum sviðsmyndum af váhrifum, að aukning váhrifa af völdum aflatoxíns í matvælum yrði á bilinu 0,15 til 0,26% fyrir hámarksgildi heildarmagns aflatoxína í þurrkuðum fíkjum sem næmi 10 µg/kg, samanborið við 4 µg/kg. Á grundvelli fyrra mats Matvælaöryggisstofnunar Evrópu hvað þetta varðar <sup>(6)</sup> er unnt að draga þá ályktun að slík aukning myndi ekki hafa skaðleg áhrif

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Almenni Codex-staðallinn fyrir aðskotaefni og eiturefni í matvælum (Codex General Standard for Contaminants and Toxins in Foods (CODEX STAN 193-1995)) [http://www.codexalimentarius.net/download/standards/17/CXS\\_193e.pdf](http://www.codexalimentarius.net/download/standards/17/CXS_193e.pdf)

<sup>(4)</sup> WHO Food Additive Series: 59. Safety evaluation of certain food additives and contaminants. <http://www.who.int/foodsafety/chem/jecfa/publications/monographs/en/index.html>

<sup>(5)</sup> Matvælaöryggisstofnun Evrópu: Effect on dietary exposure of an increase of the levels for aflatoxin total from 4 µg/kg to 10 µg/kg for dried figs. Supporting Publications 2012:EN-311. [6 bls.]. Aðgengilegt á Netinu: [www.efsa.europa.eu/publications](http://www.efsa.europa.eu/publications)

<sup>(6)</sup> Álit sérfræðinganefndar um aðskotaefni í matvælaferlinu (CONTAM) í tengslum við mögulega aukna heilbrigðisáhættu fyrir neytendur vegna hugsanlegrar hækkunar á núverandi hámarksgildum fyrir aflatoxín í möndlum, heslihnetum og pistasíuhnetum og afleiddum afurðum <http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/446.pdf>  
Áhrif á lýðheilsu vegna hækkunar á gildum fyrir heildarmagn aflatoxína í trjáhetum, öðrum en möndlum, heslihnetum og pistasíuhnetum, úr 4 µg/kg í 10 µg/kg – yfirlýsing sérfræðinganefndar um aðskotaefni í matvælaferlinu <http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/1168.pdf>

á lýðheilsu. Því er rétt að í stað hámarksgildisins sem nú er í gildi í Evrópusambandinu komi hámarksgildi Alþjóðamatvæslaskrárinnar fyrir heildarmagn aflatoxína í þurrkuðum fikjum og samsvarandi hámarksgildi fyrir aflatoxín B1 og að reglugerð (EB) nr. 1881/2006 verði breytt til samræmis við það.

- 6) Þar eð alþjóðamatvæslaskráráðið hefur ekki fastsett hámarksgildi fyrir heildarmagn aflatoxína í öðrum fikjum en fikjum sem eru „tilbúnar til neyslu“ þykir rétt að viðhalda núverandi hámarksgildi Evrópusambandsins fyrir heildarmagn aflatoxína í þessum fikjum og breyta eingöngu gildinu fyrir aflatoxín B1 í þessum fikjum til að taka tillit til nýlegra gagna um styrkhlutfallið milli aflatoxíns B1 og heildarinnihalds aflatoxína í þurrkuðum fikjum.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um

matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

#### SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

##### 1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

#### VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað færslna 2.1.9 og 2.1.10 í 2. þætti komi eftirfarandi færslur:

|        |  |     |      |    |
|--------|--|-----|------|----|
| „2.1.9 | Þurrkuð aldin, önnur en þurrkaðar fikjur, sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þau eru notuð til manneldis eða sem innihaldsefni í matvælum | 5,0 | 10,0 | —  |
| 2.1.10 | Þurrkuð aldin, önnur en þurrkaðar fikjur, og unnar afurðir úr þeim, ætluð til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum                                       | 2,0 | 4,0  | —” |

- 2) Í 2. þætti bætist eftirfarandi færsla 2.1.18 við:

|         |                  |     |      |    |
|---------|------------------|-----|------|----|
| „2.1.18 | Þurrkaðar fikjur | 6,0 | 10,0 | —” |
|---------|------------------|-----|------|----|

## Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012

2013/EES/28/20

frá 31. ágúst 2012

**um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2013, 2014 og 2015 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE<sup>(1)</sup>, einkum 28. og 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008<sup>(2)</sup> var komið á fót fyrstu samræmdu áætlun Bandalagsins til margra ára, og náði hún yfir árin 2009, 2010 og 2011. Sú áætlun hélt áfram samkvæmt samhangandi reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar. Sú síðasta var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1274/2011 frá 7. desember 2011 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2012, 2013 og 2014 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi leifa af varnarefnum og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu<sup>(3)</sup>.
- 2) Þrjátíu til fjörutíu matvælategundir eru uppistaðan í mataræði fólks í Sambandinu. Þar eð notkun varnarefna breytist umtalsvert á þriggja ára tímabili skal vakta varnarefnin í þessum matvælategundum í röð þriggja ára tímabila svo unnt sé að meta váhrifin, sem neytendur verða fyrir, og beitingu löggjafar Sambandsins.
- 3) Á grundvelli tvíliðudreifingar er unnt, með meira en 99% öryggi, að reikna út að með því að framkvæma prófanir á 642 sýnum sé hægt að greina sýni sem innihalda varnarefnaleifar yfir greiningarmörkum (LOD), að því tilskildu að ekki minna en 1% af vörunum innihaldi leifar yfir þeim mörkum. Söfnun þessara sýna skal deilt niður á aðildarríkin á grundvelli íbúafjölda og taka skal að lágmarki 12 sýni á hverja vöru á hverju ári.
- 4) Greiningarniðurstöður úr opinberri varnaráætlun Sambandsins frá 2010<sup>(4)</sup> hafa sýnt að tiltekin varnarefni eru algengari á landbúnaðarafurðum en áður, sem bendir

til breytinga á notkunarmynstrum á þessum varnarefnum. Taka skal þessi varnarefni inn í varnaráætlunina til viðbótar við þau sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 1274/2011 til að tryggja að þau varnarefni sem falla undir varnaráætlunina séu dæmigerð fyrir varnarefnin sem eru notuð.

- 5) Greining tiltekinna varnarefna, einkum varnarefna sem bætt er við varnaráætlunina með þessari reglugerð eða varnarefna með mjög flókna skilgreiningu á leifum, skal vera valkvæð á árinu 2013 til að gefa opinberum rannsóknarstofum tíma til að fullgilda nauðsynlegu aðferðirnar til greiningar þessara varnarefna, ef það hefur ekki þegar verið gert.
- 6) Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir önnur virk efni, umbrotsefni eða niðurbrotsefni, skal greina sérstaklega frá umbrotsefnunum.
- 7) Viðmiðunarreglur varðandi „fullgildingu aðferða og aðferðir við gæðaeftirlit með greiningu varnarefnaleifa í matvælum og föðri“ eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar<sup>(5)</sup>. Aðildarríkjunum skal heimilt, með tilteknum skilyrðum, að nota eigindlegar skimunaraðferðir.
- 8) Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu hafa samþykkt framkvæmdarráðstafanir, s.s. staðlaða sýnalýsingu (*e. Standard Sample Description*) (áður lýsing á staðalsýnum) (SSD)<sup>(6)</sup>, við afhendingu niðurstaðna úr varnarefnaleifagreiningu, að því er varðar afhendingu upplýsinga frá aðildarríkjunum.
- 9) Að því er varðar aðferðir við sýnatöku gildir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE<sup>(7)</sup> sem nær yfir sýnatökuaðferðir og verklagsreglur sem alþjóðamatvælaáskráráðið mælir með.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 235, 1.9.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 325, 8.12.2011, bls. 24.

<sup>(4)</sup> The 2010 European Union Report on Pesticide Residues in Food. [http://ec.europa.eu/food/plant/protection/pesticides/docs/2010\\_eu\\_report\\_ppesticide\\_residues\\_food\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/food/plant/protection/pesticides/docs/2010_eu_report_ppesticide_residues_food_en.pdf)

<sup>(5)</sup> Skjal nr. SANCO/12495/2011, komið til framkvæmda fyrir 1.1.2012. [http://ec.europa.eu/food/plant/protection/pesticides/docs/qualcontrol\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/food/plant/protection/pesticides/docs/qualcontrol_en.pdf)

<sup>(6)</sup> Almennar leiðbeiningar um staðlaða sýnalýsingu (SSD) fyrir alla gagnaöflun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar í *Tíðindum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(1), 1457, (54. bls) á: <http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/1457.htm>

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30.

- 10) Nauðsynlegt er að meta hvort þau hámarksgildi leifa í barnamat, sem kveðið er á um í 10. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB <sup>(1)</sup> og 7. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn <sup>(2)</sup>, séu virt, að teknu tilliti til einungis þeirra skilgreininga á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 11) Einnig er nauðsynlegt að meta möguleg samanlögð, uppsöfnuð og samverkandi áhrif varnarefna þegar aðferðir verða tiltækar. Við þetta mat skal byrja á nokkrum lífrænum fosfötum, karbamötum, tríasólum og píretróíðum eins og tilgreint er í I. viðauka.
- 12) Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig geta aðildarríkin sinnt skyldu sinni varðandi greiningu með því að leita til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.
- 13) Aðildarríkin skulu leggja fram, eigi síðar en 31. ágúst ár hvert, upplýsingar sem varða fyrri almanaksár.
- 14) Til þess að komast hjá ruglingi vegna skörunar samfelldra áætlana til margra ára er rétt að fella reglugerð (ESB) nr. 1274/2011 úr gildi í þágu réttarvissu. Þó skal hún gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2012.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

**SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:***1. gr.*

Aðildarríkin skulu, á árunum 2013, 2014 og 2015, taka og greina sýni úr samsetningum af varnarefnaleifum og vörum eins og sett er fram í I. viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. ágúst 2012.

Fjöldi sýna úr hverri vöru skal vera sá sem tilgreindur er í II. viðauka.

*2. gr.*

1. Framleiðslueiningin, sem á að taka sýni úr, skal valin af handahófi.

Sýnatökuaðferðin og fjöldi eininga skulu vera í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.

2. Greina skal sýni í samræmi við skilgreiningar á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005. Ef engin skýr skilgreining á leifum fyrir tiltekið varnarefni er sett fram í þeirri reglugerð gildir sú skilgreining á leifum sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

1. Aðildarríkin skulu leggja fram niðurstöður greininga á sýnum, sem hafa verið prófuð 2013, 2014 og 2015, eigi síðar en 31. ágúst 2014, 2015 og 2016, eftir því sem við á. Leggja skal þessar niðurstöður fram í samræmi við staðlaða sýnalýsingu (SSD) eins og sett er fram í III. viðauka.

2. Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir virk efni, umbrotsefni og/eða niðurbrotsefni eða myndefni skulu aðildarríkin gefa skýrslu um niðurstöður greininga í samræmi við lagalega skilgreiningu á leifum. Niðurstöðum fyrir helstu hverfur eða umbrotsefni, sem um getur í skilgreiningu á leifum, skal skila fyrir hvert um sig, svo fremi sem þau eru mæld hvert fyrir sig.

*4. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 1274/2011 er felld úr gildi.

Þó skal hún gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2012.

*5. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16.

## I. VIÐAUKI

## A-HLUTI

## Samsetningar af varnaefnaleyfum og vörum sem ber að vakta í eða á vörum úr jurtafkinu

|              | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir   |
|--------------|------|------|------|--|
| 2,4-D        | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(h)</sup><br>Árið 2013 skal greina 2,4-D í víni, árið 2014 í appelsínunum/mandarínunum og árið 2015 í eggaldinum, blómkáli og vínberjum til neyslu. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.   |
| 2-fenýlfenól | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Abamektín    | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(h)</sup>   |
| Asefat       | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Asetamípríð  | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Akrínatrín   | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Aldíkarb     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Amítras      | (c)  | (a)  | (b)  | Skal greina árið 2013 í eplum og tómötum, árið 2014 í perum og árið 2015 í papríku. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.<br><br>Ásættanlegt er ef amítras (móðurefni) og umbrotsefni þess 2,4-dímetylfórmanílið (DMF) og N-(2,4-dímetylfenýl)-N'-metylfórmaníð (DMPF), sem hægt er að greina með aðferð til að finna margs konar efnaleyfar, eru rannsökuð og greint frá þeim hverju fyrir sig. |
| Amítról      | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup>   |
| Asínfosmetýl | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Asoxýstróbín | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Benfúrakarb  | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup> , Aths. <sup>(l)</sup>  |
| Bífentrín    | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Bífenýl      | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Bítertanól   | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Boskalið     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Brómíðjón    | (c)  | (a)  | (b)  | Skal greina árið 2013 í salati og tómötum, árið 2014 í hrísgrjónum og árið 2015 í papríku eingöngu. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.  |
| Brómprópýlat | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Brómúkonasól | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(l)</sup>   |
| Búpírímat    | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Búprófesín   | (c)  | (a)  | (b)  |  |

|                               | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir  |
|-------------------------------|------|------|------|---|
| Kaptan                        | (c)  | (a)  | (b)  | Sértæk skilgreining á leifum fyrir summu kaptans og fólpets gildir fyrir kjarnaávesti, jarðarber, tómata og baunir, að því er varðar aðrar vörur nær skilgreining á leifum einungis yfir kaptan.<br>Greina skal frá kaptan og fólpeti, hverju fyrir sig og summunn. |
| Karbarýl                      | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Karbendasím                   | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Karbófúran                    | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Karbósúlfan                   | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup> , Aths. <sup>(1)</sup>   |
| Klórtranilipról               | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup>  |
| Klórphenapýr                  | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Klórfevínfos                  | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Klórmeqvát                    | (c)  | (a)  | (b)  | Skal greina árið 2013 í rúgi/höfrum, tómötum og víni, árið 2014 í gulrótum, perum, hrísgrjónum og hveiti og árið 2015 í eggaldinum, vínberjum til neyslu og hveiti. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.   |
| Klórþalónil                   | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Klórprófam                    | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(h)</sup><br>Skilgreining á leifum: klórprófam og 3-klóránilín, gefin upp sem klórprófam.<br>Skilgreining á leifum fyrir kartöflur (á skrá fyrir árið 2014) varðar einungis móðurefnið.  |
| Klórþýrifos                   | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Klórþýrifosmetýl              | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Klófentesín                   | (c)  | (a)  | (b)  | Þarf ekki að greina í kornvörum.  |
| Klóbíanidín                   | (c)  | (a)  | (b)  | Sjá einnig þíametoxam   |
| Sýflútrín                     | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Sýmoxaníll                    | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup>  |
| Sýpermetrín                   | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Sýprókónasól                  | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Sýpródíníll                   | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Sýrómasín                     | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup>  |
| Deltametrín (cis-deltametrín) | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Díasínón                      | (c)  | (a)  | (b)  |   |



|               | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir  |
|---------------|------|------|------|---|
| Díklóflúaníð  | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup><br>Vakta skal umbrotsefnið DMSA (N,N-dímetýl-N-fenýlsúlfamíð), sem er ekki hluti af skilgreiningu á leifum, og greina frá því, svo fremi sem aðferðin er fullgilt.   |
| Díklórvos     | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Díklóran      | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Díkófól       | (c)  | (a)  | (b)  | Þarf ekki að greina í kornvörum.  |
| Díkrótófos    | (c)  | (a)  | (b)  | Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið.<br>Skal greina árið 2014 í baunum og árið 2015 í eggaldinum og blómkáli. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.   |
| Díetófenkarb  | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup>  |
| Dífenókónasól | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Díflúbensúrón | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup>  |
| Dímetóat      | (c)  | (a)  | (b)  | Skilgreining á leifum: summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat.   |
| Dímetómorf    | (c)  | (a)  | (b)  | Þarf ekki að greina í kornvörum.  |
| Díníkónasól   | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup>  |
| Dífenýlamín   | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Díþíanón      | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup>  |
| Díþíókarbamöt | (c)  | (a)  | (b)  | Skal greina í öllum vörum á skrá nema appelsínusafa og ólífuoilíu.  |
| Dódín         | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup>  |
| Endósúlfan    | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| EPN           | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Epoxíkónasól  | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Etefón        | (c)  | (a)  | (b)  | Skal greina árið 2013 í eplum, rúgi/höfrum, tómötum og víni, árið 2014 í appelsínnum/mandarínnum, hrísgrjónum og hveiti og árið 2015 í appelsínusafa, paprikum, hveiti og vínberjum til neyslu. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur. |
| Eþíón         | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Etírímól      | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup><br>Þarf ekki að greina í kornvörum.<br>Athuga ber að etírímól myndast einnig sem niðurbrotsefni búpírímats.  |
| Etóprófos     | (c)  | (a)  | (b)  |   |

|                                 | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir   |
|---------------------------------|------|------|------|--|
| Etófenprox                      | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Famoxadón                       | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g)  |
| Fenamífos                       | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fenamídón                       | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fenarímól                       | (c)  | (a)  | (b)  | þarf ekki að greina í kornvörum.   |
| Fenasakín                       | (c)  | (a)  | (b)  | þarf ekki að greina í kornvörum.   |
| Fenbúkónasól                    | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fenbútatínoxíð                  | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (h)<br>Skal greina árið 2013 í eplum og tómötum, árið 2014 í appelsinum/mandarínnum og perum og árið 2015 í eggaldinum, papriku og vínberjum til neyslu. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.             |
| Fenhexamíð                      | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fenitrópíón                     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fenoxýkarb                      | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fenprópatrín                    | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fenprópímorf                    | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fenpýroxímat                    | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g)  |
| Fenþíón                         | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fenvalerat/Esfenvalerat (summa) | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (h)  |
| Fípróníl                        | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (h)  |
| Flóníkamíð                      | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g), Aths. (h)   |
| Flúasífóp                       | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (h)<br>Árið 2013 skal greina flúasífóp í höfuðkáli og jarðarberjum, árið 2014 í baunum, gulrótum og kartöflum og spínati og árið 2015 í blómkáli, ertum og paprikum. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur. |
| Flúbendíamíð                    | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g)  |
| Flúdíoxóníl                     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Flúfenoxúrón                    | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Flúópýram                       | (c)  | (a)  |      | Aths. (g)  |
| Flúkínkónasól                   | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Flúsílasól                      | (c)  | (a)  | (b)  |  |

|                               | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir   |
|-------------------------------|------|------|------|--|
| Flútríafól                    | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Fólpet                        | (c)  | (a)  | (b)  | Sértæk skilgreining á leifum fyrir summu kaptans og fólpets gildir fyrir baunir, kjarnaávexti, jarðarber og tómata. Að því er varðar aðrar vörur nær skilgreining á leifum einungis yfir fólpet.                                   |
| Formetanat                    | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g)  |
| Formóbíón                     | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g), Aths. (i)   |
| Fosfíasat                     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Glýfosat                      | (c)  | (a)  | (b)  | Skal greina árið 2013 í rúgi/höfrum, árið 2014 í hveiti og árið 2015 í hveiti. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.   |
| Haloxýfóp, þ.m.t. haloxýfóp-R | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (h)<br>Árið 2013 skal greina haloxýfóp í höfuðkáli og jarðarberjum, árið 2014 í baunum (með fræbelg), gulrótum og kartöflum og spínati og árið 2015 í blómkáli og ertum. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur. |
| Hexakónasól                   | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Hexýþíasox                    | (c)  | (a)  | (b)  | Þarf ekki að greina í kornvörum.   |
| Ímasalíl                      | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Ímidaklópríð                  | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Indoxakarb                    | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Ípródíón                      | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Ípróvalíkarb                  | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Ísókarbófos                   | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g), Aths. (i)<br>Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið.   |
| Ísófenfosmetýl                | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g), Aths. (i)   |
| Ísóprókarb                    | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g)  |
| Kresoxím-metýl                | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Lambda-sýhalótrín             | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Línúrón                       | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Lúfenúrón                     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Malþíón                       | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Mandíprópamíð                 | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g)  |
| Mepanípyrím                   | (c)  | (a)  | (b)  |  |

|                 | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir  |
|-----------------|------|------|------|---|
| Mepikvat        | (c)  | (a)  | (b)  | Skal greina árið 2013 í rúgi/höfrum og tómötum, árið 2014 í perum, hrísgrjónum og hveiti og árið 2015 í hveiti. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.   |
| Meptyldínókap   | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup> , Aths. <sup>(h)</sup><br>Skilgreining á leifum: summa 2,4 DNOPC og 2,4 DNOP, gefin upp sem meptyldínókap.   |
| Metalaxýl       | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Metkónasól      | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Metamidófos     | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Metíðapíón      | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Metíókarb       | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Metómýl         | (c)  | (a)  | (b)  | Skilgreining á leifum: metómýl og þíódíkarb (summa metómýls og þíódíkarbs, gefin upp sem metómýl).  |
| Metoxýklór      | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Metoxýfenosíð   | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Metóbrómúrón    | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup> , Aths. <sup>(i)</sup><br>Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið.   |
| Mónókrótófos    | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Mýklóbútanil    | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Nítenpýram      | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup><br>Skal greina árið 2013 í ferskjum, árið 2014 í baunum (með fræbelg) og gúrkum og árið 2015 í paprikum. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.<br>Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið. |
| Oxadixýl        | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Oxamýl          | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Oxýdemetónmetýl | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Paklóbútrasól   | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Parapíón        | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Parapíónmetýl   | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Penkónasól      | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Pensýkúrón      | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Pendímetalín    | (c)  | (a)  | (b)  |   |
| Fenþóat         | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |

|                | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir   |
|----------------|------|------|------|--|
| Fosalón        | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup>   |
| Fosmet         | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Foxím          | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup>   |
| Pírímíkarb     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Pírímífosmetýl | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Próklóras      | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(h)</sup>   |
| Prósýmídón     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Prófenófos     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Próпамókarb    | (c)  | (a)  | (b)  | Skal greina árið 2013 í eplum, höfuðkáli, salati, tómötum og víni, árið 2014 í baunum, gulrótum, gúrkum, appelsinum/mandarínunum, kartöflum og jarðarberjum og árið 2015 í eggaldinum, blómkáli og paprikum. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur. |
| Própargít      | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Própíkónasól   | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Própoxúr       | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(e)</sup> , Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Própýsamið     | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Próþiókónasól  | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(i)</sup><br>Skilgreining á leifum: próþiókónasól (próþiókónasóldeþpíó).  |
| Próþiófos      | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(g)</sup><br>Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið.   |
| Pýmetrósín     | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(e)</sup><br>Skal greina árið 2013 í höfuðkáli, salati, jarðarberjum og tómötum, árið 2014 skal greina pýmetrósín í gúrkum og árið 2015 í eggaldinum og paprikum. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.                                 |
| Pýraklóstróbín | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Pýretrín       | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(h)</sup>   |
| Pýrídaben      | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Pýrimetaníl    | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Pýríproxýfen   | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Kínóxýfen      | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Rótenón        | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(e)</sup>   |
| Spinósað       | (c)  | (a)  | (b)  |  |

|                             | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir   |
|-----------------------------|------|------|------|--|
| Spiródíklófen               | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g)  |
| Spirómesífen                | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g)  |
| Spiroxamín                  | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Táflúvalínat                | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tebúkónasól                 | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tebúfenósið                 | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tebúfenpýrað                | (c)  | (a)  | (b)  | Þarf ekki að greina í kornvörum.   |
| Teflúbensúrón               | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Teflútrín                   | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (i)  |
| Terbútýlasín                | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tetrakónasól                | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tetradífón                  | (c)  | (a)  | (b)  | Þarf ekki að greina í kornvörum.   |
| Tetrametrín                 | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g), Aths. (i)<br>Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið. |
| Þíabendasól                 | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Þíaklópríð                  | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Þíametoxam                  | (c)  | (a)  | (b)  | Skilgreining á leifum: summa þíametoxams og klóþíanídins, gefin upp sem þíametoxam.  |
| Þíófanatmetýl               | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tóklófosmetýl               | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tólýlfúaníð                 | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (i)<br>Þarf ekki að greina í kornvörum.  |
| Triadímeffón og triadímenól | (c)  | (a)  | (b)  | Skilgreining á leifum: summa triadímeffóns og triadímenóls.                          |
| Tríasófos                   | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tríklórfón                  | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (g)  |
| Trífloxýstróbín             | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tríflúmúrón                 | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Tríflúralín                 | (c)  | (a)  | (b)  |  |
| Trítíkónasól                | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. (i)  |

|             | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir   |
|-------------|------|------|------|--|
| Vínklósólín | (c)  | (a)  | (b)  | Aths. <sup>(h)</sup><br>þarf ekki að greina í kornvörum. |
| Soxamíð     | (c)  | (a)  | (b)  |  |

## B-HLUTI

## Samsetningar af varnaefnaleifum og vörum sem ber að vakta í eða á vörum úr dýraríkinu

|   | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir  |
|---|------|------|------|---|
| Aldrín og díeldrín                                      | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup><br>Skilgreining á leifum: aldrín og díeldrín samanlagt, gefið upp sem díeldrín.  |
| Asínfosetýl   | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Bífentrín   | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Bixafen   | (e)  |      | (d)  | Skilgreining á leifum: summa bixafens og desmetýlbixafens, gefin upp sem bixafen.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk og svínakjöt og árið 2015 að því er varðar smjör og egg. Á ekki við um vörur á skrá árið 2014.  |
| Boskalið  | (e)  |      | (d)  | Aths. <sup>(h)</sup><br>Skilgreining á leifum: summa boskaliðs og M 510F01 að meðtöldum tilsvarendi afleiðum þess, gefin upp sem boskalið.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk og árið 2015 að því er varðar smjör, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt og árið 2015 að því er varðar egg. Á ekki við um vörur á skrá árið 2014. |
| Karbendasím og þiófanatmetýl, gefin upp sem karbendasím | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(g)</sup><br>Skilgreining á leifum: karbendasím og þiófanatmetýl, gefin upp sem karbendasím.   |
| Klórdan   | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup><br>Skilgreining á leifum: summa cis- og transhverfna og oxýklórdans, gefin upp sem klórdan.  |
| Klórmeqvat  | (e)  | (f)  |      | Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar kúamjólk og árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt og árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá árið 2015.   |
| Klórbensílat  | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(g)</sup> , Aths. <sup>(i)</sup>   |
| Klórprófam  | (e)  |      | (d)  | Aths. <sup>(h)</sup><br>Skilgreining á leifum: klórprófam og 4'-hýdroxýklórprófam-O-súlfónsýra (4-HSA), gefin upp sem klórprófam.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk og svínakjöt og árið 2015 að því er varðar smjör, ekki þarf að greina efnið árið 2015 að því er varðar egg. Á ekki við um vörur á skrá árið 2014.                                     |
| Klórþýrifos   | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Klórþýrifosmetýl  | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |

|                               | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir  |
|-------------------------------|------|------|------|---|
| Sýflútrín                     | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Sýpermetrín                   | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Sýprókónasól                  |      | (f)  |      | Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| DDT                           | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Deltametrín                   | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Díasínón                      | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Díklópróp (ásamt díklópróp-P) |      | (f)  |      | Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| Endósúlfan                    | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Endrín                        | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Epoxíkónasól                  |      | (f)  |      | Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| Etófenprox                    | (e)  |      | (d)  | Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk og árið 2015 að því er varðar smjör, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt og árið 2015 að því er varðar egg. Á ekki við um vörur á skrá árið 2014.   |
| Famoxadón                     | (e)  | (f)  | (d)  | Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk, árið 2014 að því er varðar lifur og árið 2015 að því er varðar smjör, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt, árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt og árið 2015 að því er varðar egg.  |
| Fenprópídín                   |      | (f)  |      | Skilgreining á leifum: summa fenprópíðins og CGA289267, gefin upp sem fenprópídín.<br>Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| Fenprópímorf                  | (e)  | (f)  |      | Aths. <sup>(h)</sup><br>Skilgreining á leifum: fenprópímorfkarboxýlsýra (BF 421-2), gefin upp sem fenprópímorf.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar svínakjöt og árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar mjólk og árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá árið 2015. |
| Fenþíón                       | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Fenvalerat/esfenvalerat       | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(h)</sup>  |
| Flúasífóp                     | (e)  |      | (d)  | Aths. <sup>(h)</sup><br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk og árið 2015 að því er varðar smjör. Ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt og árið 2015 að því er varðar egg. Á ekki við um vörur á skrá árið 2014.   |



|   | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir  |
|---|------|------|------|---|
| Flúkínkónasól                                   | (e)  | (f)  | (d)  | Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk, árið 2014 að því er varðar lifur og árið 2015 að því er varðar smjör, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt, árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt og árið 2015 að því er varðar egg.  |
| Flúópýram                                       | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. (g)<br>Skilgreining á leifum: summa flúópýrams og flúópýram-bensamíðs, gefin upp sem flúópýram.   |
| Flúsílasól                                      | (e)  | (f)  |      | Skilgreining á leifum: summa flúsílasóls og umbrotsefnis þess IN-F7321 ((bis-(4-flúrfeñyl)metýl]sílano) gefin upp sem flúsílasól.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar svínakjöt og árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar mjólk og árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá árið 2015.                       |
| Glúfosínatammóníum                              |      | (f)  |      | Aths. (h)<br>Skilgreining á leifum: summa glúfosínats, salta þess, MPP og NAG, gefin upp sem jafngildi glúfosínats.<br>Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.   |
| Glýfosat  |      | (f)  |      | Greining er valfrjáls árið 2014. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| Haloxýfóp                                       | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. (g), Aths. (h)<br>Skilgreining á leifum: haloxýfóp-R og tilsvarendi afleiður haloxýfóps-R, gefin upp sem haloxýfóp-R.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk, árið 2014 að því er varðar lifur og árið 2015 að því er varðar smjör, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt, árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt og árið 2015 að því er varðar egg. |
| Heptaklór                                       | (e)  | (f)  | (d)  | Skilgreining á leifum: summa heptaklórs og heptaklórepoxíðs, gefin upp sem heptaklór.   |
| Hexaklórbensen                                  | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Hexaklórsýklóhexan (HCH), alfa-hverfa           | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Hexaklórsýklóhexan (HCH), beta-hverfa           | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Hexaklórsýklóhexan (HCH), gamma-hverfa (lindan) | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Indoxakarb                                      | (e)  |      | (d)  | Skilgreining á leifum: indoxakarb sem summa hverfnanna S og R.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk og árið 2015 að því er varðar smjör, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt og árið 2015 að því er varðar egg. Á ekki við um vörur á skrá árið 2014.   |
| Joxýníl   | (e)  | (f)  |      | Skilgreining á leifum: summa joxýnís, salta þess og estera, gefin upp sem joxýníl.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar svínakjöt, árið 2014 að því er varðar lifur og árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar mjólk. Á ekki við um vörur á skrá árið 2015.  |

|                | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir  |
|----------------|------|------|------|---|
| Malínhýdrasíð  | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(g)</sup> , Aths. <sup>(h)</sup><br>Skilgreining á leifum fyrir mjólk og mjólkurafurðir er: malínhýdrasíð og tilsvarendi afleiður þess, gefið upp sem malínhýdrasíð.   |
| Mepikvat       |      | (f)  |      | Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| Metaflúmísón   | (e)  | (f)  | (d)  | Skilgreining á leifum: summa E- og Z-hverfna.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar svínakjöt, árið 2014 að því er alifuglakjöt og árið 2015 að því er varðar egg, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar mjólk, árið 2014 að því er varðar lifur og árið 2015 að því er varðar smjör.  |
| Metasaklór     |      | (f)  |      | Aths. <sup>(h)</sup><br>Skilgreining á leifum: metasaklór, þ.m.t. niðurbrots- og myndefni, sem getur verið 2,6-dímetýlanilín, reiknað í heild sem metasaklór.<br>Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.   |
| Metíðapíón     | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Metoxýklór     | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Parapíón       | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Parapíónmetýl  | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup><br>Skilgreining á leifum: summa parapíónmetýls og paraoxónmetýls, gefin upp sem parapíónmetýl.   |
| Permetrín      | (e)  | (f)  | (d)  | Skilgreining á leifum: summa cis- og transpermetríns.   |
| Pírímífosmetýl | (e)  | (f)  | (d)  |   |
| Próklóras      | (e)  | (f)  |      | Aths. <sup>(h)</sup><br>Skilgreining á leifum: próklóras (summa próklóras og umbrotsefna þess sem innihalda 2,4,6- tríklórphenól-hlutann, gefið upp sem próklóras).<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar svínakjöt, árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt og árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar mjólk. Á ekki við um vörur á skrá árið 2015. |
| Prófenófos     | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Próbíókónasól  |      | (f)  |      | Skilgreining á leifum: summa próbíókónasól-desþíós og glúkúróníðs-samrunaefnasambands þess, gefin upp sem próbíókónasól-desþíó.<br>Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.   |
| Pýrasófos      | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |
| Resmetrín      | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup><br>Skilgreining á leifum: summa hverfna.   |

|              | 2013 | 2014 | 2015 | Athugasemdir  |
|--------------|------|------|------|---|
| Spinósað     |      | (f)  |      | Skilgreining á leifum: summa spinósýns A og spinósýns D, gefin upp sem spinósað.<br>Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| Spiroxamín   | (e)  | (f)  |      | Skilgreining á leifum: spiroxamín-karboxýlsýra, gefin upp sem spiroxamín.<br>Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk og árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt og árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá árið 2015. |
| Táflúvalínat | (e)  |      | (d)  | Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk og árið 2015 að því er varðar smjör, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt og árið 2015 að því er varðar egg. Á ekki við um vörur á skrá árið 2014.   |
| Tebúkónasól  |      | (f)  |      | Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| Tetrakónasól | (e)  | (f)  | (d)  | Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk, árið 2014 að því er varðar lifur og árið 2015 að því er varðar smjör, ekki þarf að greina efnið árið 2013 að því er varðar svínakjöt, árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt og árið 2015 að því er varðar egg.  |
| Þíaklópríð   |      | (f)  |      | Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| Tópramesón   |      | (f)  |      | Aths. <sup>(h)</sup><br>Skilgreining á leifum: tópramesón (BAS 670H)<br>Greining er valfrjáls árið 2014 að því er varðar lifur, ekki þarf að greina efnið árið 2014 að því er varðar alifuglakjöt. Á ekki við um vörur á skrá 2013/2015.  |
| Tríasófos    | (e)  | (f)  | (d)  | Aths. <sup>(i)</sup>  |

(a) Baunir með fræbelg (ferskar eða frosnar), gulrætur, gúrkur, appelsínur eða mandarínur, perur, kartöflur, hrisgrjón, spinat (ferskt eða frosið) og hveiti.

(b) Eggaldin, bananar, blómkál eða spergilkál, vínber til neyslu, appelsínusafi, ertur án fræbelgs (ferskar eða frosnar), paprikur, hveiti og jómfúruaróliuflóa (olíuvinnslustuðull = 5, að teknu tilliti til meðalóliuflóuframleiðslu sem nemur 20% af ólífuupskerunni).

(c) Epli, höfuðkál, blaðlaukur, salat, ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar, rúgur eða hafrar, jarðarber, tómatar og vín (rautt eða hvítt) úr þrúgum. (Ef engir sérstakir vinnsluáðilar fyrir vín eru fyrir hendi má nota 1 sem sjálfgefinn stuðul. Aðildarríkjum er skylt að tilkynna um vinnsluáðila sem eru notaðir í „landsbundinni yfirlitsskýrslu“).

(d) Smjör og hænuegg.

(e) Kúamjólk og svínakjöt.

(f) Alifuglakjöt, lifur (nautgripir og önnur jörturdýr, svín og alifuglar).

(g) Greining er valfrjáls árið 2013.

(h) Efni með flókna skilgreiningu á leifum. Opinberu rannsóknarstofnarnar skulu greina þau til að fá heildstæða skilgreiningu á leifum í samræmi við getu og afköst og greina frá niðurstöðum eins og samþykkt er með staðlaðri sýnalýsingu (SSD).

(i) Greining á efnum sem ekki greindust í miklu magni samkvæmt opinberu varnaráætluninni frá 2010 skal fara fram hjá þeim opinberum rannsóknarstofum sem búa þegar yfir fullgilttri aðferð sem krafist er. Rannsóknarstofum, sem búa ekki yfir fullgiltum aðferðum, er ekki skylt að fullgilda aðferð árið 2013 og árið 2014.

## II. VIÐAUKI

## Fjöldi sýna sem um getur í 1. gr.

- 1) Fjöldi sýna sem hvert aðildarríki skal taka úr hverri vöru og greina er settur fram í töflunni í 5. lið.
- 2) Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina samtals tíu sýni úr matvælum fyrir ungbörn og smábörn árið 2013.

Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina samtals tíu sýni úr ungbarnablöndum og stoðblöndum árið 2014.

Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við töfluna í 5. lið skal hvert aðildarríki taka og greina tíu sýni úr unnum ungbarnamatvælum með korn sem uppistöðu árið 2015.

- 3) Eitt sýni af hverri vöru sem skal taka og greina í samræmi við töfluna í 5. lið skal, eftir því sem við á, vera úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap.
- 4) Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við töfluna í 5. lið. Ef aðildarríki notar eigindlegar aðferðir til skimunar skal það greina öll önnur sýni með aðferð til að finna margs konar efnaleifar.

Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð (*e. target method*) til að mængreina niðurstöðurnar.

- 5) Fjöldi sýna á hvert aðildarríki

| Aðildarríki | Sýni              | Aðildarríki | Sýni              |
|-------------|-------------------|-------------|-------------------|
| BE          | 12 (*)<br>15 (**) | LT          | 12 (*)<br>15 (**) |
| BG          | 12 (*)<br>15 (**) | LU          | 12 (*)<br>15 (**) |
| CZ          | 12 (*)<br>15 (**) | HU          | 12 (*)<br>15 (**) |
| DK          | 12 (*)<br>15 (**) | MT          | 12 (*)<br>15 (**) |
| DE          | 93                | NL          | 17                |
| EE          | 12 (*)<br>15 (**) | AT          | 12 (*)<br>15 (**) |
| EL          | 12 (*)<br>15 (**) | PL          | 45                |
| ES          | 45                | PT          | 12 (*)<br>15 (**) |
| FR          | 66                | RO          | 17                |
| IE          | 12 (*)<br>15 (**) | SI          | 12 (*)<br>15 (**) |
| IT          | 65                | SK          | 12 (*)<br>15 (**) |
| CY          | 12 (*)<br>15 (**) | FI          | 12 (*)<br>15 (**) |
| LV          | 12 (*)<br>15 (**) | SE          | 12 (*)<br>15 (**) |
|             |                   | UK          | 66                |

## HEILDARLÁGMARKSFJÖLDI SÝNA: 642

- (\*) Lágmarksfjöldi sýna fyrir hverja aðferð sem notuð er til að greina hverja efnaleif fyrir sig.  
 (\*\*) Lágmarksfjöldi sýna fyrir hverja aðferð sem notuð er til að finna margs konar efnaleifar.

## III. VIÐAUKI

- 1) Stöðluð sýnalýsing (SSD) fyrir matvæli og fóður er sniðið sem skal nota til að greina frá niðurstöðum úr greiningu varnarefnaleifa.
- 2) Stöðluð sýnalýsing (SSD) inniheldur skrá yfir stöðluð gagnastök (þættir, sem lýsa einkennum sýna eða greiningar-niðurstöðum, s.s. upprunaland, afurð, greiningaraðferð, greiningarmörk, niðurstöður), stýrða hugtakanotkun og fullgildingarreglur til að bæta gæði gagna.

## Tafla

## Skrá yfir gagnastök í staðlaðri sýnalýsingu vegna öflunar gagna um varnarefnaleifar

| Kóði staks | Heiti staks  | Merki staks                    | Gagnategund <sup>(1)</sup> | Stýrð hugtakanotkun | Lýsing   |
|------------|--------------|--------------------------------|----------------------------|---------------------|--|
| S.01       | labSampCode  | Sýnakóði rannsóknarstofu       | xs:strengur (20)           |                     | Alstafakóði sýnis sem er greint.   |
| S.03       | lang         | Tungumál                       | xs:strengur (2)            | LANG                | Tungumál sem er notað til að fylla inn í textareitina fyrir óbundna textann (ISO-639-1).   |
| S.04       | sampCountry  | Land þar sem sýnataka fer fram | xs:strengur (2)            | COUNTRY             | Land þar sem sýnið var tekið. (ISO 3166-1-alpha-2).  |
| S.06       | origCountry  | Upprunaland vöru               | xs:strengur (2)            | COUNTRY             | Upprunaland vöru (ISO 3166-1-alfa-2 landskóði).  |
| S.13       | prodCode     | Kóði vöru                      | xs:strengur (20)           | MATRIX              | Matvæli sem eru greind, lýst í samræmi við MATRIX-skrána.  |
| S.14       | prodText     | Ítarleg lýsing á vöru          | xs:strengur (250)          |                     | Óbundinn texti til að lýsa vörunni, sem sýni er tekið úr, í smáatriðum. Þetta stak verður skyldubundið ef „kóði vöru“ er „XXXXXXA“ (ekki í skránni). |
| S.15       | prodProdMeth | Framleiðslu-aðferð             | xs:strengur (5)            | PRODMD              | Kóði sem veitir viðbótarupplýsingar um tegund framleiðslu á matvælunum sem verið er að greina.   |
| S.17       | prodTreat    | Meðhöndlun vöru                | xs:strengur (5)            | PRODTR              | Notað til að lýsa meðhöndlun eða vinnslu matvællanna.  |
| S.21       | prodCom      | Athugasemdir við vöru          | xs:strengur (250)          |                     | Viðbótarupplýsingar um vöru, einkum upplýsingar um tilreiðslu á heimili liggja þær fyrir.  |
| S.28       | sampY        | Sýnatökuár                     | xs:tugastafur (4,0)        |                     | Sýnatökuár.  |
| S.29       | sampM        | Sýnatökumánuður                | xs:tugastafur (2,0)        |                     | Sýnatökumánuður. Ef ráðstöfunin er tilkomin vegna sýnatöku á tilteknu tímabili skal tilgreina mánuðinn, þegar fyrsta sýnið var tekið, í þessum reit. |
| S.30       | sampD        | Sýnatökudagur                  | xs:tugastafur (2,0)        |                     | Sýnatökudagur. Ef ráðstöfunin er tilkomin vegna sýnatöku á tilteknu tímabili skal tilgreina daginn, þegar fyrsta sýnið var tekið, í þessum reit.     |

| Kóði staks | Heiti staks       | Merki staks                | Gagnategund <sup>(1)</sup> | Stýrð hugtakanotkun | Lýsing  |
|------------|-------------------|----------------------------|----------------------------|---------------------|---|
| S.31       | progCode          | Númer áætlunar             | xs:strengur (20)           |                     | Einkvæmur auðkenniskóði sendanda fyrir áætlunina eða verkefnið sem sýnið, sem greint var, er tekið sem hluti af.  |
| S.32       | progLegalRef      | Lagastoð áætlunarinnar     | xs:strengur (100)          |                     | Tilvísun til löggjafar fyrir áætlunina sem er sanngreind með númeri áætlunar.   |
| S.33       | progSamp-Strategy | Sýnatöku-áætlun            | xs:strengur (5)            | SAMPSTR             | Sýnatökustefna (tilvísun: EUROSTAT — Typology of sampling strategy, útgáfa frá júlí 2009), sem notuð er í áætluninni eða verkefniinu, sanngreind með kóða áætlunar.   |
| S.34       | progType          | Tegund sýnatöku-áætlunar   | xs:strengur (5)            | SRCTYP              | Tilgreina skal tegund áætlunar sem sýnin voru tekin fyrir.  |
| S.35       | sampMethod        | Sýnatöku-aðferð            | xs:strengur (5)            | SAMPMD              | Kóði sem lýsir sýnatökuaðferðinni   |
| S.39       | sampPoint         | Sýnatöku-staður            | xs:strengur (10)           | SAMPNT              | Staður í matvælaferlinu þar sem sýnið var tekið. (Skjal: ESTAT/F5/ES/155 „Data dictionary of activities of the establishments“).  |
| L.01       | labCode           | Rannsóknarstofa            | xs:strengur (100)          |                     | Kóði rannsóknarstofu (kóði landsbundinnar rannsóknarstofu, liggja hann fyrir). Þessi kóði skal vera einkvæmur og með samræmdum hætti í öllum sendingum.   |
| L.02       | labAccred         | Faggilding rannsóknarstofu | xs:strengur (5)            | LABACC              | Faggilding rannsóknarstofu í samræmi við ISO/IEC 17025.   |
| R.01       | resultCode        | Kóði niðurstöðu            | xs:strengur (40)           |                     | Einkvæmt auðkennisnúmer fyrir niðurstöður greiningar (lína í gagnatöflunni) í skránni sem er send. Kóða niðurstöðu verður að halda óbreyttum á öllum stigum skipulags og hann verður notaður við frekari uppfærslu/eyðingu frá sendendum. |
| R.02       | analysisY         | Greiningarár               | xs:tugastafur (4,0)        |                     | Árið sem greiningu var lokið.   |
| R.06       | paramCode         | Kóði mælipáttar            | xs:strengur (20)           | PARAM               | Mælipáttur/greiniefni í greiningunni sem er lýst í samræmi við kóða efnis í PARAM-skránni.  |
| R.07       | paramText         | Texti mælipáttar           | xs:strengur (250)          |                     | Óbundinn texti til að lýsa mælipættinum. Þetta stak verður skyldubundið ef „kóði mælipáttar“ er „RF-XXXX-XXX-XXX“ (ekki í skránni).   |
| R.08       | paramType         | Tegund mælipáttar          | xs:strengur (5)            | PARTYP              | Skilgreina skal hvort mælipátturinn sem greint er frá er einstök leif/greiniefni, samanlögð skilgreining leifa eða hluti af summu.  |

| Kóði staks | Heiti staks    | Merki staks  | Gagnategund <sup>(1)</sup> | Stýrð hugtakanotkun | Lýsing  |
|------------|----------------|--|----------------------------|---------------------|---|
| R.12       | accredProc     | Málsmeðferð við faggildingu fyrir greiningaraðferðina  | xs:strengur (5)            | MDSTAT              | Málsmeðferð við faggildingu fyrir greiningaraðferðina sem er notuð.   |
| R.13       | resUnit        | Niðurstöðueining                                       | xs:strengur (5)            | UNIT                | Greina skal frá öllum niðurstöðum í mg/kg.  |
| R.14       | resLOD         | Greiningarmörk, niðurstaða                             | xs:tvöföld                 |                     | Greiningarmörk sem greint er frá í einingunni, tilgreind með breytunni „niðurstöðueining“.  |
| R.15       | resLOQ         | Magngreiningarmörk, niðurstaða                         | xs:tvöföld                 |                     | Magngreiningarmörk sem greint er frá í einingunni, tilgreind með breytunni „niðurstöðueining“.  |
| R.18       | resVal         | Gildi niðurstöðu                                       | xs:tvöföld                 |                     | Niðurstaða greiningaraðferðarinnar sem greint er frá í mg/kg ef resType = „VAL“.  |
| R.19       | resValRec      | Endurheimt á gildi niðurstöðu                          | xs:tvöföld                 |                     | Endurheimt gildi sem tengist mælingum á styrk, gefið upp í prósentum (%), þ.e. greina skal frá 100 fyrir 100%.  |
| R.20       | resValRec-Corr | Niðurstöðugildi, leiðrétt með tilliti til endurheimtar | xs:strengur (1)            | YESNO               | Skal skilgreint ef niðurstöðugildið hefur verið leiðrétt með útreikningi á endurheimt.  |
| R.21       | resValUncertSD | Niðurstöðugildi - óvissa - staðalfrávik                | xs:tvöföld                 |                     | Staðalfrávik fyrir óvissumælinguna.   |
| R.22       | resValUncert   | Niðurstöðugildi - óvissa                               | xs:tvöföld                 |                     | Tilgreina skal útvíkað óvissugildi ( <i>e. expanded uncertainty value</i> ) (oftast með 95% öryggisbili) sem tengist mælingunni, gefið upp í einingunni sem greint er frá í reitnum „niðurstöðueining“. |
| R.23       | moistPerc      | Hlutfall raka í upprunalega sýninu                     | xs:tvöföld                 |                     | Hlutfall raka í upprunalega sýninu.   |
| R.24       | fatPerc        | Hlutfall fitu í upprunalega sýninu                     | xs:tvöföld                 |                     | Hlutfall fitu í upprunalega sýninu.   |
| R.25       | exprRes        | Framsetning niðurstaðna                                | xs:strengur (5)            | EXRES               | Kóði til að lýsa því hvernig niðurstaðan er gefin upp: Heildarþyngd, þyngd fitu, þurrvígt o.s.frv. ...  |
| R.27       | resType        | Tegund niðurstöðu                                      | xs:strengur (3)            | VALTYP              | Tilgreina skal tegund niðurstöðu, hvort unnt var að magnbinda/ákvarða hana eða ekki.  |
| R.28       | resLegalLimit  | Lögleg mörk fyrir niðurstöðuna                         | xs:tvöföld                 |                     | Greina skal frá löglegum mörkum fyrir greiniefnið í vörunni sem sýnið er tekið úr   |

| Kóði staks | Heiti staks       | Merki staks                      | Gagnategund <sup>(1)</sup> | Stýrð hugtakanotkun | Lýsing  |
|------------|-------------------|----------------------------------|----------------------------|---------------------|---|
| R.29       | resLegalLimitType | Tegund löglegra marka            | xs:strengur (5)            | LMTTYP              | Tegund löglegra marka sem er beitt við mat á niðurstöðunni. ML, MRPL, MRL, aðgerðamörk o.s.frv.             |
| R.30       | resEvaluation     | Mat á niðurstöðum                | xs:strengur (5)            | RESEVAL             | Tilgreina skal ef niðurstaðan fer yfir lögleg mörk.   |
| R.31       | actTakenCode      | Aðgerð sem er gripið til         | xs:strengur (5)            | ACTION              | Lýsa skal hvers kyns framhaldsaðgerðum sem gripið hefur verið til vegna þess að farið var yfir lögleg mörk. |
| R.32       | resComm           | Athugasemd varðandi niðurstöðuna | xs:strengur (250)          |                     | Viðbótarathugasemdir varðandi þessa greiningarniðurstöðu.   |

<sup>(1)</sup> Tvöfalda gagnategundin svarar til IEEE tvöfaldrar stafanákvæmni 64-bita hlaupakommutags (*e. double-precision 64-bit floating point type*), tugastafurinn svarar til ótiltekinnar nákvæmni í fjölda stafa á undan og eftir tugakommu (*e. arbitrary precision decimal numbers*), strenggagnategundin (*e. string data type*) svarar til stafastrongs í XML. Gagnategundin xs: fyrir tvöfaldar gagnategundir og aðrar tegundir tölulegra gagna sem gera það kleift að aðskilja tugastafi skal tugastafsskiltáknið (*e. decimal separator*) vera „.“ en tugastafsskiltáknið „“ er ekki leyfilegt.



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 712/2012

2013/EES/28/21

frá 3. ágúst 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1234/2008 að því er varðar athugun á breytingum á skilmálum  
markaðsleyfa fyrir manna- og dýralyfjum (\*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf(1), einkum 27. gr. b,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum(2), einkum 1. mgr. 23 gr. b,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu(3), einkum 4. mgr. 16. gr. og 6. mgr. 41. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/53/EB frá 18. júní 2009 um breytingu á tilskipun 2001/82/EB og tilskipun 2001/83/EB, að því er varðar breytingar á skilmálum markaðsleyfa fyrir lyfjum(4), skal framkvæmdastjórnin samþykkja viðeigandi fyrirkomulag við athugun á breytingum á skilmálum markaðsleyfa sem veitt eru í samræmi við tilskipanir 2001/82/EB og 2001/83/EB og falla ekki enn undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2008(5). Því er rétt að víkka gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1234/2008. Breytingar á öllum markaðsleyfum, sem veitt eru í Evrópusambandinu í samræmi við réttarreglur þess, skulu falla undir málsmeðferðirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1234/2008.
- 2) Skýra skal og uppfæra skilgreininguna á breytingu, sér í lagi til að taka tillit til ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1235/2010 frá 15. desember 2010 um breytingu, að því er varðar lyfjagát vegna mannalyfja, á reglugerð (EB) nr. 726/2004 um málsmeðferð

Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu og á reglugerð (EB) nr. 1394/2007 um hátæknimeðferðarlyf(6), og til að taka tillit til ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/84/ESB frá 15. desember 2010 um breytingu, að því er varðar lyfjagát, á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum(7).

- 3) Með skírskotun til samræmis og með það í huga að draga úr stjórnsýsluálagi skal afgreiða breytingar á leyfum, sem eru alfarið landsbundin (e. *purely national marketing authorisation*), í samræmi við sömu meginreglur og gilda um breytingar á markaðsleyfum sem eru veitt samkvæmt málsmeðferð við gagnkvæma viðurkenningu og samkvæmt sjálfstæðri málsmeðferð. Möguleikarnir á að samflokka breytingar skulu þó lagaðir að sérkennum markaðsleyfa sem eru alfarið landsbundin.
- 4) Við tiltekna aðstæður skal vera unnt að afgreiða breytingar á markaðsleyfum, sem eru alfarið landsbundin, í samræmi við málsmeðferðina með verkaskiptingu. Ef notkun málsmeðferðar með verkaskiptingu hefur leitt til samhæfingar á hluta samantektarinnar á eiginleikum tiltekins lyfs skal leyfishafa ekki heimilt að grafa undan samhæfingunni síðar með því að leggja aðeins fram umsóknir um breytingar á þessum samhæfða hluta í nokkrum aðildarríkjanna sem hlut eiga að máli.
- 5) Samflokkun nokkurra breytinga í einni umsókn er möguleg í sumum tilvikum. Tekið skal skýrt fram að séu nokkrar breytingar samflokkaðar skal málsmeðferð við umfjöllun um breytingarnar í flokknum og reglurnar um framkvæmd þeirra breytinga vera eins og fyrir þá breytingu sem er í efsta flokki. Til að auðvelda viðkomandi yfirvöldum að samþykkja flóknar samflokkanir skal vera unnt að framlengja matstímabilið.
- 6) Málsmeðferðinni með verkaskiptingu er ætlað að koma í veg fyrir tvíverknað. Til samræmis við það skulu lögbær yfirvöld geta notað sömu málsmeðferðina við afgreiðslu breytinga á markaðsleyfum sem eru alfarið landsbundin, breytinga á leyfum sem eru veitt samkvæmt málsmeðferð við gagnkvæma viðurkenningu eða samkvæmt sjálfstæðri málsmeðferð og breytinga á miðlægum markaðsleyfum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 209, 4.8.2012, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

(3) Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

(4) Stjtið. ESB L 168, 30.6.2009, bls. 33.

(5) Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 7.

(6) Stjtið. ESB L 348, 31.12.2010, bls. 1.

(7) Stjtið. ESB L 348, 31.12.2010, bls. 74.

- 7) Málsmeðferðin við breytingar á inflúensubóluefnum skal einfölduð. Þó að klínísk gögn og gögn um stöðugleika séu ekki fyrir hendi skulu lögbær yfirvöld geta hafið matið og tekið ákvörðun ef ekki er álitnið nauðsynlegt að fá viðbótarupplýsingar. Sé óskað eftir klínískum gögnum og gögnum um stöðugleika skal þess þó ekki krafist af lögbærum yfirvöldum að þau taki ákvörðun fyrir en matinu á þeim er lokið.
- 8) Málsmeðferð vegna lyfja, sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004, skal slitið ef Lyfjastofnun Evrópu neitar að samþykkja viðkomandi breytingu. Ennfremur skal ekki krafist ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar varðandi breytingar sem breyta ekki skilmálum ákvörðunarinnar um veitingu markaðsleyfisins.
- 9) Lyfjastofnun Evrópu hefur sérþekkingu til að meta þörfina á aðkallandi takmörkunum af öryggisástæðum varðandi lyf sem eru leyfð samkvæmt miðlægu málsmeðferðinni. Telji markaðsleyfishafar lyfja, sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004, að aðkallandi öryggisráðstafana sé þörf skulu þeir því tilkynna Lyfjastofnun Evrópu þar um.
- 10) Að því er varðar miðlæg markaðsleyfi hefur komið í ljós ör fjölgun málsmeðferða vegna breytinga sem aftur hefur í för með sér tíðar breytingar á skilmálum ákvarðana um veitingu markaðsleyfa. Breytingar, sem eru mikilvægar með tilliti til lýðheilsu, skulu strax teknar upp í ákvörðunina um veitingu markaðsleyfis. Aðrar breytingar skulu þó teknar upp í ákvörðunina um að veita markaðsleyfi í samræmi við tímaáætlanir sem tryggja hæfilegar, reglulegar uppfærslur á ákvörðuninni um að veita markaðsleyfið um leið og auðveldara verður að greina þær breytingar sem hafa mestu áhrifin á lýðheilsu.
- 11) Aðlaga skal meginreglurnar um framkvæmd breytinga um leið og þeirri meginreglu er viðhaldið að markaðsleyfishafi geti hrundið tilteknum breytingum í framkvæmd áður en viðkomandi markaðsleyfi er breytt.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf og fastanefndarinnar um dýralyf.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1234/2008

Reglugerð (EB) nr. 1234/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði sem varða umfjöllun um breytingar á skilmálum allra markaðsleyfa fyrir mannalyfjum og dýralyfjum sem eru veitt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004, tilskipun 2001/83/EB, tilskipun 2001/82/EB og tilskipun ráðsins 87/22/EBE(\*).“

(\*) Stjótt. EB L 15, 17.1.1987, bls. 38.;

- b) Eftirfarandi málgrein bætist við á eftir 3. mgr.:

„3a. Ákvæði II. kafla a gilda einungis um breytingar á skilmálum markaðsleyfa sem eru alfarið landsbundin.“

- 2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. „breyting á skilmálum markaðsleyfis“ eða „breyting“: allar breytingar á:

- a) upplýsingum sem um getur í 12. gr. (3. mgr.) til 14. gr. tilskipunar 2001/82/EB og I. viðauka við hana, 8. gr. (3. mgr.) til 11. gr. tilskipunar 2001/83/EB og I. viðauka við hana, 6. gr. (2. mgr.) og 31. gr. (2. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 726/2004 eða 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1394/2007,
- b) skilmálum ákvörðunar um veitingu markaðsleyfis fyrir mannalyfi, þ.m.t. samantekt á eiginleikum lyfsins og öll skilyrði, skyldur eða takmarkanir, sem hafa áhrif á markaðsleyfið, eða breytingar á merkingu eða fylgiseðli sem tengist breytingunum á samantektinni á eiginleikum lyfsins,
- c) skilmálum ákvörðunar um veitingu markaðsleyfis fyrir dýralyfi, þ.m.t. samantekt á eiginleikum lyfsins og öll skilyrði, skyldur eða takmarkanir, sem hafa áhrif á markaðsleyfið, eða breytingar á merkingu eða fylgiseðli.“

- b) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. „aðkallandi takmörkun af öryggisástæðum“: bráðabirgðabreyting á skilmálum markaðsleyfisins vegna nýrra upplýsinga er skipta máli fyrir örugga notkun lyfsins.“

- c) Eftirfarandi 9. mgr. bætist við:

„9. „markaðsleyfi sem er alfarið landsbundið“: öll markaðsleyfi sem aðildarríki veitir í samræmi við réttarreglur ESB og varða ekki málsmeðferðina við gagnkvæma viðurkenningu eða sjálfstæðu málsmeðferðina og hafa ekki verið viðfang fullkominnar samhæfingar í kjölfar málskotsmeðferðar.“

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ef breyting er ekki grundvallarbreyting og ef ekki hefur verið hægt að flokka hana ótvírætt með því að beita reglum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að teknu tilliti til viðmiðunarreglnanna sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og, ef við á, að teknu tilliti til ráðlegginga sem eru veittar skv. 5. gr., skal hún sjálfkrafa teljast minni háttar breyting af tegund IB.“

b) Í stað b-liðar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„b) ef lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins, sem um getur í 32. gr. tilskipunar 2001/82/EB og 28. gr. tilskipunar 2001/83/EB (hér á eftir nefnt „tilvísunaraðildarríkið“), kemst, í samráði við önnur hlutaðeigandi aðildarríki eða, þegar um er að ræða miðlægt markaðsleyfi, í samráði við Lyfjastofnun Evrópu eða, þegar um er að ræða alfarið landsbundið markaðsleyfi, í samráði við lögbæra yfirvaldið að þeirri niðurstöðu, að loknu mati á gildi tilkynningar í samræmi við 1. mgr. 9. gr. 1. mgr. 13. gr. b eða 1. mgr. 15. gr. og að teknu tilliti til ráðlegginga sem eru veittar skv. 5. gr., að breytingin geti haft marktæk áhrif á gæði, öryggi eða verkun viðkomandi lyfs.“

4) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.“

#### Viðmiðunarreglur

1. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin og Lyfjastofnun Evrópu, semja viðmiðunarreglur um einstök atriði hinna ýmsu flokka breytinga, framkvæmd málsmeðferðanna, sem mælt er fyrir um í II. kafla, II. kafla a og III. og IV. kafla þessarar reglugerðar, og um skjölin sem leggja skal fram í tengslum við þessar málsmeðferðir.“
2. Viðmiðunarreglurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu uppfærðar reglulega.“

5) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Áður en umsókn um breytingu er lögð fram og ef ekki er kveðið á um flokkun hennar í þessari reglugerð getur leyfishafi óskað eftir ráðleggingu um flokkun breytingarinnar hjá eftirfarandi:

- a) Lyfjastofnun Evrópu ef breytingin varðar markaðsleyfi sem er veitt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004,
- b) lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis ef breytingin varðar alfarið landsbundið markaðsleyfi,
- c) lögbæru yfirvaldi tilvísunaraðildarríkisins í öðrum tilvikum.

Ráðleggingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu vera í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. Þær skulu veittar innan 45 daga frá viðtöku beiðninnar og sendar leyfishafa, Lyfjastofnun Evrópu og samræmingarhópnum sem um getur í 31. gr. tilskipunar 2001/82/EB eða í 27. gr. tilskipunar 2001/83/EB.

Lengja má 45 daga frestinn, sem um getur í annarri undirgrein, um 25 daga ef viðkomandi yfirvald telur nauðsynlegt að hafa samráð við samræmingarhópinn.“

b) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við á eftir 1. mgr.:

„1a. Áður en umsókn um breytingu er tekin til umfjöllunar og ef ekki er kveðið á um flokkun hennar í þessari reglugerð getur lögbært yfirvald aðildarríkis óskað eftir ráðleggingu um flokkun breytingarinnar hjá samræmingarhópnum.

Ráðleggingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu vera í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. Þær skulu veittar innan 45 daga frá viðtöku beiðninnar og sendar leyfishafa, Lyfjastofnun Evrópu og lögbærum yfirvöldum allra aðildarríkjanna.“

6) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.“

#### Samflokkun breytinga

1. Ef samtímis er tilkynnt eða sótt um margar breytingar skal leggja fram sérstaka tilkynningu eða umsókn, í samræmi við II. kafla, III. kafla eða 19. gr., eins og við á, fyrir hverja breytingu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. gildir eftirfarandi:

- a) ef sama minni háttar breyting eða breytingar af tegund IA á skilmálum eins eða fleiri markaðsleyfa sama leyfishafa eru tilkynntar á sama tíma til sama viðeigandi yfirvalds mega allar þessar breytingar falla undir eina tilkynningu eins og um getur í 8. eða 14. gr.,
- b) ef lagðar eru fram margar umsóknir á sama tíma um breytingar á skilmálum sama markaðsleyfis má leggja þær allar fram í einu lagi, að því tilskildu að viðkomandi breytingar falli undir eitt tilvikanna sem eru tilgreind í III. viðauka:
- c) ef lagðar eru fram margar umsóknir á sama tíma um breytingar á skilmálum sama markaðsleyfis og breytingarnar falla ekki undir eitt tilvikanna sem eru tilgreind í III. viðauka má leggja þær allar fram í einu lagi, að því tilskildu að lögbært yfirvald

tilvísunaraðildarríkisins samþykki, í samráði við lögbær yfirvöld annarra hlutaðeigandi aðildarríkja eða, ef um er að ræða miðlægt markaðsleyfi, í samráði við Lyfjastofnun Evrópu þessa einu umsókn.

Framlagningin, sem um getur í b- og c-liðum, skal eiga sér stað samtímis til allra viðkomandi yfirvalda og vera sem hér segir:

- i. ein tilkynning í samræmi við 9. eða 15. gr. ef a.m.k. ein breytinganna er minni háttar breyting af tegund IB og þær breytingar, sem eftir standa, eru minni háttar breytingar,
- ii. ein umsókn í samræmi við 10. eða 16. gr. ef a.m.k. ein breytinganna er meiri háttar breyting af tegund II og engin breytinganna er grundvallarbreyting,
- iii. ein umsókn í samræmi við 19. gr. ef a.m.k. ein breytinganna er grundvallarbreyting.“

7) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við 9. gr.:

„5. Þessi grein gildir ekki ef beiðni um breytingu af tegund IB er lögð fram í samflokkaðri umsókn sem felur í sér breytingu af tegund II en ekki grundvallarbreytingu. Í því tilviki gildir málsmeðferðin sem er undanfari samþykkis í 10. gr.

Þessi grein gildir ekki ef beiðni um breytingu af tegund IB er lögð fram í samflokkaðri umsókn sem felur í sér grundvallarbreytingu. Í því tilviki gildir málsmeðferðin í 19. gr.“

8) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annar undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

Lögbæru yfirvaldi tilvísunaraðildarríkisins er heimilt að stytta frestinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, ef málið er brýnt eða lengja hann í 90 daga þegar um er að ræða breytingar, sem eru tilgreindar í 1. hluta V. viðauka, eða vegna samflokunar á breytingum í samræmi við c-lið 2. mgr. 7. gr.“

b) Eftirfarandi 6. mgr. bætist við:

„6. Þessi grein gildir ekki ef beiðni um breytingu af tegund II er lögð fram í samflokkaðri umsókn sem felur í sér grundvallarbreytingu. Í því tilviki gildir málsmeðferðin í 19. gr.“

9) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 10. gr. gildir málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 2.–5. mgr., um umfjöllun um breytingar sem varða breytingar á virku efni vegna árlegrar uppfærslu á influensubóluefni fyrir menn.“

b) Í stað 3., 4. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins skal meta framlagða umsókn. Ef það er talið nauðsynlegt er lögbæru yfirvaldi tilvísunaraðildarríkisins heimilt að óska eftir viðbótargögnum frá leyfishafanum svo að það geti lokið mati sínu.

4. Lögbært yfirvald skal undirbúa ákvörðun og matsskýrslu innan 45 daga frá viðtöku gildrar umsóknar.

Sá 45 daga frestur, sem um getur í fyrstu undirgrein, rofnar um leið og óskað er eftir viðbótargögnum, sem um getur í 3. mgr., og heldur ekki áfram að liða fyrir en gögnin eru lögð fram.

5. Innan 12 daga frá viðtöku ákvörðunar og matsskýrslu lögbæra yfirvaldsins í tilvísunaraðildarríkinu skulu viðeigandi yfirvöld samþykkja ákvörðun til samræmis við það og tilkynna lögbæru yfirvaldi tilvísunaraðildarríkisins og handhafanum þar um.“

c) Ákvæði 6. mgr. falli brott.

10) Eftirfarandi II. kafli a bætist við á eftir 13. gr.:

„II. KAFLIa

**BREYTINGAR Á MARKAÐSLEYFUM SEM ERU ALFARIÐ LANDSBUNDIN**

13. gr. a

**Málsmeðferð við tilkynningu um minni háttar breytingar af tegund IA**

1. Ef gerð er minni háttar breyting af tegund IA skal leyfishafi senda lögbæru yfirvaldi tilkynningu með upplýsingunum sem eru tilgreindar í IV. viðauka. Þessi tilkynning skal lögð fram innan 12 mánaða frá því að breytingin kemur til framkvæmdar.

Tilkynningin skal þó lögð fram þegar í stað eftir að breytingin kemur til framkvæmdar ef um er að ræða minni háttar breytingar sem útheimta tafarlausa tilkynningu til að hægt sé að hafa samfellt eftirlit með viðkomandi lyfi.

2. Gera skal ráðstafanirnar, sem um getur í 13. gr. e, innan 30 daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

13. gr. b

**Málsmeðferð við tilkynningu um minni háttar breytingar af tegund IB**

1. Leyfishafi skal senda lögbæru yfirvaldi tilkynningu með upplýsingunum sem eru tilgreindar í IV. viðauka.

Uppfylli tilkynningin kröfuna sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skal lögbæra yfirvaldið staðfesta viðtöku gildrar tilkynningar.

2. Hafi lögbært yfirvald ekki sent leyfishafa neikvætt álit innan 30 daga frá því að viðtaka gildrar tilkynningar var staðfest skal litið svo á að lögbæra yfirvaldið hafi samþykkt tilkynninguna.

Samþykki lögbæra yfirvaldið tilkynninguna skal gripið til ráðstafana sem kveðið er á um í 13. gr. e.

3. Sé það álit lögbærs yfirvalds að ekki sé hægt að samþykkja tilkynninguna skal það tilkynna leyfishafa um það og tilgreina ástæðurnar sem neikvæða álitni byggist á.

Leyfishafa er heimilt, innan 30 daga frá viðtöku neikvæðs álits, að leggja breytta tilkynningu fyrir lögbæra yfirvaldið þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til ástæðnanna sem voru tilgreindar í álitinu.

Ef leyfishafi breytir ekki tilkynningunni í samræmi við aðra undirgrein skal litið svo á að tilkynningunni hafi verið hafnað.

4. Þegar breytt tilkynning hefur verið lögð fram skal lögbæra yfirvaldið meta hana innan 30 daga frá viðtöku hennar og skal þá gripið til ráðstafana sem kveðið er á um í 13. gr. e.

5. Þessi grein gildir ekki ef beiðni um breytingu af tegund IB er lögð fram í samflokkaðri umsókn sem felur í sér breytingu af tegund II en ekki grundvallarbreytingu. Í því tilviki gildir málsmeðferðin sem er undanfari samþykkis í 13. gr. c.

Þessi grein gildir ekki ef beiðni um breytingu af tegund IB er lögð fram í samflokkaðri umsókn sem felur í sér grundvallarbreytingu. Í því tilviki gildir málsmeðferðin í 19. gr.

*13. gr. c*

#### **Málsmeðferð sem er undanfari samþykkis fyrir meiri háttar breytingum af tegund II**

1. Leyfishafi skal leggja umsókn fyrir lögbært yfirvald með upplýsingunum sem eru tilgreindar í IV. viðauka.

Uppfylli umsóknin kröfurnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skal lögbæra yfirvaldið staðfesta viðtöku gildrar umsóknar.

2. Lögbæra yfirvaldið skal ljúka mati sínu innan 60 daga frá því að það staðfestir viðtöku á gildri umsókn.

Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að stytta frestinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, ef málið er brýnt eða lengja hann í 90 daga þegar um er að ræða breytingar, sem eru tilgreindar í 1. hluta V. viðauka, eða vegna samflokunar á breytingum í samræmi við c-lið 2. mgr. 13. gr. d.

Fresturinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal vera 90 dagar þegar um er að ræða breytingar sem eru tilgreindar í 2. hluta V. viðauka.

3. Lögbæra yfirvaldið getur óskað eftir því, innan frestsins sem um getur í 2. mgr., að leyfishafi veiti viðbótarupplýsingar innan frests sem lögbæra yfirvaldið setur. Í því tilviki skal málsmeðferðin stöðvuð þar til slíkar viðbótarupplýsingar hafa verið veittar og lögbæra yfirvaldinu er heimilt að framlengja frestinn sem um getur í 2. mgr.

4. Gera skal ráðstafanirnar, sem um getur í 13. gr. e, innan 30 daga frá því að matinu lýkur.

5. Þessi grein gildir ekki ef beiðni um breytingu af tegund II er lögð fram í samflokkaðri umsókn sem felur í sér grundvallarbreytingu. Í því tilviki gildir málsmeðferðin í 19. gr.

*13. gr. d*

#### **Breytingar á markaðsleyfum sem eru alfarið landsbundin**

1. Ef samtímis er tilkynnt eða sótt um margar breytingar skal leggja sérstaka tilkynningu eða umsókn, í samræmi við 13. gr. a, 13. gr. b, 13. gr. c eða 19. gr., eins og við á, fyrir lögbæra yfirvaldið fyrir hverja breytingu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. gildir eftirfarandi:

- a) ef sama minni háttar breyting eða breytingar af tegund IA á skilmálum eins eða fleiri markaðsleyfa sama leyfishafa eru tilkynntar á sama tíma til sama lögbæra yfirvaldsins mega allar þessar breytingar falla undir eina tilkynningu eins og um getur í 13. gr. a,
- b) ef lagðar eru fram margar umsóknir á sama tíma um breytingar á skilmálum sama markaðsleyfis má leggja þær allar fram í einu lagi fyrir sama lögbæra yfirvaldið, að því tilskildu að viðkomandi breytingar falli undir eitt tilvikanna sem eru tilgreind í III. viðauka,
- c) ef lögð er fram umsókn á sama tíma til sama lögbæra yfirvaldsins um sömu breytingu eða breytingar á skilmálum eins eða fleiri markaðsleyfis sama leyfishafa, og þær falla ekki undir a- eða b-lið, má leggja þær allar fram í einu lagi, að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið samþykki þessa einu umsókn.

Framlagningin, sem um getur í b- og c-liðum, skal vera sem hér segir:

- i. ein tilkynning í samræmi við 13. gr. b ef a.m.k. ein breytinganna er minni háttar breyting af tegund IB og þær breytingar, sem eftir standa, eru minni háttar breytingar,
- ii. ein umsókn í samræmi við 13. gr. c ef a.m.k. ein breytinganna er meiri háttar breyting af tegund II og engin breytinganna er grundvallarbreyting,
- iii. ein umsókn í samræmi við 19. gr. ef a.m.k. ein breytinganna er grundvallarbreyting.

*13. gr. e*

#### **Ráðstafanir til að ljúka málsmeðferð skv. 13. gr. a til 13. gr. c**

Þegar vísað er til þessarar greinar skal lögbæra yfirvaldið gera eftirfarandi ráðstafanir:

- a) tilkynna leyfishafa hvort breytingin hafi verið samþykkt eða henni hafnað,
- b) ef breytingunni hefur verið hafnað skal yfirvaldið tilkynna leyfishafa af hvaða ástæðum henni var hafnað,
- c) breyta, ef þörf krefur, ákvörðuninni um veitingu markaðsleyfisins í samræmi við samþykktu breytinguna og innan frestsins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 23. gr.

13. gr. f

#### Inflúensubóluefni fyrir menn

1. Þrátt fyrir 13. gr. c gildir málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 2.–4. mgr., um umfjöllun um breytingar sem varða breytingar á virku efni vegna árlegrar uppfærslu á inflúensubóluefni fyrir menn.

2. Leyfishafi skal leggja umsókn fyrir lögbæra yfirvaldið með upplýsingunum sem eru tilgreindar í IV. viðauka.

Uppfylli umsóknin kröfurnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skal lögbæra yfirvaldið staðfesta viðtöku gildrar umsóknar.

3. Lögbæra yfirvaldið skal meta umsóknina sem lögð var fram. Ef það er talið nauðsynlegt er lögbæru yfirvaldi heimilt að óska eftir viðbótargögnum hjá leyfishafanum svo að það geti lokið mati sínu.

4. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja ákvörðun innan 45 daga frá viðtöku gildrar umsóknar og gera þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 13. gr. e.

Sá 45 daga frestur, sem um getur í fyrstu undirgrein, rofnar um leið og óskað er eftir viðbótargögnum, sem um getur í 3. mgr., og heldur ekki áfram að liða fyrr en gögnin eru lögð fram.“

11) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Ef leyfishafi breytir ekki tilkynningunni í samræmi við aðra undirgrein skal litið svo á að tilkynningunni hafi verið hafnað.“

b) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við:

„5. Þessi grein gildir ekki ef beiðni um breytingu af tegund IB er lögð fram í samflokkaðri umsókn sem felur í sér breytingu af tegund II en ekki grundvallarbreytingu. Í því tilviki gildir málsmeðferðin, sem er undanfari samþykkis, í 16. gr.

Þessi grein gildir ekki ef beiðni um breytingu af tegund IB er lögð fram í samflokkaðri umsókn sem felur í sér grundvallarbreytingu. Í því tilviki gildir málsmeðferðin í 19. gr.“

12) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarar undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Lyfjastofnun Evrópu er heimilt að stytta frestinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, ef málið er brýnt eða lengja hann í 90 daga þegar um er að ræða breytingar, sem eru tilgreindar í 1. hluta V. viðauka, eða vegna samflokunar á breytingum í samræmi við c-lið 2. mgr. 7. gr.“

b) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við:

„5. Þessi grein gildir ekki ef beiðni um breytingu af tegund II er lögð fram í samflokkaðri umsókn sem felur í sér grundvallarbreytingu. Í því tilviki gildir málsmeðferðin í 19. gr.“

13) Í stað 17. gr. komi eftirfarandi:

„17. gr.

#### Ráðstafanir til að ljúka málsmeðferð skv. 14.–16. gr.

1. Þegar vísað er til þessarar greinar skal Lyfjastofnun Evrópu gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) hún skal tilkynna leyfishafa um niðurstöðu matsins,

b) ef breytingunni hefur verið hafnað skal hún tilkynna leyfishafa af hvaða ástæðum henni var hafnað,

c) ef niðurstaða matsins er jákvæð og breytingin hefur áhrif á skilmála ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um veitingu markaðsleyfis skal Lyfjastofnun Evrópu senda framkvæmdastjórninni álit sitt og rök in fyrir því sem og uppfærðar útgáfur skjalanna sem um getur í 4. mgr. 9. gr. eða 4. mgr. 34 gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, eins og við á.

2. Í þeim tilvikum, sem eru nefnd í 1. mgr. c, skal framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af álitinu frá Lyfjastofnun Evrópu og innan frestsins, sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. a í 23. gr., breyta ákvörðuninni um veitingu markaðsleyfisins ef nauðsyn krefur. Skrá Bandalagsins yfir lyf, sem kveðið er á um í 1. mgr. 13 gr. og 1. mgr. 38 gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, skal uppfærð til samræmis við það.“

14) Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 16. gr. gildir málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 2.–6. gr., um umfjöllun um breytingar sem varða breytingar á virku efni vegna árlegrar uppfærslu á inflúensubóluefni fyrir menn.“

b) Í stað 3., 4., 5. og 6. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Lyfjastofnun Evrópu skal meta umsóknina sem lögð er fram. Ef það er talið nauðsynlegt er Lyfjastofnun Evrópu heimilt að óska eftir viðbótargögnum svo að hún geti lokið mati sínu.

4. Innan 55 daga frá því að Lyfjastofnun Evrópu staðfestir viðtöku á gildri umsókn skal hún samþykkja álit. Álit Lyfjastofnunar Evrópu á umsókninni skal send umsækjandanum. Ef álit Lyfjastofnunar Evrópu er jákvætt skal hún einnig senda framkvæmdastjórninni álit sitt og rökin fyrir álitinu sem og uppfærðar útgáfur skjalanna sem um getur í 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

5. Sá 55 daga frestur, sem um getur í 4. mgr., rofnar um leið og óskað er eftir viðbótargögnunum, sem um getur í 3. mgr., og heldur ekki áfram að líða fyrir en gögnin eru lögð fram.

6. Framkvæmdastjórnin skal, með hliðsjón af jákvæðu álitum Lyfjastofnunar Evrópu, breyta ákvörðuninni um veitingu markaðsleyfisins ef nauðsyn krefur. Skrá Bandalagsins yfir lyf, sem kveðið er á um í 1. mgr. 13 gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, skal uppfærð til samræmis við það.“

c) Ákvæði 7. mgr. falli brott.

15) Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 7. gr. (1. mgr.), 9. og 10. gr., 13. gr. b, 13. gr. c, 13. gr. d og 15. og 16. gr. er markaðsleyfishafa heimilt að velja að fylgja málsmeðferðinni með verkaskiptingu sem mælt er fyrir um í 3. til 9. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar um er að ræða markaðsleyfi sem um getur í II. og III. kafla: ef minni háttar breyting af tegund IB, meiri háttar breyting af tegund II eða flokkur breytinga í tilvikum samkvæmt b- eða c-lið 2. mgr. 7. gr., sem inniheldur ekki grundvallarbreytingu, varðar mörg markaðsleyfi í eigu sama leyfishafa,

b) þegar um er að ræða markaðsleyfi sem eru alfarið landsbundin og sem um getur í II. kafla a: ef minni háttar breyting af tegund IB, meiri háttar breyting af tegund II eða flokkur breytinga í tilvikum samkvæmt b- eða c-lið 2. mgr. 13. gr. d, sem inniheldur ekki grundvallarbreytingu, varðar mörg markaðsleyfi í eigu sama leyfishafa,

c) þegar um er að ræða markaðsleyfi sem eru alfarið landsbundin og sem um getur í II. kafla a: ef minni háttar breyting af tegund IB, meiri háttar breyting af tegund II eða flokkur breytinga í tilvikum samkvæmt b- eða c-lið 2. mgr. 13. gr. d, sem inniheldur ekki grundvallarbreytingu, varðar eitt markaðsleyfi í eigu sama leyfishafa í fleiri en einu aðildarríki.

Beita má sömu málsmeðferð með verkaskiptingu gagnvart breytingum sem a-, b- eða c-liðir ná yfir.

Tilvísunaryfirvaldi, eða lögbæru yfirvaldi ef um er að ræða markaðsleyfi sem eru alfarið landsbundin, er heimilt að neita að afgreiða umsókn samkvæmt málsmeðferðinni með verkaskiptingu ef sama breyting eða breytingar á mismunandi markaðsleyfum útheimta afhendingu sérstakra stuðningsgagna fyrir hvert viðkomandi lyf eða sértækt mat fyrir hvert lyf.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Að því er varðar þessa málsgrein merkir „tilvísunaryfirvald“ eitt af eftirfarandi:

a) Lyfjastofnun Evrópu efa.m.k. eitt markaðsleyfanna, sem um getur í 1. mgr., er miðlægt markaðsleyfi,

b) í öllum öðrum tilvikum, lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis sem samræmingarhópurinn hefur valið með hliðsjón af ráðleggingum leyfishafa.“

c) Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Leyfishafi skal leggja umsókn fyrir öll viðeigandi yfirlögd, sem inniheldur upplýsingarnar sem eru tilgreindar í IV. viðauka, og tilgreina ákjósanlegt tilvísunaryfirvald.

Samræmingarhópurinn skal velja tilvísunaryfirvald. Uppfylli umsóknin kröfurnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein skal það tilvísunaryfirvald staðfesta viðtöku gildirar umsóknar.“

d) Í stað 4. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Tilvísunaryfirvaldið skal skila álitum um gilda umsókn, sem um getur í 3. mgr., innan eins af eftirfarandi frestum:

a) innan 60 daga frá staðfestingu á viðtöku gildirar umsóknar þegar um er ræða minni háttar breytingar af tegund IB eða meiri háttar breytingar af tegund II,

b) innan 90 daga frá staðfestingu á viðtöku gildirar umsóknar þegar um er að ræða breytingar sem eru tilgreindar í 2. hluta V. viðauka.

5. Tilvísunaryfirvaldinu er heimilt að stytta frestinn, sem um getur í a-lið 4. mgr., ef málið er brýnt eða lengja hann í 90 daga þegar um er að ræða breytingar, sem eru tilgreindar í 1. hluta V. viðauka, eða vegna samflokunar á breytingum í samræmi við 7. gr. (c-lið 2. mgr.) eða 13. gr. d (c-lið 2. mgr.).

e) Í stað 7. og 8. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Ef Lyfjastofnun Evrópu er tilvísunaryfirvaldið gilda 1. og 2. mgr. 9. gr. og 1. og 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 um álitnið sem um getur í 4. mgr.

Álit Lyfjastofnunar Evrópu á umsókninni skal sent umsækjandanum og aðildarríkjunum ásamt matskýrslunni. Ef niðurstaða matsins er jákvæð og breytingin hefur áhrif á skilmála ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um veitingu markaðsleyfisins skal Lyfjastofnun Evrópu einnig senda framkvæmdastjórninni álit sitt og rökinn fyrir því sem og uppfærðar útgáfur skjalanna sem um getur í 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004.

Ef Lyfjastofnun Evrópu gefur út jákvætt álit gildir eftirfarandi:

- a) ef í álitinu er mælt með breytingunni á skilmálum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um veitingu markaðsleyfisins skal framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af lokaálitinu og innan frestsins sem gert er ráð fyrir í 23. gr. (1. mgr. a), breyta ákvörðuninni til samræmis við það, að því tilskildu að uppfærðri útgáfu skjalanna, sem um getur í 9. gr. (4. mgr.) eða 34. gr. (4. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 726/2004, hafi verið veitt viðtaka. Skrá Bandalagsins yfir lyf, sem kveðið er á um í 1. mgr. 13 gr. og 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, skal uppfærð til samræmis við það,
- b) hlutaðeigandi aðildarríki skulu, innan 60 daga frá viðtöku lokaálits frá Lyfjastofnun Evrópu, samþykkja lokaálitnið, tilkynna Lyfjastofnuninni um það og breyta, ef þörf krefur, viðkomandi markaðsleyfum til samræmis við það, að því tilskildu að skjölin sem eru nauðsynleg fyrir breytingu á markaðsleyfinu hafi verið send til hlutaðeigandi aðildarríkja.

8. Ef lögbært yfirvald aðildarríkis er tilvísunaryfirvaldið:

- a) skal það senda álit sitt til leyfishafa og allra viðeigandi yfirvalda,
- b) skulu viðeigandi yfirvöld, með fyrirvara um 13. gr. og innan 30 daga frá viðtöku álitsins, samþykkja álitnið og tilkynna tilvísunaryfirvaldinu um það,
- c) skal viðkomandi markaðsleyfum breytt til samræmis við það eigi síðar en 30 dögum eftir samþykki álitsins, að því tilskildu að skjölin, sem eru nauðsynleg fyrir breytingu á markaðsleyfinu, hafi verið send til hlutaðeigandi aðildarríkja.“

f) Eftirfarandi 10. mgr. bætist við á eftir 9. mgr.:

„10. Ef hluti samantektar á eiginleikum lyfs samkvæmt markaðsleyfi, sem er alfarið landsbundið, hefur verið samhæfður samkvæmt málsmeðferð með verkaskiptingu skal senda allar síðari umsóknir um breytingar, sem hafa áhrif á samræmda hlutann, samtímis til allra hlutaðeigandi aðildarríkja.“

16) Í stað 1. mgr. 21. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir I. og II. kafla, II. kafla a og III. kafla er viðeigandi yfirvöldum eða, ef um er að ræða miðlægt markaðsleyfi, framkvæmdastjórninni heimilt, í undantekningartilvikum og tímabundið, að samþykkja breytingu á skilmálum markaðsleyfis fyrir bóluefni gegn influensu í mönnum þótt tiltekin óklínísk eða klínísk gögn vanti ef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin eða Sambandið hefur staðfest á tilhlýðilegan hátt, innan ramma ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins 2119/98/EB(\*), að yfir standi heimsfaraldur influensu í mönnum.“

(\* Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 1.

17) Í stað 1. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„1. Grípi leyfishafi að eigin frumkvæði til aðkallandi takmarkana af öryggisástæðum í áhættutilvikum sem varða lýðheilsu, þegar um er að ræða mannalyf, eða áhættutilvikum sem varða heilbrigði manna eða dýra eða umhverfið, þegar um er að ræða dýralyf, skal hann þegar í stað tilkynna það öllum viðeigandi yfirvöldum og einnig, ef um er að ræða miðlægt markaðsleyfi, Lyfjastofnun Evrópu.

Hreyfi ekkert viðeigandi yfirvald eða, þegar um er að ræða miðlægt leyfi, Lyfjastofnun Evrópu andmælum innan 24 klukkustunda frá viðtöku þessara upplýsinga skal litið svo á að þessar aðkallandi takmarkanir af öryggisástæðum hafi verið samþykktar.“

18) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Breytingar á ákvörðun um veitingu markaðsleyfis, sem leiðir af málsmeðferðunum sem mælt er fyrir um í II. kafla og II. kafla a, skulu koma til framkvæmda:

- a) ef um er að ræða meiriháttar breytingar af tegund II, innan tveggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í c-lið 1. mgr. 11. gr. og a-lið 13. gr. e, að því tilskildu að skjölin, sem eru nauðsynleg fyrir breytingu á markaðsleyfinu, hafi verið send hlutaðeigandi aðildarríkum,
- b) í öllum öðrum tilvikum, innan sex mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í c-lið 1. mgr. 11. gr. og a-lið 13. gr. e, að því tilskildu að skjölin, sem eru nauðsynleg fyrir breytingu á markaðsleyfinu, hafi verið send hlutaðeigandi aðildarríkum.“



b) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við á eftir 1. mgr.:

„1a. Breytingar á ákvörðuninni um veitingu markaðsleyfis, sem leiðir af málsmeðferðum, sem mælt er fyrir um í III. kafla, skulu koma til framkvæmda:

a) innan tveggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í c-lið 1. mgr. 17. gr. þegar um er að ræða eftirfarandi breytingar:

- i. breytingar þar sem bætt er við nýrri ábendingu eða fyrri ábendingu er breytt,
- ii. breytingar þar sem bætt er við nýrri frá-bendingu,
- iii. breytingar þar sem stærðum skammta er breytt,
- iv. breytingar, sem varða dýralyf, þar sem markdýri, sem gefur ekki af sér afurðir til manneldis, er bætt við eða fyrri markdýri breytt,
- v. breytingar þar sem skipt er um eða bætt við sermigerð, stofni, mótefnavaka eða samsetningu sermigerða, stofna eða mótefnavaka í bóluafni handa dýrum,
- vi. breytingar sem varða breytingar á virku efni í bóluafni gegn árstíðabundinni influensu, influensu sem gæti orðið að heimsfaraldri eða heimsfaraldursinfluensu í mönnum,
- vii. breytingar þar sem biðtíma til afurðanýtingar fyrir dýralyf er breytt.
- viii. aðrar breytingar af tegund II sem eru ætlaðar til að hrinda í framkvæmd breytingum á ákvörðuninni um að veita markaðsleyfi vegna umtalsverðrar hættu fyrir lýðheilsu, eða umtalsverðrar hættu fyrir heilbrigði dýra eða fyrir umhverfið ef um er að ræða dýralyf,

b) í öllum öðrum tilvikum, innan 12 mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í c-lið 1. mgr. 17. gr.

Lyfjastofnun Evrópu skal ákvarða breytingarnar, sem um getur í viii. lið a-liðar, og rökstyðja þá ákvörðun.“

c) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Leiði ein af málsmeðferðunum, sem mælt er fyrir um í II. kafla, II. kafla a og III. og IV. kafla, til þess að ákvörðun um veitingu markaðsleyfis er breytt skal viðeigandi yfirvald eða, þegar um er að ræða miðlæg markaðsleyfi, framkvæmdastjórnin tilkynna leyfishafa þegar í stað um breyttu ákvörðunina.“

19) Eftirfarandi 23. gr. a bætist við á eftir 23. gr.:

„23. gr. a

Yfirlýsingin, sem staðfestir samræmi við samþykktu og fullunna rannsóknaráætlun um notkun lyfs fyrir börn,

sem kveðið er á um í 3. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1901/2006, skal fylgja tæknilegum málsskjölum markaðsleyfisins.

Innan 30 daga eftir að viðkomandi mati er lokið skal viðkomandi yfirvald afhenda leyfishafanum staðfestingu á því að yfirlýsingin sé með í tæknilegu málsskjölunum.“

20) Í stað 24. gr. komi eftirfarandi:

„24. gr.

#### **Framkvæmd breytinga**

1. Heimilt er að hrinda minni háttar breytingum af tegund IA í framkvæmd hvenær sem er fyrir lok málsmeðferðanna sem mælt er fyrir um í 8. gr., 13. gr. a og 14. gr.

Ef tilkynningu, sem varðar eina eða fleiri minni háttar breytingar af tegund IA, er hafnað skal leyfishafi hætta beitingu viðkomandi breytingar eða breytinga um leið og honum berast upplýsingarnar sem um getur í 11. gr. (a-lið 1. mgr.), 13. gr. e (a-lið) og 17. gr. (a-lið 1. mgr.)

2. Einungis er heimilt að framkvæma minni háttar breytingar af tegund IB í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar um er að ræða breytingar sem eru lagðar fram í samræmi við málsmeðferðirnar sem mælt er fyrir um í II. kafla: eftir að lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins hefur tilkynnt leyfishafa að það hafi samþykkt tilkynninguna skv. 9. gr. eða eftir að tilkynningin hefur talist samþykkt skv. 2. mgr. 9. gr.,

b) þegar um er að ræða breytingar sem eru lagðar fram í samræmi við málsmeðferðirnar sem mælt er fyrir um í II. kafla a: eftir að viðkomandi yfirvald hefur tilkynnt leyfishafa að það hafi samþykkt tilkynninguna skv. 13. gr. b eða eftir að tilkynningin hefur talist samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. b,

c) þegar um er að ræða breytingar sem eru lagðar fram í samræmi við málsmeðferðirnar sem mælt er fyrir um í III. kafla: eftir að Lyfjastofnun Evrópu hefur tilkynnt leyfishafa að álit hennar, sem um getur í 15. gr., sé jákvætt eða eftir að álitid hefur talist jákvætt skv. 2. mgr. 15. gr.,

d) þegar um er að ræða breytingar sem eru lagðar fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.: eftir að tilvísunaryfirvaldið hefur tilkynnt leyfishafa að álit þess sé jákvætt.

3. Einungis er heimilt að framkvæma meiri háttar breytingar af tegund II í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar um er að ræða breytingar sem eru lagðar fram í samræmi við málsmeðferðirnar sem mælt er fyrir um í II. kafla: þegar liðnir eru 30 dagar frá því að lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins tilkynnti leyfishafa að það hafi samþykkt breytinguna skv. 10. gr., að uppfylltu því skilyrði að skjölin, sem eru nauðsynleg fyrir breytingu á markaðsleyfinu, hafi

verið afhent hlutaðeigandi aðildarríkjum. Ef hafin er gerðardómsmeðferð í samræmi við 13. gr. skal leyfishafi ekki framkvæma breytinguna fyrr en breytingin hefur verið samþykkt að lokinni gerðardómsmeðferð,

- b) þegar um er að ræða breytingar sem eru lagðar fram í samræmi við málsmeðferðirnar sem mælt er fyrir um í II. kafla a: eftir að lögbært yfirvald hefur tilkynnt leyfishafa að það hafi samþykkt breytinguna skv. 13 gr. c,
- c) þegar um er að ræða breytingar sem eru lagðar fram í samræmi við málsmeðferðirnar sem mælt er fyrir um í III. kafla: eftir að Lyfjastofnun Evrópu hefur tilkynnt leyfishafa að álit hennar, sem um getur í 16. gr., sé jákvætt, nema breytingin sé sú sem um getur í a-lið, 1. mgr. a í 23. gr.

Breytingar, sem um getur í a-lið 1. mgr. a í 23. gr., má aðeins framkvæma eftir að framkvæmdastjórnin hefur breytt ákvörðuninni um veitingu markaðsleyfisins og tilkynnt leyfishafa þar um,

- d) þegar um er að ræða breytingar sem eru lagðar fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr.: þegar liðnir eru 30 dagar frá því að tilvísunaryfirvaldið tilkynnti leyfishafa að álit þess væri jákvætt, að uppfylltu því skilyrði að skjölin, sem eru nauðsynleg fyrir breytingu á markaðsleyfinu, hafi verið afhent hlutaðeigandi aðildarríkjum, nema hafin sé gerðardómsmeðferð í samræmi við 13. gr. eða málsmeðferðin varði breytingu á miðlægu markaðsleyfi sem um getur í a-lið 1. mgr. a í 23. gr.

Ef hafin er gerðardómsmeðferð í samræmi við 13. gr. eða ef málsmeðferðin með verkaskiptingu er vegna breytingar á miðlægu markaðsleyfi sem um getur í a-lið 1. mgr. a í 23. gr. skal leyfishafi ekki framkvæma breytinguna fyrr en breytingin hefur verið samþykkt að lokinni gerðardómsmeðferð eða fyrr en búið er að samþykkja ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á ákvörðuninni um veitingu markaðsleyfisins.

4. Grundvallarbreyting má einungis koma til framkvæmda ef viðeigandi yfirvald eða, ef um er að ræða grundvallarbreytingu á miðlægu markaðsleyfi, framkvæmdastjórnin hefur breytt ákvörðuninni um veitingu markaðsleyfisins og tilkynnt leyfishafa þar um.

5. Aðkallandi takmarkanir af öryggisástandum og breytingar, sem tengjast öryggismálum, skulu koma til

framkvæmda innan frests sem leyfishafi og viðeigandi yfirvald og, þegar um er að ræða miðlægt markaðsleyfi, Lyfjastofnun Evrópu hafa komið sér saman um.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar skulu takmarkanir, sem eru aðkallandi af öryggisástandum, og breytingar í tengslum við öryggismál, sem varða markaðsleyfi sem veitt eru í samræmi við 4. kafla tilskipunar 2001/82/EB eða 4. kafla tilskipunar 2001/83/EB, koma til framkvæmda innan frests sem leyfishafi og lögbært yfirvald tilvísunaraðildarríkisins hafa komið sér saman um í samráði við önnur viðeigandi yfirvöld.“

21) Í stað fyrirsagnar III. viðauka komi eftirfarandi:

**„Tilvik þar sem samflokka má breytingar sem um getur í b-lið 2. mgr. 7. gr. og b-lið 2. mgr. 13. gr.“,**

22) Eftirfarandi 24. gr. a bætist við á eftir 24. gr.:

„24. gr. a

**Beiting ákvæða landslaga um breytingar á markaðsleyfum sem eru alfarið landsbundin**

Í VI. viðauka við þessa reglugerð eru tilgreind þau aðildarríki sem er áfram heimilt, í samræmi við 4. mgr. 23. gr. b í tilskipun 2001/83/EB, að beita ákvæðum landslaga sinna um breytingar á tilteknum markaðsleyfum sem eru alfarið landsbundin.“

23) Viðaukinn, sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð, bætist við.

2. gr.

### **Umbreytingarfyrirkomulag**

Eftirfarandi breytingar gilda frá 2. nóvember 2012:

- a) Í stað tilvísunarinnar í „II. og III. kafla“ í 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1234/2008 komi „II. kafla“,
- b) Ákvæði a-liðar 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1234/2008 falli brott.

3. gr.

### **Gildistaka og beiting**

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. nóvember 2012.

Ákvæði 10. og 15. liða, a- og c-undirliða 18. liðar, 21., 22. og 23. liða 1. gr. skulu þó gilda frá 4. ágúst 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.  
Gjört í Brussel 3. ágúst 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

\_\_\_\_\_

*VIÐAUKI*

*„VI. VIÐAUKI*

**Skrá yfir aðildarríkin sem um getur í 24. gr. a**

Lýðveldið Búlgaría,  
Sambandslýðveldið Þýskaland.“

\_\_\_\_\_

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/14/ESB

2013/EES/28/22

frá 8. maí 2012

## um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu metýlnónýlketóni við í I. viðauka við hana (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur [áður fastanefnd um sæfiefni] 9. desember 2011.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

- 5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar sem fæliefni og innihalda metýlnónýlketón, uppfylli kröfur sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því þykir rétt að færa metýlnónýlketón á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna <sup>(2)</sup> er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir metýlnónýlketón.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur metýlnónýlketón verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflökki 19, fæliefni og löðunarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Spánn var tilnefndur sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 8. apríl 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður

- 6) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á vettvangi Evrópusambandsins. Það er því viðeigandi að aðildarríkin meti þá notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfis fyrir sæfivörum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr tilgreindri áhættu svo að viðunandi teljist.
- 7) Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beitt á sama tíma í öllum aðildarríkjum til að tryggja jafna meðferð fyrir sæfivörur, sem innihalda virka efnið metýlnónýlketón, á markaði Sambandsins og einnig til að greiða fyrir því að markaðurinn fyrir sæfivörur starfi rétt.
- 8) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljóttast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefist á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

- 9) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.

- 10) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.  
11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2013.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. maí 2014.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau

eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. maí 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

| Nr. | Almennt heiti   | IUPAC-heiti<br>Aðkennisnúmer                           | Lágmarks-<br>hreinleiki<br>virks efnis í<br>sæfivörum<br>við setningu á<br>markað | Dagsetning<br>færslu á skrá | Lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr.<br>(nema um sé að ræða<br>sæfivörur sem innihalda<br>fleiri en eitt virkt efni en þá<br>er lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá<br>dagur sem tilgreindur er í<br>síðustu ákvörðuninni um<br>að færa á skrá sem varðar<br>virku efni) | Færsla á skrá gildir<br>til og með | Vöru-<br>flokkur | Sértæk ákvæði(*)  |
|-----|-----------------|--|---|-----------------------------|--|------------------------------------|------------------|---|
| „54 | metýlnónýlketón | Úndekan-2-ón<br>CAS-nr.: 112-12-9<br>EB-nr.: 203-937-5 | 975 g/kg  | 1. maí 2014                 | 30. apríl 2016   | 30. apríl 2024                     | 19               | Áhættumatið, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, var byggt á notkun innanhúss sem var ekki í atvinnuskyni. Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfivöru í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekna sæfivöru, þá notkun eða þær sviðsmyndir af vahrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfshólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.“ |

(\*) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera umt að nálgast efni og niðurstöður maisskýrslanna á vefsetri framkvæmdastjórnarmar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/15/ESB

2013/EES/28/23

frá 8. maí 2012

## um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu dísartréskjarna við í I. viðauka við hana (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til efnifarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnu-áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna <sup>(2)</sup> er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir dísartréskjarna.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur dísartréskjarni verið metinn í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun. Matið varðaði dísartréskjarna úr kjörnum *Azadirachta indica* sem dregin eru út með vatni og unnir frekar með lífrænum leysum. Önnur efni, sem geta fallið undir skilgreininguna á dísartréskjarna í skránni í reglugerð (EB) nr. 1451/2007 yfir virk efni sem skal meta, hafa ekki verið metin og skal því ekki færa þau á skrá í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB á grundvelli þessa mats.
- 3) Þýskaland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 26. nóvember 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 9. desember 2011.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 123, 9.5.2012, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

- 5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar sem skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum og innihalda dísartréskjarna, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því þykir rétt að færa dísartréskjarna á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.
- 6) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á vettvangi Evrópusambandsins. Það er því viðeigandi að aðildarríkin meti þá notkun eða sviðsmyndir afvahrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfis fyrir sæfivörum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr tilgreindri áhættu svo að viðunandi teljist.
- 7) Í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir yfirborðsvatn, set og liðdýr utan markhópa, þykir rétt að krefjast þess að leyfi fyrir sæfivörum séu háð viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu.
- 8) Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beitt á sama tíma í öllum aðildarríkjum til að tryggja jafna meðferð fyrir sæfivörur, sem innihalda virka efnið dísartréskjarna, á markaði Sambandsins og einnig til að greiða fyrir því að markaðurinn fyrir sæfivörur starfi rétt.
- 9) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 10) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 11) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2013.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. maí 2014.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. maí 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO



## VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Auðkennisnúmer   | Lágmarks-<br>hreinleiki<br>virkis efnis í<br>sæfivörum<br>við setningu á<br>markað | Dagsetning<br>færslu á skrá | Lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr.<br>(nema um sé að ræða<br>sæfivörur sem innihalda<br>fleiri en eitt virkt efni en þá<br>er lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá<br>dagur sem tilgreindur er í<br>síðustu ákvörðuninni um<br>að færa á skrá sem varðar<br>virku efni) | Færsla á skrá gildir<br>til og með | Vöru-<br>flokkur | Sértek ákvæði(*)  |
|-----|---------------|---|--|-----------------------------|--|------------------------------------|------------------|---|
| „55 |               | IUPAC-heiti: Á ekki við<br>CAS-nr.: 84696-25-3<br>EB-nr.: 283-644-7<br><br>Lýsing: disartréskjarni úr<br>kjörnum <i>Azadirachta indica</i> sem<br>dregnir eru út með vatni og unnir<br>frekar með lifrænum leysum | 1000 g/kg  | 1. maí 2014                 | 30. apríl 2016   | 30. apríl 2024                     | 18               | Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfivöru í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekna sæfivöru, þá notkun eða þær sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlyðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.<br>Aðildarríkin skulu tryggja að leyfin séu háð viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr áhættu fyrir yfirborðsvatn, set og líödyr utan markhópa.“ |

(\*) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera umt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/16/ESB

2013/EES/28/24

frá 10. maí 2012

## um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu saltsýru við í I. viðauka við hana (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnu-áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna<sup>(2)</sup> er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir saltsýru.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur saltsýra verið metin í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokk 2, sóthreinsiefni og aðrar sæfivörur til einkanota og til nota innan heilsugæslunnar, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Lettland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 16. október 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 9. desember 2011.
- 5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar sem sóthreinsiefni til einkanota og til nota

innan heilsugæslunnar og aðrar sæfivörur, í samræmi við fyrrnefndan vöruflokk 2 og innihalda saltsýru, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því þykir rétt að færa saltsýru á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.

- 6) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á vettvangi Evrópusambandsins. Það er því viðeigandi að aðildarríkin meti þá notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfis fyrir sæfivörum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr tilgreindri áhættu svo að viðunandi teljist.
- 7) Í ljósi ætingareiginleika efnisins og þeirra ráðstafana sem unnt er gera til að draga úr tilheyrandi áhættu þykir rétt að gera þá kröfu að dregið verði sem mest úr váhrifum við notkun, sem er ekki í atvinnuskyni, með hönnun umbúðanna nema hægt sé að sýna fram á það í umsókninni um leyfi fyrir sæfivörunni að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir heilbrigði manna þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.
- 8) Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beitt á sama tíma í öllum aðildarríkjum til að tryggja jafna meðferð fyrir sæfivörur, sem innihalda virka efnið saltsýru, á markaði Sambandsins og einnig til að greiða fyrir því að markaðurinn fyrir sæfivörur starfi rétt.
- 9) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljótask og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málsskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 10) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 11) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 124, 11.5.2012, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2013.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. maí 2014.

Gjört í Brussel 10. maí 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Auðkennisnúmer                        | Lágmarks-<br>hreinleiki<br>virks efnis í<br>sæfivörnum<br>við setningu á<br>markað | Dagsetning færslu<br>á skrá | Lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr.<br>(nema um sé að ræða<br>sæfivörur sem innihalda<br>fleiri en eitt virkt efni en þá<br>er lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá<br>dagur sem tilgreindur er í<br>stóustu ákvörðuninni um<br>að færa á skrá sem varðar<br>virku efni) | Færsla á skrá gildir<br>til og með | Vöruflokkur | Sértæk ákvæði(*)  |
|-----|---------------|--|--|-----------------------------|--|------------------------------------|-------------|---|
| „56 | Saltsýra      | Saltsýra<br>CAS-nr.: á ekki við<br>EB-nr.: 231-595-7 | 999 g/kg   | 1. maí 2014                 | 30. apríl 2016   | 30. apríl 2024                     | 2           | <p>Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfivöru í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekna sæfivöru, þá notkun eða þær sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópamanna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Aðildarríkin skulu tryggja að leyfi fyrir sæfivörum til annarrar notkunar en í atvinnuskyni séu háð þeim skilyrðum að umbúðirnar séu hannaðar til að draga sem mest úr váhrifum sem notendur verða fyrir, nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfivörummi að umt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.“</p> |

(\*) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera umt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/bioicides/index.htm>

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/20/ESB

2013/EES/28/25

frá 6. júlí 2012

## um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu flúfenoxúrón við fyrir vöruflokk 8 í I. viðauka við hana (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnu-áætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna<sup>(2)</sup> er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB. Sú skrá nær yfir flúfenoxúrón.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1451/2007 hefur flúfenoxúrón verið metið í samræmi við 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB fyrir notkun í vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Frakkland var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki og lagði skýrslu lögbærs yfirvalds, ásamt tilmælum, fyrir framkvæmdastjórnina 17. mars 2009 í samræmi við 4. og 6. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa endurskoðað skýrslu lögbæra yfirvaldsins. Í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu á fundi fastanefndarinnar um sæfivörur 22. september 2011.
- 5) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar sem viðarvarnarefni og innihalda flúfenoxúrón,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 177, 7.7.2012, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því er rétt að bæta flúfenoxúróni við í I. viðauka við tilskipunina fyrir vöruflokk 8 þrátt fyrir að efnið hafi ekki verið samþykkt á öðrum tilteknum svæðum þar sem komist var að annarri niðurstöðu varðandi notkun þess í sérstöku áhættumati<sup>(3)</sup>.

- 6) Í ljósi þeirra eiginleika sem gera flúfenoxúrón þrávirkt, líklegt til að safnast fyrir í lífverum og eitrad (PBT) sem og mjög þrávirkt og mjög líklegt til að safnast fyrir í lífverum (vPvB), í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB<sup>(4)</sup>, skal aðeins færa flúfenoxúrón á skrá í I. viðauka í þrjú ár og setja það í samanburðaráhættumat í samræmi við aðra undirgrein i. liðar 5. mgr. 10. gr. tilskipunar 98/8/EB áður en skráning þess í I. viðauka er endurnýjuð.

- 7) Áhættumat á notkun flúfenoxúróns sem er notað í viðarvarnarefnum, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, tók einungis til meðhöndlunar á viði sem er ætlaður til nota innanhúss (notkunarflokkar 1 og 2 eins og þeir eru skilgreindir af Efnahags- og framfarastofnuninni<sup>(5)</sup>) eða utanhúss, þar sem viðurinn

<sup>(3)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 942/2011 frá 22. september 2011 um að samþykkja ekki virka efnið flúfenoxúrón, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuvarnarefna á markað, og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/934/EB (Stjtið. ESB L 246, 23.9.2011, bls. 13); ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/77/ESB frá 9. febrúar 2012 um að færa flúfenoxúrón ekki á skrá í sæfiefnaflokk 18 í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 47).

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(5)</sup> OECD series on emission scenario documents, Number 2, Emission Scenario Document for Wood Preservatives (röð skjala Efnahags- og framfarastofnunarinnar varðandi losunarsviðsmyndir, nr. 2, losunarsviðsmynd fyrir viðarvarnarefni), 2. hluti, bls. 64.

er óvarinn og ekki í snertingu við jörðu og alltaf óvarinn fyrir veðrun, varinn gegn veðrun en blotnar oft eða í snertingu við ferskvatn (notkunarflokkur 3 eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni <sup>(1)</sup>), sem verður hvorki notaður í gripahús né mun komast í snertingu við matvæli eða föður. Í ljós kom óviðunandi áhætta fyrir umhverfið við meðhöndlun á viði utandyra á staðnum sem og í ólíkum sviðsmyndum við notkun á meðhöndluðum við utandyra. Í ljósi eiginleika flúfenoxúróns þykir rétt að leyfa aðeins þá notkun og sviðsmyndir af váhrifum sem hafa fengið tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og sem ekki kom í ljós að hefðu neina óviðunandi áhættu í för með sér.

- 8) Í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir heilbrigði manna vegna notkunar í iðnaði eða faglegra nota er rétt að krefjast þess að settar séu öruggar verklagsreglur um sæfivörur sem eru leyfðar til slíkrar notkunar og að notaðar séu viðeigandi persónuhlífar við notkun þessara sæfivara nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfivörunni að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði eða fagmenn þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.
- 9) Í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir vatnsræn og landræn umhverfishólf er rétt að krefjast þess að viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu verði gerðar til að vernda þessi hólfi, einkum að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, og að safnað verði til endurnotkunar eða förgunar öllum þeim sæfivörum, sem notaðar eru sem viðarvarnarefni og innihalda flúfenoxúrón, sem fara til spillis.
- 10) Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beitt á sama tíma í öllum aðildarríkjum til að tryggja jafna meðferð fyrir sæfivörur í vöruflokki 8, sem innihalda virka efnið flúfenoxúrón, á markaði Evrópusambandsins og einnig til að greiða fyrir því að markaðurinn fyrir sæfivörur starfi rétt.
- 11) Áður en virkt efni er skráð í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem af þessu hljóttast og til að tryggja að umsækjendur, sem hafa tekið saman málskjöl, geti notið til fulls ávinnings af tíu ára gagnaverndartímabilinu sem hefst á skráningardegi í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/8/EB.
- 12) Að lokinni færslu á skrá skal veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að hrinda í framkvæmd 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB.

- 13) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.
- 14) Nefndin sem sett var á fót skv. 1. mgr. 28. gr. tilskipunar 98/8/EB hefur ekki skilað álitum um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun og framkvæmdastjórnin hefur því lagt tillögu fyrir ráðið varðandi ráðstafanirnar og sent hana til Evrópuþingsins. Ráðið tók ekki ákvörðun innan tveggja mánaða tímabilsins sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(2)</sup> og framkvæmdastjórnin lagði því tillöguna fyrir Evrópuþingið án tafar. Evrópuþingið andmælti ekki ráðstöfuninni innan fjögurra mánaða frá framangreindri sendingu.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2013.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2014.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. júlí 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

<sup>(1)</sup> Sama heimild.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

## VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Auðkennisnúmer  | Lágmarkshreimleiki<br>virkis efnis í<br>sæfivörum við<br>setningu á markað | Dagsetning færslu<br>á skrá | Lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr.<br>(nema um sé að ræða<br>sæfivörur sem innihalda<br>fleiri en eitt virkt efni en þá<br>er lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá<br>dagur sem tilgreindur er í<br>síðustu ákvörðuninni um<br>að færa á skrá sem varðar<br>virtu efnin) | Færsla á skrá gildir<br>til og með | Vöru-<br>flokkur | Sértaak ákvæði(*)  |
|-----|---------------|--|--|-----------------------------|---|------------------------------------|------------------|--|
| „57 | flúfenoxúrón  | 1-(4-(2-klór- $\alpha,\alpha,\alpha$ -p-trifluór-<br>para-tólýloxý)-2-flúorfenýl)-3-<br>(2,6-difluorbensólý)júrea<br>EB-nr.: 417-680-3<br>CAS-nr.: 101463-69-8 | 960 g/kg   | 1. febrúar 2014             | 31. janúar 2016   | 31. janúar 2017                    | 8                | Seiða skal flúfenoxúrón í samanburðaráættum í samræmi við aðra undirgrein í liðar 5. mgr. 10. gr. tilskipunar 98/8/EB áður en færsla þess á skrá í I. viðauka er endurnýjuð.<br>Áhættumatið, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, tók til meðhöndlunar á viði sem mun ekki verða notaður í gripahús eða komast í snertingu við matvæli eða fóður. Ekki skal leyfa sæfivörur til notkunar eða sviðsmyndir af vörum sem ekki hafa fengið tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.<br>Aðildarríkin skulu sjá til þess að leyfi séu háð eftirfarandi skilyrðum:<br>1) Einungis skal nota sæfivörur til meðhöndlunar á viði sem er ætlaður til notkunar innanhúss.<br>2) Við notkun á sæfivörum, sem eru leyfðar til notkunar í iðnaði og/eða til faglegra nota, skal innleiða öruggar verkiagsreglur og nota viðeigandi persónuhlífar nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfivörummi að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu fyrir notendur í iðnaði og/eða fagmenn þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una. |

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Auðkennisnúmer | Lágmarkshreimtleiki<br>virks efnis í<br>sæfivörum við<br>setningu á markað | Dagsetning færslu<br>á skrá | Lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr.<br>(nema um sé að ræða<br>sæfivörur sem innihalda<br>fleiri en eitt virkt efni en þá<br>er lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá<br>dagur sem tilgreindur er í<br>síðustu ákvörðuninni um<br>að færa á skrá sem varðar<br>virku efnin) | Færsla á skrá gildir<br>til og með | Vöruflokkur | Sértræk ákvæði(*)  |
|-----|---------------|-------------------------------|--|-----------------------------|---|------------------------------------|-------------|--|
|     |               |                               |  |                             |   |                                    |             | <p>3) Gripa skal til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu í því skyni að vernda jarðveg og vatnsræn umhverfshólf. Á merkimiðum og öryggisblöðum fyrir sæfivörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, ef þau eru í boði, skal m.a. koma fram að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt efir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndrapu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sigi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllu því efni sem fer til spillis.</p> |

(\*) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera umt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/bioicides/index.htm>



## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/22/ESB

2013/EES/28/26

frá 22. ágúst 2012

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu  
DDA-karbónati við í I. viðauka við hana (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Breska konungsríkinu barst umsókn frá Lonza 17. janúar 2007, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB, um að bæta virka efninu DDA-karbónati (dídekýld ímetýlammóníumkarbónat) á skrá í I. viðauka hennar til notkunar í vöruflokki 8, viðvarnarefni, eins og skilgreint er í V. viðauka tilskipunar 98/8/EB. DDA-karbónat var ekki á markaði á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 98/8/EB sem virkt efni í sæfivöru.
- 2) Að loknu mati lagði Bretland skýrslu sína ásamt tilmælum fyrir framkvæmdastjórnina 11. nóvember 2010.
- 3) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu skýrsluna í fastanefndinni um sæfivörur 2. mars 2012 og voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu.
- 4) Mat hefur leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar sem viðvarnarefni og innihalda DDA-karbónat, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því þykir rétt að færa DDA-karbónat, til notkunar í vöruflokki 8, á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.
- 5) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á vettvangi Evrópusambandsins. Notkun þeirra sem ekki nota efnið í atvinnuskyni hefur t.d.

ekki verið metin. Það er því viðeigandi að krefjast þess að aðildarríkin meti þá notkun eða þær sviðsmyndir af váhrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfishólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, og við veitingu leyfis fyrir sæfivörum skulu þau sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr þeirri áhættu, sem greinst hefur, svo að viðunandi teljist.

- 6) Í ljósi þeirrar áhættu fyrir heilbrigði manna sem greinst hefur er rétt að krefjast þess að settar séu öruggar verklagsreglur fyrir notendur í iðnaði og að notaðar séu viðeigandi persónuhlífar við notkun þessara sæfivara nema hægt sé að sýna fram á það í umsókn um leyfi fyrir sæfivörunni að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.
- 7) Í ljósi þeirrar áhættu sem tilgreind er fyrir vatnsræn og landræn umhverfishólf er rétt að krefjast þess að notkun í iðnaði fari fram inni á lokuðu svæði eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði, að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum þeim sæfivörum, sem notaðar eru sem viðvarnarefni og innihalda DDA-karbónat, sem fara til spillis.
- 8) Í ljós kom óviðunandi áhætta fyrir umhverfið við aðstæður þar sem viður, sem var meðhöndlaður með böðun úr DDA-karbónati, var alltaf óvarinn fyrir veðrun eða blotnaði oft (notkunarflokkur 3 eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni <sup>(2)</sup>), og þar sem viður, sem var meðhöndlaður með DDA-karbónati, var notaður í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni („bryggju“ sviðsmyndin í notkunarflokki 3 eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni <sup>(3)</sup> eða var í snertingu við ferskvatn (notkunarflokkur 4b eins og hann er skilgreindur af Efnahags- og framfarastofnuninni <sup>(4)</sup>). Því er rétt að krefjast þess að ekki skuli leyfa sæfivörur til að meðhöndla við, sem ætlaður er til slíkrar notkunar, nema gögn séu lögð fram sem sýna fram á að sæfivaran uppfylli kröfur bæði 5. gr. og VI. viðauka við tilskipun 98/8/EB, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 227, 23.8.2012, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

<sup>(2)</sup> OECD series on emission scenario documents, Number 2, Emission Scenario Document for Wood Preservatives (röð skjala Efnahags- og framfarastofnunarinnar varðandi losunarsviðsmyndir, nr. 2, losunarsviðsmynd fyrir viðvarnarefni), 2. hluti, bls. 64.

<sup>(3)</sup> Sama heimild.

<sup>(4)</sup> Sama heimild.

- 9) Ákvæðum þessarar tilskipunar skal beitt á sama tíma í öllum aðildarríkjum til að tryggja jafna meðferð fyrir sæfivörur úr vöruflokki 8, sem innihalda virka efnið DDA-karbónat, á markaði Sambandsins og einnig til að greiða fyrir því að markaðurinn fyrir sæfivörur starfi rétt.
- 10) Áður en virkt efni er fært á skrá í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin geti samþykkt nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari.
- 11) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2013.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. ágúst 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Aukennishúmer   | Lágmarkshreinleiki<br>virkis efnis í<br>sæfivörummi við<br>setningu á markað | Dagsetning færslu á skrá | Lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr.<br>(nema um sé að ræða<br>sæfivörur sem innihalda<br>fleiri en eitt virki efni en þá<br>er lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá<br>dagur sem tilgreindur er í<br>síðustu ákvörðuninni um<br>að færa á skrá sem varðar<br>vittu efnin) | Færsla á skrá gildir til<br>og með | Vöruflokkur | Sértaek ákvæði(1)  |
|-----|---------------|--|--|--------------------------|---|------------------------------------|-------------|--|
| „58 | DDA-karbonsat | Hvarfmassi N,N-dídekýli-<br>N,N-dímetylammóníum-<br>karbonsats og N,N-dídekýli-<br>N,N-dímetylammóníum-<br>bíkarbonsats<br>EB-nr.: 451-900-9<br>CAS-nr.: 894406-76-9 | Purrvigt:<br>740 g/kg  | 1. febrúar 2013          | Á ekki við  | 31. janúar 2023                    | 8           | <p>Í áhættumatinu, sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins, var ekki fjallað um alla hugsanlega notkun; tiltekin notkun, s.s. notkun þeirra sem ekki nota efnið í atvinnuskyni, var undanskilin. Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sæfivöru í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekna sæfivöru, þá notkun eða þær sviðsmyndir af vahrifum og þá áhættu fyrir hópa manna og umhverfshólf sem ekki fékk tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.</p> <p>Aðildarríkin skulu sjá til þess að leyfi séu háð eftirfarandi skilyrðum:</p> <p>1) Innleiða skal öruggar verklagsreglur fyrir notendur í iðnaði og við notkun á sæfivörum skal nota viðeigandi persónuhlífur nema hægt sé að sýna fram á það í umsókninni um leyfi fyrir sæfivörummi að unnt sé að draga á annan hátt úr áhættu þannig að áhættan verði ekki meiri en svo að við megi una.</p> <p>2) Á merkimiðum og, ef þau eru í boði, öryggisblöðum fyrir sæfivörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, skal koma fram að notkun í iðnaði skal fara fram inni á lokuðu svæði eða á ógegnðræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði, að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegnðræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sigi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum þeim sæfivörum sem fara til spillis.</p> |

| Nr. | Almennt heiti | IUPAC-heiti<br>Auðkennisnúmer | Lágmarkshreinleiki<br>virks efnis í<br>sæfivörumni við<br>setningu á markað | Dagsetning færslu á skrá | Lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr.<br>(nema um sé að ræða<br>sæfivörur sem innihalda<br>fleiri en eitt virkt efni en þá<br>er lokadagur til að uppfylla<br>ákvæði 3. mgr. 16. gr. sá<br>dagur sem tilgreindur er í<br>síðustu ákvörðuninni um<br>að færa á skrá sem varðar<br>virku efnin) | Færsla á skrá gildir til<br>og með | Vöru-<br>flokkur | Sértæk ákvæði(¹)  |
|-----|---------------|-------------------------------|---|--------------------------|---|------------------------------------|------------------|---|
|     |               |                               |   |                          |   |                                    |                  | <p>3) Ekki skal leyfa sæfivörur til að meðhöndla við, sem nota á í mannvirki utanhúss nálægt eða yfir vatni, eða til að meðhöndla við, sem verður alltaf óvarinn fyrir veðrun eða blotnar oft, með bõðun nema gögn hafi verið lögð fram sem sýna fram á að sæfivaran uppfylli skilyrði 5. gr. og VI. viðauka, ef nauðsyn krefur með beitingu viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu.<sup>45</sup></p> |

(¹) Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera urtt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslanna á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 519/2012

2013/EES/28/27

frá 19. júní 2012

## um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

hexaklóróbútadíeni <sup>(4)</sup>, fjöklóröðum naftalínium (PCN) og keðjustuttum, klóröðum paraffínium <sup>(5)</sup> (SCCP) við bókunina.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

3) Í ljósi ákvarðananna innan ramma CLRTAP-samningsins er nauðsynlegt að uppfæra B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 svo að hann taki til nýju efnanna þriggja í bókuninni.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 14. gr.,

4) Setning á markað og notkun keðjustuttra, klóraðra paraffína hefur verið takmörkuð í Sambandinu skv. XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 <sup>(6)</sup> um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)). Gildandi takmarkanir í Sambandinu varðandi keðjustutt, klóröð paraffín ná aðeins yfir tvenns konar notkun og því er gildissvið þeirra miklu þrengra en gildissvið takmarkananna varðandi keðjustutt, klóröð paraffín sem fastsettar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnar CLRTAP-samningsins. Með þessari reglugerð skal því víkka gildissvið takmarkana varðandi keðjustutt, klóröð paraffín í Sambandinu með því að banna framleiðslu þeirra, setningu á markað og notkun, með tveimur undanþágum að því er varðar það síðastnefnda.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 850/2004 er í löggjöf Sambandsins staðið við skuldbindingarnar sem settar eru fram í Stokkhólmssamningnum um þrávirk lífræn efni (hér á eftir nefndur „Stokkhólmssamningurinn“), sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB frá 14. október 2004 um gerð Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni, fyrir hönd Evrópubandalagsins <sup>(2)</sup> og í bókuninni frá 1998 um þrávirk, lífræn mengunarefni, sem gerð var við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (hér á eftir nefnd „bókunin“), en hún var samþykkt með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB frá 19. febrúar 2004 um gerð bókunarinnar um þrávirk lífræn mengunarefni, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa <sup>(3)</sup> (hér á eftir nefndur „CLRTAP-samningurinn“).

5) Eins prósentis viðmiðunargildið, sem fastsett er fyrir keðjustutt, klóröð paraffín með þessari reglugerð, skal ekki teljast vera beiting á hugtakinu „óviljandi snefilaðskotaefni“ sem er að finna í b-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004. Frekari vísindalegrar greiningar er þörf til að framkvæmdastjórnin geti fengið skýra sýn að því er varðar gildið sem samsvarar „óviljandi snefilaðskotaefnum“ í tengslum við keðjustutt, klóröð paraffín.

2) Á 27. fundi framkvæmdastjórnar CLRTAP-samningsins 14. til 18. desember 2009 var ákveðið að bæta

6) Undanþágurnar varðandi keðjustutt, klóröð paraffín skulu, eftir atvikum, vera háðar því skilyrði að besta, fánlega tækni sé nýtt. Framkvæmdastjórnin skal áfram endurskoða þessar undanþágur og fylgjast með því hvort kostur sé á öruggari efnum eða tækni.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 159, 20.6.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 35.

<sup>(4)</sup> Ákvörðun 2009/1.

<sup>(5)</sup> Ákvörðun 2009/2.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

- 7) Á fimmta fundi ráðstefnu samningsaðilanna, 25. til 29. apríl 2011, var samþykkt með ákvörðun SC-5/3 <sup>(1)</sup> að bæta endósúlfani á skrána yfir þrávirk, lífræn mengunarefni sem útrýma skal um allan heim, með nokkrum undanþágum.
- 8) Í ljósi ákvörðunar SC-5/3 er nauðsynlegt að uppfæra A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 svo að hann taki til endósúlfans. Hins vegar féll endósúlfan undir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/864/EB frá 2. desember 2005 um að færa endósúlfan ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuvarnarefnum sem innihalda þetta virka efni <sup>(2)</sup>. Því skal skrá endósúlfan í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 án undanþága, þar eð allar undanþágurnar, sem veita má samkvæmt ákvörðun SC-5/3, snúa að notkun endósúlfans sem plöntuvarnarefnis.
- 9) Nauðsynlegt er að skýra að bannið í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 gildir ekki fyrr en sex mánuðum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar að því er varðar hluti sem innihalda endósúlfan, hexaklórbutadíen, fjöklóruð naftalín eða keðjustutt, klóruð paraffín sem eru framleidd fyrir gildistökudaginn eða þann dag.
- 10) Einnig er nauðsynlegt að skýra að bannið í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 gildir ekki um hluti sem

innihalda endósúlfan, hexaklórbutadíen, fjöklóruð naftalín eða keðjustutt, klóruð paraffín sem eru í notkun fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar eða þann dag.

- 11) Nauðsynlegt er að laga að tækniframförum vísanir til CEN-staðlanna, sem eru sem stendur í þróun í tengslum við perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar, svo að unnt verði að nota aðrar greiningaraðferðir á sama nothæfisstigi.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 67/548/EBE <sup>(3)</sup>,

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

##### *2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

<sup>(1)</sup> SC-5/3 Um færslu tæknilegs endósúlfans og tengdra hverfa í skrána.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 317, 3.12.2005, bls. 25.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 6. liðar í dalkinum „Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir“ í færslunni um perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar komi eftirfarandi:

„6. Þegar Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt staðla skulu þeir notaðir sem prófunaraðferðir til að staðfesta að efnin, efnablöndurnar og hlutirnir uppfylli kröfurnar í 1. og 2. mgr. Nota má hvaða greiningaraðferð sem er í stað CEN-staðlanna, geti notandinn sýnt fram á að nothæfi hennar sé sambærilegt.“

b) Eftirfarandi færsla bætist við:

| Efni        | CAS-nr.                            | EB-nr.    | Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir  |
|-------------|------------------------------------|-----------|--|
| „Endósúlfan | 115-29-7<br>959-98-8<br>33213-65-9 | 204-079-4 | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Það skal heimilt að setja á markað og nota hluti, sem voru framleiddir 10. júlí 2012 eða fyrr og innihalda endósúlfan, fram til 10. janúar 2013.</li> <li>2. Það skal heimilt að setja á markað og nota hluti sem voru í notkun 10. júlí 2012 eða fyrr og innihalda endósúlfan.</li> <li>3. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. gilda um hluti sem um getur í 1. og 2. mgr.“</li> </ol> |

2) Í B-hluta bætast eftirfarandi færslur við:

| Efni  | CAS-nr.    | EB-nr.    | Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir   |
|---|------------|-----------|---|
| „Hexaklórbutadíen   | 87-68-3    | 201-765-5 | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Það skal heimilt að setja á markað og nota hluti, sem voru framleiddir 10. júlí 2012 eða fyrr og innihalda hexaklórbutadíen, fram til 10. janúar 2013.</li> <li>2. Það skal heimilt að setja á markað og nota hluti sem voru í notkun 10. júlí 2012 eða fyrr og innihalda hexaklórbutadíen.</li> <li>3. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. gilda um hluti sem um getur í 1. og 2. mgr.</li> </ol>       |
| Fjölklóruð naftalín (*)                                     |            |           | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Það skal heimilt að setja á markað og nota hluti, sem voru framleiddir 10. júlí 2012 eða fyrr og innihalda fjölklóruð naftalín, fram til 10. janúar 2013.</li> <li>2. Það skal heimilt að setja á markað og nota hluti sem voru í notkun 10. júlí 2012 eða fyrr og innihalda fjölklóruð naftalín.</li> <li>3. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. gilda um hluti sem um getur í 1. og 2. mgr.</li> </ol> |
| Alkón, C10–C13, klóruð (keðjustutt, klóruð paraffín) (SCCP) | 85535-84-8 | 287-476-5 | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Með undanþágu skal heimilt að framleiða efni eða efnablöndur sem innihalda keðjustutt, klóruð paraffín, setja þau á markað og nota þau ef styrkur paraffínanna er lægri en 1% miðað við þyngd.</li> </ol>   |

| Efni | CAS-nr. | EB-nr. | Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir   |
|------|---------|--------|---|
|      |         |        | <p>2. Með undanþágu skal heimilt að framleiða eftirfarandi efni, setja þau á markað og nota þau, að því tilskildu að aðildarríkin tilkynni framkvæmdastjórninni eigi síðar en 2015 og á fjögurra ára fresti eftir það um framfarir í þá átt að útrýma keðjustuttum, klóruðum paraffinum:</p> <p>a) eldtefjandi efni í gúmmíi, sem notað er í færíbönd í námuiðnaðinum,</p> <p>b) eldtefjandi efni í þéttiefnum í stíflum.</p> <p>3. Það skal heimilt að setja á markað og nota hluti, sem voru framleiddir 10. júlí 2012 eða fyrr og innihalda keðjustutt, klóruð paraffín, fram til 10. janúar 2013.</p> <p>4. Það skal heimilt að setja á markað og nota hluti sem voru í notkun 10. júlí 2012 eða fyrr og innihalda keðjustutt, klóruð paraffín.</p> <p>5. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. gilda um hluti sem um getur í 1. og 2. mgr.</p> <p>Um leið og nýjar upplýsingar liggja fyrir um einstök atriði varðandi notkun og um möguleika á öruggari efnum eða tækni skal framkvæmdastjórnin endurskoða undanþágurnar í 2. lið svo að notkun keðjustuttra, klóraðra paraffína verði smám saman hætt.“</p> |

(<sup>1</sup>) Fjölklóruð naftalín: efnasambönd, byggð á hringakerfi naftalíns, þar sem klóratóm hafa komið í stað eins eða fleiri vetnisatóma.



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 835/2012

2013/EES/28/28

frá 18. september 2012

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) er snertir XVII. viðauka við hana (kadmíum) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB<sup>(1)</sup>, einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (kadmíum)<sup>(2)</sup> er gildissviði takmarkana vegna kadmíums og efnasambanda þess breytt og ákvæði sett sem gilda um vir til brösunar og skartgripi í samræmi við áhættumatid og áætlanirnar um leiðir til að draga úr áhættu af völdum kadmíums og kadmíumoxíðs<sup>(3)</sup>
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 494/2011 voru gildandi takmarkanir á notkun kadmíums og efnasambanda þess í tilbúnum, lífrænum fjölliðum (plastefni) enn fremur rýmkaðar svo þær næðu yfir öll plastefni, en þar var þó kveðið á um undantekningu vegna notkunar endurunns pólývínýlklóríðs, sem inniheldur kadmíum, við framleiðslu

tiltekinna byggingarvara. Þessi undanþága var veitt að teknu tilliti til umfjöllunar sérstaks sérfræðingahóps um áhættustjórnunaraðgerðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og niðurstaðnanna úr rannsókninni á félagslegum og hagrænum áhrifum mögulegrar endurskoðunar á takmörkunum á setningu á markað og notkun kadmíums í skartgripum, málmblendi til brösunar og pólývínýlklóríði, sem birtar voru í janúar 2010<sup>(4)</sup>. Haft var samráð við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem bera ábyrgð á framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 og við hagsmunaaðila vegna allra þátta takmarkananna.

- 3) Í kjölfar samþykktar reglugerðar (ESB) nr. 494/2011 var framkvæmdastjórnin upplýst um notkun kadmíumlitarefna í tilteknum gerðum plastefna, sem samkvæmt reglugerð 494/2001 er takmörkuð í fyrsta sinn, en hentugir valkostir í stað notkunar á efnasamböndum kadmíums virðast ekki vera fyrir hendi og þá kosti er rétt er að meta frekar, vegna sérstakra aðstæðna og takmarkaðs samráðs.
- 4) Í ályktun ráðsins frá 25. janúar 1988 er mælt til þess að mótuð verði heildaráætlun um að verjast umhverfismengun af völdum kadmíums, m.a. tilteknar ráðstafanir sem takmarka notkun kadmíums og stuðla að þróun fleiri valkosta í stað notkunar á kadmíumi í litarefni og stöðgara og til húðunar og til þess að notkun á kadmíumi takmarkist við þau tilvik þar sem hentugir valkostir eru ekki fyrir hendi.
- 5) Framkvæmdastjórnin mun fara þess á leit við Efnastofnun Evrópu að hún taki saman málsskjöl í samræmi við 69. gr. REACH-efnareglunnanna, sem uppfylla kröfurnar í XV. viðauka, varðandi notkun á kadmíumi og efnasamböndum þess í þeim gerðum plastefna sem takmarkanir voru í fyrsta sinn settar fyrir með reglugerð (ESB) nr. 494/2011, að teknu fullu tilliti til ályktunar ráðsins frá 25. janúar 1988.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 2.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 149, 14.6.2008, bls. 6.

<sup>(4)</sup> [http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/files/markrestr/study-cadmium\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/files/markrestr/study-cadmium_en.pdf)

- 6) Þar til málsmeðferðinni varðandi takmarkanir er lokið skulu takmarkanir á notkun kadmíums og efnasambanda þess einskorðast við þær gerðir plastefna sem skráðar voru í 23. færslu í XVII. viðauka áður en reglugerð (ESB) nr. 494/2011 var samþykkt.
- 7) Með skírskotun til réttarvissu gildir þessi reglugerð frá og með 10. desember 2011.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. desember 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er töflunni með heitum efna, efnaflokkum og blandna og takmörkunum breytt á eftirfarandi hátt:

1) Í stað fyrsta og annars undirliðar í 1. lið í öðrum dálki 23. færslu komi eftirfarandi:

|  |  |
|--|--|
|  | <p>„1. Ekki leyft til notkunar í blöndur og hluti sem framleiddir eru úr eftirfarandi tilbúnum, lifrænum fjölliðum (hér á eftir nefnd plastefni):</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— fjölliður eða samfjölliður úr vínýlklóríði (PVC) [3904 10] [3904 21]</li> <li>— pólýúretan (PUR) [3909 50]</li> <li>— eðlislétt pólýetýlen (LDPE), að undanskildu eðlisléttu pólýetýleni sem notað er til framleiðslu litarefnablandna [3901 10]</li> <li>— sellulósaasetat (CA) [3912 11]</li> <li>— sellulósaasetatbútýrat (CAB) [3912 11]</li> <li>— epoxýresín [3907 30]</li> <li>— melamínformaldehýðresín (MF) [3909 20]</li> <li>— úreaformaldehýðresín (UF) [3909 10]</li> <li>— ómettaðir pólýesterar (UP) [3907 91]</li> <li>— pólýetýlenterepalat (PET) [3907 60]</li> <li>— pólýbútýlenterepalat (PBT)</li> <li>— glært/venjulegt pólýstýren [3903 11]</li> <li>— akrýlnítrímetýlmetakrílat (AMMA)</li> <li>— víxltengt pólýetýlen (VPE)</li> <li>— höggþolið pólýstýren</li> <li>— pólýprópýlen (PP) [3902 10]</li> </ul> <p>Ekki skal setja blöndur og hluti sem tilgreind eru hér að framan og eru framleidd úr plastefni á markað ef styrkur kadmíums (gefinn upp sem kadmíummálmur) er 0,01% eða meiri miðað við þyngd plastefnisins.“</p> |
|--|--|

2) Í 1. lið annars dálks 23. færslu bætist eftirfarandi undirliður við:

|  |   |
|--|---|
|  | <p>„Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við 69. gr. og eigi síðar en 19. nóvember 2012, fara þess á leit við Efnastofnun Evrópu að hún taki saman málsskjöl í samræmi við kröfurnar í XV. viðauka svo að hægt sé að meta hvort takmarka skuli notkun kadmíums og efnasambanda þess í plastefnum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í 1. undirlið.“</p> |
|--|---|

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 836/2012

2013/EES/28/29

frá 18. september 2012

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi blýi) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skal aðildarríki sem telur að framleiðsla efnis, setning þess á markað eða notkun, hvort sem það er eitt sér, í blöndu eða í hlut, skapi áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem er ekki haldið nægilega vel í skefjum og þurfi að bregðast við, skal það taka saman málsskjöl eftir að hafa tilkynnt Efnastofnun Evrópu (hér á eftir „Efnastofnunin“) um það.
- 2) Hinn 15. apríl 2010 lagði Frakkland málsskjöl fyrir Efnastofnunina, skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, í því skyni að hefja málsmeðferð varðandi takmarkanir í samræmi við 69. til 73. gr. þeirrar reglugerðar. Í þeim málsskjölum var sýnt fram á að vegna þeirrar hegðunar barna að setja hluti upp í sig, sérstaklega barna yngri en 36 mánaða, gætu þau orðið fyrir endurteknum váhrifum af blýi sem losnar úr skartgripum. Slík endurtekin váhrif geta haft í för með sér alvarleg og varanleg taugaatferlisleg og taugaþroskunarfræðileg áhrif, en börn eru sérlega næm fyrir þeim þar eð miðtaugakerfi þeirra er enn að þroskast. Í málsskjölunum er sýnt fram á að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða á vettvangi Sambandsins, til viðbótar við þær ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar, til að koma í veg fyrir váhrif af völdum blýs og sambanda þess í skartgripum eins og frekast er unnt. Til samræmis við það er í málsskjölunum lagt til að bannað verði að setja á markað og nota blý og sambönd þess í skartgripum ef blýmagníð sem flæðir úr þeim er meira en 0,09 µg/cm<sup>2</sup>/klst.
- 3) Í álitinu frá 10. mars 2011 taldi áhættumatsnefndin að heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til

að bregðast við greindri áhættu, með hliðsjón af þeim árangri sem hún skilar við að draga úr áhættunni, sé bann við að setja á markað og nota blý og sambönd þess í skartgripahlutum, hvort sem þeir eru úr málmum eða ekki, ef styrkur blýsins er 0,05% eða meiri af þyngd hvers einstaks hluta, nema ef hægt er að sýna fram á að blýmagníð sem losnar úr honum sé ekki yfir markinu 0,05 µg/cm<sup>2</sup>/klst. (0,05 µg/g/klst.).

- 4) Í álitinu frá 15. september 2011 tók nefndin um félagsgagfræðilega greiningu til athugunar bann við að setja á markað og nota blý og sambönd þess í skartgripum ef blýstyrkurinn er 0,05% eða meiri af þyngd hvers einstaks hluta í þeim. Þessi ráðstöfun var talin sú heppilegasta á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunni með hliðsjón af því að félagslegur og hagrænn ávinningur hennar sé í réttu hlutfalli við félagslegan og hagrænan kostnað af henni. Í ljósi þess að ekki er til flæðiprófunaraðferð sem líkir eftir því þegar hlutir eru settir í munn taldi nefndin um félagsgagfræðilega greiningu að bannið skyldi byggjast á blýinnihaldi í hverjum einstökum hluta skartgripa en ekki á blýmagninu sem losnar úr skartgripunum. Auk þess mælti nefndin um félagsgagfræðilega greiningu með undanþágum vegna kristalglera, glerkennds smeltlakks, innri hlutum úra og einnig eðalsteina og hálféðalsteina sem eru ekki búnir til eða eru endurgerðir.
- 5) Hinn 23. september 2011 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagsgagfræðilega greiningu fyrir framkvæmdastjórnina.
- 6) Vegna skorts á upplýsingum um losun á blýi þegar hlutir eru settir í munn og af því að hentuga valkosti í stað allrar notkunar á kristalgleri og glerkenndu smeltlakki skortir eru hin síðarnefndu undanþegin núverandi ráðstöfun. Auk þess mælti nefndin um félagsgagfræðilega greiningu aðeins með undanþágum fyrir 1. og 2. flokk kristalglera (þ.e. „Full Lead Crystal“ og „Lead Crystal“), eins og skilgreint er í I. viðauka við tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristalgler<sup>(2)</sup>. Þó skulu 3. og 4. flokkur kristalglera („crystal glass, crystallin“), eins og skilgreint er í þeirri tilskipun, einnig undanþegnar takmörkuninni til að tryggja samræmi við undanþáguna sem mælt er fyrir um í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 326, 29.12.1969, bls. 36.

- í rafbúnaði og rafeindabúnaði<sup>(1)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/571/ESB<sup>(2)</sup>, og vegna þess að þeir innihalda minna blý en 1. og 2. flokkur.
- 7) Af sömu ástæðum og eiga við um kristalgler og glerkennt smeltlakk skulu eðalsteinar og hálfedalsteinar, sem eru ekki búnir til eða eru endurgerðir og innihalda ekki blý frá náttúrunnar hendi, vera undanþegnir.
- 8) Innri hlutar úra sem eru neytendum óaðgengilegir skulu undanþegnir takmörkuninni þar eð hægt er að útiloka váhrif frá blýi í þeim hlutum.
- 9) Takmörkun á því að setja notaða skartgrip og antikskartgrip á markað hefði umtalsverð félagsleg og hagræn áhrif þar eð slíkir hlutir myndu glata markaðsvirði sínu í Sambandinu og erfitt yrði að framfylgja henni. Því skulu skartgripir sem settir eru á markað í fyrsta sinn allt að 12 mánuðum eftir að takmörkunin tekur gildi, sem og innfluttir antikskartgripir, undanþegnir takmörkuninni.
- 10) Framkvæmdastjórnin skal endurskoða undanþáguna fyrir kristal, glerkennt smeltlakk og eðalsteina og hálfedalsteina í ljósi nýrra, fyrirliggjandi vísindaupplýsinga, m.a. um blýflæði vegna þessarar undanþegnu notkunar, um framboð á hentugum valkostum og um þróun á aðferðum við flæðiþrófun.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 251, 25.9.2010, bls. 28.

## VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist við eftirfarandi 63. færsla:

|  |   |
|--|---|
| <p>„63. Blý<br/>CAS-nr. 7439-92-1<br/>EB-nr. 231-100-4<br/>og sambönd þess</p> | <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Skal ekki sett á markað eða notað í einstökum hlutum skartgripa ef blýstyrkurinn (gefinn upp sem málmur) í slíkum hluta er 0,05% eða meiri miðað við þyngd.</li> <li>2. Að því er varðar 1. lið:             <ol style="list-style-type: none"> <li>i. „skartgripir“: skartgripir og óekta skartgripir og hárskraut, þ.m.t.:                 <ol style="list-style-type: none"> <li>a) armbönd, hálsfestar og hringar,</li> <li>b) skartgripir sem stungið er í göt,</li> <li>c) armbandsúr og úlnliðsskraut,</li> <li>d) brjóstnælur og ermahnappar,</li> </ol> </li> <li>ii. „einstakur hluti“: efni sem skartgripirnir eru gerðir úr, auk einstakra þátta í skartgripunum.</li> </ol> </li> <li>3. Ákvæði 1. liðar skulu einnig eiga við einstaka hluta þegar þeir eru settir á markað eða notaðir til skartgripagerðar.</li> <li>4. Ákvæði 1. liðar gilda þó ekki um:             <ol style="list-style-type: none"> <li>a) kristalglær eins og það er skilgreint í I. viðauka (1., 2., 3. og 4. flokkur) við tilskipun ráðsins 69/493/EBE<sup>1</sup>,</li> <li>b) innri hluta úra sem eru neytendum óaðgengilegir,</li> <li>c) eðalsteina og hálfedalsteina, sem eru ekki búnir til eða sem eru endurgerðir (SN-númer 7103, eins og ákvarðað var með reglugerð (EBE) nr. 2658/87), nema þeir hafi verið meðhöndlaðir með blýi eða samböndum þess eða blöndum sem innihalda þessi efni,</li> <li>d) smeltlakk, skilgreint sem bræðsluhæfar blöndur sem verða til við samruna, glerjun eða glæðingu jarðefna sem eru brædd við hitastig sem er a.m.k. 500 °C.</li> </ol> </li> <li>5. Ákvæði 1. liðar gilda þó hvorki um skartgripir sem eru settir á markað í fyrsta sinn fyrir 9. október 2013 né um skartgripir sem voru framleiddir fyrir 10. desember 1961.</li> <li>6. Framkvæmdastjórnin skal endurmeta þessa færslu fyrir 9. október 2017 í ljósi nýrra vísindaupplýsinga, þ.m.t. um framboð á valkostum og um blýflæði úr hlutunum sem um getur í 1. lið og, ef við á, breyta þessari færslu til samræmis við það.“</li> </ol> |
|--|---|

(<sup>1</sup>) Stjórnartíð. EB L 326, 29.12.1969, bls. 36.

## Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB

2013/EES/28/30

frá 2. ágúst 2012

## um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga þá að tækniframförum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í kjölfar birtingar vísindarannsóknar árið 2001, sem ber yfirskriftina: „Notkun á varanlegum hárlitunarefnum og áhætta á krabbameini í þvagblöðru“ (e. *Use of permanent hair dyes and bladder cancer risk*), komst vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, en í stað hennar kom vísindanefndin um neysluvörur (SCCP) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/210/EB<sup>(2)</sup>, að þeirri niðurstöðu að hugsanlegir áhættuþættir væru áhyggjuefni. Vísindanefndin um neysluvörur mælti með því að framkvæmdastjórnin gerði frekari ráðstafanir til að hafa eftirlit með notkun hárlitunarefna.
- 2) Vísindanefndin um neysluvörur mælti enn fremur með heildaráætlun um öryggismat á hárlitunarefnum þar sem gerðar væru kröfur um prófun á hugsanlegum erfðaeiturhrifum eða stökkbreytandi hrifum efna sem eru notuð í hárlitunarvörur.
- 3) Í kjölfar álits vísindanefndarinnar um neysluvörur komst framkvæmdastjórnin að samkomulagi við aðildarríkin og hagsmunaaðila um heildaráætlun um að setja reglur um efni, sem eru notuð í hárlitunarvörur, en samkvæmt henni er þess krafist að aðilar iðngreinarinnar leggi fram skrár með uppfærðum vísindagögnum um öryggi hárlitunarefna, sem vísindanefndin um neysluvörur á að meta.
- 4) Vísindanefndin um neysluvörur, en í hennar stað kom vísindanefnd um öryggi neytenda (SCCS) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB frá 5. ágúst 2008 um að koma á ráðgjafakerfi vísindanefnda og sérfræðinga á sviði sem varðar öryggi neytenda, lýðheilsu og umhverfismál og um niðurfellingu á

ákvörðun 2004/210/EB<sup>(3)</sup>, mat öryggi einstakra efna sem iðnaðurinn hafði lagt fram uppfærðar skrár fyrir.

- 5) Síðasta skrefið í áætluninni um öryggismat var að leggja mat á hugsanlega heilbrigðisáhættu fyrir neytendur af völdum myndefna sem oxandi hárlitunarefni mynda meðan á hárlitunarferlinu stendur. Í álitinu frá 21. september 2010 taldi vísindanefndin um öryggi neytenda, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að erfðaeiturhrif og krabbameinsvaldandi áhrif hárlitunarefna og myndefna þeirra, sem nú eru í notkun í Sambandinu, væru ekki verulegt áhyggjuefni.
- 6) Með hliðsjón af áhættumati á framlögðum öryggisgögnum og lokaáliti vísindanefndarinnar um öryggi einstakra efna og myndefna er rétt að færa á skrá í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE þau 24 hárlitunarefni sem búið er að meta og sem ekki eru settar reglur um í tilskipun 76/768/EBE.
- 7) Efnin hýdroxýetýl-2-nítro-p-tólúidín og HC Red nr. 10 + HC Red nr. 11 voru leyfð til bráðabirgða til notkunar í hárlitunarvörur til 31. desember 2011, samkvæmt þeim takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 10. og 50. færslu í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE. Samkvæmt lokaáliti vísindanefndarinnar um öryggi neytenda á öryggi hýdroxýetýl-2-nítro-p-tólúidíns og HC Red nr. 10 + HC Red nr. 11 geta þau talist örugg í hárlitunarvörur og skulu skráð í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.
- 8) Að loknu mati vísindanefndarinnar um öryggi neytenda varðandi efnin 1-naftól og resorsínól, sem skráð eru í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, er rétt að breyta leyfilegum hámarksstyrk þeirra í fullunnu snyrtivörunni.
- 9) Að því er varðar efnið HC Red nr. 16 lýsti vísindanefndin um öryggi neytenda því yfir, í álitinu frá 14. desember 2010, að á grundvelli lágra öryggismarkna fyrir notkun í bæði oxandi samsetningum hárlitunarefna og samsetningum hárlitunarefna, sem ekki eru oxandi, hafi HC Red nr. 16. í för með sér áhættu fyrir heilbrigði neytenda. Því skal skrá HC Red nr. 16 í II. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 208, 3.8.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 66, 4.3.2004, bls. 45.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21.

- 10) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. mars 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. september 2013.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau

eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;*

*forseti.*

José Manuel BARROSO



## VIÐAUKI

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka bætist eftirfarandi færsla við:

| Tilvisunarnúmer | Efnahætti   | CAS-númer/EB-númer                |
|-----------------|---|-----------------------------------|
| „1373           | N-(2-nítró-4-aminófenýl)-allýlamin (HC Red nr. 16) og sólt þess | CAS-nr. 160219-76-1 <sup>44</sup> |

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi færslur bætist við:

| Tilvisunarnúmer | Efni  | Takmarkanir   |   |  | Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimíðanum |
|-----------------|---|---|---|--|--|
|                 |   | Notkunarsvið  | Leyfilegur hámarksstyrkur í fulluminni snyrtivöru | Aðrar takmarkanir og kröfur  |  |
| a               | b   | c   | d   | e  | f  |
| „253            | 2,2'-[(4-aminófenýl)iminó]bis(etanól)súlfat<br>N,N-bis(2-hýdroxyetyl)-p-fenýlendiamínsúlfat<br>CAS-nr. 54381-16-7<br>EB-nr. 259-134-5 | Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum   |   |  | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205     |
| 254             | 1,3-bensendiól, 4-klór-4-klóröresorsínól<br>CAS-nr. 95-88-5<br>EB-nr. 202-462-0   | Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum   |   | Eftir blöndun við oxandi hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarvörum yfir 2,5% (reiknað sem súlfat)<br>– Notist ekki með nítrósamín-myndandi efnum<br>– Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg<br>– Geymist í flátum sem innihalda ekki nitrit | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205     |
| 255             | 2,4,5,6-tetraaminópýrimídinsúlfat<br>Tetraaminópýrimídinsúlfat<br>CAS-nr. 5392-28-9<br>EB-nr. 226-393-0                               | a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum<br>b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi | b) 3,4% (reiknað sem súlfat)                      | a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarvörum yfir 3,4% (reiknað sem súlfat)   | a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205  |

| a   | b   | c   | d       | e  | f   |
|-----|---|---|---------|--|---|
| 256 | 3-(2-hýdroxyetyl)-p-fenýlendiammóníum-súlfát<br>Hýdroxyetyl-p-fenýlendiamínsúlfát<br>CAS-nr. 93841-25-9<br>EB-nr. 298-995-1 | Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum   |         | Eftir blöndun við oxandi má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 2,0% (reiknað sem súlfát)               | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205  |
| 257 | 1H-indól-5,6-díól<br>Dihýdroxyindól<br>CAS-nr. 3131-52-0<br>EB-nr. 412-130-9  | a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum<br>b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi | b) 0,5% | a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,5%                        | a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205<br>b) Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunarnúmeri 208 |
| 258 | 5-aminó-4-klor-2-metylfenólhýdróklóríð<br>5-aminó-4-klor-o-kresól HCl<br>CAS-nr. 110102-85-7                                | Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum   |         | Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,5% (reiknað sem hýdróklóríð) | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205  |
| 259 | 1H-indól-6-ól<br>6-hýdroxyindól<br>CAS-nr. 2380-86-1<br>EB-nr. 417-020-4  | Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum   |         | Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 0,5%                           | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205  |
| 260 | 1H-indól-2,3-díón<br>Ísatín<br>CAS-nr. 91-56-5<br>EB-nr. 202-077-8  | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi  | 1,6%    |  | Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunarnúmeri 208   |
| 261 | 2-aminópýridín-3-ól<br>2-aminó-3-hýdroxýpýridín<br>CAS-nr. 16867-03-1<br>EB-nr. 240-886-8                                   | Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum   |         | Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hár ekki fara yfir 1,0%                           | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205  |

| a   | b   | c  | d  | e   | f   |
|-----|---|--|--|---|---|
| 262 | 2-metýl-1-naftýlasetat<br>1-asetoxý-2-metýlnaftalín<br>CAS-nr. 5697-02-9<br>EB-nr. 454-690-7                                      | Hárlitunarefni í oxandi<br>hárlitunarvörum   |  | Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarefni 2,0% (þegar samsetning hárlitunarefna inniheldur bæði 2-metýl-1-naftól og 1-asetoxý-2-metýlnaftalín má hámarksstyrkur 2-metýl-1-naftóls á höfðinu ekki fara yfir 2,0%.) | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205  |
| 263 | 1-hýdroxý-2-metýlnaftalín<br>2-metýl-1-naftól<br>CAS-nr. 7469-77-4<br>EB-nr. 231-265-2  | Hárlitunarefni í oxandi<br>hárlitunarvörum   |  | Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarefni 2,0% (þegar samsetning hárlitunarefna inniheldur bæði 2-metýl-1-naftól og 1-asetoxý-2-metýlnaftalín má hámarksstyrkur 2-metýl-1-naftóls á höfðinu ekki fara yfir 2,0%.) | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205  |
| 264 | Tvínatríum-5,7-dínitró-8-oxíðó-2-naftalensúlfónat<br>Acid Yellow 1<br>CAS-nr. 846-70-8<br>EB-nr. 212-690-2<br>Litaskrá (CI) 10316 | a) Hárlitunarefni í oxandi<br>hárlitunarvörum<br>b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi | a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarefni 1,0%<br>b) 0,2% | a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarefni 1,0%<br>b) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarefni 0,5%  | a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205<br>b) Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunarnúmeri 208 |
| 265 | 4-nitró-1,2-fenýlendíamín<br>4-nitró-o-fenýlendíamín<br>CAS-nr. 99-56-9<br>EB-nr. 202-766-3                                       | Hárlitunarefni í oxandi<br>hárlitunarvörum   |  | Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarefni 0,5%  | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205  |
| 266 | 2-(4-aminó-nitróamínó)etanól<br>HC Red nr. 7<br>CAS-nr. 24905-87-1<br>EB-nr. 246-521-9  | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi   | 1,0%   | – Notist ekki með nitrósaminnýndandi efnum<br>– Hámarksinnihald nitrósamina: 50 µg/kg<br>– Geymist í flátum sem innihalda ekki nitrít   | Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunarnúmeri 208   |

| a   | b   | c   | d  | e  | f  |
|-----|---|---|--|--|--|
| 267 | 2-[bis(2-hydroxyetyl)amínó]-5-nitrófénól<br>HC Yellow nr. 4<br>CAS-nr. 59820-43-8<br>EB-nr. 428-840-7                 | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi  | 1,5%   | <ul style="list-style-type: none"> <li>- Notist ekki með nitrosamínmyndandi efnum</li> <li>- Hámarksinnihald nitrosamína: 50 µg/kg</li> <li>- Geymist í flátum sem innihalda ekki nítít</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>- Notist ekki með nitrosamínmyndandi efnum</li> <li>- Hámarksinnihald nitrosamína: 50 µg/kg</li> <li>- Geymist í flátum sem innihalda ekki nítít</li> </ul> |
| 268 | 2-[(2-nitrófeny)amínó]etanól<br>HC Yellow nr. 2<br>CAS-nr. 4926-55-0<br>EB-nr. 225-555-8                              | <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum</li> <li>b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarvörum 0,75%</li> <li>Að því er varðar a- og b-lið:</li> <li>- Notist ekki með nitrosamínmyndandi efnum</li> <li>- Hámarksinnihald nitrosamína: 50 µg/kg</li> <li>- Geymist í flátum sem innihalda ekki nítít</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>- Notist ekki með nitrosamínmyndandi efnum</li> <li>- Hámarksinnihald nitrosamína: 50 µg/kg</li> <li>- Geymist í flátum sem innihalda ekki nítít</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunúmeri 205</li> </ul>   |
| 269 | 4-[(2-nitrófeny)amínó]fénól<br>HC Orange nr. 1<br>CAS-nr. 54381-08-7<br>EB-nr. 259-132-4                              | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi  | 1,0%   | <ul style="list-style-type: none"> <li>- Notist ekki með nitrosamínmyndandi efnum</li> <li>- Hámarksinnihald nitrosamína: 50 µg/kg</li> <li>- Geymist í flátum sem innihalda ekki nítít</li> </ul> | Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunúmeri 208   |
| 270 | 2-nitró-N1-feny]bensen-1,4-diamín<br>HC Red nr. 1<br>CAS-nr. 2784-89-6<br>EB-nr. 220-494-3                            | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi  | 1,0%   | <ul style="list-style-type: none"> <li>- Notist ekki með nitrosamínmyndandi efnum</li> <li>- Hámarksinnihald nitrosamína: 50 µg/kg</li> <li>- Geymist í flátum sem innihalda ekki nítít</li> </ul> | Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunúmeri 208   |
| 271 | 1-metoxý-3-(β-aminóetyl)amínó-4-nitróbensen, hýdróklóríð<br>HC Yellow nr. 9<br>CAS-nr. 86419-69-4<br>EB-nr. 415-480-1 | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi  | 0,5% (reiknað sem hýdróklóríð)   | <ul style="list-style-type: none"> <li>- Notist ekki með nitrosamínmyndandi efnum</li> <li>- Hámarksinnihald nitrosamína: 50 µg/kg</li> <li>- Geymist í flátum sem innihalda ekki nítít</li> </ul> | Eins og getið er í f-dálki undir tilvísunúmeri 208   |

| a   | b  | c   | d  | e  | f   |
|-----|--|---|--|--|---|
| 272 | 1-(4'-aminófenýlasó)-2-metýl-4-(bis-2-hýdroxyetýl)amínóbensen<br>HC Yellow nr. 7<br>CAS-nr. 104226-21-3<br>EB-nr. 146-420-6                                | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi  | 0,25%  |  |   |
| 273 | N-(2-hýdroxyetýl)-2-nitró-4-trifluormetýl-anilín<br>HC Yellow nr. 13<br>CAS-nr. 10442-83-8<br>EB-nr. 443-760-2   | a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunarvörum<br>b) Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi | b) 2,5%  | a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunarvörum 2,5%<br>Að því er varðar a- og b-lið:<br>– Notist ekki með nitrósamín-myndandi efnum<br>– Hámarksinnihald nitrósamína: 50 µg/kg<br>– Geymist í flátum sem innihalda ekki nítít | a) Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205 |
| 274 | Bensenamín, 3-[(4,5-dihýdró-3-metýl-5-oxó-1-fenýl-1H-pýrasól-4-ý)asó]-N,N,N-trimetýl-, klóríð<br>Basic Yellow 57<br>CAS-nr. 68391-31-1<br>EB-nr. 269-943-5 | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi  | 2,0%   |  |   |
| 275 | Etanól, 2,2'-[[4-[(4-aminófenýl)asó]fenýl]imínó]bis-<br>Disperse Black 9<br>CAS-nr. 20721-50-0<br>EB-nr. 243-987-5   | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi  | 0,3% (af blöndunni í hlutföllunum 1:1 úr 2,2'-[4-aminófenýl]asó fenýlímínó]dítanól og lignósúlfat) |  |   |
| 276 | 9,10-antrasendíón, 1,4-bis[(2,3-dihýdroxyprópyl)amínó]-<br>HC Blue nr. 14<br>CAS-nr. 99788-75-7<br>EB-nr. 421-470-7  | Hárlitunarefni í hárlitunarvörum sem ekki eru oxandi  | 0,3%   | – Notist ekki með nitrósamín-myndandi efnum<br>– Hámarksinnihald nitrósamína: 50 µg/kg<br>– Geymist í flátum sem innihalda ekki nítít  |   |

|     |   |   |         |   |   |
|-----|---|---|---------|---|---|
| 277 | 2-(4-metýl-2-nítróamílinó)etanól<br>Hýdroxyetýl-2-nítró-p-tólúidín<br>CAS-nr. 100418-33-5<br>EB-nr. 408-090-7   | a) Hárlítunarefni í oxandi hárlítunarvörum<br>b) Hárlítunarefni í hárlítunarvörum sem ekki eru oxandi | b) 1,0% | a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárk ekki fara yfir 1,0%<br>Að því er varðar a- og b-lið:<br>– Notist ekki með nítrósamín-myndandi efnum<br>– Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg<br>– Geymist í flátum sem innihalda ekki nítrít | a) Ems og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205  |
| 278 | 1-aminó-2-nítró-4-(2,3'-díhýdroxyprópyl)amínó-5-klórbensen + 1,4-bis-(2,3'-díhýdroxyprópyl)amínó-2-nítró-5-klórbensen<br>HC Red nr. 10 + HC Red nr. 11<br>CAS-númer 95576-89-9 + 95576-92-4 | a) Hárlítunarefni í oxandi hárlítunarvörum<br>b) Hárlítunarefni í hárlítunarvörum sem ekki eru oxandi | b) 2,0% | a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárk ekki fara yfir 1,0%<br>Að því er varðar a- og b-lið:<br>– Notist ekki með nítrósamín-myndandi efnum<br>– Hámarksinnihald nítrósamína: 50 µg/kg<br>– Geymist í flátum sem innihalda ekki nítrít | a) Ems og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205“ |

ii. Í stað færslanna undir tilvísunarnúmerunum 16 og 22 komi eftirfarandi:

| Tilvísunarnúmer | Efni  | Takmarkanir                             |  |   | Notkunarski lýrði og varnðarorð sem prenta verður á merkimíðanum |
|-----------------|---|---|--|---|--|
|                 |   | Notkunarsvið                            | Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru | Aðrar takmarkanir og kröfur   |  |
| a               | b   | c                                       | d  | e   | f  |
| „16             | 1-naftalenól<br>1-naftól<br>CAS-nr. 90-15-3<br>EB-nr. 201-969-4 | Hárlítunarefni í oxandi hárlítunarvörum |  | Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárk ekki fara yfir 2,0% | Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvísunarnúmeri 205     |

| a  | b  | c  | d       | e   | f  |
|----|--|--|---------|---|--|
| 22 | 1,3-bensendiól<br>Resorsínól<br>CAS-nr. 108-46-3<br>EB-nr. 203-585-2 | a) Hárlitunarefni í oxandi hárlitunaryörum<br>1. Til almennrar notkunar<br>2. Til faglegrar notkunar<br><br>b) Hársnyrtivökvar og hárfvottalegir | b) 0,5% | a) Eftir blöndun við oxandi skilyrði má hámarksstyrkur við notkun í hárlitunaryörum 1,25% | a) 1. Inniheldur resorsínól<br>Skolið hárið vel efir notkun.<br><br>Má ekki nota til litunar á augnhárum og augabrúnum.<br>Skolið augun strax ef varan kemst í snertingu við þau.<br>Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205.<br>2. Eingöngu til nota í atvinnu-skynti<br>Inniheldur resorsínól.<br>Skolið augun strax ef varan kemst í snertingu við þau.<br>Eins og getið er í a-lið, f-dálki undir tilvisunarnúmeri 205<br><br>b) Inniheldur resorsínól. <sup>44</sup> |

b) Í 2. hluta fális brott færslur undir tilvisunarnúmerum 10 og 50.

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2011/63/ESB

2013/EES/28/31

frá 1. júní 2011

## um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB um gæði bensíns og díseldsneytis í því skyni að laga hana að tækniframförum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og díseldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 98/70/EB er kveðið á um umhverfisstærðir og greiningaraðferðir fyrir bensín og díseldsneyti sem er sett á markað.
- 2) Þær greiningaraðferðir vísa til tiltekinna staðla sem Staðlasamtök Evrópu hafa sett. Í ljósi þess að Staðlasamtök Evrópu hafa látið nýja staðla koma í þeirra stað í kjölfar tækniframfara er rétt að uppfæra tilvísanirnar til þeirra staðla í I. og II. viðauka við tilskipun 98/70/EB.
- 3) Í III. viðauka við tilskipun 98/70/EB er kveðið á um undanþágu varðandi leyfilegan gufuþrýsting fyrir bensín sem inniheldur lífetanól. Tölurnar í þeim viðauka eru námundaðar með tveimur aukastöfum. Í staðli EN ISO (Alþjóðlegu staðlasamtökin) 4259:2006 eru reglurnar um námundun niðurstaðna skilgreindar samkvæmt nákvæmni prófunaraðferðarinnar og gerð sú krafa að námundað sé með einum aukastaf. Því er rétt er breyta tölunum, sem settar eru fram í III. viðauka við tilskipun 98/70/EB, til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um gæði eldsneytis sem komið var á fót skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/70/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr:

Tilskipun 98/70/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað 1. neðanmálgreinar komi eftirfarandi:

„<sup>(1)</sup>Prófunaraðferðir skulu tilgreindar í EN 228:2008. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja aðra greiningaraðferð en EN 228:2008 svo fremi sýna megi fram á að hún gefi a.m.k. sömu nákvæmni og sömu samkvæmni og greiningaraðferðin sem hún kemur í staðinn fyrir.“

- b) Í stað 6. neðanmálgreinar komi eftirfarandi:

„<sup>(6)</sup>Önnur eingild alkóhól og eterar með lokasuðumarki sem er ekki hærri en tilgreint er í EN 228:2008.“

- 2) Í stað 1. neðanmálgreinar í II. viðauka komi eftirfarandi:

„<sup>(1)</sup>Prófunaraðferðir skulu tilgreindar í EN 590:2009. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja aðra greiningaraðferð en EN 590:2009 svo fremi sýna megi fram á að hún gefi a.m.k. sömu nákvæmni og sömu samkvæmni og greiningaraðferðin sem hún kemur í staðinn fyrir.“

- 3) Í stað III. viðauka komi textinn í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr:

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tólf mánuðum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindunum.

Þau skulu beita þessum ákvæðum innan 12 mánaða eftir að þessi tilskipun birtist í Stjórnartíðindunum.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 147, 2.6.2011, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.



3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.  
Gjört í Brussel 1. júní 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

**UNDANÞÁGA VARÐANDI LEYFILEGAN GUFUÞRÝSTING FYRIR BENSÍN SEM INNIHELDUR LÍFETANÓL**

| Innihald lífetanóls í % (rúmmálshlutfall) | Undanþága varðandi leyfilegan gufuþrýsting (kPa) <sup>(1)</sup> |
|---|---|
| 0   | 0   |
| 1   | 3,7   |
| 2   | 6,0   |
| 3   | 7,2   |
| 4   | 7,8   |
| 5   | 8,0   |
| 6   | 8,0   |
| 7   | 7,9   |
| 8   | 7,9   |
| 9   | 7,8   |
| 10  | 7,8   |

(<sup>1</sup>) Gildin, sem eru tilgreind í tækniforskrifinni, eru „raungildi“. Við ákvörðun á viðmiðunarmörkum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (EN ISO) 4259:2006 „Petroleum products — Determination and application of precision data in relation to methods of test“ og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í EN ISO 4259:2006.

Undanþága varðandi leyfilegan gufuþrýsting fyrir innihald lífetanóls á milli gildanna sem hér eru tilgreind skal ákvörðuð með línulegum innreikningi milli gildanna fyrir lífetanólinnihaldið sem eru næst fyrir ofan og næst fyrir neðan milligildið.“

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 932/2012

2013/EES/28/32

frá 3. október 2012

## um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun þurrkara til heimilisnota (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB skal framkvæmdastjórnin setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur, sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta, að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhöflegur kostnaður.
  - 2) Í a-lið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli innleiða framkvæmdarráðstöfun fyrir heimilistæki, eftir því sem við á, þ.m.t. þurrkara til heimilisnota.
  - 3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á þurrkurum til heimilisnota, sem venjulega eru notaðir á heimilum. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.
  - 4) Undir reglugerð þessa falla vörur sem hannaðar eru til að þurrka þvott á heimilum.
  - 5) Sambyggðar þvottavélar og þurrkarar til heimilisnota hafa sérstaka eiginleika og skulu því undanþegnar gildissviði þessarar reglugerðar.
- 6) Sá umhverfisþáttur þurrkara til heimilisnota sem talinn er mikilvægur hvað varðar þessa reglugerð er orkunotkun á notkunartíma. Árleg raforkunotkun þurrkara til heimilisnota var áætluð 21 TWh í Evrópusambandinu á árinu 2005. Ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana er því spáð að raforkunotkunin verði 31 TWh árið 2020. Undirbúningsrannsóknin sýnir að draga má umtalsvert úr orkunotkun vara sem falla undir þessa reglugerð.
  - 7) Undirbúningsrannsóknin sýnir að kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB eru ekki nauðsynlegar þar sem orkunotkun þurrkara til heimilisnota á notkunartímanum er langmikilvægasti umhverfisþátturinn. Í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu aðildarríkin ekki banna, takmarka eða hindra að þurrkarar til heimilisnota séu settir á markað, og/eða teknir í notkun á þeirra yfirráðasvæði, á grundvelli krafna varðandi visthönnun er varða þá mæliþætti visthönnunar, sem um getur í 1. hluta 1. viðauka þeirrar tilskipunar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð að kröfur varðandi visthönnun séu ekki nauðsynlegar.
  - 8) Bæta skal orkunotkun þurrkara til heimilisnota sem falla undir þessa reglugerð með því að beita fyrirbyggjandi, kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þær vörur.
  - 9) Kröfur varðandi visthönnun skulu ekki hafa áhrif á virkni frá sjónarhóli endanlegs notanda og skulu ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið. Einkum skal ávinningurinn af því að draga úr orkunotkun á notkunartíma vera meiri en öll viðbótarumhverfisáhrif á framleiðslu- og förgunarstigi.
  - 10) Kröfur varðandi visthönnun skulu innleiddar í áföngum til að veita framleiðendum hæfilegan tímaramma til að endurhanna vörur sem falla undir þessa reglugerð. Tímasetningin skal miða að því að forðast neikvæð

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 278, 12.10.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

- áhrif á virkni búnaðar á markaði og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á endanlega notendur og framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.
- 11) Mælingar á viðeigandi mæliþáttum vara skulu gerðar með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðar-nákvæmar mæliaðferðir sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópu-þingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsinga-samfélaginu<sup>(1)</sup>.
  - 12) Í samræmi við 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal í þessari reglugerð tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.
  - 13) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum skulu framleiðendur veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tæknigögnunum sem um getur í V. og VI. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
  - 14) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal tilgreina viðmiðanir fyrir bestu, fánlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika vara sem falla undir þessa reglugerð á vistferlinum.
  - 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

#### SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

##### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað þurrkara til heimilisnota og innbyggða þurrkara, sem nota rafmagn eða eru gaskyntir, þ.m.t. þeir sem eru seldir til annarra nota en heimilisnota.

2. Þessi reglugerð gildir hvorki um sambyggðar þvottavélar og þurrkara til heimilisnota né þeytivindur til heimilisnota.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „þurrkari til heimilisnota“: tæki sem textílefni eru þurrkuð í með því að láta þau snúast í tromlu og hitað loft streyma í gegnum og er hannað fyrst og fremst til notkunar í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni,
- 2) „innbyggður þurrkari til heimilisnota“: þurrkari til heimilisnota ætlaður til uppsetningar í skáp, tilbúnu skoti í vegg eða svipuðum stað þar sem ganga þarf frá innréttingunni,
- 3) „sambyggð þvottavél og þurrkari til heimilisnota“: þvottavél til heimilisnota sem er búin útdrætti með þeytivindu og getur þurrkað textílefni, venjulega með hitun og snúningi,
- 4) „þeytivinda til heimilisnota (e.spin-extractor)“, einnig þekkt sem „þeytivinda (e. spin-drier)“: búnaður þar sem vatn er fjarlæggt úr textílefnum með miðflóttaaflí í snúningstromlu og losað með sjálfvirkri dælu, sem er hönnuð fyrst og fremst til notkunar í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni,
- 5) „lofttræstur þurrkari“: þurrkari sem tekur inn ferskt loft, flytur það um textílefni og hleypir raka loftinu því næst út í herbergið eða út,
- 6) „þurrkari með gufubétti“: þurrkari sem inniheldur búnað (sem notast við þéttingu eða annars konar aðferð) til að fjarlægja raka úr loftinu sem notað er í þurrkunarferlinu,
- 7) „sjálfvirkur þurrkari“: þurrkari sem slekkur á þurrkunarferlinu þegar tiltekið rakainnihald þvotts er numið, t.d. með því að skynja eðlisleiðni eða hitastig,
- 8) „þurrkari sem er ekki sjálfvirkur“: þurrkari sem slekkur á þurrkunarferlinu eftir fyrirfram skilgreindan tíma, venjulega stillt með tímamæli, en sem einnig er hægt að slökkva á handvirkt,
- 9) „kerfi“: röð aðgerða sem eru skilgreindar fyrirfram og framleiðandinn hefur tilgreint að séu viðeigandi fyrir þurrkun á tilteknum tegundum textílefna,
- 10) „lota“: heilt þurrkunarferli, eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi,
- 11) „tímalengd kerfis“: tíminn sem liður frá því að kerfið er sett af stað þar til kerfinu lýkur, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af endanlegum notanda,
- 12) „nafnafköst“: hámarksmassi í kílógrömmum, sem framleiðandi gefur upp, með 0,5 kg bili fyrir þurr textílefni af tiltekinni tegund, sem hægt er að meðhöndla í þurrkara til heimilisnota á völdu kerfi, þegar hann er hlaðinn í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda,

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

- 13) „hlutahleðsla“: helmingur nafnakasta þurrkara til heimilisnota á tilteknu kerfi,
- 14) „þéttingarafköst“: hlutfall rakamassa sem þéttist í þurrkara með gufuþétti og massa rakans sem er fjarlægður úr þvottinum við lok lotunnar,
- 15) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem slökkt er á þurrkara til heimilisnota með stjórnækjum búnaðarins eða rofum sem eru aðgengilegir og ætlaðir til notkunar fyrir endanlegan notanda við venjulega notkun til þess að ná lægstu aflþörf í óákveðinn tíma á meðan þurrkari til heimilisnota er tengdur við afgjafa og notaður í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda; ef engin stjórnækki eða rofi eru aðgengileg fyrir endanlegan notanda, er „slökkt á búnaði“ ástand þurrkara til heimilisnota þegar hann fer sjálfkrafa aftur í stöðugt ástand aflþarfar,
- 16) „reiðuhumur eftir notkun“: hamur með minnstu aflþörf sem getur varað í ótiltekinn tíma eftir að kerfi lýkur án nokkurra frekari afskipta endanlegs notanda annarra en losun þurrkara til heimilisnota,
- 17) „sambærilegur þurrkari til heimilisnota“: tegund þurrkara til heimilisnota sem settur er á markað með sömu nafnaköst, tækni- og nothæfiseiginleika, orkunotkun, þéttingarafköst eftir því sem við á, tímalengd staðalbaumullarkerfis og hávaðamengun sem berst í lofti við þurrkun og önnur tegund þurrkara til heimilisnota sem sami framleiðandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri,
- 18) „staðalbaumullarkerfi“: lota þar sem baðmullarþvottur með upphaflegt 60% rakainnihald er þurrkaður þar til rakainnihald sem eftir er verður 0%.

3. gr.

#### Kröfur varðandi visthönnun

Almennu kröfurnar varðandi visthönnun þurrkara til heimilisnota eru settar fram í lið 1. í I. viðauka. Sérteknu kröfurnar varðandi visthönnun þurrkara til heimilisnota eru settar fram í lið 2. í I. viðauka.

Engin krafa varðandi visthönnun er nauðsynlegar varðandi aðra mæliþætti visthönnunar sem um getur í 1. hluta í I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB.

4. gr.

#### Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunarefirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

2. Að því er varðar samræmismat skv. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu tæknigögnin innihalda afrit af útreikningunum sem settir eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar af þurrkara til heimilisnota hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum sambærilegum þurrkurum til heimilisnota, eða hvort tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Í slíkum tilvikum skulu tæknigögnin einnig innihalda skrá yfir allar sambærilegar tegundir þurrkara til heimilisnota þar sem upplýsinganna í tæknigögnunum hefur verið aflað á sama hátt.

5. gr.

#### Sannpröfunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita sannpröfunaraðferðinni sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

#### Viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu þurrkarana til heimilisnota sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í IV. viðauka.

7. gr.

#### Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fimm árum eftir að hún öðlast gildi og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun. Við endurskoðunina skal einkum meta vikmörk sannpröfananna sem sett eru fram í III. viðauka ásamt orkunýtni loftræstra tækja.

8. gr.

#### Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún gildir frá og með 1. nóvember 2013.

Eigi að síður:

- a) skulu almennu kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í liðum 1.1 og 1.2. í I. viðauka gilda frá 1. nóvember 2014,
- b) skulu sérteknu kröfurnar varðandi visthönnun sem settar eru fram í lið 2.2 í I. viðauka gilda frá 1. nóvember 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. október 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

*I. VIÐAUKI*

**Kröfur varðandi visthönnun**

**1. Almennar kröfur varðandi visthönnun**

- 1.1. Við útreikning á orkunotkun og öðrum kennistærðum þurrkara til heimilisnota skal nota lotu sem þurrkar baðmullarþvott (þar sem upphaflegt rakainnihald þvottarins er 60%) þar til rakainnihald sem eftir er í þvottinum er orðið 0% (hér á eftir „staðalbaðmullarkerfi“). Lotan skal vera auðgreinanleg á búnaði til að velja kerfi þurrkara til heimilisnota, eða á skjá þurrkara til heimilisnota ef hann er fyrir hendi, eða á hvoru tveggja, og tilgreind sem „staðalbaðmullarkerfi“ eða með samræmdu tákni eða viðeigandi samblandi af þessu tvennu, og skal vera sjálfgefin lota þurrkara til heimilisnota sem eru búnir sjálfvirku kerfisvali eða hvers konar sjálfvirku vali á þurrkunarkerfi eða viðhaldi á kerfi sem valið er. Ef þurrkarinn er sjálfvirkur þurrkari skal „staðalbaðmullarkerfið“ vera sjálfvirkt.
- 1.2. Bæklingur með leiðbeiningum framleiðanda skal innihalda upplýsingar um:
  - a) „staðalbaðmullarkerfi“ og skal tilgreina að það henti til að þurrka eðlilega blautan baðmullarþvott, og að það sé nýtnasta kerfið m.t.t. orkunotkunar miðað við þurrkun á blautum baðmullarþvotti,
  - b) aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun,
  - c) leiðbeinandi upplýsingar um tímalengd þvottakerfis og orkunotkun helstu þurrkunarkerfa miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu, eftir því sem við á,

**2. Sérstækar kröfur varðandi visthönnun**

Þurrkarar til heimilisnota skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

- 2.1. Frá 1. nóvember 2013:
  - skal orkunýtnistuðull (EEI) vera lægri en 85,
  - skulu vegin þéttingarafköst þurrkara til heimilisnota með gufuþétti ekki vera undir 60%.
- 2.2. Frá 1. nóvember 2015:
  - skal orkunýtnistuðull (EEI) þurrkara til heimilisnota með gufuþétti vera lægri en 76,
  - skulu vegin þéttingarafköst þurrkara til heimilisnota með gufuþétti ekki vera undir 70%.

Orkunýtnistuðull (EEI) og vegin þéttingarafköst eru reiknuð út í samræmi við II. viðauka.

---

## II. VIÐAUKI

## Aðferð til að reikna út orkunýtnistuðul og vegin þéttingarafköst

## 1. ÚTREIKNINGUR ORKUNÝTNISTUÐULS

Við útreikning á orkunýtnistuðli (EEI) tegundar þurrkara til heimilisnota er vegin, árleg orkunotkun þurrkara til heimilisnota miðuð við staðalþaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu borin saman við staðlaða, árlega orkunotkun hennar.

- a) Orkunýtnistuðullinn (EEI) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI = \frac{AE_C}{SAE_C} \times 100$$

þar sem:

- $AE_C$  = vegin, árleg orkunotkun þurrkara til heimilisnota,
- $SAE_C$  = stöðluð, árleg orkunotkun þurrkara til heimilisnota.

- b) Stöðluð, árleg orkunotkun ( $SAE_C$ ) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

- fyrir alla þurrkara til heimilisnota sem eru ekki loftræstir:

$$SAE_C = 140 \times C^{0,8}$$

- fyrir loftræsta þurrkara til heimilisnota:

$$SAE_C = 140 \times C^{0,8} - \left( 30 \times \frac{T_t}{60} \right)$$

þar sem:

$C$  eru nafnafköst þurrkara til heimilisnota miðuð við staðalþaðmullarkerfi,

$T_t$  er vegin tímalengd kerfis miðuð við staðalþaðmullarkerfi.

- c) Vegin, árleg orkunotkun ( $AEC$ ) er reiknuð í kWh/ári og er námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

$$i. \quad AEC = E_t \times 160 + \frac{\left[ P_o \times \frac{525\,600 - (T_t \times 160)}{2} + P_1 \times \frac{525\,600 - (T_t \times 160)}{2} \right]}{60 \times 1\,000}$$

þar sem:

- $E_t$  = vegin orkunotkun, í kWh og námunduð með tveimur aukastöfum,
- $P_o$  = afl „þegar slökkt er á búnaði“ miðuð við staðalþaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í W og námundað með tveimur aukastöfum,
- $P_1$  = afl í „reiðuham eftir notkun“ miðuð við staðalþaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í W og námundað með tveimur aukastöfum,
- $T_t$  = vegin tímalengd kerfis, í mínútum og námundað að næstu mínútu,
- 160 = heildarfjöldi þurrkunarlotna á ári.

- ii. Ef þurrkari til heimilisnota er búinn orkustjórnunarkerfi og slekkur sjálfkrafa á sér við lok kerfis, er vegin, árleg orkunotkun ( $AE_C$ ) reiknuð með tilliti til rauntíma í „reiðuham eftir notkun“, samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$AE_C = E_t \times 160 + \frac{\{(P_t \times T_t \times 160) + P_o \times [525600 - (T_t \times 160) - (T_t \times 160)]\}}{60 \times 1000}$$

þar sem:

- $T_t$  = tímalengd „reiðuhams eftir notkun“ miðað við staðalbaumullarkerfi og fulla hleðslu, í mínútum og námundað að næstu mínútu.

- d) Vegin tímalengd kerfis ( $T_t$ ) miðað við staðalbaumullarkerfi er reiknuð út í mínútum á eftirfarandi hátt og námundað að næstu mínútu:

$$T_t = (3 \times T_{dry} + 4 \times T_{dry/2})/7$$

þar sem:

- $T_{dry}$  = tímalengd kerfis miðað við staðalbaumullarkerfi og fulla hleðslu, í mínútum og námundað að næstu mínútu.
- $T_{dry/2}$  = tímalengd kerfis miðað við staðalbaumullarkerfi og hlutahleðslu í mínútum og námundað að næstu mínútu.

- e) Vegin orkunotkun ( $E_t$ ) er reiknuð í kWh sem hér segir og gefin upp með tveimur aukastöfum:

$$E_t = (3 \times E_{dry} + 4 \times E_{dry/2})/7$$

þar sem:

- $E_{dry}$  = orkunotkun miðað við staðalbaumullarkerfi og fulla hleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum,
  - $E_{dry/2}$  = orkunotkun miðað við staðalbaumullarkerfi og hlutahleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum.
- f) Hvað varðar gaskynta þurrkara til heimilisnota er orkunotkun miðað við staðalbaumullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu reiknuð út í kWh og námundað með tveimur aukastöfum, sem:

$$E_{dry} = \frac{E_{g,dry}}{f_g} + E_{g,dry,a}$$

$$E_{dry/2} = \frac{E_{g,dry/2}}{f_g} + E_{g,dry/2,a}$$

þar sem:

- $E_{g,dry}$  = gasnotkun miðað við staðalbaumullarkerfi og fulla hleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum,
- $E_{g,dry/2}$  = gasnotkun miðað við staðalbaumullarkerfi og hlutahleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum,
- $E_{g,dry,a}$  = aukaraforkunotkun miðað við staðalbaumullarkerfi og fulla hleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum.
- $E_{g,dry/2,a}$  = aukaraforkunotkun miðað við staðalbaumullarkerfi og hlutahleðslu, í kWh og námundað með tveimur aukastöfum.
- $f_g = 2,5$ .

## 2. ÚTREIKNINGUR VEGINNA ÞÉTTINGARAFKASTA

Þéttingarafköst kerfis er hlutfall massa þess raka sem þéttist og safnast saman í hólfi þurrkara til heimilisnota með gufubétti og massa rakans sem kerfið fjarlægir úr þvottinum, þar sem hið síðarnefnda er mismunurinn á massa blautu prófunarhleðslunnar fyrir þurrkun og massa prófunarhleðslunnar eftir þurrkun. Við útreikning á vegnum þéttingarafköstum er tekið tillit til meðalþéttingarafkasta staðalbaumullarkerfis bæði við fulla hleðslu og hlutahleðslu.

Vegin þéttingarafköst ( $C_t$ ) kerfis eru reiknuð í hundraðshlutum og námunduð að næsta heila prósentu sem:

$$C_t = (3 \times C_{dry} + 4 \times C_{dry/2})/7$$

þar sem:

- $C_{dry}$  = meðalþéttingarafköst miðað við staðalþaðmullarkerfi og fulla hleðslu.
- $C_{dry/2}$  = meðalþéttingarafköst miðað við staðalþaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

Meðalþéttingarafköst  $C$  eru reiknuð út frá þéttingarafköstum við prófanir og gefin upp sem hundraðshluti:

$$C = \frac{1}{(n-1)} \sum_{j=2}^n \left( \frac{W_{wj}}{W_i - W_f} \times 100 \right)$$

þar sem:

- $n$  er fjöldi prófana, miðað við a.m.k. fjórar gildar prófanir fyrir valið kerfi,
- $j$  er fjöldi prófana,
- $W_{wj}$  er massi vatns í geymi gufuþéttisins við prófun  $j$ ,
- $W_i$  er massi votrar prófunarhleðslu fyrir þurrkun.
- $W_f$  er massi prófunarhleðslu eftir þurrkun.



## III. VIÐAUKI

## Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Vegna uppfyllingar, og sannprófunar á uppfyllingu, á kröfum þessarar reglugerðar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og gefa niðurstöður með lítilli óvissu.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka, prófa stakan þurrkara til heimilisnota, Ef þættirnir sem mældir eru samræmast ekki gildunum sem framleiðandi gefur upp í tæknigögnunum í samræmi við 2. mgr. 4. gr. innan þeirra sviða sem sett er fram í töflu 1, skal framkvæma mælingarnar á þremur þurrkurum til heimilisnota til viðbótar. Meðaltal mæligilda fyrir þessa þrjá þurrkara til heimilisnota skal uppfylla kröfurnar innan þeirra sviða sem sett eru fram í töflu 1.

Að öðrum kosti telst tegundin og allar sambærilegar tegundir þurrkara til heimilisnota ekki uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka

Tafla 1

| Mældur þáttur   | Vikmörk við sannprófun  |
|---|---|
| Vegin árleg orkunotkun  | Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið (*) $AE_C$ en sem nemur 6%.  |
| Vegin orkunotkun  | Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið $E_t$ en sem nemur 6%.   |
| Vegin þéttingarafköst   | Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið $C_t$ en sem nemur 6%.   |
| Vegin tímalengd lotu  | Mæligildið skal ekki vera lengra en málgildið $T_t$ en sem nemur 6%.  |
| Aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun | Mæligildi aflþarfar $P_0$ og $P_1$ sem er yfir 1,00 W skal ekki vera meira en 6% hærra en málgildið. Mæligildi aflþarfar $P_0$ og $P_1$ sem er undir eða jafnt og 1,00 W skal ekki vera meira en 0,10°W hærra en málgildið. |
| Tímalengd reiðuhams eftir notkun  | Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið $T_l$ en sem nemur 6%.   |

(\*) „málgildi“ er gildi sem framleiðandi gefur upp. Óvissan í mælingunni, sem nemur 6% sýnir núverandi viðunandi skekkju á prófunarstofu við mælingu á tilgreindum þáttum með nýju mæliaðferðinni að því er varðar nýju merkingar-/visthönnunarkröfurnar, þ.m.t. lotur miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu.

*IV. VIÐAUKI***Viðmiðanir**

Þegar þessi reglugerð öðlast gildi er besta fánalegu tækni á markaði fyrir þurrkara til heimilisnota hvað varðar orkunotkun og hávaðamengun sem berst í lofti við þurrkun miðað við staðalbaumullarlotu tilgreind á eftirfarandi hátt:

- 1) Loftræstir þurrkarar til heimilisnota með nafnarköst 3 kg:
  - a) orkunotkun: 1,89 kWh/lotu miðað við staðalbaumullarlotu og fulla hleðslu, sem jafngildir u.þ.b. 247 kWh/ári (\*),
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: 69 dB.
- 2) Loftræstir þurrkarar til heimilisnota með nafnarköst 5 kg:
  - a) orkunotkun: 2,70 kWh/lotu miðað við staðalbaumullarlotu og fulla hleðslu, sem jafngildir u.þ.b. 347 kWh/ári (\*),
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: upplýsingar vantar.
- 3) Gaskyntir, loftræstir þurrkarar til heimilisnota með nafnarköst 5 kg:
  - a) Gasorkunotkun: 3,25 kWh<sub>Gas</sub>/lotu jafngildir 1,3 kWh miðað við staðalbaumullarlotu og fulla hleðslu. Upplýsingar vantar um árlega orkunotkun.
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: upplýsingar vantar.
- 4) Þurrkarar til heimilisnota með gufubétti með nafnarköst 5 kg:
  - a) orkunotkun: 3,10 kWh/lotu miðað við staðalbaumullarlotu og fulla hleðslu, sem jafngildir u.þ.b. 396 kWh/ári (\*),
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: upplýsingar vantar.
- 5) Loftræstir þurrkarar til heimilisnota með nafnarköst 6 kg:
  - a) orkunotkun: 3,84 kWh/lotu miðað við staðalbaumullarlotu og fulla hleðslu, sem jafngildir u.þ.b. 487 kWh/ári (\*),
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: 67 dB.
- 6) Þurrkarar til heimilisnota með gufubétti með nafnarköst 6 kg:
  - a) orkunotkun: 1,58 kWh/lotu miðað við staðalbaumullarlotu og fulla hleðslu, sem jafngildir u.þ.b. 209 kWh/ári (\*),
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: upplýsingar vantar.
- 7) Loftræstir þurrkarar til heimilisnota með nafnarköst 7 kg:
  - a) orkunotkun: 3,9 kWh/lotu miðað við staðalbaumullarlotu og fulla hleðslu, sem jafngildir u.þ.b. 495 kWh/ári (\*),
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: 65 dB.
- 8) Gaskyntir, loftræstir þurrkarar til heimilisnota með nafnarköst 7 kg:
  - a) Gasorkunotkun: 3,4 kWh<sub>Gas</sub>/lotu jafngildir 1,36 kWh miðað við staðalbaumullarlotu og fulla hleðslu. Upplýsingar vantar um árlega orkunotkun.
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: upplýsingar vantar
- 9) Þurrkarar til heimilisnota með gufubétti með nafnarköst 7 kg:
  - a) orkunotkun: 1,6 kWh/lotu miðað við staðalbaumullarlotu og fulla hleðslu, sem jafngildir u.þ.b. 211 kWh/ári (\*),
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: 65 dB.

(\*) Reiknað út miðað við 160 þurrkunarlotur á ári með orkunotkun miðað við staðalbaumullarkerfi og hlutahleðslu sem jafngildir 60% af orkunotkun við fulla hleðslu, og viðbótar árlega orkunotkun í ham sem notar lítið afl eða 13,5 kWh.

10) Loftræstir þurrkarar til heimilisnota með nafnarköst 8 kg:

- a) orkunotkun: 4,1 kWh/lotu miðað við staðalþaðmullarlotu og fulla hleðslu, sem jafngildir u.þ.b. 520 kWh/ári (\*),
- b) hávaðamengun sem berst í lofti: 65 dB.

11) Þurrkarar til heimilisnota með gufuþétti með nafnarköst 8 kg:

- a) orkunotkun: 2,30 kWh/lotu miðað við staðalþaðmullarlotu og fulla hleðslu, sem jafngildir u.þ.b. 297 kWh/ári (\*),
  - b) hávaðamengun sem berst í lofti: upplýsingar vantar.
-

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 622/2012

2013/EES/28/33

frá 11. júlí 2012

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi vishönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án áspéttis og hringrásardælum án áspéttis sem eru felldar inn í vörur (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar orkutengdar vörur <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um vishönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 641/2009 frá 22. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án áspéttis og hringrásardælum án áspéttis sem eru felldar inn í vörur<sup>(2)</sup> er þess krafist að framkvæmdastjórnin endurskoði, fyrir 1. janúar 2012, aðferðafræðina við útreikning orkunýtnistuðuls, sem settur er fram í 2. lið II. viðauka við þá reglugerð fyrir hringrásardælur án áspéttis sem felldar eru inn í vörur.
- 2) Endurskoðunin, sem framkvæmdastjórnin framkvæmdi, og fengin reynsla í tengslum við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 641/2009 leiddi í ljós nauðsyn þess að breyta tilteknum ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 641/2009 með það fyrir augum að koma í veg fyrir óráðgerð áhrif á markaði með hringrásardælur og nothæfi þeirra vara sem falla undir reglugerðina.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB,

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

I. gr.

## Breytingar á reglugerð (EB) nr. 641/2009

Reglugerð (EB) nr. 641/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. og 2. gr. komi eftirfarandi:

„I. gr.

## Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar að setja á markað sjálfstæðar hringrásardælur án áspéttis og hringrásardælur án áspéttis sem eru felldar inn í vörur.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 180, 12.7.2012, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 35.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) hringrásardælur fyrir drykkjarvatn, nema hvað varðar kröfurnar um vöruupplýsingar í d-lið 1. undirliðar 2. liðar í I. viðauka,
- b) hringrásardælur sem felldar eru inn í vörur og settar eru á markað eigi síðar en 1. janúar 2020 og koma í stað sams konar hringrásardælna sem felldar eru inn í vörur og settar eru á markað eigi síðar en 1. ágúst 2015, nema hvað varðar kröfurnar um vöruupplýsingar í e-lið 1. undirliðar 2. liðar I. viðauka.

2. gr.

## Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „hringrásardæla“: dæla með dæluhjólí, með eða án hlífðarhúss fyrir dælu sem hefur málvökvaafslafköst á bilinu 1 til 2500 W og er hönnuð til notkunar í hitunarkerfum eða innri rásum kældreifingarkerfa,
- 2) „hringrásardæla án áspéttis“: hringrásardæla þar sem snúðurinn er tengdur beint við dæluhjólíð og snúðurinn er á kafi í vökvanum sem dælt er,
- 3) „sjálfstæð hringrásardæla“: hringrásardæla sem er hönnuð til að ganga óháð vörunni,
- 4) „vara“: búnaður sem myndar og/eða flytur hita,
- 5) „hringrásardæla sem er felld inn í vöru“: hringrásardæla hönnuð til notkunar sem hluti af vöru með a.m.k. eitt eftirtalinna hönnunaratriða:
  - a) hlífðarhús fyrir dælu er hannað til uppsetningar og notkunar innan vöru,
  - b) hringrásardælan er hönnuð þannig að snúningshraðanum er stýrt af vörunni,
  - c) hringrásardælan er hönnuð miðað við öryggisþætti sem henta ekki til notkunar hennar sem sjálfstæðrar einingar (ISO IP flokkar),
  - d) hringrásardælan er skilgreind sem hluti af samþykki vöru eða CE-merkingu vöru,
- 6) „hringrásardæla fyrir drykkjarvatn“: hringrásardæla sem er sérstaklega hönnuð til hringrásardælingar á neysluvatni eins og það er skilgreint í 2. gr. tilskipunar ráðsins 98/83/EB<sup>(3)</sup>,

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.,

- 7) „hlífðarhús fyrir dælu“: hluti dælu með dæluhjólum sem er ætluð til að tengjast við leiðslukerfi í hitunarkerfum eða innri rásum kælidreifingarkerfa.“
- 2) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

**Endurskoðun**

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð fyrir 1. janúar 2017 í ljósi tækniframfara.

Endurskoðunin skal taka til mats á hönnunarkostum sem geta auðveldað endurnotkun og endurvinnslu.

Niðurstöður endurskoðunarinnar skulu kynntar á samráðsvettvanginum um visthönnun.“,

- 3) Ákvæðum I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 641/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

**Gildistaka**

- rafrænna gagnasendinga og upplýsingaskiptakerfa með það í huga, eftir því sem er unnt, að ryðja á sama tíma úr vegi hindrunum í tengslum við flutninga á sjó og koma á evrópsku sjóflutningasvæði án hindrana.
- 6) Nákvæmar tölfræðilegar upplýsingar um flutninga á sjó skulu vera aðgengilegar til að hægt sé að meta skilvirkni stefnuúrræða, og þörfina á þeim, sem miða að því að greiða fyrir skipaumferð innan Sambandsins, að teknu tilliti til þeirrar nauðsynjar að setja ekki óþarfa viðbótarkröfur, að því er varðar söfnun tölfræðilegra upplýsinga í aðildarríkjunum, og að nýta sér Hagstofu Evrópusambandsins til fulls. Að því er varðar þessa tilskipun er mikilvægt að afla viðeigandi gagna varðandi umferð skipa innan Sambandsins og/eða skipa sem hafa viðkomu í höfnum þriðja lands eða á frísvæðum.
- 7) Það skal vera auðveldara fyrir skipafélög að fá stöðuna „heimiluð áætlunarferð“ í samræmi við markmið orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 21. janúar 2009 sem ber yfirskriftina „Orðsending og aðgerðaáætlun til að koma á evrópsku sjóflutningasvæði án hindrana“.
- 8) Eins fljótt og auðið er, og eigi síðar en 1. júní 2015, skulu gagnasendingar almennt fara fram með rafrænum hætti í tengslum við öll formsatriði við skýrslugjöf á grundvelli alþjóðlegra staðla samkvæmt FAL-samningnum, þegar því verður við komið. Í því skyni að auka afköst og flýta sendingum mjög mikils magns upplýsinga skal nota rafrænt sniðmát fyrir formsatriði við skýrslugjöf þegar því verður við komið. Upplýsingar á FAL-eyðublöðum skal aðeins leggja fram á pappír í undantekningartilvikum innan Sambandsins og skal einungis samþykkja það í takmarkaðan tíma. Aðildarríki eru hvött til að nota stjórnsýsluúrræði, þ.m.t. efnahagshvata, til að stuðla að notkun rafrænna sniðmáta. Af framangreindri ástæðu skulu upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum fara fram með rafrænum hætti. Til þess að greiða fyrir þessari þróun þurfa rafrænu kerfin í enn meiri mæli að vera tæknilega rekstrarsamhæf og, eftir því sem unnt er, innan sömu tímamarka til að tryggja snurðulausa starfsemi evrópska sjóflutningasvæðisins án hindrana.
- 9) Þeir aðilar sem stunda viðskipti og flutninga skulu geta lagt fram staðlaðar upplýsingar og skjöl í gegnum einn rafrænan glugga til að uppfylla formsatriði við skýrslugjöf. Einstök gagnastök skal einungis leggja fram einu sinni.
- 10) Rafræna tilkynningakerfið í Bandalaginu um skipakomur (SafeSeaNet-kerfið), sem komið er á fót í hverju ríki fyrir sig og á vettvangi Sambandsins, skal auðvelda móttöku og skipti og dreifingu upplýsinga á milli upplýsingakerfa aðildarríkjanna um skipaumferð. Til að greiða fyrir flutningum á sjó og til að draga úr stjórnsýsluálagi vegna flutninga á sjó skal SafeSeaNet-kerfið vera rekstrarsamhæft við önnur kerfi í Sambandinu vegna formsatriða við skýrslugjöf. Nota skal SafeSeaNet-kerfið fyrir frekari upplýsingaskipti í því skyni að greiða fyrir flutningum á sjó. Ekki skal vera nauðsynlegt að innleiða formsatriði við skýrslugjöf í SafeSeaNet-kerfið að því er varðar upplýsingar sem varða eingöngu landsbundin málefni.
- 11) Þegar samþykktar eru nýjar ráðstafanir Sambandsins skal tryggja að aðildarríkin geti viðhaldið rafrænni sendingu gagna og þurfi ekki að nota pappír.
- 12) Aðeins er hægt að nýta til fulls ávinninginn af rafrænni gagnasendingu ef samskiptin milli SafeSeaNet-kerfisins, rafrænu tollafgreiðslunnar og rafræna kerfisins, sem notuð eru til að færa inn eða sækja gögn, eru snurðulaus og skilvirk. Í þessu skyni skal í fyrstu styðjast við gildandi staðla til þess að takmarka stjórnsýslubyrðar.
- 13) FAL-eyðublöðin eru uppfærð reglulega. Í þessari tilskipun skal vísað til nügildandi útgáfu þessara eyðublaða. Allar upplýsingar, sem krafist er samkvæmt löggjöf aðildarríkjanna, sem ganga lengra en kröfurnar í FAL-samningnum skulu sendar með sniði sem skal þróað á grundvelli staðla FAL-samningsins.
- 14) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins <sup>(1)</sup>, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um ákvæði vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins <sup>(2)</sup>, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 562/2006 frá 15. mars 2006 um setningu Bandalagsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamærareglanna) <sup>(3)</sup>, eða landslöggjöf á sviði landamæravörslu í þeim aðildarríkjum sem nota ekki Schengen-réttarreglurnar um landamæravörslu, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2008 frá 23. apríl 2008 um tollalög Bandalagsins (ný tollalög) <sup>(4)</sup>.
- 15) Í þágu þess að gera rafrænar upplýsingasendingar almenningar og til að greiða fyrir flutningum á sjó skulu aðildarríkin rýmka notkun rafrænna aðferða við gagnasendingar í samræmi við hæfilega tímaáætlun og skulu, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, ræða möguleikann á að samræma notkun rafrænna aðferða við gagnasendingar. Í þessu skyni skal taka mið af starfi stýrihóps háttsettra embættismanna vegna SafeSeaNet-kerfisins, að því er varðar vegvísi SafeSeaNet-kerfisins, þegar hann hefur verið samþykktur, og af raunverulegri fjármagnsþörf og viðeigandi ráðstöfun fjárhagslegra úrræða Sambandsins vegna þróunar á rafrænum gagnasendingum.

(1) Stjtið. EBE L 302, 19.10.1992, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 105, 13.4.2006, bls. 1.

(4) Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 1.

- 16) Skip, sem sigla á milli hafna sem eru staðsettar á tollsvæði Sambandsins, skulu undanþegin þeirri skyldu að senda upplýsingarnar sem um getur á FAL-eyðublöðunum þegar skipin láta ekki úr höfn, hafa viðkomu í höfn eða eru á leið til hafnar sem er staðsett utan þess svæðis eða frísvæðis, þar sem eftirlit er af tegund I í skilningi tollalöggjafar, með fyrirvara um gildandi lagagæringa Sambandsins og upplýsingarnar sem aðildarríkin geta óskað eftir til þess að vernda innra skipulag og öryggi og til að framfylgja tolla- skatta-, innflytjenda-, umhverfis- eða heilbrigðislöggjöf.
- 17) Undanþágur frá formsatriðum á sviði stjórnsýslu skulu ekki eingöngu heimilaðar á grundvelli ákvörðunarstaðar skipsins og/eða brottfararstaðar þess heldur einnig á grundvelli farms skipsins. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að frekari formsatriðum fyrir skip sem hafa haft viðkomu í höfn í þriðja landi eða frísvæði sé haldið í lágmarki. Framkvæmdastjórnin skal skoða þetta málefni innan ramma skýrslunnar til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd þessarar tilskipunar.
- 18) Innleiða skal nýtt bráðabirgðaeýðublað til þess að samræma upplýsingarnar sem krafist er vegna fyrri yfirlýsingar um siglingavernd sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 725/2004.
- 19) Kröfur um þjóðtungu eru oft hindrun við þróun strandflutningakerfisins. Aðildarríkin skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur, í samræmi við alþjóðlegar starfsvenjur, til að greiða fyrir skriflegum og munnlegum samskiptum í tengslum við skipaumferð milli aðildarríkjanna í því skyni að finna sameiginlega samskiptaaðferðir.
- 20) Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar viðaukann við þessa tilskipun. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.
- 21) Í hinum ýmsu lagagæringum Sambandsins, þar sem m.a. er krafist formsatriða fyrir tilkynningu við aðgang að höfn, t.d. tilskipun 2009/16/EB, geta verið mismunandi tímamörk fyrir framkvæmd þessara formsatriði fyrir tilkynningu. Framkvæmdastjórnin skal skoða möguleikann á því að stytta og samræma þessi tímamörk og færa sér í nyt yfirstandandi framþróun í meðferð rafrænna gagna innan ramma skýrslunnar til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd þessarar tilskipunar, sem skal innihalda, ef við á, tillögu að nýrri löggjöf.
- 22) Innan ramma skýrslunnar til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin taka til athugunar að hve miklu leyti tilgangur þessarar tilskipunar, þ.e. einföldun formsatriða á sviði stjórnsýslu vegna skipa sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjunum, eigi að ná til svæða inni í landi þessara hafna, einkum varðandi flutninga á ám, í því skyni að flýta fyrir og greiða fyrir skipaumferð inni í landi og að finna varanlega lausn á umferðarteppu í og í kringum hafnir við sjó.
- 23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, einkum að greiða fyrir flutningum á sjó á samræmdan hátt í öllu Sambandinu, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 24) Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins er lögleiðing ekki skyldubundin þegar lögleiðing tilskipunar þjónar engum tilgangi af landfræðilegum ástæðum. Þær kröfur sem gert er ráð fyrir í þessari tilskipun eiga því ekki við um aðildarríki sem hafa ekki neinar hafnir sem skip, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, geta að jafnaði haft viðkomu í.
- 25) Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, greiða fyrir því að markmið Lissabonáætlunarinnar náist.
- 26) Setja skal reglur um aðgang að SafeSeaNet-kerfinu og öðrum rafrænum kerfi til þess að vernda viðskipta- og trúnaðarupplýsingar og með fyrirvara um gildandi lög um vernd viðskiptagagna og, að því er varðar persónuupplýsingar, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(1)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga <sup>(2)</sup>. Aðildarríkin og stofnanir og aðilar Sambandsins skulu huga sérstaklega að nauðsyn þess að vernda viðskipta- og trúnaðarupplýsingar með viðeigandi aðgangsstýrikerfum.
- 27) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu <sup>(3)</sup> eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að semja og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.
- 28) Til glöggvunar skal þessi tilskipun koma í stað tilskipunar 2002/6/EB.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.



**SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:***1. gr.***Efni og gildissvið**

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að einfalda og samræma stjórnsýslumeðferð sem gilda fyrir flutninga á sjó með því að gera rafræna sendingu upplýsinga að reglu og með því að einfalda formsatriði við skýrslugjöf.
2. Þessi tilskipun gildir um formsatriði við skýrslugjöf sem gilda um flutninga á sjó vegna skipa sem koma í höfn og skipa sem láta úr höfn í aðildarríki.
3. Þessi tilskipun gildir ekki um skip sem njóta undanþágu frá formsatriðum við skýrslugjöf.

*2. gr.***Skilgreiningar**

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „formsatriði við skýrslugjöf“: upplýsingarnar sem settar eru fram í viðaukanum, sem, í samræmi við gildandi löggjöf í aðildarríki, skylt er að veita af ástæðum er varða stjórnsýslu og málsmeðferð þegar skip kemur í eða lætur úr höfn í því aðildarríki,
- b) „FAL-samningurinn“: IMO-allþjóðasamningurinn um auðveldun flutninga á sjó, samþykktur 9. apríl 1965, með áorðnum breytingum,
- c) „FAL-eyðublöð“: stöðluð eyðublöð sem kveðið er á um í FAL-samningnum,
- d) „skip“: hvers kyns skip eða far sem siglir á opnu hafi;
- e) „SafeSeaNet-kerfið“: rafrænt tilkynningakerfi í Sambandinu um skipakomur eins og það er skilgreint í tilskipun 2002/59/EB,
- f) „rafræn sending gagna“: sending upplýsinga, sem hafa verið kóðaðar stafrænt, á endurskoðanlegu, mótuðu sniði sem nota má beint til að vista upplýsingarnar og vinna úr þeim í tölvum.

*3. gr.***Samhæfing og samræming formsatriða við skýrslugjöf**

1. Sérhvert aðildarríki skal gera ráðstafanir til að tryggja að óskað sé eftir formsatriðum við skýrslugjöf með samhæfðum og samræmdum hætti í því aðildarríki.
2. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, þróa fyrirkomulag til að samhæfa og samræma formsatriði við skýrslugjöf innan Sambandsins.

*4. gr.***Tilkynning áður en komið er í hafnir**

Með fyrirvara um sértæk ákvæði um tilkynningar, sem kveðið er á um í gildandi lagagerningum Sambandsins eða samkvæmt lagagerningum á sviði þjóðaréttar sem gilda um flutninga á sjó og eru bindandi fyrir aðildarríkin, þ.m.t. ákvæði um eftirlit

með einstaklingum og vörum, skulu aðildarríki tryggja að skipstjórinn, eða annar aðili sem hefur til þess fullt umboð útgerðar skipsins, láti, áður en skip kemur í höfn í aðildarríki, lögbæru yfirvaldi sem aðildarríkið tilnefnir í té upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt formsatriðum við skýrslugjöf:

- a) með a.m.k. tuttugu og fjögurra klukkustunda fyrirvara eða
- b) eigi síðar en þegar skip heldur frá fyrri höfn, ef siglingartíminn er undir tuttugu og fjórum klukkustundum eða
- c) ef ekki er vitað hver viðkomuhöfnin er eða ef henni er breytt meðan á siglingu stendur, eins fljótt og upplýsingar þess efnis liggja fyrir.

*5. gr.***Rafræn sending gagna**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja að formsatriði við skýrslugjöf fari fram á rafrænu formi og að þau verði send í gegnum einn glugga svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. júní 2015.

Þessi staki gluggi, sem tengir saman SafeSeaNet-kerfið, rafræna tollafgreiðslukerfið og önnur rafræn kerfi, skal, í samræmi við þessa tilskipun, vera sá staður þar sem allar upplýsingar eru gefnar upp í eitt skipti og gerðar aðgengilegar hinum ýmsu lögbæru yfirvöldum og aðildarríkjunum.

2. Með fyrirvara um viðeigandi snið, sem mælt er fyrir um í FAL-samningnum, skal sniðið sem um getur í 1. mgr. uppfylla skilyrði 6. gr.
3. Þegar krafist er formsatriða við skýrslugjöf í lagagerningum Sambandsins og eftir því sem þurfa þykir til að stuðla að góðri framkvæmd stöku glugganna, sem komið er á í samræmi við 1. mgr., verða rafrænu kerfin, sem um getur í 1. mgr., að vera rekstrarsamhæfð, aðgengileg og samrýmanleg SafeSeaNet-kerfinu, sem komið er á samkvæmt tilskipun 2002/59/EB og, eftir atvikum, tölvukerfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 70/2008/EB frá 15. janúar 2008 um pappírslaut umhverfi að því er varðar tolla og viðskipti <sup>(1)</sup>.
4. Með fyrirvara um sértæk ákvæði um tolla og landamæra-vörslu, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2913/92 og reglugerð (EB) nr. 562/2006, skulu aðildarríkin hafa samráð við rekstraraðila og upplýsa framkvæmdastjórnina um framvinduna með því að nota aðferðirnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun nr. 70/2008/EB.

*6. gr.***Gagnaskipti**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingarnar sem tekið er við í samræmi við formsatriði við skýrslugjöf, sem kveðið er á um í lagagerningum Sambandsins, séu aðgengilegar í SafeSeaNet-kerfi í hverju ríki fyrir sig og að sá hluti slíkra upplýsinga sem máli skiptir sé aðgengilegur öðrum aðildarríkjum í gegnum SafeSeaNet-kerfið. Nema aðildarríkin kveði á um annað gildir þetta ekki um upplýsingar sem tekið er við samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2913/92, reglugerð (EBE) nr. 2454/93, reglugerð (EB) nr. 562/2006 og reglugerð (EB) nr. 450/2008.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 23, 26.1.2008, bls. 21.

2. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingarnar sem tekið er við í samræmi við 1. mgr. séu gerðar aðgengilegar viðkomandi landsyfirvöldum ef óskað er eftir því.

3. Koma skal á fót stafræna forminu, sem liggur til grundvallar skilaboðunum sem nota á í SafeSeaNet-kerfinu í hverju ríki fyrir sig, í samræmi við 1. mgr., í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2002/59/EB.

4. Aðildarríkjum er heimilt að veita viðeigandi aðgang að upplýsingunum sem um getur í 1. mgr., annaðhvort í gegnum landsbundinn stakan glugga fyrir milligöngu rafræns kerfis til að skiptast á gögnum eða gegnum SafeSeaNet-kerfið í hverju ríki fyrir sig.

7. gr.

#### Upplýsingar á FAL-eyðublöðum

Aðildarríkin skulu samþykkja FAL-eyðublöð til að uppfylla formsatriði við skýrslugjöf. Aðildarríkjum er aðeins heimilt, fram til 1. júní 2015, að samþykkja að upplýsingar, sem krafist er samkvæmt lagagerningum Sambandsins, séu veittar á pappírformi.

8. gr.

#### Trúnaðarkvaðir

1. Í samræmi við gildandi lagagerninga Sambandsins eða landslöggjöf skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja trúnaðarkvöð viðskiptaupplýsinga og annarra trúnaðarupplýsinga sem höfð eru skipti á samkvæmt þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu huga sérstaklega að því að vernda viðskiptagögn sem aflað er samkvæmt þessari tilskipun. Í tengslum við persónuupplýsingar skulu aðildarríkin tryggja að þær samrýmist tilskipun 95/46/EB. Stofnanir og aðilar Sambandsins skulu tryggja að þær samrýmist reglugerð (EB) nr. 45/2001.

9. gr.

#### Undanþágur

Aðildarríki skulu tryggja að skip, sem falla innan gildissviðs tilskipunar 2002/59/EB og sigla á milli hafna á tollsvæði Sambandsins, en láta ekki úr höfn, hafa viðkomu í höfn eða eru á leið til hafnar utan þess svæðis eða frísvæðis, þar sem eftirlit er af tegund I í skilningi tollalöggjafar, séu undanþegin skyldunni að senda upplýsingarnar, sem um getur á FAL-eyðublöðunum, án þess að það hafi áhrif á gildandi lagagerninga Sambandsins og möguleika aðildarríkja á að geta óskað eftir upplýsingum á FAL-eyðublöðunum, sem um getur í 1.-6. lið B-hluta viðaukans við þessa tilskipun, sem nauðsynlegar eru til að vernda innra skipulag og öryggi og til að framfylgja tolla-, skatta-, innflytjenda-, umhverfis- eða heilbrigðislöggjöf.

10. gr.

#### Málsmeðferð vegna breytinga

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfs-

hætti Evrópusambandsins að því er varðar viðaukann við þessa tilskipun til þess að tryggja að tekið sé tillit til allra viðeigandi breytinga á FAL-eyðublöðunum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur innleitt. Þessar breytingar skulu ekki hafa þau áhrif að þau vikki gildissvið þessarar tilskipunar.

2. Sú málsmeðferð sem sett er fram í 11., 12. og 13. gr., gildir fyrir framseldu gerðirnar sem um getur í þessari grein.

11. gr.

#### Beiting framseldra gerða

1. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 10. gr., í fimm ár frá 18. nóvember 2010. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 12. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 12. og 13. gr.

12. gr.

#### Afturköllun framsalsheimilda

1. Evrópuþingið eða ráðið má, hvenær sem er, afturkalla framsal valds sem um getur í 10. gr.

2. Sú stofnun, sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, gæti verið afturkallað og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

13. gr.

#### Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Hafi hvorki Evrópuþingið né ráðið andmælt framseldri gerð við lok tveggja mánaða tímabilsins eða, ef við á, framlengda tímabilsins, skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en upphaflega tveggja mánaða tímabilið eða, ef við á, framlengda tímabilið, rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmælir framseldri gerð öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

*14. gr.*

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 19. maí 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 19. maí 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*15. gr.*

#### Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd þessarar tilskipunar fyrir 19. nóvember 2013, þ.m.t.:

- a) um möguleikann á því að sú einföldun sem innleidd er með þessari tilskipun verði rýmkuð þannig að hún nái til flutninga á skipgengum vatnaleiðum,
- b) um samrýmanleika upplýsingaþjónustunnar um ár (RIS) við ferlið um rafræna sendingu gagna sem um getur í þessari tilskipun,
- c) um framvindu, sem náðst hefur skv. 3. gr., í átt að þeirri samhfæingu og samræmingu formsatriða við skýrslugjöf,
- d) um hagkvæmni þess að forðast eða einfalda formsatriði fyrir skip sem hafa haft viðkomu í höfn í þriðja landi eða frísvæði,
- e) um fyrirbyggjandi gögn um umferð/ferðir skipa innan Sambandsins og/eða viðkomu skipa í höfnum þriðju landa eða á frísvæðum.

Tillaga að nýrri löggjöf skal fylgja skýrslunni, ef við á.

*16. gr.*

#### Niðurfelling á tilskipun 2002/6/EB

Tilskipun 2002/6/EB falli úr gildi frá og með 19. maí 2012. Líta ber á allar tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

*17. gr.*

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 20. október 2010.

*Fyrir hönd  
Evrópuþingsins,*

*forseti.*

J. BUZEK

*Fyrir hönd  
framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

O. CHASTEL

## VIÐAUKI

## SKRÁ YFIR FORMSATRIÐI VIÐ SKÝRSLUGJÖF SEM UM GETUR Í ÞESSARI TILSKIPUN

## A. Formsatriði við skýrslugjöf sem leiða af lagagerningum Sambandsins

Þessi flokkur formsatriða við skýrslugjöf felur í sér upplýsingar sem skal veita í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

1. Tilkynningar vegna skipa sem koma í hafnir eða láta úr höfnum í aðildarríkjunum

Ákvæði 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó (Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10).

2. Eftirlit með einstaklingum á landamærum

Ákvæði 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 562/2006 frá 15. mars 2006 um setningu Bandalagsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamærareglanna) (Stjtið. ESB L 105, 13.4.2006, bls. 1).

3. Tilkynning um hættulegar eða mengandi vörur um borð í skipum

Ákvæði 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó.

4. Tilkynning um úrgang og leifar

Ákvæði 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB frá 27. nóvember 2000 um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum (Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81).

5. Upplýsingar um siglingavernd

Ákvæði 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu (Stjtið. ESB L 129, 29.4.2004, bls. 6).

Þar til samræmd eyðublað hafa verið samþykkt á alþjóðavettvangi skal nota eyðublaðið, sem sett er fram í viðbætinum við þennan viðauka, til að senda upplýsingarnar sem krafist er skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004. Eyðublaðið má senda rafrænt.

6. Aðflutningsyfirlitsskýrsla

Ákvæði 36. gr. a reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins (Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1) og 87. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2008 frá 23. apríl 2008 um tollalög Bandalagsins (ný tollalög) (Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 1).

## B. FAL-eyðublað og formsatriði sem leiða af lagagerningum á sviði þjóðaréttar

Þessi flokkur formsatriða við skýrslugjöf felur í sér upplýsingar sem veita skal í samræmi við FAL-samninginn og aðra viðeigandi lagagerninga á sviði þjóðaréttar.

1. FAL-eyðublað nr. 1: Almenn yfirlýsing
2. FAL-eyðublað nr. 2: Farmskrá
3. FAL-eyðublað nr. 3: Yfirlýsing um skipsvistir
4. FAL-eyðublað nr. 4: Yfirlýsing um persónulega muni áhafnar
5. FAL-eyðublað nr. 5: Áhafnarskrá
6. FAL-eyðublað nr. 6: Farþegaskrá
7. FAL-eyðublað nr. 7: Hættulegur farmur
8. Yfirlýsing um heilbrigði sáfarenda

## C. Sérhver viðeigandi landslöggjöf

Aðildarríkjum er heimilt að taka með í þennan flokk upplýsingar sem veita skal í samræmi við landslöggjöf þeirra. Slíkar upplýsingar skulu sendar á rafrænu formi.

## Viðbætur

## EYÐUBLAÐ VEGNA VEITINGU UPPLÝSINGA UM SIGLINGAVERND FYRIR KOMU SKIPS, ÚTFYLLT FYRIR ÖLL SKIP ÁÐUR EN KOMIÐ ER TIL HAFNAR Í AÐILDARRÍKI ESB

(Samningur um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS-samþykktin) frá 1974, 9. regla í kafla XI-2 og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 725/2004)

Upplýsingar um skipið og samskiptaupplýsingar

|                                    |  |   |  |
|------------------------------------|--|---|--|
| IMO-númer:                         |  | Heiti skips   |  |
| Heimahöfn                          |  | Fánaríki  |  |
| Tegund skips                       |  | Kallmerki   |  |
| Brúttótonnatala                    |  | Inmarsat-númer (ef tiltæk)  |  |
| Heiti og kenninúmer útgerðarfélags |  | Nafn verndarfulltrúa útgerðarfélags auk upplýsinga um það hvernig unnt sé að ná sambandi við hann á hvaða tíma sólarhrings sem er |  |
| Komuhöfn                           |  | Hafnaraðstaða við komu (ef þekkt)   |  |

Upplýsingar um höfn og hafnaraðstöðu

|  |  |
|--|--|
| Áætluð dagsetning og komutími skips til hafnar |  |
| Megintilgangur viðkomu                         |  |

Upplýsingar sem krafist er samkvæmt SOLAS-reglu 9.2.1 í kafla XI-2

|   |    |      |   |   |                              |          |
|---|----|------|---|---|------------------------------|----------|
| Hefur skipið gilt alþjóðlegt siglingaverndarskirteini (ISSC)? | JÁ | ISSC | NEI – hvers vegna ekki?                                 | Útgefið af (heiti yfirvalds eða viðurkennds verndaraðila) | Gildislokadagur (dd/mm/áááá) |          |
| Hefur skipið samþykkt verndaráætlun skips um borð?            | JÁ | NEI  | Hvaða vástig gildir um borð í skipinu á þessari stundu? | Vástig 1  | Vástig 2                     | Vástig 3 |
| Staðsetning skips þegar þessi skýrsla er gerð                 |    |      |   |   |                              |          |

Listi yfir 10 síðustu viðkomur í höfn í tímaröð (síðasta viðkomuhöfn fyrst):

| Nr.  | Dagsetning,<br>frá og með<br>(dd/mm/áááá) | Dagsetning,<br>til og með<br>(dd/mm/<br>áááá) | Höfn | Land | UN/LOCODE<br>(ef það liggur fyrir) | Hafnaraðstaða | Vástig<br>(VS) |     |
|--|---|---|------|------|------------------------------------|---------------|----------------|-----|
| 1  |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| 2  |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| 3  |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| 4  |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| 5  |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| 6  |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| 7  |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| 8  |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| 9  |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| 10   |   |   |      |      |                                    |               | VS =           |     |
| <p>Voru gerðar sérstakar eða frekari verndarráðstafanir fyrir skipið umfram þær sem samþykktar eru í verndaráætlun skips?<br/>Ef svarið er JÁ skal gefa upp hér að neðan hvaða sérstöku eða frekari verndarráðstafanir voru gerðar fyrir skipið.</p> |   |   |      |      |                                    |               | JÁ             | NEI |

| Nr.<br>(eins<br>og að<br>framan) | Sérstakar eða frekari verndarráðstafanir sem gerðar voru fyrir skipið |
|----------------------------------|---|
| 1                                |   |
| 2                                |   |
| 3                                |   |
| 4                                |   |
| 5                                |   |
| 6                                |   |
| 7                                |   |
| 8                                |   |
| 9                                |   |
| 10                               |   |

Skráðu innbyrðis starfsemi milli skipa í tímaröð (sú síðasta fyrst), sem fór fram síðustu tíu hafnaraðstöður sem viðkoma var höfð í, sem skráðar eru hér að framan. Lengdu töfluna hér niður eða haltu áfram á nýrri síðu, ef nauðsyn krefur — færðu inn heildarfjölda innbyrðis starfsemi milli skipa:

| Voru verklagsreglur um siglingavernd, sem eru tilgreindar í samþykktri verndaráætlun skipsins, viðhafðar á meðan allri innbyrðis starfsemi milli skipa stóð?<br>Ef NEI, gefið upp nánari upplýsingar um þær verndarráðstafanir sem var beitt í staðinn í síðasta dálknum hér fyrir neðan. |                                     |                                     |   |                                 |   | JÁ  | NEI |
|---|-------------------------------------|-------------------------------------|---|---------------------------------|---|---|-----|
| Nr.   | Dagsetning, frá og með (dd/mm/áááá) | Dagsetning, til og með (dd/mm/áááá) | Staðsetning eða lengdargráða og breiddargráða | Innbyrðis starfsemi milli skipa | Verndarráðstafanir sem var beitt í staðinn                  |   |     |
| 1   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| 2   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| 3   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| 4   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| 5   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| 6   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| 7   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| 8   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| 9   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| 10  |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| Almenn lýsing á farni um borð í skipinu   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| Eru einhver hættuleg efni í farni skipsins, sem falla undir flokk 1, 2.1, 2.3, 3, 4.1, 5.1, 6.1, 6.2, 7 eða 8, samkvæmt alþjóðlega kóðanum um siglingu með hættulegan varning (IMDG-kóðanum)?   |                                     |                                     |   | JÁ                              | NEI   | Ef JÁ, staðfestið að farmskrá yfir hættulegan farn (eða viðeigandi útdráttur) sé meðfylgjandi |     |
| Staðfestið að afrit af áhafnarlista skipsins sé meðfylgjandi  |                                     |                                     |   | JÁ                              | Staðfestið að afrit af farþegaskrá skipsins sé meðfylgjandi | JÁ  |     |
| Aðrar upplýsingar varðandi öryggismál   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| Eru önnur atriði sem tengjast öryggismálum sem þarf að koma á framfæri?   |                                     |                                     | JÁ  | Gefið nánari upplýsingar:       |   | NEI   |     |
| Umboðsaðili skipsins í fyrirhugaðri komuhöfn  |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| Nafn:   |                                     |                                     | Samskiptaupplýsingar (símanúmer):             |                                 |   |   |     |
| Upplýsingar um þann aðila sem veitir upplýsingarnar   |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |
| Titill og staða (strikið yfir það sem á ekki við): Skipstjóri/verndarfulltrúi skips/verndarfulltrúi útgerðarfélag/umboðsaðili skips (eins og hér að framan)   |                                     |                                     | Nafn:   |                                 | Undirskrift:  |   |     |
| Dagsetning/tími/staður skýrslugerðar  |                                     |                                     |   |                                 |   |   |     |

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 494/2012

2013/EES/28/38

frá 11. júní 2012

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 593/2007 um þóknunir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 100. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 64. gr.,

að höfðu samráði við stjórn Flugöryggisstofnunar Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 er gildissvið starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) rýmkað og þar af leiðandi ber Flugöryggisstofnuninni að gefa út vottorð, samþykki, leyfi eða annað skjal í framhaldi af vottun samkvæmt þessu rýmkaða gildissviði.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 frá 31. maí 2007 um þóknunir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á <sup>(2)</sup> veitir ekki heimild fyrir því að þóknunir eða gjöld séu innheimt fyrir vottunarstarfsemi, sem um getur í e-lið 5. mgr. 5. gr. og 21. gr., 22. gr., 22. gr. a, 22. gr. b og 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, aðra en þá sem tilgreind er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja <sup>(3)</sup> og (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði <sup>(4)</sup>.
- 3) Þóknunir og gjöld, sem um getur í þessari reglugerð, skulu ákvörðuð á gagnsæjan, sanngjarnan og samræmdan hátt sem endurspeglar raunkostnað þjónustunnar hverju sinni, eins og mælt er fyrir um í b-lið 4. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Nauðsynlegt er að tryggja jafnvægi milli heildarútgjalda Flugöryggisstofnunarinnar við framkvæmd vottunarverkefnanna og heildartekna af þóknunum sem hún innheimtir.

- 4) Landfræðileg staðsetning fyrirtækjanna á yfirráðasvæði aðildarríkjanna skal ekki hafa í för með sér mismunun þegar þóknunir eru ákveðnar.
- 5) Umsækjandinn skal hafa rétt á að fara fram á upplýsingar um fyrirsjáanlega fjárhæð sem á að greiða fyrir þjónustu sem veitt verður. Viðmiðanir, sem eru notaðar til að ákvarða fjárhæðina sem á að greiða, skulu vera skýrar, samræmdar og aðgengilegar almenningi. Ef ekki er unnt að ákvarða þessa fjárhæð nákvæmlega fyrirfram skal Flugöryggisstofnunin setja gagnsæjar meginreglur til að meta fjárhæðina sem á að greiða við veitingu þjónustunnar.
- 6) Fastsetja skal fresti fyrir greiðslu þóknana og gjalda, sem lögð eru á samkvæmt þessari reglugerð. Mæla skal fyrir um viðeigandi úrræði vegna vanskila, t.d. viðkomandi umsóknarferlum slitið, viðkomandi samþykktir gerðar ógildar, frekari veiting þjónustu til sama umsækjanda stöðvuð og útistandandi upphæðir innheimtar með tiltækum ráðum.
- 7) Gjöld fyrir kærur vegna ákvarðana Flugöryggisstofnunarinnar skulu greidd að fullu áður en kærnan telst tæk.
- 8) Hafa skal samráð við hagsmunaaðila um allar breytingar á þóknunum. Enn fremur skal Flugöryggisstofnunin reglulega veita hagsmunaaðilum upplýsingar um hvernig og á hvaða grundvelli þóknunir eru reiknaðar til að veita hagsmunaaðilum yfirsýn yfir þann kostnað sem til fellur hjá Flugöryggisstofnuninni og til að menn hafi skýra mynd af fjármálunum innan atvinnugreinarinnar og séu færir um að áætla fjárhæð þeirra þóknana sem greiða skal. Því skal vera mögulegt að endurskoða árlega fjárhæð þóknanna á grundvelli fjárhagsniðurstaðna og –spáa stofnunarinnar.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 593/2007 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 151, 12.6.2012, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 593/2007 er breytt sem hér segir:



## 1. Í stað annarrar málsgreinar 1. gr. komi eftirfarandi:

„Hún ákveður einkum í hvaða tilvikum þóknunir og gjöld, sem um getur í 4. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skuli innheimt, fjárhæð þessara þóknana og gjalda og með hvaða hætti greiðslan fer fram.“

## 2. Í stað a- til d-liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„a) „þóknunir“: fjárhæðir sem Flugöryggisstofnunin innheimtir og umsækjendum ber að greiða fyrir vottunarverkefni,

b) „gjöld“: fjárhæðir sem stofnunin innheimtir og umsækjendum ber að greiða fyrir þjónustu, aðra en vottunarverkefni, sem Flugöryggisstofnunin veitir, þ.m.t. afhending vöru,

c) „vottunarverkefni“: öll starfsemi sem Flugöryggisstofnunin annast beint eða óbeint í þeim tilgangi að gefa út, viðhalda eða breyta vottorðum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar,

d) „umsækjandi“: einstaklingur eða lögaðili sem óskar eftir því að nýta sér vottunarverkefni eða þjónustu sem Flugöryggisstofnunin veitir,“

## 3. Eftirfarandi 2. og 3. mgr. bætast við í 4. gr.:

„Við beitingu síðari reglugerða getur Flugöryggisstofnunin lagt á þóknunir skv. II. hluta viðaukans fyrir vottunarverkefni önnur en þau sem um getur í I. hluta viðaukans.

Allar breytingar á fyrirtækinu, sem eru tilkynntar Flugöryggisstofnuninni og hafa áhrif á samþykki hennar, geta haft í för með sér endurreikning á eftirlitsþóknun, sem tekur gildi frá og með næsta þóknunartímabili.“

## 4. Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

1. Umsækjandinn skal greiða þóknunina í evrum. Greiðsluskilmálar skulu vera aðgengilegir umsækjendum á vefsetri Flugöryggisstofnunarinnar. Umsækjandi skal greiða þóknun að fullu, þ.m.t. allan hugsanlegan bankakostnað tengdan greiðslunni áður en vottorðið er gefið út, því viðhaldið eða breytt, nema Flugöryggisstofnunin ákveði annað eftir að hafa tekið tilhlýðilegt tillit til fjárhagslegrar áhættu. Þóknun skal greidd innan 30 almanaksdaga frá þeim degi þegar Flugöryggisstofnunin tilkynnir umsækjandanum um reikninginn. Fella má umsóknina úr gildi eða fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það ef greiðsla þóknunar hefur ekki borist þegar greiðslufrestur rennur út og Flugöryggisstofnunin hefur sent út formlega viðvörun.

2. Flugöryggisstofnuninni er heimilt að reikningsfæra þóknunina í einni greiðslu eftir að hafa tekið við umsókninni eða í upphafi árstímabilsins eða eftirlitstímabilsins.

3. Ef þess er óskað er Flugöryggisstofnuninni heimilt að láta umsækjandanum í té kostnaðaráætlun vegna allra vottunarverkefna sem hafa í för með sér greiðslu þóknunar með álöggðum tímaþóknunum. Flugöryggisstofnunin skal breyta kostnaðaráætluninni ef í ljós kemur að verkefnið er einfaldara eða unnt er að vinna það hraðar en upphaflega var talið eða á hinn bóginn, ef það er flóknara og tekur lengri tíma að vinna það en Flugöryggisstofnunin gat með góðu móti séð fyrir.

4. Ef Flugöryggisstofnunin ákveður að lokinni sannprófun að hafna umsókn skal umsækjandi fá endurgreiddar þóknunir, sem þegar hafa verið greiddar, að undanskilinni fjárhæð sem nægir fyrir umsýslukostnaði við meðhöndlun umsóknarinnar. Fjárhæðin skal jafngilda tvöfaldri tímaþóknun sem tiltekin er í II. hluta viðaukans. Hafi Flugöryggisstofnunin sannað fyrir brestum í fjárhagslegri getu umsækjanda getur hún synjað umsókn nema umsækjandi leggi fram bankaábyrgð eða örugga innborgun. Flugöryggisstofnunin getur einnig synjað umsókn hafi umsækjandi ekki staðið skil á greiðslum fyrir vottunarverkefni eða þjónustu, sem Flugöryggisstofnunin hefur innt af hendi, nema umsækjandi greiði útistandandi fjárhæðir fyrir þessi vottunarverkefni eða þjónustu.

5. Ef Flugöryggisstofnunin þarf að stöðva vinnu við vottunarverkefni, vegna þess að umsækjandi hefur ófullnægjandi fjárráð eða uppfyllir ekki gildandi kröfur eða vegna þess að umsækjandi ákveður að hætta við umsókn sína eða fresta verkefni sínu, skulu eftirstöðvar þóknanna, sem reiknaðar eru samkvæmt tímagjaldi, á yfirstandandi tólf mánaða tímabili án þess að það verði hærra en viðeigandi föst þóknun, greiddar að fullu um leið og Flugöryggisstofnunin stöðvar framkvæmd verkefnisins, ásamt öllum öðrum fjárhæðum sem koma til greiðslu á þeim tíma. Viðkomandi fjöldi klukkustunda skal reikningsfærður samkvæmt tímaþóknun sem tiltekin er í II. hluta viðaukans. Þegar Flugöryggisstofnunin hefur vottunarverkefni á ný, að beiðni umsækjanda, sem hafði áður verið stöðvað, skal það fært til gjalda sem nýtt verkefni.

6. Ef handhafi vottorðs leggur inn viðkomandi vottorð eða Flugöryggisstofnunin afturkallar vottorðið skulu eftirstöðvar þóknanna, sem reiknaðar eru samkvæmt tímagjaldi, án þess að það verði hærra en viðeigandi föst þóknun, greiddar að fullu um leið og vottorðið er lagt inn eða afturkallað, ásamt öllum öðrum fjárhæðum sem koma til greiðslu á þeim tíma. Viðkomandi fjöldi klukkustunda skal reikningsfærður samkvæmt tímaþóknun sem tiltekin er í II. hluta viðaukans.

7. Felli Flugöryggisstofnunin vottorðið tímabundið úr gildi vegna vanskila á árgjaldi eða eftirlitsþóknun eða vegna þess að umsækjandi uppfyllir ekki viðeigandi kröfur skal viðeigandi þóknunartímabilum viðhaldið.“

## 5. Í 10. gr. falli 2. mgr. brott.

## 6. Í stað annarrar og þriðju málsgreinar í 11. gr. komi eftirfarandi:

„Gjöld skulu innheimt vegna meðferðar á kæru sem lögð

er fram skv. 44. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (\*). Fjárhæðir gjalda eru settar fram í IV. hluta viðaukans. Ef stefnandi er lögaðili er gerð krafa um að hann sjái Flugöryggisstofnuninni fyrir vottorði sem undirritað er af viðurkenndum yfirmanni viðkomandi stofnunar þar sem velta stefnanda er tilgreind. Þetta vottorð skal lagt fram ásamt tilkynningunni um kæru. Kærugjöld skulu greidd innan 60 almanaksdaga frá þeim degi sem kæran er lögð fram hjá Flugöryggisstofnuninni samkvæmt viðeigandi málsmeðferð sem Flugöryggisstofnunin ákveður. Sé ekki gengið frá greiðslu innan þess frestar skal kærunefnd hafna kærinni. Ef stefnandi fær málið dæmt sér í vil skal Flugöryggisstofnunin tafarlaust endurgreiða kærugjöldin.

Fari umsækjandinn fram á það má gefa honum upp áætlun yfir fjárhæð gjaldanna áður en þjónustan er veitt. Flugöryggisstofnunin skal breyta kostnaðaráætluninni ef í ljós kemur að verkefnið er einfaldara eða unnt er að vinna það hraðar en upphaflega var talið eða á hinn bóginn, ef það er flóknara og tekur lengri tíma að vinna það en stofnunin gat með góðu móti séð fyrir.“

(\*) Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2012.

7. Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 14. gr.:

„3. Endurskoða skal viðaukann við þessa reglugerð reglulega til að tryggja að mikilvægar upplýsingar sem tengjast undirliggjandi forsendum um áætlaðar tekjur og útgjöld Flugöryggisstofnunarinnar endurspeglis réttilega í fjárhæðum þóknana og gjalda sem Flugöryggisstofnunin innheimtir. Ef nauðsyn krefur má endurskoða reglugerð þessa ásamt viðaukanum eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hennar.“

8. Viðaukanum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Víðaukanum við reglugerð (EB) nr. 593/2007 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar II. hluta komi eftirfarandi:

„2. Klukkustundir sem liggja til grundvallar viðkomandi verkefni (\*):

|   |                                   |
|---|-----------------------------------|
| Sýnt fram á hönnunargetu með því að nota aðrar aðferðir   | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Framleiðsla án samþykkis  | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur lofthæfifyrirmæla (AD)  | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Stuðningur við fullgildingu (viðurkenning vottorða Flugöryggisstofnunar Evrópu af hálfu erlendra yfirvalda) | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Tæknileg aðstoð sem erlend yfirvöld óska eftir  | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Viðurkenning Flugöryggisstofnunar Evrópu á skýrslum stjórnar um endurskoðun á viðhaldi                      | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Flutningur vottorða   | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Vottorð samþykktis þjálfunarfyrtækis  | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Vottorð fluglæknaseturs   | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Vottorð fyrirtækja eða stofnana sem veita rekstrarstjórnun flugumferðar eða flugleiðsöguþjónustu            | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Vottorð þjálfunarstöðva flugumferðarstjóra  | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Rekstrargögn tengd tegundarvottorðum, breytingum á tegundarvottorðum og viðbótartegundarvottorð (**)        | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Viðurkenningarvottorð flughermisþjálfara  | Raunverulegur fjöldi klukkustunda |
| Samþykkt flugskilyrða fyrir flugleyfi   | Þrjár klukkustundir               |
| Endurútgáfa skjala af hálfu stjórnsýslu   | 1 klukkustund                     |
| Lofthæfivottorð vegna útflutnings (E-CoA) fyrir CS 25 loftför   | 6 klukkustundir                   |
| Lofthæfivottorð vegna útflutnings (E-CoA) fyrir önnur loftför   | 2 klukkustundir.“                 |

(\* ) Sjá 5. og 20. gr. í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og reglugerð (EB) nr. 1702/2003 ásamt breytingum.

2) Í stað IV. hluta komi eftirfarandi:

## „IV. HLUTI

**Gjöld fyrir kærur**

Þegar um er að ræða kærumsóknir þarf að greiða fastagjaldið, eins og fram kemur í töflunni, og er það margfaldað með reiknistuðlinum sem er tilgreindur fyrir samsvarandi gjaldflokk viðkomandi einstaklings eða fyrirtækis.

Kæran telst aðeins tæk þegar kærugjaldið hefur verið greitt.

|  |                           |
|--|---------------------------|
| Fastagjald   | 10 000 evrur              |
| Gjaldflokkur fyrir einstaklinga                                    | Reiknistuðull fastagjalds |
|  | 0,1                       |
| Gjaldflokkur fyrir fyrirtæki í samræmi við veltu stefnanda í evrum | Reiknistuðull fastagjalds |
| minna en 100 001   | 0,25                      |
| á bilinu 100 001 til 1 200 000                                     | 0,5                       |
| á bilinu 1 200 001 til 2 500 000                                   | 0,75                      |
| á bilinu 2 500 001 til 5 000 000                                   | 1                         |
| á bilinu 5 000 001 til 50 000 000                                  | 2,5                       |
| á bilinu 50 000 001 til 500 000 000                                | 5                         |
| á bilinu 500 000 001 til 1 000 000 000                             | 7,5                       |
| yfir 1 000 000 000   | 10 <sup>+</sup>           |

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1332/2011

2013/EES/28/39

frá 16. desember 2011

## um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmis og verklagsreglur fyrir árekstrarvara í flugi (\*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr., 5. mgr. 8. gr. og 4. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Öryggiskröfur skulu gerðar til flugrekenda loftfara, sem eru skráð í aðildarríki eða sem eru skráð í þriðja landi en rekin af flugrekanda í Sambandinu, og til flugrekenda loftfara sem flugrekandi í þriðja landi notar innan Sambandsins.
- 2) Í kjölfar fjölda tilvika þar sem loftför rákust næstum því saman í lofti sökum þess að öryggismörk voru ekki virt, þ.m.t. slysið í Yaizu (Japan) árið 2001 og í Überlingen (Þýskalandi) árið 2002, skal núverandi hugbúnaður fyrir árekstrarvarakerfi uppfærður. Niðurstöður rannsókna leiddu í ljós að með núverandi hugbúnaði fyrir árekstrarvarakerfi er hættan á árekstri í lofti  $2,7 \times 10^{-8}$  á hvern flugtíma. Því er núverandi árekstrarvarakerfi (ACAS II), útgáfa 7.0, talið fela í sér óviðunandi öryggisáhrættu.
- 3) Nauðsynlegt er að innleiða nýja útgáfu hugbúnaðar fyrir árekstrarvarakerfið (ACAS II) til að forðast árekstur í lofti fyrir öll loftför sem fljúga í loftrýminu sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- 4) Til að tryggja eins stranga öryggisstaðla og hægt er skulu loftför, sem falla ekki undir lögboðnu kröfuna um að um borð sé árekstrarvari en voru búin ACAS II árekstrarvarakerfi áður en reglugerð þessi öðlaðist gildi, setja upp ACAS II árekstrarvarakerfi með nýjustu útgáfu af hugbúnaði fyrir árekstrarvara.
- 5) Til að tryggja að öryggiskostunum sé náð í tengslum við nýja útgáfu hugbúnaðarins er nauðsynlegt að öll loftför séu búin þessum búnaði eins fljótt og auðið er. Þó er

nauðsynlegt að setja flugiðnaðinum raunhæf tímamörk til að laga sig að þessari nýju reglugerð, að teknu tilliti til tiltækileika hins nýja búnaðar.

- 6) Flugöryggisstofnunin útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

## Efni og gildissvið

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um sameiginlegar kröfur um notkun loftrýmisins og verklagsreglur til að forðast árekstur í lofti sem eftirfarandi aðilar eiga að uppfylla:

- a) flugrekendur loftfara, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, sem fljúga til Sambandsins, innan þess eða frá því og
- b) flugrekendur loftfara, sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, sem fljúga innan loftrýmis yfir því landsvæði sem sáttmálinn gildir um, auk hvers konar annars loftrýmis þar sem aðildarríkin beita reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004<sup>(2)</sup>.

2. gr.

## Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „árekstrarvarakerfi í flugi (ACAS)“: kerfi loftfars sem byggist á kögunarratsjársvarkerkjum, sem starfar óháð búnaði á jörðu niðri og veitir flugmanni ráðleggingar um hugsanlega aðsteðjandi umferð loftfara sem eru búin SSR-ratsjársvörum,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 336, 20.12.2011, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

- 2) „árekstrarvarakerfi í flugi II (ACAS II)“: árekstrarvarakerfi sem veitir ráðleggingar (RA) um klifur eða lækkun til viðbótar við upplýsingar um flugumferð (TA),
- 3) „ráðleggingar (RA)“: ráðleggingar til flugliða þar sem mælt er með flugbragði sem er ætlað að veita aðskilnað frá allri ógn eða flugbragði með takmörkun sem ætlað er að viðhalda þeim aðskilnaði sem fyrir er,
- 4) „upplýsingar vegna umferðar (TA)“: ábending til flugliða um að nálægð annars loftfars sé möguleg ógnun.

3. gr.

#### Árekstrarvarakerfi í flugi (ACAS)

1. Flugvélnar, sem um getur í I. þætti viðaukans við þessa reglugerð, skulu búnar og starfræktar í samræmi við reglurnar og verklagsreglurnar sem tilgreindar eru í viðaukanum.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að starfræksla flugvéla, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, samrýmist reglunum og verklagsreglunum sem tilgreindar eru í viðaukanum í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þeirri grein.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2011.

4. gr.

#### Sérákvæði sem gilda um flugrekendur, sem falla undir reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 <sup>(1)</sup>

1. Þrátt fyrir ákvæði OPS 1.668 og OPS 1.398 III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91, skulu 3. gr. og viðaukinn við þessa reglugerð gilda um flugrekendur flugvéla sem um getur í a-lið 1. gr.
2. Allar aðrar skyldur, sem lagðar eru á flugrekendur með reglugerð (EBE) nr. 3922/91 að því er varðar samþykki, uppsetningu og notkun búnaðar, gilda áfram um árekstrarvarakerfi í flugi II (ACAS II).

5. gr.

#### Gildistaka og gildistími

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Ákvæði 3. og 4. gr. gilda frá og með 1. mars 2012.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. gilda ákvæði 3. og 4. gr. frá og með 1. desember 2015 fyrir loftför með sérstakt loftþæfivottorð sem gefið er út fyrir 1. mars 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

## VIÐAUKI

## Árekstrarvarakerfi í flugi (ACAS) II

(ACAS-hluti)

## I. hluti — Búnaður árekstrarvarakerfis í flugi II (ACAS II)

## AUR.ACAS.1005 Kröfur um afkastagetu

- 1) Eftirfarandi flugvélar, knúnar hverfihreyflum, sem eru búnar ACAS II skulu hafa árekstrarvaravirkni af útgáfu 7.1:
  - a) flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5700 kg eða
  - b) flugvélar sem hafa heimild til að flytja fleiri en 19 farþega.
- 2) Loftför, sem ekki er getið um í 1. lið en sem munu vera búin ACAS II að eigin frumkvæði, skulu vera með árekstrarvaravirkni af útgáfu 7.1.
- 3) Ákvæði 1. liðar gilda ekki um ómönnuð loftfarskerfi.

## II. Þáttur — Starfræksla

## AUR.ACAS.2005 Notkun ACAS II

- 1) Nema annað komi fram í listanum yfir lágmarksbúnað, sbr. III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/9, skal nota ACAS II meðan á flugi stendur með þeim hætti að hægt sé að kalla fram ráðleggingar fyrir flugliða ef kerfið greinir óleyfilega nálægð við annað loftfar, nema nauðsynlegt sé að loka fyrir ráðleggingar (og nota aðeins upplýsingar um umferð (TA) eða sambærilegt) vegna óeðlilegs verklags eða vegna skilyrða sem takmarka afköstin.
- 2) Þegar ACAS II kallar fram ráðleggingu:
  - a) skal flugmaðurinn við stjórn tafarlaust fara að ráðleggingum árekstrarvarans, jafnvel þótt það samrýmist ekki leiðbeiningum flugumferðarstjórnar, nema slíkt myndi stofna öryggi loftfarsins í hættu,
  - b) skulu flugliðar, eins fljótt og vinnuálag heimilar það, tilkynna viðeigandi flugstjórnardeild um allar ráðleggingar árekstrarvara sem krefjast þess að vikið sé frá gildandi fyrirmælum eða heimildum flugumferðarstjórnar,
  - c) þegar hættan er liðin hjá:
    - i. skal loftfarinu samstundis flogið eftir fyrirmælum eða heimildum flugumferðarstjórnar og flugumferðarstjórn tilkynnt um flugbragðið eða
    - ii. skal loftfarið fara að öllum breytingum á heimild flugumferðarstjórnar eða fyrirmælum flugumferðarstjórnar sem gefin eru út.

## AUR.ACAS.2010 Þjálfun í ACAS II

Flugrekendur skulu koma á verklagsreglum og þjálfunaráætlanum fyrir ACAS II svo flugliðar fái fullnægjandi þjálfun í að koma í veg fyrir árekstra og verði hæfir til að nota ACAS II árekstrarvarabúnaðinn.

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2011

2013/EES/28/40

frá 24. febrúar 2011

um upplýsingar sem á að leggja fram áður en starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót  
eða því breytt (\*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

Flugöryggisstofnun Evrópu og aðra hagsmunaaðila, vera settar fram með skýrum hætti sem og verkalagsreglur um þessi upplýsingaskipti.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) <sup>(1)</sup> einkum 9. mgr. 9. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Starfrænu loftrýmisumdæmin skipta sköpum í því að styrkja samstarf á milli aðildarríkja til að bæta frammistöðu og stuðla að samlegðaráhrifum. Í þeim tilgangi og til að nýta sem best tengslin milli starfrænu loftrýmisumdæmanna í samevrópska loftrýminu skulu hlutaðeigandi aðildarríki vinna saman og, eftir því sem við á, einnig með þriðju löndum.
- 2) Aðildarríkjunum ber að fara að kröfum 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004 þegar þau koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi.
- 3) Aðildarríkjum sem koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi ber að láta framkvæmdastjórninni, Flugöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og öðrum hagsmunaaðilum í té upplýsingar og gefa þeim færi á að leggja fram athugasemdir sínar með það að markmiði að stuðla að skoðanaskiptum. Þó skulu aðildarríkin ekki leggja fram leynilegar upplýsingar, viðskiptaleyndarmál eða aðrar upplýsingar sem eru háðar trúnaðarkvöð.
- 4) Upplýsingarnar, sem leggja á fram samkvæmt þessari reglugerð, skulu samrýmast markmiðum starfrænu loftrýmisumdæmanna og aðstoða aðildarríkin við að tryggja samræmi við aðrar ráðstafanir samevrópska loftrýmisins.
- 5) Til að greiða fyrir slíkum upplýsingaskiptum og framlagningu athugasemda skulu upplýsingarnar, sem teljast fullnægjandi fyrir aðildarríkin, framkvæmdastjórnina,

- 6) Hlutaðeigandi aðildarríki skulu m.a. leggja upplýsingarnar fram í sameiningu og til samræmis við það leggja fram upplýsingasafn og skjalfesta sönnun fyrir hvert starfrænt loftrýmisumdæmi.
- 7) Litið skal á það þegar starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót sem lagalegt ferli þar sem aðildarríkjunum ber að styrkja samstarf á milli starfrænna loftrýmisumdæma sinna. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla þessar kröfur, eigi síðar en 4. desember 2012, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 550/2004.
- 8) Ákvörðunin um hvort starfrænu loftrýmisumdæmi hafi verið breytt skal byggjast á sömu viðmiðunum fyrir öll aðildarríkin og skal takmarkast við þær breytingar sem hafa umtalsverð áhrif á starfræna loftrýmisumdæmið og/ eða aðliggjandi starfræn loftrýmisumdæmi eða aðildarríki.
- 9) Samkvæmt 13. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 <sup>(2)</sup> skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin gæta samræmis við Flugöryggisstofnun Evrópu til að tryggja að tekið sé tillit til allra öryggisþátta með tilhlýðilegum hætti við framkvæmd samevrópska loftrýmisins.
- 10) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á hagsmuni aðildarríkjanna í öryggis- eða varnarmálum og tengdar þarfir sem falla undir trúnaðarkvöð skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.
- 11) Samkvæmt 83. gr. Chicago-samningsins þurfa aðildarríki, sem koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi, að skrá samninga eða fyrirkomulag varðandi starfræn loftrýmisumdæmi og allar síðari breytingar á þeim hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO).

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 51, 25.2.2011, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.



- 12) Stofnun starfrænna loftrýmisumdæma, sem myndi leiða til breytinga á mörkum flugupplýsingasvæðis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (FIR) eða á aðstöðu og veittri þjónustu innan þessara marka, skal áfram falla undir áætlanuferli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um flugleiðsögu og verklagsreglur um breytingar á flugleiðsöguáætlunum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 13) Aðildarríki skulu tryggja að þau uppfylli öryggisábyrgð sína með skilvirkum hætti þegar þau koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi. Þau skulu sýna fram á og láta í té nauðsynlega fullvissu um að starfrænu loftrýmisumdæmi verði komið á fót og því stjórnad með öruggum hætti ásamt því að taka tillit til þátta öryggisstjórnunar í aðildarríkjunum og hjá veitendum flugleiðsöguþjónustu í tengslum stofnun starfræns loftrýmisumdæmis með áherslu á hlutverk þeirra beggja og ábyrgð að því er varðar öryggi.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

#### Efni og gildissvið

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um kröfur:

- um upplýsingar sem hlutaðeigandi aðildarríki eiga að leggja fyrir framkvæmdastjórnina, Flugöryggisstofnun Evrópu, önnur aðildarríki og hagsmunaaðila áður en starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt,
- um verklagsreglur um að veita upplýsingar og leggja fram athugasemdir frá þeim aðilum sem um getur í 1. lið áður en framkvæmdastjórninni er tilkynnt um starfrænt loftrýmisumdæmi.

2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „hlutaðeigandi aðildarríki“: aðildarríki sem hafa gert gagnkvæmt samkomulag um að koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 550/2004,
- „hagsmunaaðilar“: þriðju lönd sem liggja að starfrænu loftrýmisumdæmi, viðkomandi loftrýmisnotendur eða hópar loftrýmisnotenda og fulltrúar fagfélaga sem og veit-

endur flugleiðsöguþjónustu sem liggja að veitendum flugleiðsöguþjónustu í starfrænu loftrýmisumdæmi.

3. gr.

#### Sýnt fram á að kröfurnar séu uppfylltar

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu í sameiningu leggja fram upplýsingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, til að sýna fram á að kröfur 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004 séu uppfylltar.

4. gr.

#### Tilhögun upplýsingaskipta varðandi ný starfræn loftrýmisumdæmi

- Eigi síðar en 24. júní 2012 skulu hlutaðeigandi aðildarríki leggja upplýsingarnar í viðaukanum fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að upplýsingarnar séu tiltækar Flugöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og hagsmunaaðilum, til athugunar, eigi síðar en einni viku eftir móttöku þeirra.
- Athugasemdir Flugöryggisstofnunar Evrópu, annarra aðildarríkja og hagsmunaaðila skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en tveimur mánuðum eftir móttöku upplýsinganna. Framkvæmdastjórnin skal án tafar senda hlutaðeigandi aðildarríkjum þær athugasemdir sem hún móttækur ásamt sínum eigin athugasemdum.
- Hlutaðeigandi aðildarríki skulu taka athugasemdirnar, sem þau móttaka, til athugunar á viðeigandi hátt áður en þau koma eigin starfrænu loftrýmisumdæmi á fót.

5. gr.

#### Breytingar á starfrænu loftrýmisumdæmi sem hefur verið komið á fót

- Að því er þessa reglugerð varðar telst starfrænu loftrýmisumdæmi sem komið hefur verið á fót, hafa verið breytt þegar fyrirhuguð breyting hefur í för með sér breytingar á skilgreindri stærð starfræna loftrýmisumdæmisins.
- Að minnsta kosti sex mánuðum áður en breyting kemur til framkvæmda skulu hlutaðeigandi aðildarríki í sameiningu tilkynna framkvæmdastjórninni um fyrirhugaðar breytingar og leggja fram upplýsingar til stuðnings breytingunum og, eftir því sem við á, uppfæra upplýsingarnar sem hafa verið lagðar fram í tengslum við stofnun starfræns loftrýmisumdæmis. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að upplýsingarnar séu tiltækar Flugöryggisstofnun Evrópu, öðrum aðildarríkjum og hagsmunaaðilum, til athugunar, eigi síðar en einni viku eftir móttöku upplýsinganna.
- Athugasemdir Flugöryggisstofnunar Evrópu, annarra aðildarríkja og hagsmunaaðila skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en tveimur mánuðum eftir móttöku upplýsinganna. Framkvæmdastjórnin skal án tafar senda hlutaðeigandi aðildarríkjum þær athugasemdir sem hún móttækur ásamt sínum eigin athugasemdum.
- Hlutaðeigandi aðildarríki skulu taka athugasemdirnar, sem þau móttaka, til athugunar á viðeigandi hátt áður en þau breyta eigin starfrænu loftrýmisumdæmi.

6. gr.

**Starfræn loftrýmisumdæmi sem þegar hefur verið komið á fót**

Hlutaðeigandi aðildarríki, sem hefur þegar komið á fót starfrænu loftrýmisumdæmi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum og hafa ekki nú þegar verið lagðar fram sem hluti af tilkynningu þeirra, séu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 24. júní 2012.

7. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

## UPPLÝSINGAR SEM Á AÐ LEGGJA FRAM

## I. HLUTI

*Almennar upplýsingar*

1. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilgreina:
  - a) tengilið fyrir starfræna loftrýmisumdæmið,
  - b) skilgreina stærð starfræna loftrýmisumdæmisins,
  - c) veitendur flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu sem hafa verið tilnefndir í sameiningu, ef við á, og ábyrgðarsvið þeirra.
  - d) veitendur flugumferðarþjónustu sem veita þjónustu án þess að hafa starfsleyfi, í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 550/2004, og ábyrgðarsvið þeirra.
2. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram eftirfarandi upplýsingar um fyrirkomulag, sem komist hefur verið að samkomulagi um, að því er varðar að koma á fót eða breyta starfrænu loftrýmisumdæmi, þ.m.t.:
  - a) afrit af skjölunum sem endurspeгла gagnkvæmt samkomulag hlutaðeigandi aðildarríkja um að koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi,
  - b) upplýsingar um fyrirkomulag á milli landsbundinna eftirlitsyfirvalda í starfrænu loftrýmisumdæmi,
  - c) upplýsingar um fyrirkomulag á milli veitenda flugumferðarþjónustu í starfrænu loftrýmisumdæmi,
  - d) upplýsingar um fyrirkomulag á milli þar til bærra borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda að því er varðar þátttöku þeirra í eftirlits- og stjórnunarkerfi starfræns loftrýmisumdæmis.
3. Hlutaðeigandi aðildarríki geta vísað til upplýsinga, sem þegar hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina, við framkvæmd samevrópska loftrýmisins.

## II. HLUTI

*Kröfur 2. mgr. 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004*

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar, þ.m.t. fylgiskjöl, sem varða kröfur 2. mgr. 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 550/2004.

1. *Greining á öryggi starfræns loftrýmisumdæmis*

Láta skal í té eftirfarandi upplýsingar að því er varðar öryggisgreiningu á starfræna loftrýmisumdæminu:

- a) sameiginlega stefnu um öryggismál eða áætlun um að koma á fót sameiginlegri stefnu um öryggismál,
- b) lýsingu á fyrirkomulagi að því er varðar hvernig rannsóknum á slysum og flugatvikum er háttað og áætlanir um hvernig standa eigi að gagnasöfnun, greiningu á gögnum og skipti á gögnum er varða öryggismál,
- c) lýsingu á því hvernig öryggismálum er stjórnað til að koma í veg fyrir hnignandi öryggisframmistöðu innan starfræna loftrýmisumdæmisins,
- d) lýsingu á fyrirkomulagi þar sem ábyrgðarsvið og tengsl eru ákvörðuð og þeim úthlutað með skýrum hætti í tengslum við ákvörðun öryggismarkmiða, öryggiseftirlits og tilheyrandi framfylgdarráðstafana að því er varðar veitingu flugleiðsöguþjónustu innan starfræna loftrýmisumdæmisins,
- e) gögn og/eða yfirlýsingar um að öryggismat hafi verið framkvæmt, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og mildun áhættu, áður en rekstrarlegar breytingar eru innleiddar, sem stafar af því að starfrænu loftrýmisumdæmi hefur verið komið á fót eða því breytt.

## 2. Hámarksnýting loftrýmis, að teknu tilliti til flæðis flugumferðar

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) lýsingu á tengslunum við viðkomandi starfsemi neta fyrir stjórnun loftrýma og flæðisstjórnun flugumferðar, sem um getur í 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 <sup>(1)</sup>, þ.m.t. samræming, fyrirkomulag og verklagsreglur til að ná hámarksnýtingu loftrýmisins,
- b) að því er varðar stjórnun loftrýma innan starfræna loftrýmisumdæmisins, sem fellur ekki undir starfsemi neta, sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004, upplýsingar:
  - um fyrirkomulag fyrir samþættaða stjórnun loftrýma,
  - um ákvæði um samnýtingu gagna vegna stjórnunar loftrýma,
  - um fyrirkomulag fyrir skilvirka samvinnu við ákvarðanatöku,
- c) að því er varðar samræmingu í rauntíma innan starfræna loftrýmisumdæmisins:
  - lýsingu á því hvernig starfsemi, sem nær yfir landamæri, er stjórnað ef ný svæði verða til sem leiðir af því að starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt.

## 3. Samræmi við evrópskt net flugleiða

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar til að sýna fram á að hönnun flugleiða og framkvæmd starfræna loftrýmisumdæmisins samrýmist og fer fram innan ferlis sem komið er á með hliðsjón af heildarsamræmingu, þróun og framkvæmd evrópsks nets flugleiða sem um getur í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004.

Hlutaðeigandi aðildarríki geta vísað til upplýsinga, sem þegar hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina, við framkvæmd samevrópska loftrýmisins.

## 4. Heildarvirðisauki á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu gefa út yfirlýsingar til staðfestingar á því:

- a) að kostnaðar- og ábatagreining hafi farið fram samkvæmt stöðluðum starfsvenjum í atvinnugreininni, með því að nota m.a. greiningu á afvöxtuðu sjóðstreymi,
- b) að kostnaðar- og ábatagreining gefi heildstætt yfirlit yfir áhrifin, sem verða við það að starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt, á borgaralega og hernaðarlega notendur loftrýmis,
- c) að kostnaðar- og ábatagreining sýni fram á jákvæða fjárhagslega heildarniðurstöðu (hreint núvirði og/eða innri vexti) við það að starfrænu loftrýmisumdæmi er komið á fót eða því breytt,
- d) að starfrænt loftrýmisumdæmi stuðli að því að draga úr umhverfisáhrifum af völdum flugumferðar,
- e) að virði kostnaðar og ábata, upptök þeirra og forsendur, sem liggja til grundvallar kostnaðar- og ábatagreiningunni hafi verið skráð,
- f) að haft hafi verið samráð við helstu hagsmunaaðila og að þeir hafi sagt álit sitt á áætluðum kostnaði og ábata í tengslum við starfsemi sína.

## 5. Trygging fyrir snurðulausri og sveigjanlegri færslu ábyrgðar á flugumferðarstjórn milli flugumferðarþjónustudeilda

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar sem sýna fram á að færsla ábyrgðar á flugumferðarstjórn sé snurðulaus og sveigjanleg innan starfræna loftrýmisumdæmisins. Þetta skal fela í sér eftirfarandi upplýsingar um þær breytingar sem eru innleiddar við það að koma á fót starfrænu loftrýmisumdæmi er breyta því:

- a) lýsingu á fyrirkomulagi flugumferðarþjónustu yfir landamæri,
- b) fyrirkomulag sem hefur verið innleitt til að auka samræmi í verklagi meðal hlutaðeigandi veitenda flugumferðarþjónustu innan starfræna loftrýmisumdæmisins og frekari fyrirhugaðar aðgerðir til að auka samræmi,

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

- c) lýsingu á fyrirkomulagi sem komið er á til að auka samræmi í verklagi meðal hlutaðeigandi borgaralegra og hernaðarlegra veitenda flugumferðarþjónustu og lýsingu á frekari fyrirhuguðum framtaksverkefnum til að auka samræmi í tengslum við hugmyndina um sveigjanlega notkun loftrýmis,
- d) lýsingu á fyrirkomulagi sem komið er á til að auka samræmi í verklagi meðal hlutaðeigandi aðliggjandi veitenda flugumferðarþjónustu og lýsingu á frekari fyrirhuguðum framtaksverkefnum til að bæta samræmi.
6. *Trygging fyrir samhæfingu á milli mismunandi skilgreininga loftrýmis, m.a. með því að hámarka nýtingu núverandi flugupplýsingasvæða*
- Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar um tiltækar áætlanir um hvernig eigi að fá fram samræmt skipulag og flokkun mismunandi skilgreininga loftrýmis innan starfræna loftrýmisumdæmisins. Í áætlunum skulu vera:
- a) meginreglur um skipun loftrýmis í flokk og um skipulag loftrýmis fyrir starfræna loftrýmisumdæmið,
- b) breytingar á skilgreiningum loftrýmis sem stafa af samræmingu innan starfræna loftrýmisumdæmisins.
7. *Svæðisbundnir samningar sem gerðir eru innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar*
- Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram skrá yfir svæðisbundna samninga sem eru í gildi og gerðir í samræmi við rammann, sem ákvarðaður er skv. 11. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningflug, sem skipta máli að því er varðar að koma á fót og reka starfrænt loftrýmisumdæmi.
8. *Svæðisbundnir samningar sem eru í gildi*
- Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram skrá yfir samninga sem eru í gildi og gerðir af hálfu eins eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríkja, þ.m.t. þeir sem eru gerðir við þriðju lönd, sem skipta máli að því er varðar að koma á fót og reka starfrænt loftrýmisumdæmi.
9. *Frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu*
- 9.1. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu leggja fram upplýsingar um fyrirkomulag sem hefur verið innleitt til að greiða fyrir samræmi við frammistöðumarkmið í gervöllu Evrópusambandinu sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.
- 9.2. Hlutaðeigandi aðildarríki geta vísað til upplýsinga sem nú þegar hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina samkvæmt ákvæði 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010<sup>(1)</sup>.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 201, 3.8.2010, bls. 1.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/77/ESB

2013/EES/28/41

frá 27. september 2011

## um breytingu á tilskipun 2006/116/EB um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna skyldra réttinda (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr., 62. gr. og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Verndartími fyrir listflytjendur og framleiðendur hljóðrita er 50 ár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/116/EB<sup>(3)</sup>.
- 2) Í tilfalli listflytjenda hefst þetta tímabil með listflutningi eða, þegar upptaka af listflutningnum er löglega gefin út eða henni miðlað til almennings með löglegum hætti innan 50 ára frá því að listflutningurinn fer fram, fyrstu útgáfu eða miðlun hans til almennings, eftir því hvor dagurinn er á undan.
- 3) Tímabilið hefst hjá framleiðendum hljóðrita við upptöku hljóðrítisins, löglega útgáfu þess innan 50 ára frá upptöku eða, ef slík útgáfa hefur ekki farið fram, löglega miðlun til almennings innan 50 ára frá upptöku.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 265, 11.10.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 182, 4.8.2009, bls. 36.

<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 23. apríl 2009 (Stjtið. ESB C 184 E, 8.7.2010, bls. 331) og ákvörðun ráðsins frá 12. september 2011.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 12.

- 4) Endurspeglar skal hið félagslega viðurkennda mikilvægi, sem skapandi framlag listflytjenda hefur, með verndarstigi sem áréttar hið skapandi og listræna framlag þeirra.

- 5) Listflytjendur hefja gjarnan feril sinn ungir og er núgildandi 50 ára verndartími fyrir upptökur á listflutningi oft ekki nægjanlegur til að vernda hann allt æviskeið þeirra. Af þeim sökum horfa sumir listflytjendur fram á tekjumun á ævikvöldi sínu. Þar að auki geta listflytjendur ekki alltaf treyst á að réttindi þeirra yfir eigin listflutningi geti hindrað eða takmarkað hneykslanlega notkun sem kann að vera gerð á flutningnum á meðan þeir lifa.

- 6) Tekjur sem leiða af einkarétti á endurútgáfu og notkun, eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu<sup>(4)</sup>, einnig sanngjarnar bætur fyrir endurútgáfu til einkanota, í skilningi þeirrar tilskipunar, og einkarétt á dreifingu og leigu, í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarétti, á sviði hugverkaréttar<sup>(5)</sup>, ættu að minnsta kosti að vera tiltækar listflytjendum á æviskeiði þeirra.

- 7) Því skal lengja verndartíma á upptökum af listflutningi og hljóðritum í 70 ár frá því að viðkomandi atburður fór fram.

- 8) Réttindi á upptöku listflutningsins skulu hverfa aftur til listflytjandans ef framleiðandi hljóðrítisins býður ekki fjölfölduð afrit hljóðrítisins, sem yrði almenningsseign ef ekki kæmi til lengingar á verndartímanum, til sölu í nægjanlegu magni, í skilningi alþjóðasamningsins um

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28.

vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana, eða láti ógert að gera slíkt hljóðrit aðgengilegt almenningi. Þessi valkostur skal vera tiltækur við lok hæfilegs frests sem framleiðandi hljóðrítisins hefur til að framkvæma báðar þessar nýtingarleiðir. Réttindi framleiðanda hljóðrítisins á því skulu þannig renna út til að forðast aðstæður þar sem réttindi þessi væru til staðar samhliða þeim sem listflytjandinn hefur á upptöku listflutningsins, þó að réttindi hins síðarnefnda séu ekki lengur yfirfærð eða framseld til framleiðanda hljóðrítisins.

- 9) Listflytjendur verða jafnan að yfirfæra eða framselja einkarétt á endurútgáfu, dreifingu, leigu og notkun á upptökum af listflutningi þeirra til framleiðanda hljóðrita, þegar þeir stofna til sammingsbundinna tengsla við hann. Í staðinn fá sumir listflytjendur höfundarlaunin greidd fyrirfram og njóta aðeins frekari greiðslna þegar útgefandi hljóðrítisins hefur fengið inn tekjur fyrir upphaflegu fyrirframgreiðslunni og sammingsbundnum frádrætti kostnaðar. Aðrir listflytjendur yfirfæra eða framselja einkarétt sinn og fá í staðinn eingreiðslu (eina greiðslu þóknunar). Þetta á sérstaklega við um listflytjendur sem eru hvorki sýnilegir í listflutningi né skráðir á kreditlista (ótilgreindir listflytjendur) en stundum einnig um listflytjendur sem eru nefndir á kreditlista (tilgreindir listflytjendur).
- 10) Innleiða skal hliðarráðstafanir í því skyni að tryggja að listflytjendur, sem hafa yfirfært eða framselt einkarétt til framleiðanda hljóðrita, hagnist í raun á lengingu verndartímans.
- 11) Fyrsta hliðarráðstöfunin skal vera sú að setja þá kvöð á framleiðendur hljóðrita að þeir leggi til hliðar, að minnsta kosti árlega, upphæð sem samsvarar 20% af tekjum frá einkarétti af dreifingu, endurútgáfu og notkun hljóðrita. „Tekjur“: afrakstur framleiðanda hljóðrita áður en kostnaður er dreginn frá.
- 12) Greiðsla þessara fjárhæða skal einungis vera gerð til hagsbóta fyrir listflytjendur, hverra upptaka af listflutningi er geymd í hljóðriti og sem hafa yfirfært eða framselt réttindi sín til framleiðanda hljóðrita gegn eingreiðslu þóknunar. Úthluta skal fjárhæðunum, sem settar eru til hliðar með þessum hætti, á einstaklingsgrundvelli til ótilgreindra listflytjenda a.m.k. árlega. Fela skal innheimtusamtökum slíka úthlutun og má beita innlendum reglum um óráðstafanlegar tekjur þar að lútandi. Til að koma í veg fyrir að óhóflegar byrðar séu lagðar á við innheimtu og stjórnun þessara tekna skulu aðildarríkin geta sett reglur um umfang þess hversu mikið smáfyrirtæki

falla undir kvaðir þess efnis að leggja af mörkum ef þær greiðslur gætu litið óhóflega út með tilliti til kostnaðar við innheimtu og stjórnunar þessara tekna.

- 13) Í 5. gr. tilskipunar 2006/115/EB er listflytjendum þegar veittur réttur til sanngjarnrar þóknunar, sem þeir geta ekki afsalað sér, fyrir leigu á, m.a. hljóðritum. Ennfremur yfirfæra eða framselja listflytjendur jafnan ekki til framleiðanda hljóðrita þau réttindi sín að krefjast sanngjarnrar þóknunar í formi eingreiðslu fyrir útsendingar í útvarpi og miðlun til almennings skv. 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2006/115/EB og sanngjarnar bætur fyrir endurútgáfur til einkanota skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB. Við útreikninga á heildarfjárhæðinni, sem framleiðandi hljóðrita skal leggja til hliðar fyrir greiðslu viðbótarþóknunar, skal því ekki hafa hliðsjón af tekjum, sem framleiðandi hljóðrita hefur hlotið af leigu hljóðrita, sanngjarnri þóknun í formi eingreiðslu, sem móttækin var fyrir útsendingu í útvarpi og miðlun til almennings, eða fyrir sanngjarnar bætur, sem móttæknar voru fyrir afritun til einkanota.
- 14) Önnur hliðarráðstöfun, sem er ætlað að endurstilla samninga með því að listflytjendur yfirfæri einkarétt sinn til framleiðanda hljóðrita á grundvelli rétthafagreiðslna, skal vera „hreint borð“ fyrir þá listflytjendur sem hafa framselt framangreinda einkarétti sína til framleiðanda hljóðrita gegn höfundaréttargreiðslum eða þóknunum. Til að listflytjendur njóti að fullu ávinnings af lengda verndartímanum skulu aðildarríkin tryggja, samkvæmt samningum á milli framleiðanda hljóðrita og listflytjenda, að hlutfall höfundaréttargreiðslna og þóknana sé veðbandalaust þrátt fyrir að listflytjendur hefðu þegið fyrirframgreiðslur eða sammingsbundinn frádrátt kostnaðar á lengda verndartímanum.
- 15) Vegna réttarvissu skal kveðið á um, þar sem skýrar vísbendingar um hið gagnstæða vantar í samninginn, að sammingsbundnar yfirfærslur eða framsal á réttindum á upptöku listflutnings, sem lokið er við fyrir þann dag er aðildarríkin eiga að samþykka ráðstafanir til að framkvæma þessa tilskipun, skuli halda gildi sínu á lengda verndartímanum.
- 16) Aðildarríkin skulu geta kveðið á um að semja megi að nýju um tiltekna skilmála, sem kveða á um endurteknar greiðslur, til hagsbóta fyrir listflytjendur. Aðildarríkin skulu hafa sett sér verklagsreglur til að ná yfir þann möguleika að nýjar samningaviðræður skili engum árangri.
- 17) Tilskipun þessi skal ekki hafa áhrif á samrýmanleg ákvæði í innlendum reglum og samningum, svo sem kjarasamningum sem samþykktir voru í aðildarríkjunum á milli hagsmunasamtaka listflytjenda og hagsmunasamtaka framleiðenda.

- 18) Í sumum aðildarríkjum fá tónsmíðar með texta aðeins einfaldan verndartíma sem reiknaður er út frá andláti síðasta eftirlifandi höfundar á meðan önnur aðildarríki veita bæði tónlist og texta aðskilinn verndartíma. Tónsmíðar með texta eru að langmestu leyti samdar af fleiri en einum höfundi. Til dæmis má nefna að ópera er gjarnan samstarfsverkefni textahöfundar og tónskálds. Ennfremur felst sköpunarferlið á tónlistarsviðum eins og jass-, rokk- og dægurtónlist oft í samstarfi margra aðila.
- 19) Af þessum sökum varð ófullnægjandi samræming á verndartímum að því er varðar tónsmíðar með texta, texta og verka sem samin voru með það í huga að tónlist og texti stæðu saman, sem leiðir til hindrana á frjálsum vöru- og þjónustuflutningum, s.s. þjónustu við sameiginlega umsýslu yfir landamæri. Til að tryggja að þessum hindrunum verði rutt úr vegi skulu öll þau verk, sem njóta verndar á þeim tíma þegar aðildarríkjunum ber skylda til að lögleiða þessa tilskipun, hafa samræmdan verndartíma í öllum aðildarríkjunum.
- 20) Því ber að breyta tilskipun 2006/116/EB til samræmis við það.
- 21) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð markmiðum hliðarráðstafananna með fullnægjandi hætti, að því leyti sem landsráðstafanir á því sviði myndu annaðhvort leiða til röskunar á samkeppni eða hafa áhrif á gildissvið einkaréttar framleiðanda hljóðrita, eins og þau eru skilgreind í löggiöf Sambandsins, og má því betur ná þeim á vettvangi Sambandsins, getur Sambandið samþykkt ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og segir í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Til þess að ná þessum markmiðum er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur, í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein.
- 22) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu<sup>(1)</sup> eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að semja og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörum milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra,

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### Breytingar á tilskipun 2006/116/EB

Tilskipun 2006/116/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:

„7. Verndartími tónsmíðar með texta skal renna út 70 árum frá andláti þess sem lifir lengst af höfundum texta

og tónlistar, hvort sem viðkomandi er skráður meðhöfundur eða ekki, að því tilskildu að framlög beggja séu sérstaklega samin fyrir viðkomandi tónsmíð með texta“.

- 2) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) eftirfarandi komi í stað annars málslíðar 1. mgr.:

„Hins vegar,

— ef upptaka á listflutningi, öðru vísi en í hljóðriti, er gefin út á löglegan hátt eða henni miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili renna réttindin þó út 50 árum eftir fyrsta útgáfudag eða fyrsta dag miðlunar til almennings, eftir því hvor dagurinn er á undan,

— ef upptaka á listflutningi í hljóðriti er gefin út á löglegan hátt eða henni miðlað til almennings á löglegan hátt á þessu tímabili renna réttindin þó út 70 árum frá fyrsta útgáfudegi eða fyrsta degi miðlunar til almennings, eftir því hvor dagurinn er á undan.“,

- b) í öðrum og þriðja málslíð 2. mgr. skal talan „70“ koma í stað tölunnar „50“,

- c) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„2a. Listflytjandinn getur slitið samningnum, þar sem hann yfirfærir eða framselur réttindi sín á upptökum af listflutningi sínum til framleiðanda hljóðrita (hér á eftir „samningur um yfirfærslu eða framsal“), ef framleiðandi hljóðritsins býður ekki fjölfölduð afrit þess til sölu í nægjanlegu magni eða lætur ógert að gera slíkt hljóðrit aðgengilegt almenningi, um þráð eða þráðlaust, 50 árum frá því að hljóðritið var löglega gefið út eða, ef slík útgáfa fórst fyrir, 50 árum frá því að henni var löglega miðlað til almennings, með þeim hætti að almenningur geti nálgast hana frá stað og á tíma sem hver einstaklingur velur sér. Beita má réttinum til að slíta samningnum um yfirfærslu og framsal ef framleiðandinn, innan árs frá því að listflytjandinn tilkynnti honum um þá ætlun sína að slíta samningnum um yfirfærslu og framsal samkvæmt málslíðnum hér á undan, framkvæmir hvoruga af þeim nýtingarleiðum, sem þar um getur í málslíðnum. Listflytjandinn má ekki afsala sér réttinum til samningsslíta. Þegar hljóðrit inniheldur upptöku af listflutningi margra listflytjenda geta þeir slitið samningnum sínum um yfirfærslu og framsal í samræmi við viðeigandi landslög. Ef samningnum um yfirfærslu eða framsal er slitið samkvæmt þessari málsgrein skulu réttindi framleiðanda hljóðritsins í hljóðritinu falla úr gildi.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.



2b. Þar sem samningur um yfirfærslu eða framsal gefur listflytjandanum réttindi til að krefjast einnar greiðslu þóknunar skal listflytjandinn hafa heimild til að hljóta árlega viðbótarþóknun frá framleiðanda hljóðrítisins fyrir hvert heilt ár beint í kjölfar 50. ársins frá löglegri útgáfu hljóðrítisins eða, ef ekki er um slíka útgáfu að ræða, 50. ársins frá því að henni var löglega miðlað til almennings. Listflytjandinn má ekki afsala sér réttindunum til að hljóta þessa árlegu viðbótarþóknun.

2c. Heildarfjárhæðin sem framleiðendur hljóðrita leggja til hliðar vegna árlegrar greiðslu viðbótarþóknunarinnar, sem um getur í 2. mgr. b, skal samsvara 20% tekna, sem framleiðandi hljóðrita hlaut árið áður en viðkomandi greiðsla er innt af hendi, af endurútgáfu, dreifingu og notkun á umræddu hljóðriti beint í kjölfar 50. ársins frá því að hún var löglega útgefin eða, ef ekki er um slíka útgáfu að ræða, 50. ársins frá því að henni var löglega miðlað til almennings.

Aðildarríkin skulu tryggja að framleiðendum hljóðrita sé gert skylt að veita listflytjendum, sem eiga rétt á árlegri viðbótarþóknun, sem um getur í 2. mgr. b, allar upplýsingar sem nauðsynlegar geta verið í því skyni að tryggja greiðslu þeirrar þóknunar, sé þess óskað.

2d. Aðildarríkin skulu tryggja að innheimtusamtök hafi umsjón með réttinum til að hljóta árlega viðbótarþóknun eins og um getur í 2. mgr. b.

2e. Þar sem listflytjandi á rétt á endurteknum greiðslum skal hvorki draga fyrirframgreiðslur né sammingsbundinn frádrátt kostnaðar frá greiðslum til listflytjandans í kjölfar 50. ársins frá því að hljóðritið var löglega útgefið eða, ef slík útgáfa var ekki gerð, 50. ársins frá því að henni var löglega miðlað til almennings.“

3) Eftirfarandi málsgreinar bætist við 10. gr.:

„5. Ákvæði 1. mgr. til 2. mgr. e í 3. gr., í þeirri útgáfu sem er í gildi þann 31. október 2011, skulu gilda um upptökur á listflutningum og hljóðritum með tilliti til þeirra sem listflytjandinn og framleiðandi hljóðrita njóta enn verndar fyrir, með skírskotun til ákvæðanna í þeirri útgáfu sem gildir 30. október 2011, þann 1. nóvember 2013 og einnig upptökur af listflutningum og hljóðritum sem verða til frá þeim degi.

6. Ákvæði 7. mgr. 1. gr. skulu gilda um tónsmíðar með texta, þar sem a.m.k. tónsmíðin eða textinn er varinn 1. nóvember 2013 í einu aðildarríki hið minnsta og um tónsmíðar með texta sem verða til frá þeim degi.

Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar gildir með fyrirvara um alla nýtingu sem á sér stað fyrir 1. nóvember 2013. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að vernda sérstaklega áunnin réttindi þriðju aðila.“

4) Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

#### **Umbreytingarráðstafanir**

1. Samningur um yfirfærslu eða framsal sem gerður er fyrir 1. nóvember 2013 skal talinn hafa áhrif fram yfir þann tíma sem listflytjandinn nýtur ekki lengur verndar, ef skýrar upplýsingar finnast ekki í samningnum um hið gagnstæða, með skírskotun til 1. mgr. 3. gr. þeirrar útgáfu sem er í gildi 30. október 2011.

2. Aðildarríkin geta kveðið á um að samningar um yfirfærslu eða framsal sem veita listflytjanda rétt til endurtekinnna greiðslna og eru gerðir fyrir 1. nóvember 2013 í kjölfar 50. ársins frá löglegri útgáfu hljóðrítisins eða, ef slík útgáfa var ekki gerð, 50. ársins frá því að henni var löglega miðlað til almennings.“

2. gr.

#### **Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. nóvember 2013. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða að þeim fylgi slík tilvisun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

#### **Skýrslugjöf**

1. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. nóvember 2016, leggja fram skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins um beitingu þessarar tilskipunar í ljósi þróunar stafræna markaðarins ásamt, ef við á, tillögu um frekari breytingar á tilskipun 2006/116/EB.

2. Eigi síðar en 1. janúar 2012 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins skýrslu þar sem metin er möguleg þörf á að lengja verndartíma réttinda listflytjenda og framleiðenda í hljóð- og myndmiðlageiranum. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu um frekari breytingu á tilskipun 2006/116/EB.

4. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 27. september 2011.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*forseti. forseti.*

J. BUZEK

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. DOWGIELEWICZ

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 494/2011

2013/EES/28/42

frá 20. maí 2011

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (kadmíum) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB<sup>(1)</sup>, einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ályktun sinni um aðgerðaáætlun Bandalagsins frá 25. janúar 1988<sup>(2)</sup> hvatti ráðið framkvæmdastjórnina til að berjast gegn umhverfismengun af völdum kadmíums.
- 2) Takmarkanir á notkun og setningu kadmíums á markað í blöndum og hlutum er að finna í 23. færslu í töflunni sem sett er fram í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.
- 3) Kadmíum og kadmíumoxíð eru flokkuð sem krabbameinsvaldar í flokki 1B og í flokki 1 sem efni er valda bráðum og langvinnum eituhrifum á vatn.
- 4) Frá 31. desember 1992 hefur kadmíum verið bannað samkvæmt tilskipun ráðsins 76/769//EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmarkanir á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna<sup>(3)</sup>

sem litunarefni í ýmsum fjölliðum og málningu, sem bindiefni í pólývínýlklóríði (PVC) til ýmissa nota og einnig er kadmíumhúðun í ýmsum tilgangi bönnuð. Tilskipun 76/769/EBE var felld úr gildi og í stað hennar kom reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sem tók gildi frá og með 1. júní 2009.

- 5) Árið 2007 lauk evrópsku áhættumati á kadmíumi<sup>(4)</sup> samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna<sup>(5)</sup>. Hinn 14. júní 2008 birti framkvæmdastjórnin orðsendingu um niðurstöður áhættumatsins og áætlun um leiðir til að draga úr áhættu af völdum kadmíums og kadmíumoxíðs<sup>(6)</sup> þar sem mælt er með takmörkunum á setningu á markað og notkun kadmíums í vir til brösunar (e. brazing stick) og skartgripi.
- 6) Í orðsendingunni er lýst í grófum dráttum þörf fyrir sértækar ráðstafanir til að takmarka áhættu af notkun vírs til brösunar sem inniheldur kadmíum og af því að ganga með skartgripi sem innihalda kadmíum. Bæði fagmenn og þeir sem fást við brösun sem tólmstundastarf eru óvarðir fyrir reyk við brösunina. Neytendur, þ.m.t. börn, komast í snertingu við kadmíum í skartgripum með snertingu við húð eða með því að sleikja skartgripina.
- 7) Framkvæmdastjórnin gekkst fyrir rannsókn á félagslegum og hagrænum áhrifum mögulegrar endurskoðunar á takmörkunum á setningu á markað og notkun kadmíums í skartgripum, málblendi til brösunar og pólývínýlklóríði. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í janúar 2010<sup>(7)</sup>.
- 8) Skýra þarf nógildandi ákvæði er varða málningu sem inniheldur sink þannig að skilgreint sé hvað telst vera mikið sinkinnihald. Einnig þarf að skýra ákvæði er varða málningu á máluðum hlutum.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 30, 4.2.1988, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

<sup>(4)</sup> [http://ecb.jrc.ec.europa.eu/documents/Existing-chemicals/RISK\\_ASSESSMENT/REPORT/cdmetalreport303.pdf](http://ecb.jrc.ec.europa.eu/documents/Existing-chemicals/RISK_ASSESSMENT/REPORT/cdmetalreport303.pdf)

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB C 149, 14.6.2008, bls. 6.

<sup>(7)</sup> [http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/files/markrestr/study-cadmium\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/chemicals/files/markrestr/study-cadmium_en.pdf)

- 9) Síðan 2001 hefur evrópski pólývínýlklóríðiðnaðurinn sjálfviljugur, að eigin frumkvæði, látið það vera að nota kadmíum sem bindiefni í nýja framleiðslu á pólývínýlklóríði til þeirra nota sem tilskipun 76/769//EBE gildi ekki þegar um. Þetta sjálfsprottna frumkvæði þeirra leiddi að lokum til þess að horfið var í áföngum frá notkun kadmíums í pólývínýlklóríði.
- 10) Til að markmiðinu um að berjast gegn mengun af völdum kadmíums verði náð þarf að rýmka bannið við notkun kadmíums þannig að það nái til allra hluta sem búnir eru til úr pólývínýlklóríði.
- 11) Veita skal undanþágu fyrir blöndur, sem framleiddar eru úr pólývínýlklóríðúrgangi og kallaðar „endurunnið pólývínýlklóríð“, til þess að setja meg þær á markað til notkunar í tilteknum byggingarvörum.
- 12) Hvetja skal til notkunar á endurunnu pólývínýlklóríði við framleiðslu á tilteknum byggingarvörum vegna þess að þar með má endurnýta gamalt pólývínýlklóríð sem getur innihaldið kadmíum. Af þessum sökum skal heimila hærri viðmiðunarmörk fyrir kadmíum í þessum byggingarvörum. Þetta kemur í veg fyrir að pólývínýlklóríð sé urðað eða brennt og losi þannig koltvísýring og kadmíum út í umhverfið.
- 13) Reglugerð þessi skal koma til framkvæmda sex mánuðum eftir að hún öðlast gildi til þess að gera rekstraraðilum kleift að tryggja að farið sé að ákvæðum hennar.
- 14) Ljóst er að vegna bannsins við notkun kadmíums í nýju pólývínýlklóríði ætti kadmíuminnihald í byggingarvörum, sem framleiddar eru úr endurunnu pólývínýlklóríði, að fara stigminnkandi. Þar af leiðandi skal endurskoða viðmiðunarmörk fyrir kadmíum í samræmi við það og Efnastofnun Evrópu skal taka þátt í því að endurskoða takmarkanirnar eins og kveðið er á um í 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.
- 15) Í samræmi við ákvæðin um umbreytingarráðstafanir í a-lið 1. mgr. 137. gr í efnareglunum (REACH) er nauðsynlegt að breyta XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 10. desember 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*forseti.*

## VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er töflunni með heitum efna, efnaflokkum og blandna og takmörkunum breytt á eftirfarandi hátt:

1. Í stað 1. til 4. liðar í öðrum dálki 23. færslu komi eftirfarandi:

„1. Ekki leyft til notkunar í blöndur og hluti, sem framleiddir eru úr tilbúnum, lifrænum fjölliðum (hér á eftir nefnt plastefni), s.s.:

- fjölliður eða samfjölliður úr vínýlklóríði (PVC) (3904 10) (3904 21)
- pólýúretan (PUR) (3909 50)
- eðlislétt pólýetýlen (LDPE), að undanskildu eðlisléttu pólýetýleni sem notað er til framleiðslu litarefnablandna (e. masterbatch) (3901 10)
- sellulósaasetat (CA) (3912 11)
- sellulósaasetatbútýrat (CAB) (3912 11)
- epoxýresín (3907 30)
- melamínformaldehýðresín (MF) (3909 20)
- úreaformaldehýðresín (UF) (3909 10)
- ómettaða pólýestera (UP) (3907 91)
- pólýetýlenterepalat (PET) (3907 60)
- pólýbútýlenterepalat (PBT)
- glært/venjulegt pólýstýren (3903 11)
- akrýlnítrílmetylmetakrýlat (AMMA)
- víxlengt pólýetýlen (VPE)
- höggþolið pólýstýren
- pólýprópýlen (PP) (3902 10)
- eðlisþungt pólýetýlen (HDPE) (3901 20)
- akrýlnítrílbútadíenstýren (ABS) (3903 30)
- pólý(metylmetakrýlat) (PMMA) (3906 10).

Ekki skal setja blöndur og hluti, sem eru framleidd úr plastefni, á markað ef styrkur kadmíums (gefinn upp sem kadmíummálmur) er jafn eða meiri en 0,01% miðað við þyngd plastefnisins.

Ákvæði annarrar undirgreinar gilda þó ekki um hluti sem settir eru á markað fyrir 10. desember 2011.

Ákvæði fyrstu og annarrar undirgreinar gilda með fyrirvara um tilskipun ráðsins 94/62/EB(1) og gerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

2. Ekki leyft til notkunar í málningu (3208) (3209).


Að því er varðar málningu þar sem sinkinnihald fer yfir 10% miðað við þyngd málningarinnar skal styrkur kadmíums (gefinn upp sem kadmíummálmur) ekki vera jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd.

Ekki skal setja málaða hluti á markað ef styrkur kadmíums (gefinn upp sem kadmíummálmur) er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd málningarinnar á málaða hlutum.

3. Ákvæði fyrsta og annars liðar gilda þó ekki um hluti sem eru af öryggisástæðum litaðir með blöndum sem innihalda kadmíum.

4. Ákvæði annarrar undirgreinar fyrsta liðar gilda þó ekki um:

- blöndur sem framleiddar eru úr endurnýttum pólývínýlklóríðúrgangi, hér á eftir nefnt „endurunnið pólývínýlklóríð“,
- blöndur og hluti sem innihalda endurunnið pólývínýlklóríð ef styrkur kadmíums í þeim (gefinn upp sem kadmíummálmur) fer ekki yfir 0,1%, miðað við þyngd plastefnisins í eftirfarandi stífum hlutum úr pólývínýlklóríði:
  - a) prófilum og stífum plötum til bygginganota,
  - b) hurðum, gluggum, hlerum, veggjum, gluggatjöldum, girðingum og þakrennum,

|  |  |
|--|--|
|  | <p>c) þilförum og veröndum,</p> <p>d) kapalstokkum,</p> <p>e) rorum, sem ekki eru fyrir drykkjarvatn, ef endurunna pólývínýlklóríð er notað í miðlag marglaga rörs og er með öllu hulið lagi af nýju pólývínýlklóríði sem framleitt er í samræmi við ákvæði 1. liðar hér að framan.</p> <p>Áður en blöndur eða hlutir, sem innihalda endurunnið pólývínýlklóríð, eru fyrst settir á markað skulu birgjar sjá til þess að þessar vörur séu sýnilega, læsilega og óafmáanlega merktar á eftirfarandi hátt: „Inniheldur endurunnið pólývínýlklóríð“ eða með táknmyndinni sem hér fer á eftir:</p> <div data-bbox="874 539 1011 701" style="text-align: center;">  </div> <p>Í samræmi við 69. gr. þessarar reglugerðar verður undanþágan, sem veitt er í 4. mgr., endurskoðuð, eigi síðar en 31. desember 2017, einkum með það fyrir augum að lækka viðmiðunarmörkin fyrir kadmíum og endurmeta undanþáguna fyrir þá hluti sem taldir eru upp í a- til e-lið.</p> |
|--|--|

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.“

2. Eftirfarandi 8., 9., 10. og 11. liður bætist við í öðrum dálki 23. færslu:

|  |  |
|--|--|
|  | <p>„8. Ekki leyft til notkunar í fylliefni til brösunar ef styrkur þess er jafn eða meiri en 0,01% miðað við þyngd.</p> <p>Fylliefni til brösunar skal ekki setja á markað ef styrkur kadmíums (gefinn upp sem kadmíummálmur) er jafn eða meiri en 0,01% miðað við þyngd.</p> <p>Að því er varðar þessa málsgrein merkir brösun samsetningartækni þar sem málmblendi er notað og unnið með það við hitastig yfir 450 °C.</p> <p>9. Ákvæði 8. mgr. gilda þó ekki um fylliefni til brösunar, sem notað er í varnar- og geimtæknibúnaði, né heldur um fylliefni til brösunar sem notað er af öryggisástæðum.</p> <p>10. Ekki leyft til notkunar eða sett á markað ef styrkur þess er jafn eða meiri en 0,01% miðað við þyngd málsins í:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>i. málmperlum og öðrum hlutum úr málm til skartgripagerðar,</li> <li>ii. málmhlutum skartgripa og óekta skartgripum og hárskrauti, þ.m.t.: <ul style="list-style-type: none"> <li>– armbönd, hálsfestar og hringar,</li> <li>– skartgripir sem stungið er í göt,</li> <li>– armbandsúr og úlnliðsskraut,</li> <li>– brjóstnælur og ermahnappar.</li> </ul> </li> </ul> <p>11. Ákvæði 10. mgr. gilda þó ekki um hluti sem settir eru á markað fyrir 10. desember 2011 né heldur um skartgripa sem eru yfir 50 ára gamlir 10. desember 2011.</p> |
|--|--|

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1224/2014

2013/EES/28/43

frá 18. desember 2012

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almanna-tryggingakerfa <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almanna-tryggingakerfa <sup>(2)</sup>, einkum 92. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í því skyni að taka tillit til tiltekinna breytinga á löggjöf sumra aðildarríkja, eða óskar þeirra um að einfalda beitingu samræmingarkerfisins sem um getur í reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð (EB) nr. 987/2009 lögðu aðildarríkin fram beiðnir til framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa um breytingar á tilteknum viðaukum við reglugerð (EB) nr. 883/2004 og við reglugerð (EB) nr. 987/2009.
- 2) Framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa hefur samþykkt umbeðnar breytingar og komið viðeigandi tillögum um tæknilega aðlögun viðaukanna til framkvæmdastjórnarinnar.
- 3) Framkvæmdastjórnin getur fallist á viðeigandi tillögur.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð (EB) nr. 987/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Eftirfarandi nýir þættir bætist við á eftir þættinum „LETTLAND“:
 

„UNGVERJALAND

Frá og með 1. janúar 2012, samkvæmt lögum CXCI frá 2011 um bætur til einstaklinga með breytta vinnufærni og breytingar á tilteknum öðrum gerðum:

    - a) endurhæfingarbætur,

b) örorkubætur.

SLÓVAKÍA

Örorkulífeyrir fyrir einstakling, sem varð fatlaður sem barn eða meðan á fullu doktorsnámi stóð áður en viðkomandi einstaklingur náði 26 ára aldri, og sem er ávallt talinn hafa lokið því tryggingatímabili sem krafist er (70. gr. (2. mgr.) 72. gr. (3. mgr.) og 73. gr. (3. og 4. mgr.) laga nr. 461/2003 um félagslegar tryggingar, með áorðnum breytingum).“

- b) Í þættinum „SVÍÞJÓÐ“ komi orðin „(34. kafli laga um almannatryggingar (2010:110))“ í stað orðanna „(lög 1962:381 eins og þeim var breytt með lögum 2001:489)“.
- c) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „BRESKA KONUNGRÍKIÐ“:

„BRESKA KONUNGRÍKIÐ

Atvinnuleysis- og stuðningsgreiðsla

a) Stóra-Bretland

1. hluti velferðarlaga (Welfare Reform Act) 2007.

b) Norður-Írland 1. hluti velferðarlaga (Welfare Reform Act) (Norður-Írland) 2007.“

2) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í 1. hluta er þættinum „AUSTURRÍKI“ breytt sem hér segir:

- i. Í stað „c-liðar“ komi eftirfarandi: „c) Allar umsóknir um eftirlifendalífeyri á grundvelli lífeyrisreiknings samkvæmt lögum um almennan lífeyri (Allgemeines Pensionsgesetz (APG)) frá 18. nóvember 2004, nema þegar um er að ræða tilvik sem falla undir 2. hluta.“

- ii. Eftirfarandi g-liður bætist við: „g) Allar umsóknir um bætur skv. tryggingalögum lögbókenda (Notarversicherungsgesetz) frá 3. febrúar 1972 - NVG 1972.“

b) Í stað þáttarins „SVÍÞJÓÐ“ í 1. hluta komi eftirfarandi:

„SVÍÞJÓÐ

- a) Umsóknir um lágmarkslífeyri í formi ellilífeyris (66. og 67. kafli laga um almannatryggingar (2010:110).

- b) Umsóknir um lágmarkslífeyri í formi eftirlifanda-lífeyris (81. kafli laga um almannatryggingar (2010:110).

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 349, 19.12.2012, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

- c) Í 2. hluta bætist eftirfarandi nýr þáttur við á eftir þættinum „BÚLGARÍA“:
- „DANMÖRK
- a) Séreignalífeyrir.
- b) Bætur vegna andláts (á grundvelli framlaga til Arbejdsmarkedets Tillægspension varðandi tímabilið fyrir 1. janúar 2002).
- c) Bætur vegna andláts (á grundvelli framlaga til Arbejdsmarkedets Tillægspension varðandi tímabilið fyrir 1. janúar 2002), sem um getur í samsteyptum lögum um viðbótarlífeyri vinnu- markaðarins (Arbejdsmarkedets Tillægspension) 942:2009.“
- d) Í stað þáttarins „SVÍÐJÓÐ“ í 2. hluta komi eftirfarandi:
- „SVÍÐJÓÐ
- Tekjutengdur lífeyrir og séreignarlífeyrir (62. og 64. kafli laga um almannatryggingar (2010:110)).“
- 3) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) Í I. hluta, í þættinum „SVÍÐJÓÐ“, komi orðin „(34. kafli laga um almannatryggingar (2010:110))“ í stað orðanna „(lög 1962:381)“.
- b) Í þættinum „SLÓVAKÍA“ í II. hluta falli b-liður niður.
- c) Í stað þáttarins „SVÍÐJÓÐ“ í II. hluta komi eftirfarandi:
- „SVÍÐJÓÐ
- Sjúkrabætur og ástundunargreiðsla í formi lágmarksbóta (35. kafli laga um almannatryggingar (2010:110)).
- Ekkjulífeyrir, sem reiknaður er á grundvelli trygginga- tímabila sem færð hafa verið til tekna (84. kafli laga um almannatryggingar (2010:110)).“
2. gr.
- Reglugerð (EB) nr. 987/2009 er breytt sem hér segir:
- 1) Í I. viðauka falli brott a-liður þáttarins „SPÁNN - PORTÚGAL“.
- 2) Ákvæðum 3. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) Þættirnir „ÍTALÍA“ og „MALTA“ falli brott.
- b) Nýr þáttur „KÝPUR“ bætist við á eftir þættinum „SPÁNN“.
- 3) Í 5. viðauka bætist við nýr þáttur „DANMÖRK“ á eftir þættinum „TÉKKLAND“.
3. gr.
- Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel Barroso



## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 874/2004

2013/EES/28/44

frá 28. apríl 2004

## um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

skráningaryfirvalda og skráðra í málum sem varða Bandalagstitla vera lög einhvers aðildarríkjanna.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 frá 22. apríl 2002 um að taka í notkun .eu höfuðlénið <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 5. gr.,

- 6) Skráningaryfirvöld skulu fara fram á nákvæmar samskiptaupplýsingar frá viðskiptavinum sínum, svo sem fullt nafn, lögheimili, símanúmer og tölvupóstfang, ásamt upplýsingum um einstakling eða lögaðila sem ber ábyrgð á tæknilegum rekstri lénsheitisins.

að höfðu samráði við skráningarstofuna í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fyrstu áföngum í að taka í notkun .eu höfuðlénið, sem stofnað var samkvæmt reglugerð (EB) nr. 733/2002, er lokið með því að tilnefndur hefur verið lögaðili, með staðfestu innan Bandalagsins til þess að reka og stjórna starfi skráningarstofu höfuðlénsins .eu. Skráningarstofunni, sem tilnefnd var samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/375/EB <sup>(2)</sup>, er ætlað að vera stofnun sem er ekki rekin í hagnaðarskyni og skal starfa og veita þjónustu á viðráðanlegu verði til að standa undir kostnaði.
- 2) Mögulegt skal vera að sækja um lénsheiti á rafrænan hátt með einfaldri, hraðvirkri og skilvirkri aðferð á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins hjá faggiltum skráningaryfirvöldum.
- 3) Skráningarstofan skal sjá um faggildingu skráningaryfirvalda samkvæmt málsmeðferð sem tryggir sanngjarna og opna samkeppni milli skráningaryfirvalda. Faggildingarferlið skal vera hlutlægt, gagnsætt og án mismununar. Aðeins aðilar sem uppfylla tilteknar tæknilegar lágmarkskröfur sem skráningarstofan ákvarðar teljast vera hæfir til faggildingar.
- 4) Skráningaryfirvöld skulu eingöngu samþykkja umsóknir um skráningu lénsheita eftir að þau hafa verið samþykkt og skulu senda þær áfram í þeirri tímaröð sem þær berast.
- 5) Til þess að réttinda neytenda verði gætt sem best, með fyrirvara um reglur Bandalagsins varðandi lögsögu og gildandi lög, skulu gildandi lög í deilum milli

- 7) Stefna skráningarstofunnar skal vera að hvetja til notkunar allra opinberra tungumála Bandalagsins.
- 8) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 733/2002, geta aðildarríki farið fram á að opinbert heiti þeirra og það heiti sem þau eru almennt þekkt undir séu ekki skráð beint undir höfuðléninu .eu af öðrum en ríkisstjórn þeirra. Löndum sem er reiknað með að gangi í Evrópusambandið eftir maí 2004 skal gert kleift að taka frá opinber heiti sín og þau heiti sem þau eru almennt þekkt undir, svo að þau geti skráð þau seinna.
- 9) Aðildarríki skal heimilað að tilnefna rekstraraðila sem mun skrá sem lénsheiti opinbert heiti þess og það heiti sem það er almennt þekkt undir. Á sama hátt skal framkvæmdastjórninni heimilað að velja lénsheiti til notkunar fyrir stofnanir Evrópubandalagsins, og að tilnefna rekstraraðila fyrir þau lénsheiti. Skráningarstofan skal hafa heimild til að taka frá nokkur tilgreind lénsheiti fyrir starfsemi sína.
- 10) Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 733/2002 hafa nokkur aðildarríkjanna birt framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum takmarkaðan lista með almennt viðurkenndum heitum yfir landfræðileg og/eða landfræðipólitísk hugtök sem hafa áhrif á stjórnmálalegt skipulag þeirra eða svæðaskiptingu. Slíkar skrár innihalda heiti sem ýmist var ekki hægt að skrá eða aðeins var hægt að skrá á undirléni í samræmi við reglur um opinbera stefnu. Heitin í skránum falla ekki undir meginregluna „fyrstur kemur fyrstur fær“.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 85/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 113, 30.4.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 128, 24.5.2003, bls. 29.

- 11) Meginreglan „fyrstur kemur fyrstur fær“ skal vera grundvallarreglan við lausn ágreinings milli handhafa eldri réttar við áfangaskipta skráningu. Eftir að áfangaskiptri skráningu lýkur skal meginreglan „fyrstur kemur fyrstur fær“ gilda við úthlutun lénsheita.
- 12) Setja skal verklagsreglu um áfangaskipta skráningu til þess að vernda eldri rétt sem löggjöf Bandalagsins eða landslög viðurkenna. Áfangaskipt skráning skal fara fram í tveimur áföngum, með það að markmiði að tryggja að handhafar eldri réttar hafi viðeigandi tækifæri til að skrá þau heiti sem þeir hafa eldri rétt á. Skráningarstofan skal tryggja að fullgilding réttindanna sé gerð af tilnefndum fullgildingaraðilum. Fullgildingaraðilar skulu meta réttinn til tiltekins heitis sem krafa er gerð um á grundvelli gagna frá umsækjendum. Úthlutun heitisins skal því næst fara fram eftir reglunni „fyrstur kemur fyrstur fær“, ef tveir eða fleiri umsækjendur sem hafa eldri rétt eru um lénsheiti.
- 13) Skráningarstofan skal gera viðeigandi vörslusamning til að tryggja samfelldni í þjónustu, og einkum tryggja að ef til endurúthlutunar eða annarra ófyrirsjáanlegra kringumstæðna kemur verði áfram hægt að veita Netþjónustu í samfélaginu með lágmarkstruflun. Skráningarstofan skal einnig fara að viðeigandi gagnaverndarreglum, meginreglum, viðmiðunarreglum og bestu starfsvenjum, einkum varðandi magn og gerð gagna sem skoða má í WHOIS-gagnagrunninum. Lénsheiti, sem dómstóll aðildarríkis telur vera ærumeiðandi, sýna kynþáttafordóma eða stríða gegn opinberri stefnu skal loka fyrir og afturkalla að fengnum endanlegum dómsúrskurði. Slík lénsheiti skal ekki skrá eftirleiðis.
- 14) Ef réttshafi lénsheitis fellur frá eða verður ógjaldfær, og framsal er ekki hafið við lok skráningartímabilsins skal lénsheitið fellt tímabundið úr gildi í 40 almanaksdaga. Ef hlutaðeigandi erfingjar eða stjórnendur hafa ekki skráð heitið á tímabilinu skal það verða tiltækt til almennrar skráningar.
- 15) Skráningarstofan skal geta afturkallað lénsheiti samkvæmt takmörkuðum fjölda tilgreindra forsendna, eftir að hafa gefið handhafa viðkomandi lénsheitis tækifæri til að gera viðeigandi ráðstafanir. Lénsheiti skulu einnig vera afturkallanleg með sáttamiðlunarferli.
- 16) Skráningarstofan skal bjóða upp á sáttamiðlunarferli þar sem tekið er mið af bestu alþjóðlegu starfsvenjum á þessu sviði og einkum viðeigandi tilmælum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), til þess að tryggja að komið sé í veg fyrir skráningar sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni eins og framast er unnt.
- 17) Skráningarstofan skal velja þjónustuveitendur sem hafa viðeigandi fagþekkingu byggt á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðunum sem eru án mismununar. Við sáttamiðlun ætti að lágmarki að virða samræmdar reglur um málsmeðferð, líkar þeim sem settar eru fram í „Samræmdri stefnu um sáttamiðlun“, sem samþykkt var af „Netsamtökunum um úthlutun heiti og númer (ICANN)“ (e. Internet Corporation of Assigned Names and Numbers, ICANN)
- 18) Með tilliti til fyrirhugaðrar stækkunar Sambandsins er afar brýnt að það kerfi reglna um opinbera stefnu sem sett er fram með þessari reglugerð öðlist gildi án tafar.
- 19) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB<sup>(1)</sup>,

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

## EFNI

## 1. gr.

## Efni

Í reglugerð þessari eru settar fram reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess og opinberar meginreglur um skráningu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002.

## II. KAFLI

## MEGINREGLUR UM SKRÁNINGU

## 2. gr.

## Hæfi og almennar meginreglur um skráningu

Hæfur aðili, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002, getur skráð eitt eða fleiri lénsheiti undir höfuðléninu .eu.

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

Með fyrirvara um IV. kafla skal úthluta hæfum aðila tilteknu lénshéiti hafi beiðni hans borist skráningarstofu fyrst með tæknilega réttum hætti og í samræmi við reglugerð þessa. Að því er varðar þessa reglugerð er vísað til þessarar viðmiðunar um fyrstu móttöku sem meginreglunnar „fyrstir koma fyrstir fä“.

Þegar lénshéiti hefur verið skráð skal það verða ófáanlegt til frekari skráningar þangað til skráningin fellur úr gildi án endurnýjunar, eða þangað til lénshéitið er afturkallað.

Lénshéiti skal skrá beint undir höfuðléninu .eu, nema annað sé tekið fram í þessari reglugerð.

Skráning lénshéitis skal einungis gilda eftir að umsækjandinn hefur greitt viðeigandi gjald að fullu.

Lénshéiti sem skráð eru undir höfuðléninu .eu eru eingöngu framseljanleg þeim sem uppfylla skilyrði fyrir skráningu .eu lénshéita.

### 3. gr.

#### Beiðni um skráningu lénshéitis

Beiðni um skráningu lénshéitis skal innihalda allt eftirfarandi:

- nafn og heimilisfang aðilans sem leggur fram beiðnina,
- rafræna staðfestingu frá aðilanum sem leggur fram beiðnina á því að hann uppfylli almennar hæfsviðmiðanir sem settar eru fram í b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002,
- rafræna staðfestingu frá aðilanum sem leggur fram beiðnina á að umsóknin um skráningu lénshéitis sé að hans mati veitt í góðri trú og skerði ekki nein réttindi þriðja aðila,
- rafræna skuldbindingu frá aðilanum sem leggur fram beiðnina um að hann muni fara að öllum skilmálum og skilyrðum fyrir skráningu, þ.m.t. stefnu um samkomulag utan dómstóla vegna ágreinings sem mælt er fyrir um í VI. kafla.

Veruleg ónákvæmni í þeim atriðum sem sett eru fram í a- til d-lið skal jafngilda broti á skráningarskilmálum.

Sannprófun skráningarstofunnar á lögmæti umsókna um skráningu skal framkvæmd í framhaldi af skráningunni að frumkvæði skráningarstofunnar eða í framhaldi af ágreiningi vegna skráningar viðkomandi lénshéitis, nema varðandi umsóknir sem lagðar eru inn við áfangaskipta skráningaraðferð skv. 10., 12. og 14. gr.

### 4. gr.

#### Faggilding skráningaryfirvalda

Aðeins skráningaryfirvöldum sem hafa faggildingu skráningarskrifstofunnar skal heimilt að bjóða skráningarþjónustu fyrir heiti sem heyra undir höfuðléninu .eu.

Aðferð við faggildingu skráningaryfirvalda skal ákvörðuð af skráningarstofu og skal vera sanngjörn, gagnsæ og án mismununar, og skal tryggja skilvirk og sanngjörn samkeppnisskilyrði.

Skráningaryfirvöldum ber að fara inn á og nota sjálfvirk skráningarkerfi skráningarstofunnar. Skráningarstofan getur sett fram frekari tæknilegar grunnkröfur um faggildingu skráningaryfirvalda.

Skráningarstofan getur farið fram á fyrirframgreiðslu frá skráningaryfirvöldum á skráningargjöldum, sem skrifstofan ákvarðar árlega út frá sanngjörnu markaðsmati.

Skráningarstofan skal sjá um að málsmeðferð, skilmálar um faggildingu skráningaryfirvalda og skrá yfir faggilt skráningaryfirvöld verði tiltæk og aðgengileg öllum.

Skráningaryfirvöld skulu bundin af samningi við skráningarstofu um að fara að skilmálum um faggildingu og einkum að gæta samræmis við opinberar meginreglur sem tilgreindar eru í þessari reglugerð.

### 5. gr.

#### Ákvæði um skráningaryfirvöld

Með fyrirvara um gildandi reglur um lögsögu og gildandi lög, er í samningum milli skráningaryfirvalds og skráðs rétthafa lénshéitis hvorki hægt að tiltaka lög önnur en lög einhvers af aðildarríkjunum sem gildandi lög, né tilnefna aðila til að sjá um lausn deilumála nema að viðkomandi sé valinn af skráningarstofunni skv. 23. gr. eða tilnefna gerðardóm eða dómstól staðsettan utan Bandalagsins.

Skráningaryfirvald sem fær fleiri en eina beiðni um skráningu á sama heiti skal senda beiðnirnar til skráningaryfirvaldsins í tímaröð eftir því sem þær berast.

Eingöngu umsóknir sem berast eftir dagsetningu faggildingar sendast áfram til skráningarstofunnar.

Skrásetningaryfirvöld skulu fara fram á að allir umsækjendur leggi fram nákvæmar og áreiðanlegar samskiptaupplýsingar a.m.k. eins einstaklings eða lögaðila sem ber ábyrgð á tæknilegum rekstri lénshéitisins sem óskað er eftir.

Skráningaryfirvöld geta, í samræmi við gildandi landslög og lög Bandalagsins, mótað áætlanir um merkingar, sannvottun og áreiðanleikamerki til þess að auka tiltrú neytenda á áreiðanleika upplýsinga sem eru fánlegar undir lénsheiti sem er skráð af þeim.

### III. KAFLI

#### TUNGUMÁL OG LANDFRÆÐILEG HUGTÖK

##### 6. gr.

##### Tungumál

Skráningar .eu lénsheita skulu ekki hefjast fyrr en skráningarstofan hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að mögulegt sé að leggja inn umsóknir um skráningu .eu lénsheita og veita upplýsingar um ákvarðanir varðandi skráningu á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins, hér á eftir nefnd „opinber tungumál“.

Skráningarstofan skal tryggja að mögulegt sé að senda allar orðsendingar frá henni sem hafa áhrif á réttindi málsaðila í tengslum við skráningu, svo sem úthlutun, framsal, uppsögn eða afturköllun lénsheitis, á öllum opinberu tungumálunum.

Skráningarstofan skráir lénsheiti með öllum bókstöfum opinberu tungumálanna þegar viðeigandi alþjóðlegir staðlar liggja fyrir.

Ekki er gerð krafa um að skráningarstofan sinni hlutverki sínu á öðrum tungumálum en hinum opinberu.

##### 7. gr.

##### Málsmeðferð fyrir frátekin landfræðileg og landfræðipólítísk heiti

Málsmeðferð vegna andmæla við skrá yfir almennt viðurkennd heiti í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 733/2002, skal vera sú að andmæli skulu tilkynnt til fulltrúanna í fjarskiptanefndinni, sem komið var á fót með 1. mgr. 22. gr. tilskipunar 2002/21/EB, og til stjórnarsviðs framkvæmdastjórnarinnar fyrir upplýsingasamfélagið. Fulltrúar fjarskiptanefndarinnar og stjórnarsviðið geta tilnefnt aðra tengiliði fyrir tilkynningar.

Andmæli og tilnefningu tengiliða skal tilkynna með tölvupósti eða bréfluga, með hraðsendingarþjónustu eða í eigin persónu, eða ábyrgðarpósti ásamt kvittun fyrir móttöku.

Þegar leyst hefur verið úr andmælum skal skráningarstofan birta tvær heitaskrár á vefsíðu sinni. Önnur skráin skal innihalda skrá yfir heiti sem framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt sem: „ekki hægt að skrá“. Hin skráin skal innihalda skrá yfir heiti sem framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt skráningarstofunni að megi „eingöngu skrá á undirléni“.

##### 8. gr.

##### Nöfn landa og tveggja stafa kóðar sem standa fyrir heiti landa

Aðildarríki (og inngöngulönd) geta farið fram á að opinber heiti þeirra og þau heiti sem þau eru almennt þekkt undir á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalagsins (eftir stækkunina í maí 2004) séu ekki skráð beint undir höfuðléninu .eu af öðrum en ríkisstjórn viðkomandi ríkis. Hvert aðildarríki (eða inngönguland) um sig skal senda framkvæmdastjórninni skrá, innan tveggja mánaða eftir að reglugerð þessi öðlast gildi, yfir þau heiti sem skal taka frá, ásamt tilnefningu þess aðila sem verður fulltrúi ríkisstjórnarinnar við skráningu heitanna.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna skráningarstofunni um þau heiti sem verða tekin frá og þá aðila sem koma fram fyrir hönd ríkisstjórnanna við skráningu heitanna.

Umsóknarlönd sem ganga ekki í Evrópusambandið í maí 2004, og aðildarlönd Evrópska efnahagssvæðisins sem eru ekki aðildarríki geta farið fram á að opinbert heiti þeirra og það heiti sem þau eru almennt þekkt undir á eigin tungumáli og á einhverju opinberu tungumálanna frá og með maí 2004, verði ekki skráð beint undir höfuðléninu .eu. Viðkomandi lönd geta í því skyni sent framkvæmdastjórninni skrá, innan tveggja mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar, yfir þau heiti sem ekki skal skrá.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna skráningarstofunni hvaða heiti skuli ekki skrá.

Tveggja stafa kóða sem standa fyrir heiti landa skal ekki nota til skráningar lénsheita beint undir höfuðléninu .eu.

##### 9. gr.

##### Undirlén fyrir landfræðileg og landfræðipólítísk heiti

Aðildarríki getur kveðið á um skráningu landfræðilegra og landfræðipólítískra hugtaka sem lénsheita í samræmi við b-lið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002, ef það hefur tilkynnt heitin. Þetta má gera undir hvaða lénsheiti sem hefur verið skráð af aðildarríkinu.

Framkvæmdastjórnin getur farið þess á leit við skráningarstofuna að hún innleiði lénsheiti beint undir höfuðléninu .eu til notkunar fyrir stofnanir og aðila Bandalagsins. Eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og eigi síðar en viku fyrir upphaf áfangaskipta skráningartímabilsins sem kveðið er á um í IV. kafla, skal framkvæmdastjórnin tilkynna skráningarstofunni um þau heiti sem skulu vera frátekin og þá aðila sem koma fram fyrir hönd stofnana Bandalagsins við skráningu heitanna.

#### IV. KAFLI

### ÁFANGASKIPT SKRÁNING

#### 10. gr.

#### Hæfir aðilar og heiti sem þeir geta skráð

1. Handhafar eldri réttar, sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum eða lögum Bandalagsins, og opinberir aðilar skulu uppfylla skilyrði um að sækja um að skrá lénsheiti á áfangaskiptu skráningartímabili áður en almenn skráning .eu lénsins hefst.

Hugtakið „eldri réttur“ ber að skilja þannig að það taki m.a. til skráðra landsbundinna vörumerkja og Bandalagsvörumerkja, landfræðilegra merkinga eða upprunamerkinga, og að svo miklu leyti sem þau njóta verndar samkvæmt landslögum í aðildarríkinu sem þau tilheyrja: óskráð vörumerki, viðskiptaheiti, auðkenni fyrirtækja, fyrirtækjanöfn, kenninöfn ásamt auðkennandi titlum verndaðra bókmenntaverka og annarra listaverka.

„Opinberir aðilar“ skulu vera: stofnanir og aðilar Bandalagsins, ríkisstjórnir og sveitarfélög, opinberar stofnanir, yfirvöld, samtök og aðilar sem heyra undir opinberan rétt, auk alþjóðlegra stofnana og milliríkjastofnana.

2. Skráning á grundvelli eldri réttar skal samanstanda af skráningu fulls nafns þar sem eldri réttur er til staðar eins og það er skrifað í þeim gögnum sem sýna fram á að slíkur réttur sé fyrir hendi.

3. Skráning opinbers aðila getur verið fullt heiti opinbera aðilans eða upphafsstafaorð sem notað er að jafnaði. Opinberir aðilar sem bera ábyrgð á stjórn tiltekins landfræðilegs yfirráðasvæðis geta einnig skráð fullt heiti svæðisins sem þeir eru ábyrgir fyrir, ásamt því heiti sem svæðið gengur almennt undir.

#### 11. gr.

#### Sérstök rittákn

Hvað varðar skráningu fulls heitis, þar sem bil er á milli texta- eða orðhluta, skal hliðstæða talin milli sama fulls heitis hvort sem það er ritað með bandstriki milli orðhluta eða í einu orði í lénsheitinu sem sótt er um.

Ef heitið þar sem gert er tilkall til eldri réttar inniheldur sérstök rittákn, bil eða greinarmerki, skal fjarlægja slíkt algerlega úr samsvarandi lénsheiti, og bandstrik sett í staðinn, eða, ef mögulegt er, það umskrifað.

Sérstök rittákn og greinarmerki sem um getur í annarri málsgrein eru m.a. eftirfarandi:

~ @ # \$ % ^ & \* ( ) + = < > { } [ ] | \ / : ; ' , . ?

Með fyrirvara um þriðju málsgrein 6. gr. skal, ef heitið sem eldri réttur tekur til inniheldur bókstafi sem innihalda viðbótarþætti sem er ekki hægt að afrita í ASCII-kóða, svo sem ä, é eða ñ, afrita viðkomandi bókstafi án þessara þátta (svo sem a, e, n) eða nota almennt viðurkennda stafsetningu (svo sem ae) í staðinn. Annars skal lénsheiti ávallt vera eins og texta- eða orðhlutar heitisins sem eldri réttur tekur til.

#### 12. gr.

#### Meginreglur um áfangaskipta skráningu

1. Áfangaskipt skráning hefst ekki fyrr en 1. maí 2004 og ekki fyrr en krafan í fyrstu málsgrein 6. gr. er uppfyllt og tímabilið sem kveðið er á um í 8. gr. er útrunnið.

Skráningarstofan skal birta dagsetninguna sem fyrirhugað er að hefja áfangaskipta skráningu með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara og greina öllum faggiltum skráningaryfirvöldum frá henni.

Skráningarstofan skal birta á vefsetri sínu tveimur mánuðum áður en áfangaskipt skráning hefst ítarlega lýsingu á öllum tæknilegum og stjórnunarlegum ráðstöfunum sem hún mun gripa til í því skyni að tryggja viðeigandi, sanngjarna og tæknilega örugga stjórnun á áfangaskipta skráningartímabilinu.

2. Lengd áfangaskipta skráningartímabilsins skal vera fjórir mánuðir. Almenn skráning lénsheita skal ekki hefjast fyrr en áfangaskipta skráningartímabilinu er lokið.

Áfangaskipt skráning skal vara í tvö tveggja mánaða tímabil.

Í fyrri hluta áfangaskiptrar skráningar geta aðeins handhafar eða leyfishafar eldri réttar og opinberir aðilar sem nefndir eru í 1. mgr. 10. gr. sótt um að skrá sem lénsheiti skráð landsbundin vörumerki og Bandalagsvörumerki, landfræðilegar merkingar, og nöfn og upphafsstafaorð eins og um getur í 3. mgr. 10. gr.

Í öðrum hluta áfangaskiptrar skráningar geta handhafar eldri réttar á þeim heitum sem hægt er að skrá í fyrri hlutanum og heitum sem byggjast á öllum öðrum eldri rétti sótt um þau heiti sem lénsheiti.

3. Beiðni um skráningu á lénsheiti byggðu á eldri rétti skv. 1. og 2. mgr. 10. gr. skal innihalda tilvísun í landslög eða lög Bandalagsins um lagagrundvöll fyrir réttinum til heitisins, auk annarra viðeigandi upplýsinga, svo sem skráningarnúmer vörumerkis, upplýsingar varðandi útgáfu í opinberu riti eða stjórnartíðindum, upplýsingar um skráningu hjá fagfélögum eða viðskiptasamtökum og verslunarráðum.

4. Skráningarstofan getur farið fram á að greiða þurfi viðbótargjöld fyrir umsóknir um skráningu lénsheita að því tilskildu að það sé eingöngu í því skyni að greiða fyrir kostnað sem verður vegna beitingar þessa kafla. Skráningarstofan getur innheimt mismunandi hátt gjald eftir umfangi ferlisins sem nauðsynlegt er til að fullgilda eldri rétt.

5. Við lok áfangaskiptrar skráningar skal framkvæma sjálfstæða úttekt á kostnað skráningarstofunnar og skulu niðurstöður hennar kynntar framkvæmdastjórninni. Úttektarmaður skal skipaður af skráningarstofunni að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Tilgangur úttektarinnar skal vera að staðfesta sanngjarna, viðeigandi og góða rekstrarlega og tæknilega stjórnun skráningarstofunnar á áfangaskipta tímabilinu.

6. Við lausn ágreinings sem upp kann að koma vegna lénsheitis skulu reglur sem kveðið er á um í VI. kafla gilda.

13. gr.

### Val fullgildingaraðila

Fullgildingaraðilar skulu vera lögaðilar með staðfestu innan yfirráðasvæðis Bandalagsins. Fullgildingaraðilar skulu hafa góðan orðstír og viðeigandi sérþekkingu. Skráningarstofan skal velja fullgildingaraðila á hlutlægan, gagnsæjan hátt og án mismunar, og tryggja sem mesta landfræðilega fjölbreytni. Skráningarstofan skal fara fram á að fullgildingaraðilinn framkvæmi matið á hlutlægan, gagnsæjan hátt og án mismunar.

Aðildarríki skulu kveða á um fullgildingu varðandi heitin sem nefnd eru í 3. mgr. 10. gr. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni greinargóðar upplýsingar, innan tveggja mánaða eftir að reglugerð þessi öðlast gildi, um heimilisföng þangað sem senda skal skjalfesta sönnun til fullgildingar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna skráningarstofunni heimilisföngin.

Skráningarstofan skal birta upplýsingar um fullgildingaraðilana á vefsíðu sinni.

14. gr.

### Fullgilding og skráning móttækinnar umsókna við áfangaskipta skráningu

Allar kröfur um eldri rétt skv. 1. og 2. mgr. 10. gr. skulu vera sannpröfanlegar með skjalfestum sönnunum sem sýna fram á lagalegan grunn réttarins.

Skráningarstofan skal, við móttöku umsóknar, loka fyrir lénsheitið sem um ræðir þar til fullgilding hefur átt sér stað eða þar til frestur fyrir móttöku gagna er útrunninn. Fáa skráningarstofan fleiri en eina umsókn um sama lén á áfangaskipta skráningartímabilinu skal afgreiða umsóknir í rétttri tímaröð.

Skráningarstofan skal gera gagnagrunn aðgengilegan með upplýsingum um þau lénsheiti sem sótt hefur verið um samkvæmt verklagsreglu um áfangaskipta skráningu, umsækjendur, skráningaryfirvaldið sem lagði umsóknina fram, síðasta skiladag fullgildingarskjala og síðari tilköll til heitanna.

Hver umsækjandi skal leggja fram skjalfesta sönnun sem sýnir að hann eða hún sé handhafi þess eldri réttar sem gert er tilkall til á heitinu sem um ræðir. Skjalfesta sönnunin skal lögð fram fyrir fullgildingaraðila sem skráningarstofan tilgreinir. Umsækjandinn skal leggja fram sönnun þannig að hún berist fullgildingaraðilanum innan fjörutíu daga frá afhendingu umsóknar um lénsheiti. Hafi skjalfest sönnun ekki verið móttekin innan þess tíma skal hafna umsókn um lénsheiti.

Fullgildingaraðilar skulu tímastimpla skjalfesta sönnun við móttöku.

Fullgildingaraðilar skulu taka umsóknir um tiltekið lénsheiti til meðferðar í þeirri röð sem umsóknirnar bárust skráningarstofu.

Viðkomandi fullgildingaraðili skal kanna hvort sá umsækjandi sem er fremstur í röðinni eftir mati fyrir lénsheiti og hefur lagt fram skjalfesta sönnun fyrir lok umsóknarfrestsins hefur eldri rétt á heitinu. Ef skjalfest sönnun hefur ekki borist tímanlega eða ef fullgildingaraðili telur skjalfestu sönnunina ekki færa sönnur á eldri rétt, skal hann tilkynna skráningarstofu það.

Telji fullgildingaraðili að eldri réttur sé fyrir hendi varðandi umsókn um tiltekið lénsheiti sem er næst í röðinni, skal hann tilkynna skráningarstofu það.

Haldið skal áfram að kanna hverja kröfu í þeirri tímaröð sem þær berast þangað til krafa finnst þar sem eldri réttur á viðkomandi nafni er staðfestur af fullgildingaraðila.

Skráningarstofan skal skrá lénsheitið eftir reglunni „fyrstur kemur fyrstur fær“ ef umsækjandi þykir hafa sýnt fram á eldri rétt í samræmi við þá málsmeðferð sem lýst er í annarri, þriðju og fjórðu málsgrein.

## V. KAFLI

### FYRIRVARAR, WHOIS-GÖGN OG RANGAR SKRÁNINGAR

#### 15. gr.

#### Vörslusamningur

1. Skráningarstofan skal, á eigin kostnað, gera samning við virtan fjárvörsluaðila eða annan fulltrúa vörsluþjónustu með staðfestu á yfirráðasvæði Bandalagsins og tilnefna framkvæmdastjórnina sem rétthafa vörslusamningsins. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja samninginn áður en hann er gerður. Skráningarstofan skal leggja daglega fram rafrænt eintak af uppfærðu innihaldi gagnagrunnsins fyrir .eu fyrir fulltrúa vörsluþjónustunnar.

2. Samningurinn skal kveða á um að fulltrúi vörsluþjónustunnar varðveiti gögnin með eftirfarandi skilmálum og skilyrðum:

- gögnin verða móttækin og höfð í vörslu án allrar meðferðar nema sannprófunar á því að þau séu heil, samræmd og með réttu sniði þangað til þau verða afhent framkvæmdastjórninni,
- gögnin verða tekin úr vörslu þegar samningurinn milli skráningarstofunnar og framkvæmdastjórnarinnar rennur út án endurnýjunar eða honum lýkur af einhverri þeirra ástæðna sem lýst er í samningnum og án tillits til hugsanlegs ágreinings eða málaferla milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar,
- þegar vörslu lýkur á framkvæmdastjórnin óafturkallanlegan, rétthafagreiðslulausan einkarétt á að nýta sér eða hafa nýtt sér allan nauðsynlegan rétt til að endurtilnefna skráningarstofuna,

- verði samningnum við skráningarstofuna sagt upp skal framkvæmdastjórnin, í samstarfi við skráningarstofuna, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að færa stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á höfuðléninu .eu og alla varasjóði til aðila sem framkvæmdastjórnin kann að tilnefna: fari svo skal skráningarstofan gera sitt ítrasta til að koma í veg fyrir röskun á þjónustunni og skal einkum halda áfram að uppfæra upplýsingarnar sem eru í vörslu þar til yfirfærslunni lýkur.

#### 16. gr.

#### WHOIS-gagnagrunnurinn

Tilgangur WHOIS-gagnagrunnsins skal vera að veita tiltölulega nákvæmar og uppfærðar upplýsingar um tæknilega tengiliði og stjórnsýslutengiliði sem stjórna lénsheitum undir höfuðléninu .eu.

WHOIS-gagnagrunnurinn skal innihalda upplýsingar um handhafa lénsheitis sem eru viðeigandi og eru ekki óhóflega miklar með tilliti til tilgangs gagnagrunnsins. Að því marki sem upplýsingarnar eru ekki nauðsynlegar í tengslum við tilgang gagnagrunnsins, og ef rétthafi lénsheitisins er einstaklingur, skulu upplýsingarnar sem gera skal aðgengilegar öllum vera með fyrirvara um skýlaust samþykki rétthafa lénsheitisins. Það að veita vísitandi ónákvæmar upplýsingar skal vera tilefni til þess að telja skráningu lénsheitisins brjóta gegn skilmálum skráningarinnar.

#### 17. gr.

#### Heiti frátekin af skráningarstofu

Eftirfarandi heiti skulu tekin frá vegna rekstrarhlutverka skráningarstofunnar:

eurid.eu, registry.eu, nic.eu, dns.eu, internic.eu, whois.eu, das.eu, coc.eu, eurethix.eu, eurethics.eu, euthics.eu

#### 18. gr.

#### Rangar skráningar

Telji dómstóll aðildarríkis lénsheiti vera ærumeiðandi, sýna kynþáttafordóma eða stríða gegn opinberri stefnu, skal skráningarstofa loka fyrir það, að undangenginni tilkynningu um dómsúrskurð, og afturkalla það að undangenginni tilkynningu um endanlegan dómsúrskurð. Skráningarstofan skal útiloka þau heiti frá framtíðarskráningu sem hafa fengið slíkan dómsúrskurð jafnlengi og dómsúrskurðurinn er í gildi.

19. gr.

#### Andlát og slit

1. Ef handhafi lénshéittis fellur frá á skráningartímabili lénshéittisins, geta skiptastjórar búsinns, eða löglegir erfingjar viðkomandi, farið fram á framsal héttisins til erfingjanna með afhendingu viðkomandi gagna. Ef framsal er ekki hafið við lok skráningartímabilsins skal lénshéitið fellt tímabundið úr gildi í 40 almanaksdaga og birt á vefsíðu skráningarstofunnar. Á því tímabili geta skiptastjórar eða löglegir erfingjar sótt um að skrá héitið með afhendingu viðkomandi gagna. Hafi erfingjarnir ekki skráð héitið á 40 daga tímabilinu, skal lénshéitið eftir það verða tiltækt til almennrar skráningar.

2. Ef handhafi lénshéittis er félag, lögaðili eða einstaklingur, eða samtök sem þurfa að gangast undir greiðsluþrotaskiptameðferð, slit, viðskiptastöðvun, slit með dómsúrskurði eða einhverja álíka meðferð sem kveðið er á um í landslögum á skráningartímabili lénshéittisins, þá getur löglega tilnefndur stjórnandi fyrir hönd handhafa lénshéittisins farið fram á framsal eigna handhafa lénshéittisins til kaupanda með afhendingu viðkomandi gagna. Ef framsal er ekki hafið við lok skráningartímabilsins skal lénshéitið fellt tímabundið úr gildi í 40 almanaksdaga og birt á vefsíðu skráningarstofunnar. Á því tímabili getur stjórnandi sótt um að skrá héitið með afhendingu viðkomandi gagna. Hafi stjórnandinn ekki skráð héitið á 40 daga tímabilinu, skal lénshéitið eftir það verða tiltækt til almennrar skráningar.

#### VI. KAFLI

### AFTURKÖLLUN OG SAMKOMULAG VEGNA ÁGREININGS

20. gr.

#### Afturköllun lénshéita

Skráningarstofan getur afturkallað lénshéiti að eigin frumkvæði og án þess að vísa deilunni í samkomulag utan dómstóla vegna ágreinings, eingöngu af eftirfarandi ástæðum:

a) útistandandi ógreiddar skuldir við skráningarstofuna,

b) handhafi uppfyllir ekki almennar viðmiðanir um hæfi samkvæmt b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) 733/2002,

c) brot handhafa á skilmálum skráningar skv. 3. gr.

Skráningarstofan skal mæla fyrir um málsmeðferð með forsendum sem hún getur afturkallað lénshéiti í samræmi við. Málsmeðferðin skal innihalda tilkynningu til handhafa lénshéittisins sem veitir honum tækifæri til að gera viðeigandi ráðstafanir.

Afturköllun lénshéittis, og framsal þess í kjölfarið ef nauðsynlegt reynist, getur einnig orðið í samræmi við ákvörðun úrskurðaraðila í samkomulagi utan dómstóla.

21. gr.

#### Misnotkunar- og spákaupmennskuskráningar

1. Skráð lénshéiti skal vera með fyrirvara um afturköllun samkvæmt viðeigandi meðferð utan dómstóla eða dómsmeðferð, ef nafnið er hið sama, eða svo líkt að ruglingi gæti valdið, og annað nafn sem hefur rétt sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum og/eða lögum Bandalagsins, t.d. réttindi sem nefnd eru í 1. mgr. 10. gr., og ef það:

a) hefur verið skráð af handhafa þess án réttar til héttisins eða lögmætra hagsmuna í héttinu eða

b) hefur verið skráð eða er notað gegn betri vitund.

2. Hægt er að sýna fram á lögmæta hagsmuni í skilningi a-liðar 1. mgr. ef:

a) handhafi lénshéittis hefur, áður en tilkynnt hefur verið um sáttamiðlunarferli, notað lénshéitið eða annað héiti sem svarar til lénshéittisins í tengslum við framboð á vöru eða þjónustu eða hefur hafið sannanlegan undirbúning að slíkri notkun,

b) handhafi lénshéittis hefur, sem fyrirtæki, samtök eða einstaklingur, verið almennt þekktur undir lénshéittinu, jafnvel þótt ekki hafi verið til staðar réttur sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum og/eða lögum Bandalagsins,

c) handhafi lénshéittis notar það á lögmætan hátt sem er ekki í viðskiptaskyni eða á sanngjarnan hátt án þess að ætla að villa um fyrir neytendum eða skaða orðstír nafns sem hefur rétt sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum og/eða lögum Bandalagsins.



3. Hægt er að sýna fram á að farið sé fram gegn betri vitund í skilningi b-liðar 1. mgr. ef:

22. gr.

### Sáttamiðlunarferli

a) aðstæður benda til þess að lénsheitið hafi verið skráð eða keypt fyrst og fremst í þeim tilgangi að selja, leigja eða framselja lénsheitið á annan hátt til handhafa nafns sem hefur rétt sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum og/eða lögum Bandalagsins eða opinbers aðila eða

1. Hvaða aðili sem er getur haft frumkvæði að sáttamiðlunarferli ef:

b) lénsheitið hefur verið skráð til þess að koma í veg fyrir að handhafi nafns sem hefur rétt sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum og/eða lögum Bandalagsins, eða opinber aðili, sýni það nafn í samsvarandi lénsheiti, svo framarlega sem:

a) skráningin er gerð í spákaupmennsku- eða misnotkunarskyni í skilningi 21. gr. eða

i. hægt er að sýna fram á mynstur slíkrar hegðunar skráningaraðilans eða

b) ákvörðun tekin af skráningarstofu stangast á við þessa reglugerð eða reglugerð (EB) nr. 733/2002.

ii. lénsheitið hefur ekki verið notað á viðeigandi hátt í a.m.k. tvö ár frá dagsetningu skráningar eða

2. Þátttaka í sáttamiðlunarferli skal vera skyldubundin fyrir handhafa lénsheitis og skráningarstofuna.

iii. að við aðstæður þar sem sáttamiðlunarferli var hafið hafi handhafi lénsheitis sem hefur rétt sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum og/eða lögum Bandalagsins eða handhafi lénsheitis opinbers aðila lýst yfir ásetningu sínum að nota lénsheitið á viðeigandi hátt en ekki gert það innan sex mánaða frá þeim degi þegar sáttamiðlunarferlið hófst,

3. Kærandi skal greiða þóknun fyrir sáttamiðlunina.

c) lénsheitið hefur verið skráð fyrst og fremst í þeim tilgangi að raska atvinnustarfsemi samkeppnisaðila eða

4. Ef aðilar hafa ekki samið um annað eða tilgreint með öðrum hætti í skráningarsamningnum milli skráningaryfirvalds og handhafa lénsheitis, skal stjórnarsýslumeðferðin fara fram á tungumáli samningsins. Þessi regla er með fyrirvara um að nefndin geti ákvarðað annað, með hliðsjón af málavöxtum.

d) lénsheitið hefur verið notað af ásetningu til þess að laða notendur Netsins, í ábataskyni, að vefsetri handhafa lénsheitis eða öðru veffangi, með því að skapa ruglingshættu við nafn sem hefur rétt sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum og/eða lögum Bandalagsins eða við nafn opinbers aðila, þar sem slíkur ruglingur verður til í kringum uppruna, kostun, tengsl eða meðmæli með vefsíðu eða veffangi eða á vöru eða þjónustu á vefsíðunni, eða veffangi handhafa lénsheitis eða

5. Kvartanirnar og viðbrögð við þeim skal afhenda þeim sáttamiðlunaraðila sem kærandi velur af skránni sem um getur í fyrstu mgr. 23. gr. Afhendingin skal gerð í samræmi við þessa reglugerð og útgefnar viðbótarverklagsreglur sáttamiðlunaraðilans.

e) skráð lénsheiti er mannsnafn með engum sýnilegum tengslum milli handhafa lénsheitisins og skráðs lénsheitis.

6. Um leið og beiðni um sáttamiðlun hefur verið skráð á tilhlýðilegan hátt hjá sáttamiðlunaraðilanum og viðeigandi gjald greitt, skal sáttamiðlunaraðilinn upplýsa skráningarstofuna um deili á kæranda ásamt lénsheitinu sem um ræðir. Skráningarstofan skal fresta uppsögn eða framsali lénsheitisins tímabundið uns málsmeðferð til lausnar deilumálsins eða málssókn sem leiðir af því er lokið og ákvörðunin hefur verið tilkynnt skráningarstofunni.

4. Óheimilt er að skírskota til ákvæða 1., 2. og 3. mgr. í þeim tilgangi að hindra kröfur samkvæmt landslögum.

7. Sáttamiðlunaraðili skal kanna hvort kvörtunin fari að ákvæðum málsmeðferðarreglna sinna, ákvæðum þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 733/2002 og, nema að staðfest sé að ekki sé farið að ákvæðum, framsenda kvörtunina til svaranda innan fimm virkra daga eftir móttöku gjalds þess sem kærandi greiðir.

8. Innan 30 virkra daga frá viðtökudegi kvörtunar skal svarandi leggja fram svar til sáttamiðlunaraðilans.

9. Öll skrifleg samskipti til kæranda eða svaranda skulu vera með því móti sem kærandi eða svarandi tekur fram, eftir því sem við á eða, ef slíkt er ekki tilgreint, rafrænt um Netið, að því tilskildu að skrá yfir sendingu sé fánleg.

| 11. ispanija             | 50. castillalamancha               | 89. regióndemurcia             |
| 12. spagna               | 51. castilla-lamancha              | 90. regionofmurcia             |
| 13. spain                | 52. castillayleon                  | 91. regionvonmurcia            |
| 14. spanielsko           | 53. castillayleón                  | 92. regionedimurcia            |
| 15. spanien              | 54. juntadecastillayleon           | 93. regioadomurcia             |
| 16. spanija              | 55. juntadecastillayleón           | 94. navarra                    |
| 17. spanje               | 56. generalitatdecatalunya         | 95. nafarroa                   |
| 18. reinodeespaña        | 57. generalitatdecataluña          | 96. navarre                    |
| 19. reino-de-españa      | 58. catalunya                      | 97. navarracomunidadforal      |
| 20. španielsko           | 59. cataluña                       | 98. nafarroaforukomunitatea    |
| 21. spānija              | 60. katalonien                     | 99. nafarroaforuerkidegoa      |
| 22. španija              | 61. catalonia                      | 100. communauteforaledenavarre |
| 23. španičsko            | 62. catalogna                      | 101. communauteforaledenavarre |
| 24. espainia             | 63. catalogue                      | 102. foralcommunityofnavarra   |
| 25. ispania              | 64. catalonië                      | 103. paisvasco                 |
| 26. ισπανία              | 65. katalonias                     | 104. paísvasco                 |
| 27. andalucia            | 66. catalunha                      | 105. euskadi                   |
| 28. andalucía            | 67. kataloniens                    | 106. euskalherria              |
| 29. andalousie           | 68. katalonian                     | 107. paisbasc                  |
| 30. andalusia            | 69. catalonië                      | 108. basquecountry             |
| 31. andalusien           | 70. extremadura                    | 109. paysbasque                |
| 32. juntadeandalucia     | 71. comunidadautonomadeextremadura | 110. paesebasco                |
| 33. juntadeandalucía     | 72. comunidadautónomadeextremadura | 111. baskenland                |
| 34. aragon               | 73. xuntadegalicia                 | 112. paisbasco                 |
| 35. aragón               | 74. comunidadautonomadegalicia     | 113. χώρωνβάσκειν              |
| 36. gobiernodearagon     | 75. comunidaautónomadegalicia      | 114. gobiernovasco             |
| 37. gobiernoaragón       | 76. comunidadeautonomadegalicia    | 115. euskojaurlaritza          |
| 38. principadodeasturias | 77. comunidadeautónomadegalicia    | 116. governbasco               |
| 39. principaudasturies   | 78. larioja                        |                                |

|                         |                           |                      |
|-------------------------|---------------------------|----------------------|
| 117. basquegovernment   | 122. κυβέρνησητωνβάσκων   | 127. ceuta           |
| 118. gouvernementbasque | 123. comunidad-valenciana | 128. gobiernoceuta   |
| 119. governobasco       | 124. comunidadvalenciana  | 129. melilla         |
| 120. baskischeregierung | 125. comunitat-valenciana | 130. gobiernomelilla |
| 121. baskitschebestuur  | 126. comunitatvalenciana  |                      |

## SVÍPJÓÐ

|                        |                          |                         |
|------------------------|--------------------------|-------------------------|
| 1. suecia              | 13. suede                | 25. konungariketsverige |
| 2. reinodesuecia       | 14. royaumesuède         | 26. švédsko             |
| 3. sverige             | 15. royaumesuede         | 27. rootsi              |
| 4. kongerietsverige    | 16. svezia               | 28. svedija             |
| 5. schweden            | 17. regnodisvezia        | 29. svédorszag          |
| 6. königreichschweden  | 18. zweden               | 30. svedorszag          |
| 7. konigreichschweden  | 19. koninkrijkzweden     | 31. l-isvezja           |
| 8. σουηδία             | 20. suécia               | 32. szweja              |
| 9. ΒασιλείατηςΣουηδίας | 21. reinodasuécia        | 33. švedska             |
| 10. sweden             | 22. reinodasuecia        | 34. svedska             |
| 11. kingdomofsweden    | 23. ruotsi               |                         |
| 12. suède              | 24. ruotsinkuningaskunta |                         |

## BRESKA KONUNGRÍKIÐ

|                   |                     |                      |
|-------------------|---------------------|----------------------|
| 1. unitedkingdom  | 6. great_britain    | 11. northern-ireland |
| 2. united-kingdom | 7. britain          | 12. northern_ireland |
| 3. united_kingdom | 8. cymru            | 13. scotland         |
| 4. greatbritain   | 9. england          | 14. wales            |
| 5. great-britain  | 10. northernireland |                      |

2. Skrá yfir heiti fyrir hvert land og yfir lönd sem geta skráð þau

## KRÓATÍA

|                  |                |                |
|------------------|----------------|----------------|
| 1. croatia       | 11. kroatië    | 21. horvătija  |
| 2. kroatia       | 12. kroatie    | 22. horvatija  |
| 3. kroatien      | 13. chorwacja  | 23. kroatija   |
| 4. kroatien      | 14. κροατία    | 24. kroazja    |
| 5. croazia       | 15. chorvatsko | 25. chorvátsko |
| 6. kroatien      | 16. charvátsko | 26. chrovatsko |
| 7. croacia       | 17. horvaatia  | 27. hrvaška    |
| 8. croatie       | 18. kroaatia   | 28. hrvaska    |
| 9. horvátország  | 19. croácia    |                |
| 10. horvatorszag | 20. croacia    |                |

## ÍSLAND

|                          |                           |                            |
|--------------------------|---------------------------|----------------------------|
| 1. arepublicadeislândia  | 16. islandrepublik        | 31. republicadiislanda     |
| 2. deijslandrepublik     | 17. islandskylisejnik     | 32. republikataisland      |
| 3. deijslandrepublik     | 18. islannintasavalta     | 33. republicoficeland      |
| 4. derepubliekvanijsland | 19. islanti               | 34. republikaisland        |
| 5. derepubliekvanijsland | 20. izland                | 35. republikaislandia      |
| 6. iceland               | 21. island                | 36. republikavisland       |
| 7. icelandrepublic       | 22. islenskalýðveldið     | 37. republikkenisland      |
| 8. iepublikaislande      | 23. köztársaságizland     | 38. republikvonisland      |
| 9. ijsland               | 24. larepublicadiislanda  | 39. repúblicadeislandia    |
| 10. island               | 25. larepublicadeislandia | 40. repúblicadeislândia    |
| 11. islanda              | 26. larépubliquesislande  | 41. républiquesislande     |
| 12. islande              | 27. lislande              | 42. ΔημοκρατίατηςΙσλανδίας |
| 13. islandia             | 28. lýðveldiðisland       | 43. Ισλανδία               |
| 14. islândia             | 29. puklerkaislandska     |                            |
| 15. islandica            | 30. rahvavabariikisland   |                            |

## LIECHTENSTEIN

|                                 |                                   |                                |
|---------------------------------|-----------------------------------|--------------------------------|
| 1. fyrstendømmetliechtenstein   | 9. principatodeliechtenstein      | 17. furstendömetliechtenstein  |
| 2. fürstentumliechtenstein      | 10. lichtenštejnokunigaikštysté   | 18. lichtenštajnskékniežatstvo |
| 3. principalityofliechtenstein  | 11. lihtenšteinasfirstiste        | 19. kneževinolihtenštajn       |
| 4. liechtensteinivürstiriiki    | 12. princípalitátal-liechtenstein | 20. principadodeliechtenstein  |
| 5. liechtensteininruhtinaskunta | 13. vorstendomliechtenstein       | 21. lichtenštejnskéknižectví   |
| 6. principautédeliechtenstein   | 14. fyrstedømmetliechtenstein     | 22. lichtensteinihercegség     |
| 7. πριγκιπάτοτουλιχτενστάιν     | 15. księstwoiechtenstein          |                                |
| 8. furstadæmisinsliechtensteins | 16. principadodoliechtenstein     |                                |

## NOREGUR

|             |               |              |
|-------------|---------------|--------------|
| 1. norge    | 9. norvégia   | 17. Νορβηγία |
| 2. noreg    | 10. norsko    | 18. norvegia |
| 3. norway   | 11. nórsko    | 19. norveģia |
| 4. norwegen | 12. norra     | 20. norveska |
| 5. norvege  | 13. norja     | 21. norveška |
| 6. norvège  | 14. norveģija | 22. norwegia |
| 7. noruega  | 15. norvēģija | 23. norga    |
| 8. norvegia | 16. noorwegen |              |

## TYRKLAND

|            |                       |
|------------|-----------------------|
| 1. turkiye | 3. turkiyecumhuriyeti |
| 2. türkiye | 4. türkiyecumhuriyeti |



## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/12/ESB

2013/EES/28/47

frá 19. apríl 2012

## um breytingu á tilskipun ráðsins 2001/112/EB varðandi aldinsafa og tiltekna álíka vörur til mannelis (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í því skyni að vernda hagsmuni neytenda og stuðla að frjálsum flutningi á aldinsafa og tilteknum svipuðum vörum innan Sambandsins er í tilskipun ráðsins 2001/112/EB (3) mælt fyrir um sértæk ákvæði varðandi framleiðslu, samsetningu og merkingu þeirra vara sem um er að ræða. Þessar reglur skulu lagaðar að tækniframförum og þær skulu, eftir því sem unnt er, taka mið af þróun á viðeigandi alþjóðlegum stöðlum, einkum almenna Codex-staðlinum fyrir aldinsafa og nektarsafa (Codex-staðall 247-2005), sem samþykktur var á 28. fundi alþjóðamatvælskrárráðsins 4.–9. júlí 2005 (hér á eftir nefndur Codex-staðallinn). Í Codex-staðlinum eru einkum fastsettar gæðakröfur og kröfur um merkingu fyrir aldinsafa og svipaðar vörur.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 115, 27.4.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 84, 17.3.2011, bls. 45.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. desember 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. mars 2012 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindunum).

(3) Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58.

2) Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla (4) er nauðsynlegt að breyta sértækum ákvæðum tilskipunar 2001/112/EB, sem varða merkingar á aldinsafa og álíka vörum, til að endurspeglar nýjar reglur um leyfileg innihaldsefni, s.s. reglur um viðbættan sykurl, sem er ekki lengur leyfilegt að bæta í aldinsafa. Að því er varðar aðrar vörur skal halda áfram að tilgreina viðbættan sykurl á merkimiða í samræmi við tilskipun 2000/13/EB.

3) Næringarfullyrðingin „án viðbættis sykurs“ eins og hún er skráð í viðaukann við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (5) hefur verið notuð mjög lengi í tengslum við aldinsafa. Með hliðsjón af nýjum kröfum um samsetningu fyrir aldinsafa, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, gæti skyndilegt brotthvarf sykurs eftir umbreytingartímabil haft í för með sér að ekki verði tafarlaust unnt að gera skýran greinarmun á aldinsafa og öðrum drykkjum með tilliti til þess hvort varan innihaldi viðbættan sykurl eða ekki, sem myndi hafa skaðleg áhrif á aldinsafageirann. Í því skyni að gera iðnaðinum kleift að upplýsa neytendur á fullnægjandi hátt skal unnt, í takmarkaðan tíma, að nota yfirlýsingu þar sem tilgreint er að aldinsafar innihaldi ekki viðbættan sykurl.

4) Í því skyni að færa viðaukana við tilskipun 2001/112/EB til samræmis við þróun á viðkomandi alþjóðlegum stöðlum og taka tillit til tækniframfara skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar að breyta þessum viðaukum, að undanskildum I. hluta I. viðauka og II. viðauka. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð

(4) Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

(5) Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

- 5) Í því skyni að gera aðildarríkjunum kleift að samþykkja landslög og stjórnáskrárlyfjarmáli sem eru nauðsynleg til að uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar skal koma á 18 mánaða lögleiðingartímabili. Á því tímabili skulu kröfur tilskipunar 2001/112/EB gilda áfram án breytinganna sem eru innleiddar með þessari tilskipun.
- 6) Í því skyni að taka tillit til hagsmuna rekstraraðila, sem setja vörur sínar á markað eða merkja þær í samræmi við þær kröfur sem eru í gildi áður en ákvæðum landslaga, þar sem þessi tilskipun er leidd í lög, er beitt, er nauðsynlegt að koma á viðeigandi umbreytingarráðstöfunum. Af þeim sökum skal í þessari tilskipun kveðið á um að setja megi þessar vörur áfram á markað í takmarkaðan tíma eftir að lögleiðingartímabilinu lýkur.
- 7) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að aðlaga tilskipun 2001/112/EB að tækniframförum jafnframt því sem tekið er tillit til Codex-staðalsins, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og segir í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í tilskipun þessari til að ná því markmiði.
- 8) Breyta ber tilskipun 2001/112/EB til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Breytingar á tilskipun 2001/112/EB**

Tilskipun 2001/112/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Vörurnar, sem eru skilgreindar í I. viðauka, falla undir ákvæði laga Sambandsins sem gilda um matvæli, s.s. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(1)</sup>, nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun“.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

- 2) Ákvæði 2. gr. falli brott.
- 3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. Þegar um er að ræða vörur sem eru framleiddar úr tveimur eða fleiri aldinum, nema þegar sítrónusafi og/eða súralsinsafi er notaður samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. lið II. hluta I. viðauka, skal heiti vörunnar sett saman úr skrá yfir þau aldin sem eru notuð, í lækkanði röð eftir minnkandi rúmmáli aldinsafans eða mauksins sem bætt er út í, eins og tilgreint er í skránni yfir innihaldsefni. Þegar um er að ræða vörur sem eru framleiddar úr þremur eða fleiri tegundum aldina geta orðin „nokkur aldin“ eða svipað orðalag eða fjöldi aldintegundanna, sem eru notaðar, þó komið í stað aldinheitanna.“

- b) Ákvæði 4. liðar falli brott.

- 4) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.“

Í merkingu á þykktum aldinsafa (áður ávaxtaþykkni), sem um getur í 2. lið I. hluta I. viðauka, sem er ekki ætlaður til afhendingar til lokaneytenda skal vera tilvísun þar sem fram kemur hvort og í hvaða magni viðbættur sítrónusafi, súralsinsafi eða sýrustillar, sem eru heimilaðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(\*)</sup>, eru fyrir hendi. Þessi tilvísun skal koma fram á einu af eftirfarandi:

- á umbúðunum,
- á merkimiða, sem er festur á umbúðirnar, eða
- á fylgiskjali.

<sup>(\*)</sup> Stjttíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.“

- 5) Í 5. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Þessi tilskipun skal gilda um vörur, sem eru skilgreindar í I. viðauka, sem eru settar á markað í Sambandinu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002.“

- 6) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.“

Í því skyni að færa viðaukana við þessa tilskipun til samræmis við þróun á viðkomandi alþjóðlegum stöðlum og taka tillit til tækniframfara skal framkvæmdastjórninni

falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 7. gr. a til að breyta viðaukunum við þessa tilskipun, að undanskildum I. hluta I. viðauka og II. viðauka.“

7) Eftirfarandi grein bætist við:

„7. gr. a

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 7. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 28. október 2013. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafn langan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 7. gr.

Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, á degi sem er tilgreindur í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framseldar gerðir skal hún tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um það samtímis.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 7. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

8) Ákvæði 8. gr. falli brott.

9) Í stað viðaukanna komi textinn í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

**Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 28. október 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu beita þessum ákvæðum frá og með 28. október 2013.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

**Umbreytingarráðstafanir**

1. Setja má vörur, sem eru settar á markað eða merktar fyrir 28. október 2013, í samræmi við tilskipun 2001/112/EB, áfram á markað til 28. apríl 2015.

2. Yfirlýsingin „frá og með 28. apríl 2015 innihalda aldinsafar ekki viðbættan sykur“ má koma fram á merkimiðanum á sama sjónsviði og heiti vörunnar, sem um getur í 1.–4. lið I. hluta I. viðauka, til 28. október 2016.

4. gr.

**Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi þegar hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 19. apríl 2012.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*forseti.*

M. SCHULZ

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

M. BØDSKOV

## VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

## VÖRUHEITI, VÖRUSKILGREININGAR OG VÖRUEIGINLEIKAR

## I. SKILGREININGAR

1. a) **Aldinsafi (áður ávaxtasafi)**

Ógerjuð vara, sem er gerjanleg, unnin úr ætum hluta aldins sem er óskemmt og þroskað, ferskt eða rotvarið með kælingu eða frýstingu, af einni eða fleiri tegundum, sem blandað er saman, með lit, ilm og bragð sem einkennir safu aldinsins sem hann kemur úr.

Hægt er að endurheimta ilm, aldinkjöt og safabelgi, sem fengin eru með viðeigandi eðlisfræðilegum aðferðum úr sömu aldintegund, í safu.

Þegar um er að ræða sítrusávexti skal ávaxtasafinn vera úr afhýdda ávextinum. Súraldinsafa er þó hægt að vinna úr öllum ávextinum.

Ef safar eru unnir úr aldinum með steinum, fræjum eða hýði mega hlutar eða brot úr steinum, fræjum eða hýði ekki fara með í safann. Þetta ákvæði gildir ekki í tilvikum þegar ekki er unnt að fjarlægja hluta eða brot úr steinum, fræjum eða hýði með góðum framleiðsluháttum.

Við framleiðslu á aldinsafa er heimilt að blanda aldinsafa með aldinmauki.

b) **Aldinsafi úr þykkni**

Vara sem er unnin með því að endurgera þykktan aldinsafa, sem er skilgreindur í 2. lið, með drykkjarhæfu vatni sem uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns <sup>(1)</sup>.

Innihald leysanlegra þurrfefna í fullunnu vörunni skal uppfylla lægsta Brix-gildið fyrir safu, sem hefur verið endurgerður með því að bæta í hann vatni, sem er tilgreint í V. viðauka.

Ef safi úr þykkni er unninn úr aldini, sem ekki er getið um í V. viðauka, skal lægsta Brix-gildi safans, sem hefur verið endurgerður með því að bæta í hann vatni, vera það Brix-gildi sem safinn hefur þegar hann er unninn úr aldinu sem notað er til að framleiða þykknið.

Hægt er að endurheimta ilm, aldinkjöt og safabelgi, sem fengin eru með viðeigandi eðlisfræðilegum aðferðum úr sömu aldintegund, í aldinsafa úr þykkni.

Aldinsafi úr þykkni er tilreiddur með viðeigandi ferlum sem viðhalda nauðsynlegum eðlisrænum, efnafræðilegum og skynrænum eiginleikum og næringareiginleikum í venjulegum safu úr aldinu sem hann er unninn úr.

Við framleiðslu á aldinsafa úr þykkni er heimilt að blanda aldinsafa og/eða þykktan aldinsafa með aldinmauki og/eða þykktu aldinmauki.

2. **Þykktur aldinsafi**

Vara sem er unnin úr safu úr einni eða fleiri tegundum af aldinum með því að fjarlægja með eðlisrænum aðferðum ákveðið hlutfall af vatnsinnihaldinu. Ef varan er ætluð til beinnar neyslu skal fjarlægja a.m.k. 50% af vatnsinnihaldinu.

Hægt er að endurheimta ilm, aldinkjöt og safabelgi, sem fengin eru með viðeigandi eðlisfræðilegum aðferðum úr sömu aldintegund, í þykktan aldinsafa.

3. **Vatnsútdreginn aldinsafi**

Varan sem fæst með flæði vatns úr:

- kjötkenndum, heilum aldinum sem ekki er unnt að draga safann úr með neinum eðlisrænum aðferðum eða
- heilum, þurruðum aldinum.

(1) Stjórnartíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

#### 4. Þurrkaður aldinsafi/aldinsafi í duftformi

Vara sem er unnin úr safu úr einni eða fleiri tegundum af aldinum með því að fjarlægja með eðlisrænum aðferðum nánast allt vatnsinnihaldið.

#### 5. Aldinnektar

Ógerjuð vara, sem er gerjanleg, sem

- er unnin með því að vatni, með eða án viðbættis sykurs og/eða hunangs, er bætt í vörurnar sem eru skilgreindar í 1.–4. lið, í aldinmalk og/eða í þykkt aldinmalk og/eða í blöndu af þessum vörum og
- uppfyllir kröfurnar í IV. viðauka

Ef aldinnektar er framleitt án viðbættis sykurs eða með skertu orkugildi má setja sætuefni í stað sykursins, að öllu leyti eða að hluta til, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli <sup>(1)</sup>.

Hægt er að endurheimta ilm, aldinkjöt og safabelgi, sem fengin eru með viðeigandi eðlisfræðilegum aðferðum úr sömu aldintegund, í aldinnektar.

## II. LEYFÐ INNIHALDSEFNI, AÐFERÐIR OG EFNI

### 1. Samsetning

Nota skal þær tegundir aldina sem svara til grasafæðihaitanna í V. viðauka við tilreiðslu aldinsafa, aldinmalks og aldinnektars ef heiti viðkomandi aldins eða almennt heiti þess kemur fram í vöruheitinu. Að því er varðar aldintegundir sem ekki eru skráðar í V. viðauka skal nota rétt grasafæðilegt heiti eða almennt heiti.

Að því er varðar aldinsafa skal Brix-gildið vera það sama og fyrir safu þegar hann er dreginn úr aldinu og því má ekki breyta nema safinn sé blandaður með safu úr sömu aldintegund.

Lægsta Brix-gildið, sem er fastsett í V. viðauka, fyrir aldinsafa, sem hefur verið endurgerður með því að bæta í hann vatni, og aldinmalk, sem hefur verið endurgert með því að bæta í það vatni, er án leysanlegra þurrefna í viðbættum, valkvæðum innihaldsefnum og aukefnum.

### 2. Leyfð innihaldsefni

Einungis má bæta eftirfarandi innihaldsefnum í vörurnar sem um getur í I. hluta:

- Vítamín og steinefni eins og heimilt er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um íblöndun vítamína og steinefna og tiltekinna annarra efna í matvæli <sup>(2)</sup>.
- Matvælaaukefni sem eru heimiluð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

Þar að auki:

- Að því er varðar aldinsafa, aldinsafa úr þykkni og þykktan aldinsafa: endurheimtur ilmur, aldinkjöt og safabelgir.
- Að því er varðar þrúgasafa: endurheimt sölt vínsýru.
- Að því er varðar aldinnektar: endurheimtur ilmur, aldinkjöt og safabelgir; sykur og/eða hunang allt að 20% af heildarþyngd fullunnar vörunnar; og/eða sætuefni.

Aðeins má nota fullyrðingu þess efnis að aldinnektar sé án viðbættis sykurs og allar fullyrðingar, sem er líklegt að hafi sömu merkingu fyrir neytendur, ef varan er án viðbættra ein- eða tvísykra eða annarra matvæla sem notuð eru til að sæta mat, þ.m.t. sætuefni eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Sé sykur í aldinnektar frá náttúrunnar hendi skulu eftirfarandi upplýsingar einnig koma fram á merkimiðanum: „inniheldur sykur frá náttúrunnar hendi“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

- Að því er varðar vörur sem um getur í a-lið, fyrsta undirlið b-liðar, c-lið, öðrum undirlið e-liðar og h-lið III. viðauka: sykur og/eða hunang.
- Að því er varðar vörur, sem eru skilgreindar í 1.–5. lið I. hluta, til að stilla súrleika: sítrónusafi og/eða súraldinsafi og/eða þykktur sítrónusafi og/eða þykktur súraldinsafi, allt að 3 g á hvern lítra af safi, gefinn upp sem vatnsfrí sítrónusýra.
- Að því er varðar tómatsafa og tómatsafa úr þykkni: salt, krydd og ilmandi kryddjurtir.

### 3. Leyfðar aðferðir og efni

Einungis má beita eftirfarandi aðferðum og bæta eftirtöldum efnum í vörurnar sem um getur í I. hluta:

- Vélrænar útdráttaraðferðir.
- Venjulegar eðlisrænar aðferðir, þ.m.t. aðferð (flæðiaðferð) við að draga vatn út úr neysluhæfum hluta aldina, annarra en vínberja, til framleiðslu á þykktum aldinsafa, að því tilskildu að aldinsafinn, sem fæst á þann hátt, uppfylli skilyrðin í 1. lið I. hluta.
- Þegar um er að ræða þrúgusafa þar sem þrúgurnar eru meðhöndlaðar með brennisteinsdíoxíði er heimilt að hreinsa brennisteininn úr með því að nota eðlisfræðilegar aðferðir, að því tilskildu að heildarmagn SO<sub>2</sub> í endanlegu vörunni fari ekki yfir 10 mg/l.
- Ensímblöndur: Pektínasár (til að brjóta niður pektín), próteasar (til að brjóta niður prótín) og amýlasar (til að brjóta niður sterkju) uppfylla kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum <sup>(1)</sup>.
- Æt gelatín.
- Tannín.
- Kíslkvoða (e. *silica sol*).
- Viðarkol.
- Köfnunarefni.
- Bentónít sem áseygur leir.
- Efnafræðilega hvarftreg síunarhjálparefni og úrfellingarefni (t.d. perlusteinn, þvegið díatómít, sellulósi, óleysanlegt pólýamíð, pólývínýlpólýpýrrólídón, pólýstýren) sem uppfylla skilyrðin í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli <sup>(2)</sup>.
- Efnafræðilega hvarftreg aðsogshjálparefni sem uppfylla skilyrðin í reglugerð (EB) nr. 1935/2004 og sem eru notuð til að minnka magn límonóíðs og naringíns í sítrussafa án þess að hafa veruleg áhrif á límonóíðglúkósíða, sýru, sykrur (þ.m.t. fásykrur) eða steinefnainnihald.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

## II. VIÐAUKI

## SKILGREININGAR Á HRÁEFNUM

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

## 1) Aldin

Öll aldin. Tómatar teljast einnig aldin í þessari tilskipun.

Aldinið skal vera óskemmt, hæfilega þroskað og nýtt eða rotvarið með eðlisfræðilegum aðferðum eða með meðhöndlun(um), þ.m.t. meðhöndlunum sem er beitt eftir uppskeru í samræmi við lög Sambandsins.

## 2) Aldinmauk

Ógerjuð vara, sem er gerjanleg, unnin með viðeigandi eðlisrænum aðferðum, s.s. með því að sía eða mala neyslufæfa hluta heilla eða afhýddra aldina án þess að fjarlægja safann.

## 3) Þykkt aldinmauk

Varan er unnin úr aldinmauki með því að fjarlægja með eðlisfræðilegum aðferðum ákveðið hlutfall af vatnsinnihaldi þess.

Þykkt aldinmauk getur haft endurheimtan ilm sem skal nást með viðeigandi eðlisfræðilegum aðferðum eins og skilgreint er í 3. lið II. hluta I. viðauka og ilmurinn skal vera endurheimtur úr sömu tegundum aldina.

## 4) Ilmur:

Ilmur er endurheimtur við vinnslu á aldinum með því að nota viðeigandi eðlisrænar aðferðir, með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli <sup>(1)</sup>. Þessum eðlisrænu aðferðum má beita til að halda ilmgaðunum, varðveita þau eða halda þeim stöðugum og fela þær m.a. í sér kreistingu, útdrátt, eimingu, síun, ásog, uppgufun, þættingu og þykkingu.

Ilmurinn er unninn úr ætum hluta aldinsins; þó getur hann einnig komið úr kaldpressaðri olíu úr sítrusávaxtahýði og efnasamböndum úr steinum.

## 5) Sykrur

– sykrur, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun ráðsins 2001/111/EB frá 20. desember 2001 varðandi tilteknar sykrur til manndis <sup>(2)</sup>,

– frúktósasíróp,

– sykrur úr ávöxtum.

## 6) Hunang

Varan er skilgreind í tilskipun ráðsins 2001/110/EB frá 20. desember 2001 varðandi hunang <sup>(3)</sup>.

## 7) Aldinkjöt eða safabelgir

Vörur, unnar úr ætum hlutum aldina af sömu tegund án þess að safinn sé fjarlægður. Enn fremur, að því er varðar sítrusávexti, er aldinkjötið eða safabelgirnir safapokarnir sem fást úr innlagi aldinveggjarins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 53.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47.

*III. VIÐAUKI***SÉRSTAKAR AUÐKENNINGAR FYRIR TILTEKNAR VÖRUR SEM ERU SKRÁÐAR Í I. VIÐAUKA**

- a) „vruchtendrank“ fyrir aldinnektar,
- b) „Süßmost“.
- Einungis má nota tákunina „Süßmost“ í tengslum við vöruheitin „Fruchtsaft“ eða „Fruchtnektar“:
- fyrir aldinnektar sem er eingöngu unninn úr aldinsafa, þykktum aldinsafa eða blöndu þessara vara og er bragðvondur í náttúrulegu ástandi vegna mikils náttúrulegs sýruinnihalds,
  - fyrir ávaxtasafa sem er unninn úr eplum eða perum, með viðbættum eplum eftir því sem við á, en án viðbættis sykurs,
- c) „succo e polpa“ eða „sumo e polpa“ fyrir aldinnektar sem er eingöngu unninn úr aldinmauki og/eða þykktu aldinmauki,
- d) „æblemost“ fyrir eplasafa án viðbættis sykurs,
- e) – „sur ... saft“, ásamt heitinu (á dönsku) á aldininu sem er notað, fyrir safu án viðbættis sykurs sem er unninn úr sólberjum, kirsuberjum, rauðum eða hvítum rífsberjum, hindberjum, jarðarberjum eða ylliberjum,
- „sød ... saft“ eða „sødet ... saft“, ásamt heitinu (á dönsku) á aldininu sem er notað, fyrir safu sem er unninn úr þessu aldini, með viðbættum sykri í meira magni en 200 g í hverjum lítra,
- f) „äppelmust/äpplemust“ fyrir eplasafa án viðbættis sykurs,
- g) „mosto“: samheiti fyrir þrúgusafa,
- h) „smiltsærkšku sula ar cukuru“ eða „astelpaju mahl suhkruga“ eða „słodzony sok z rokitnika“ fyrir safu sem er unninn úr berjum hafþyrnis og inniheldur ekki meira en 140 g af viðbættum sykri á hvern lítra.
-



## IV. VIÐAUKI

## SÉRÁKVÆÐI VARÐANDI ALDINNEKTAR

| Aldinnektar úr   | Lágmarksmagn safra og/eða mauks (gefið upp í % miðað við þyngd fullunninnar vöru) |
|--|---|
| <b>I. Aldinum með súrum safra sem er bragðvondur í náttúrulegu ástandi</b>   |   |
| Píslaraldin  | 25  |
| Glæðialdin   | 25  |
| Sólber   | 25  |
| Hvít rífsber   | 25  |
| Rauð rífsber   | 25  |
| Stíkilsber   | 30  |
| Ber hafþyrnis  | 25  |
| Þyrniplómur  | 30  |
| Plómur   | 30  |
| Plómur   | 30  |
| Reyniber   | 30  |
| Rósaldin   | 40  |
| Kirsiber   | 35  |
| Önnur kirsiber   | 40  |
| Aðalbláber   | 40  |
| Ylber  | 50  |
| Hindber  | 40  |
| Apríkósur  | 40  |
| Jarðarber  | 40  |
| Mórber/brómber   | 40  |
| Trönuber   | 30  |
| Kveði  | 50  |
| Sítrónur og súraldin   | 25  |
| Önnur aldin sem tilheyra þessum flokki   | 25  |
| <b>II. Aldinum með lágu sýruinnihaldi eða með miklu aldinkjöti, eða bragðsterkum, með safra sem er bragðvondur í náttúrulegu ástandi</b> |   |
| Mangó  | 25  |
| Bananar  | 25  |
| Gvava  | 25  |
| Papæjaldin   | 25  |
| Litkaber   | 25  |
| Ávextir aseróltrésins  | 25  |
| Nónberkja  | 25  |
| Kvöldberkja  | 25  |
| Sykurepli  | 25  |
| Granatepli   | 25  |
| Kasúaldin  | 25  |
| Plómur   | 25  |
| Úmbú ( <i>Spondias tuberosa aroda</i> )  | 25  |
| Önnur aldin sem tilheyra þessum flokki   | 25  |

| Aldinnektar úr  | Lágmarksmagn safra og/eða mauks (gefið upp í % miðað við þyngd fullunninnar vöru) |
|---|---|
| <b>III. Aldinum með safra sem er bragðgóður í náttúrulegu ástandi</b> |   |
| Epli  | 50  |
| Perur   | 50  |
| Ferskjur  | 50  |
| Sítrusávéxtir nema sítrónur og súraldin                               | 50  |
| Ananas  | 50  |
| Tómatar   | 50  |
| Önnur aldin sem tilheyra þessum flokki                                | 50  |

## V. VIÐAUKI

**LÆGSTU BRIX-GILDI FYRIR ALDINSAFA, SEM HEFUR VERIÐ ENDURGERÐUR MEÐ ÞVÍ AÐ BÆTA Í HANN VATNI, OG ALDINMAUK, SEM HEFUR VERIÐ ENDURGERT MEÐ ÞVÍ AÐ BÆTA Í ÞAÐ VATNI**

| Almennt heiti aldinsins | Grasafæðiheiti   | Lægstu Brix-gildi |
|-------------------------|--|-------------------|
| Epli (*)                | <i>Malus domestica</i> Borkh.  | 11,2              |
| Apríkósur (**)          | <i>Prunus armeniaca</i> L.   | 11,2              |
| Bananar (**)            | <i>Musa x paradisiaca</i> L. (að undanskildum mjölbönnunum)                                  | 21,0              |
| Sólber (*)              | <i>Ribes nigrum</i> L.   | 11,0              |
| Þrúgur (*)              | <i>Vitis vinifera</i> L. eða þrúgublendingar<br><i>Vitis labrusca</i> L. eða þrúgublendingar | 15,9              |
| Greipaldin (*)          | <i>Citrus x paradisi</i> Macfad.   | 10,0              |
| Gvava (**)              | <i>Psidium guajava</i> L.  | 8,5               |
| Sítrónur (*)            | <i>Citrus limon</i> (L.) Burm.f.   | 8,0               |
| Mangó (**)              | <i>Mangifera indica</i> L.   | 13,5              |
| Appelsínur (*)          | <i>Citrus sinensis</i> (L.) Osbeck   | 11,2              |
| Píslaraldin (*)         | <i>Passiflora edulis</i> Sims  | 12,0              |
| Ferskjur (**)           | <i>Prunus persica</i> (L.) Batsch var. persica   | 10,0              |
| Perur (**)              | <i>Pyrus communis</i> L.   | 11,9              |
| Ananas (*)              | <i>Ananas comosus</i> (L.) Merr.   | 12,8              |
| Hindber (*)             | <i>Rubus idaeus</i> L.   | 7,0               |
| Kirsuber (*)            | <i>Prunus cerasus</i> L.   | 13,5              |
| Jarðarber (*)           | <i>Fragaria x ananassa</i> Duch.   | 7,0               |
| Tómatar (*)             | <i>Lycopersicon esculentum</i> , Mill.   | 5,0               |
| Mandarínur (*)          | <i>Citrus reticulata</i> Blanco  | 11,2              |

Að því er varðar vörur merktar með stjörnu (\*), sem framleiddar eru sem safi, er lágmarkseðlismassi ákvarðaður út frá vatni við 20/20 °C. Að því er varðar vörur merktar með tveimur stjörnum (\*\*), sem framleiddar eru sem mauk, er einungis ákvarðað óleiðrétt, lægsta Brix-gildi (án leiðréttingar fyrir sýru).“

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1147/2012

2013/EES/28/48

frá 4. desember 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á bývaxi (E 901), karnúbavaxi (E 903), skellakki (E 904) og örkristölluðu vaxi (E 905) á tiltekin aldin (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Framkvæmdastjórninni hafa borist nokkrar umsóknir um leyfi fyrir notkun bývax (E 901) á paprikur, tómata, gúrkur, banana, mangó og lárperur, á granatepli og öll aldin, fyrir notkun karnúbavax (E 903) og skellakks (E 904) á granatepli og mangó, lárperur og papæjaldin, og fyrir notkun örkristallaðs vax (E 905) á ananas. Þessar umsóknir hafa verið gerðar aðgengilegar fyrir aðildarríkin.
- 5) Óskað hefur verið eftir að nota megi bývax (E901), karnúbavax (E 903), skellakk (E904) og örkristallað vax (E 905) sem húðunarefni á þessi aldin eða þetta aldingrænmeti, til að tryggja betra geymsluþol. Sú meðhöndlun ver aldinin gegn þornun og oxun og hefur vaxtarhemjandi áhrif á myglu og tilteknar örverur. Af tæknilegum ástæðum er þörf á þessari meðhöndlun, einkum fyrir aldin sem eru flutt inn frá löndum með hitabeltisloftslag. Einnig þarf að verja þessi aldin í flutningum sem taka langan tíma.
- 6) Fyrirhugað er að nota þessi aukefni í matvælum til yfirborðsmeðhöndlunar og ekki er búist við því að þau berist í ætan hluta aldinanna. Af þessum sökum er ekki

líklegt að meðhöndlun aldina með hýði sem ekki er neytt hafi áhrif á heilbrigði manna. Því er rétt að leyfa notkun bývax (E 901), karnúbavax (E 903), skellakks (E 904) og örkristallaðs vax (E 905) á slík aldin sem eru aðallega flutt inn frá löndum með hitabeltisloftslag, þ.e. banana, mangó, lárperur, granatepli, papæjaldin og ananas.

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita áhlits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun bývax (E 901) á banana, mangó og granatepli, notkun karnúbavax (E 903) og skellakks (E 904) á granatepli, mangó, lárperur og papæjaldin og notkun örkristallaðs vax (E 905) á ananas telst vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita áhlits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 8) Framkvæmdastjórnin mun enn fremur taka til athugunar óskir um að nota vax á önnur aldin og á grænmeti, með tilliti til öryggis neytenda þegar vænta má að ytri hluta sé neytt, til tæknilegs rökstuðnings og til þess möguleika að villt sé um fyrir neytendum, þ.m.t. krafna varðandi merkingu.
- 9) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 <sup>(3)</sup> gildir skráin yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, að meginreglu til frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa nýja notkun leyfilegra matvælaaukefna á markaðnum fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistöðudag að því er varðar þessa notkun.
- 10) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

*I. gr.*

**Breyting á reglugerð (EB) nr. 1333/2008**

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar*

*Forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Í stað færslanna fyrir E 901, E 903, E 904 og E 905 í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflökki 04.1.1., „Heil fersk aldin og grænmeti“, komi eftirfarandi:

|        |                      |                     |  |  |
|--------|----------------------|---------------------|--|--|
| „E 901 | Bývax, hvítt og gult | <i>eftir þörfum</i> | Einungis til yfirborðsmeðferðar á aldinum: sítrusvöxtum, melónum, eplum, perum, ferskjum, ananas, banönum, mangóum, lærperum og granateplum og sem húðunarefni fyrir hnetur      | Gildistími fyrir banana, mangó, lærperur og granatepli: Frá 25. desember 2012.     |
| E 903  | Kamúðavax            | 200                 | Einungis til yfirborðsmeðferðar á aldinum: sítrusvöxtum, melónum, eplum, perum, ferskjum, ananas, granateplum, mangóum, lærperum og papæjaldinum og sem húðunarefni fyrir hnetur | Gildistími fyrir granatepli, mangó, lærperur og papæjaldin: Frá 25. desember 2012. |
| E 904  | Skellakk             | <i>eftir þörfum</i> | Einungis til yfirborðsmeðferðar á aldinum: sítrusvöxtum, melónum, eplum, perum, ferskjum, ananas, granateplum, mangóum, lærperum og papæjaldinum og sem húðunarefni fyrir hnetur | Gildistími fyrir granatepli, mangó, lærperur og papæjaldin: Frá 25. desember 2012. |
| E 905  | Örkristallað vax     | <i>eftir þörfum</i> | Einungis til yfirborðsmeðferðar á aldinum: melónum, papæjaldinum, mangóum, lærperum og ananas  | Gildistími fyrir ananas: Frá 25. desember 2012“                                    |

## FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 862/2012 2013/EES/28/49

frá 4. júní 2012

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar upplýsingar um samþykki fyrir notkun lýsingarinnar, upplýsingar um undirliggjandi vísitölur og kröfuna um skýrslu frá óháðum skoðunarmönnum eða endurskoðendum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVROPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

gerð lýsingarinnar fyrir því að fjármálamililiðir noti lýsinguna, upplýsingum sem skulu vera í lýsingunni varðandi undirliggjandi vísitölur og afkomuspám og áætlaðri afkomu.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB<sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 7. gr.,

- 3) Að því er varðar þriðju undirgrein 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/71/EB skal í reglugerð (EB) nr. 809/2004 tilgreina hvaða upplýsingar skal veita ef útgefandinn eða aðilinn sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar samþykkir, með skriflegu samkomulagi, að fjármálamililiðir noti lýsinguna.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga<sup>(2)</sup> eru settar fram lágmarksupplýsingar sem lýsing [áður: útboðs- og skráningarlýsing] skal innihalda um mismunandi gerðir verðbréfa í því skyni að uppfylla kröfur 5. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

- 4) Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkuðum, einkum aukinnar notkunar á vísitölum til grundvallar samsettra verðbréfa, skal endurskoða og skýra tilteknar kröfur reglugerðar (EB) nr. 809/2004. Með því að færa ábyrgðina á því að setja vísitöluna saman, til annarrar einingar samstæðunnar, geta útgefendur komist hjá kröfunni um að hafa útskýringu á vísitölunni, sem útgefandinn hefur sett saman, í lýsingunni (liður 4.2.2 í XII. viðauka) og þannig varist ábyrgð ef útskýringin er ónákvæm. Til samræmis við það skal rýmka þá kröfu þannig að hún gildi um vísitölur settar saman af einingu sem tilheyrir sömu samstæðu og útgefandinn.

- 2) Tilskipun 2003/71/EB var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað<sup>(3)</sup> til að auka vernd fjárfesta, draga úr skrifinnsku fyrirtækja við öflun fjármagns á verðbréfamörkuðum innan Sambandsins, og auka skilvirkni varðandi fyrirkomulag lýsinga. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar samþykki útgefandans eða aðilans sem ber ábyrgð á

- 5) Með það fyrir augum að auka skilvirkni og draga úr skrifinnsku skal þessi reglugerð einnig mæla fyrir um við hvaða skilyrði þess verði ekki krafist að í lýsingunni felist lýsing á vísitölunni, þegar vísitalan er sett saman af einingum sem koma fram í samvinnu við eða fyrir hönd útgefandans. Þar sem liður 2.10 í XV. viðauka vísar aðeins til víðtæktrar og þekktrar útgefinnar vísitölu er nægilegt að hafa í lýsingunni yfirlýsingu sem tilgreinir hvar finna megi upplýsingar um vísitöluna, án þess að lýsing á samsetningu vísitölunnar sé nauðsynleg.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 22.9.2012, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 327, 11.12.2010, bls. 1.

- 6) Til að draga úr umsýslukostnaði útgefenda við öflun fjármagns skal þessi reglugerð mæla fyrir um við hvaða skilyrði skýrslu frá óháðum skoðunarmönnum eða endurskoðendum, sem fylgir afkomuspá eða áætlaðri afkomu, verði ekki krafist, einkum ef óháðir

skoðunarmenn eða endurskoðendur geta ekki undirritað endurskoðunarskýrsluna vegna þess að þeir hafa ekki aðgang að öllum gögnum sem árlegu reikningsskilin samanstanda af vegna þess

- 7) Með tilskipun 2010/73/EB var hugtakið „lykilupplýsingar“ skipt út fyrir hugtakið „helstu upplýsingar“ í fjölda ákvæða í tilskipun 2003/71/EB. Því ber að aðlaga viðaukana við reglugerð (EB) nr. 809/2004 til samræmis við það.
- 8) Til að komast megi hjá frekari ósamræmdri beitingu á tilskipun 2003/71/EB, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 3. gr., og til að koma komast megi hjá viðbótarseinkun við að tryggja aukna vernd fjárfesta og draga úr skrifinnsku fyrirtækja við öflun fjármagns á verðbréfamörkuðum innan Sambandsins er nauðsynlegt að kveða á um gildistöku á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 809/2004 til samræmis við það,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Breytingar á reglugerð (EB) nr. 809/2004

Reglugerð (EB) nr. 809/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað annarrar málsgreinar 3. gr. komi eftirfarandi:

„Í lýsingunni skulu koma fram upplýsingaliðir, sem krafist er í I.–XVII. viðauka og XX.–XXX. viðauka, eftir því um hvers konar útgefendur eða útgáfur og verðbréf er að ræða. Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. a skal lögbært yfirvald ekki krefjast þess að í lýsingunni komi fram upplýsingaliðir sem ekki er að finna í I.– XVII. viðauka eða XX.– XXX. viðauka.“

- 2) Eftirfarandi 20. gr. a bætist við:

„20. gr. a

**Viðbótarskjal til frekari upplýsinga um samþykki sem veitt er í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/71/EB**

1. Að því er varðar þriðju undirgrein 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/71/EB skal lýsingin hafa að geyma eftirfarandi:

a) viðbótarupplýsingarnar sem settar eru fram í 1. lið og 2. lið A í XXX. viðauka ef samþykkið er veitt einum eða fleiri tilgreindum fjármálamilliliðum,

b) viðbótarupplýsingarnar sem settar eru fram í 1. lið og 2. lið B í XXX. viðauka ef útgefandinn eða aðilinn sem ber ábyrgð á gerð lýsingarinnar kys að veita samþykki sitt öllum fjármálamilliliðum.

2. Ef fjármálamilliliður uppfyllir ekki skilyrði bundin samþykkinu, sem eru í lýsingunni, skal nýrrar lýsingar krafist í samræmi við aðra málsgrein 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2003/71/EB.“

- 3) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„Í grunnlýsingu skulu koma fram upplýsingaliðir, sem krafist er í I.–XVII. viðauka, XX. viðauka og XXII.–XXX. viðauka, eftir því um hvers konar útgefanda eða verðbréf er að ræða. Lögbær yfirvöld skulu ekki krefjast þess að í grunnlýsingunni komi fram upplýsingaliðir sem ekki er að finna í I.– XVII. viðauka, XX. viðauka eða XXIII.–XXX. viðauka.“

- 4) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

#### Umbreytingarákvæði

1. Þessi reglugerð gildir ekki um samþykki á viðauka við lýsingu eða grunnlýsingu ef lýsingin eða grunnlýsingin var samþykkt fyrir dagsetninguna sem um getur í 3. gr.

2. Ef lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins tilkynnir lögbæru yfirvaldi gístaðildarríkisins með vottorði um samþykki, í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2003/71/EB, í tengslum við lýsingu eða grunnlýsingu, sem var samþykkt fyrir dagsetninguna sem um getur í 3. gr., skal lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu með skýrum og nákvæmum hætti tilgreina í vottorðinu að lýsingin eða grunnlýsingin hafi verið samþykkt fyrir dagsetninguna sem um getur í 3. gr.

3. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.



Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 809/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 13.2. í I. viðauka komi eftirfarandi:

„13.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

Ef fjárhagsupplýsingar tengjast fyrra fjárhagsári og fela eingöngu í sér tölur sem ekki eru villandi og eru efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum fyrir fyrra fjárhagsár, og skýringargögnin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á tölurnar, skal skýrslu ekki krafist að því tilskildu að lýsingin feli í sér allar eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) aðilinn sem ber ábyrgð á fjárhagsupplýsingunum, ef hann er annar en sá sem ber almenna ábyrgð á lýsingunni, samþykkir þær upplýsingar,
- b) óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur hafa samþykkt að upplýsingarnar séu efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum,
- c) þessar fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar.“

2) Í stað fyrirsagnar 3. liðar í I. viðauka komi eftirfarandi:

„3. **HELSTU UPPLÝSINGAR**“,

3) Í stað liðar 9.2. í IV. viðauka komi eftirfarandi:

„9.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

Ef fjárhagsupplýsingar tengjast fyrra fjárhagsári og fela eingöngu í sér tölur sem ekki eru villandi og eru efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum fyrir fyrra fjárhagsár, og skýringargögnin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á tölurnar, skal skýrslu ekki krafist að því tilskildu að lýsingin feli í sér allar eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) aðilinn sem ber ábyrgð á fjárhagsupplýsingunum, ef hann er annar en sá sem ber almenna ábyrgð á lýsingunni, samþykkir þær upplýsingar,
- b) óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur hafa samþykkt að upplýsingarnar séu efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum,
- c) þessar fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar.“

4) Í stað fyrirsagnar 3. liðar í V. viðauka komi eftirfarandi:

„3. **HELSTU UPPLÝSINGAR**“,

5) Ákvæðum X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 13.2. komi eftirfarandi:

„13.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

Ef fjárhagsupplýsingar tengjast fyrra fjárhagsári og fela eingöngu í sér tölur sem ekki eru villandi og eru efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum fyrir fyrra fjárhagsár, og skýringargögnin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á tölurnar, skal skýrslu ekki krafist að því tilskildu að lýsingin feli í sér allar eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) aðilinn sem ber ábyrgð á fjárhagsupplýsingunum, ef hann er annar en sá sem ber almenna ábyrgð á lýsingunni, samþykkir þær upplýsingar,
- b) óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur hafa samþykkt að upplýsingarnar séu efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum,
- c) þessar fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar.“

b) Í stað fyrirsagnar 31. liðar komi eftirfarandi:

„31. **HELSTU UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA HEIMILDARSKÍRTEINA**“,

6) Í stað liðar 8.2. í XI. viðauka komi eftirfarandi:

„8.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

Ef fjárhagsupplýsingar tengjast fyrra fjárhagsári og fela eingöngu í sér tölur sem ekki eru villandi og eru efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum fyrir fyrra fjárhagsár, og skýringargögnin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á tölurnar, skal skýrslu ekki krafist að því tilskildu að lýsingin feli í sér allar eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) aðilinn sem ber ábyrgð á fjárhagsupplýsingunum, ef hann er annar en sá sem ber almenna ábyrgð á lýsingunni, samþykkir þær upplýsingar,
- b) óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur hafa samþykkt að upplýsingarnar séu efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum,
- c) þessar fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar.“

7) Ákvæðum XII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. **HELSTU UPPLÝSINGAR**“,

b) Í stað þriðja undirliðar liðar 4.2.2 komi eftirfarandi:

„— ef undirliggjandi þáttur er vísitala (e. *index*):

- heiti vísitölunnar,
- lýsing á vísitölunni ef hún er sett saman af útgefandanum eða lögaðila sem tilheyrir sömu samstæðu,
- lýsing á vísitölunni sem lögaðili eða einstaklingur, sem kemur fram í samvinnu við eða fyrir hönd útgefanda, lætur í té, nema lýsingin feli í sér eftirfarandi yfirlýsingar:
  - heildstæðar reglur um vísitöluna og upplýsingar um þróun vísitölunnar eru sýnilegar með opnum aðgangi á vefsetrum útgefandans eða þess sem lætur vísitöluna í té,
- og
- gildandi reglur (þ.m.t. aðferðafræði vísitölunnar við val og endurstillingu á þáttum vísitölunnar, lýsing á atburðum sem valda markaðsröskun og leiðréttingarreglur) eru byggðar á fyrirfram ákveðnum og hlutlægum viðmiðunum.

Ef útgefandinn setur ekki vísitöluna saman skal geta þess hvar hægt sé að fá upplýsingar um hana.“

8) Í stað fyrirsagnar 3. liðar í XIII. viðauka komi eftirfarandi:

„3. **HELSTU UPPLÝSINGAR**“,

9) Í stað liðar 2.10. í XV. viðauka komi eftirfarandi:

„2.10. Ákvæði a-liðar liðar 2.2 gildir ekki um sjóð um sameiginlega fjárfestingu ef fjárfestingarmarkmiðið er að fylgja viðtækri og þekktri, útgefinni vísitölu án þess að vikið sé verulega frá henni. Yfirlýsing þar sem fram kemur hvar hægt sé að fá upplýsingar um vísitöluna skal fylgja.“

10) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XX. viðauka:

a) Í þættinum með fyrirsögnina „V. viðauki“ komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar 3. liðar:

|     |                      |  |
|-----|----------------------|--|
| „3. | HELSTU UPPLÝSINGAR“, |  |
|-----|----------------------|--|

b) Í þættinum með fyrirsögnina „XII. viðauki“ komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar 3. liðar:

|     |                      |  |
|-----|----------------------|--|
| „3. | HELSTU UPPLÝSINGAR“, |  |
|-----|----------------------|--|

c) Í þættinum með fyrirsögnina „XII. viðauki“ komi eftirfarandi í stað ii-liðar liðar 4.2.2:

|  |  |   |
|--|--|---|
|  | <p>„ii. ef undirliggjandi þáttur er vísitala (e. <i>index</i>):</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— heiti vísitölunnar,</li> <li>— lýsing á vísitölunni ef hún er sett saman af útgefandanum eða lögaðila sem tilheyrir sömu samstæðu,</li> <li>— lýsing á vísitölunni sem lögaðili eða einstaklingur, sem kemur fram í samvinnu við eða fyrir hönd útgefanda, lætur í té, nema lýsingin feli í sér eftirfarandi yfirlýsingar: <ul style="list-style-type: none"> <li>— heildstæðar reglur um vísitöluna og upplýsingar um þróun vísitölunnar eru sýnilegar með opnum aðgangi á vefsetrum útgefandans eða þess sem lætur vísitöluna í té,</li> </ul> </li> <li>og</li> <li>— gildandi reglur (þ.m.t. aðferðafræði vísitölunnar við val og endurstillingu á þáttum vísitölunnar, lýsing á atburðum sem valda markaðsröskun og leiðréttingarreglur) eru byggðar á fyrirfram ákveðnum og hlutlægum viðmiðunum,</li> <li>— ef útgefandinn setur ekki vísitöluna saman, ábending um hvar hægt sé að fá upplýsingar um hana.</li> </ul> | <p>Flokkur C</p> <p>Flokkur A</p> <p>Flokkur A</p> <p>Flokkur C</p> |
|--|--|---|

d) Í þættinum með fyrirsögnina „XIII. viðauki“ komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar 3. liðar:

|     |                      |  |
|-----|----------------------|--|
| „3. | HELSTU UPPLÝSINGAR“, |  |
|-----|----------------------|--|

e) Eftirfarandi þáttur bætist við:

|     | „XXX. viðauki  | Leiðbeiningar |
|-----|--|---------------|
| 1.  | UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL UM SAMÞYKKI ÚTGEFANDANS EÐA AÐILANS SEM BER ÁBYRGÐ Á AÐ SEMJA LÝSINGUNA   |               |
| 1.1 | Ótvírætt samþykki útgefandans, eða aðilans sem ber ábyrgð á að semja lýsinguna, fyrir notkun lýsingarinnar og yfirlýsing þess efnis að hann beri ábyrgð á inntaki lýsingarinnar, einnig við síðari endursölu eða endanlegt útböð verðbréfa fyrir milligöngu fjármálamilliliðar sem samþykkt var að mætti nota lýsinguna. | Flokkur A     |
| 1.2 | Upplýsingar um tímabilið sem veitt samþykki fyrir notkun lýsingarinnar tekur til.  | Flokkur A     |
| 1.3 | Upplýsingar um tilboðstímabilið þegar síðari endursala og endanlegt útböð fjármálamilliliða á verðbréfum getur farið fram.   | Flokkur C     |

|      | „XXX. viðauki   | Leiðbeiningar          |
|------|---|------------------------|
| 1.4  | Upplýsingar um aðildarríkin þar sem fjármálamililiðir geta notað lýsinguna að því er varðar endursölu eða endanlegt útboð verðbréfa.  | Flokkur A              |
| 1.5  | Öll önnur skýr og hlutlæg skilyrði bundin samþykkinu, sem varða notkun lýsingarinnar.   | Flokkur C              |
| 1.6  | Tilkynning með feitu letri sem upplýsir fjárfesta um að leggja fjármálamililiður fram tilboð skuli sá fjármálamililiður veita fjárfestum upplýsingar um skilmála og skilyrði tilboðsins á þeim tíma sem tilboðið er gert. | Flokkur A              |
| 2A   | VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL EF SAMÞYKKI ER VEITT EINUM EÐA FLEIRI TILGREINDUM FJÁRMÁLAMILILIDUM  |                        |
| 2A.1 | Skrá yfir auðkenni (nafn og heimilisfang) fjármálamililiðarins eða fjármálamililiðanna sem hafa leyfi til að nota lýsinguna.  | Flokkur C              |
| 2A.2 | Upplýsingar um hvernig skuli birta og hvar megi finna nýjar upplýsingar um fjármálamililiði sem ekki voru þekktar þegar lýsingin, grunnlýsingin eða innlagning á endanlegum skilmálum var samþykkt, eftir því sem við á.  | Flokkur A              |
| 2B   | VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL EF SAMÞYKKI ER VEITT ÖLLUM FJÁRMÁLAMILILIDUM   |                        |
| 2B.1 | Tilkynning með feitu letri sem upplýsir fjárfesta um að fjármálamililiðir, sem nota lýsinguna, verði að lýsa því yfir á vefsetri sínu að þeir noti lýsinguna í samræmi við samþykkið og skilyrðin sem það er bundið.      | Flokkur A <sup>4</sup> |

11) Í A-þætti XXII. viðauka er eftirfarandi lið A.2 bætt við:

|        |     |   |
|--------|-----|---|
| „Allir | A.2 | <ul style="list-style-type: none"> <li>— Samþykki útgefandans eða aðilans sem ber ábyrgð á að semja lýsinguna fyrir notkun fjármálamililiða á lýsingunni við síðari endursölu eða endanlegt útboð verðbréfa.</li> <li>— Upplýsingar um tilboðstímabilið þegar síðari endursala og endanlegt útboð fjármálamililiða á verðbréfum getur farið fram og sem samþykki fyrir notkun lýsingarinnar tekur til.</li> <li>— Öll önnur skýr og hlutlæg skilyrði bundin samþykkinu, sem varða notkun lýsingarinnar.</li> <li>— Tilkynning með feitu letri sem upplýsir fjárfesta um að fjármálamililiðir skulu veita upplýsingar um skilmála og skilyrði tilboðsins þegar það er lagt fram.“</li> </ul> |
|--------|-----|---|

12) Í stað liðar 8.2. í XXIII. viðauka komi eftirfarandi:

„8.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

Ef fjárhagsupplýsingar tengjast fyrra fjárhagsári og fela eingöngu í sér tölur sem ekki eru villandi og eru efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum fyrir fyrra fjárhagsár, og skýringargögnin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á tölurnar, skal skýrslu ekki krafist að því tilskildu að lýsingin feli í sér allar eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) aðilinn sem ber ábyrgð á fjárhagsupplýsingunum, ef hann er annar en sá sem ber almenna ábyrgð á lýsingunni, samþykkir þær upplýsingar,

- b) óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur hafa samþykkt að upplýsingarnar séu efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum,
- c) þessar fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar.“

13) Í stað fyrirsagnar 3. liðar í XXIV. viðauka komi eftirfarandi:

„3. HELSTU UPPLÝSINGAR“;

14) Í stað liðar 13.2. í XXV. viðauka komi eftirfarandi:

„13.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

Ef fjárhagsupplýsingar tengjast fyrra fjárhagsári og fela eingöngu í sér tölur sem ekki eru villandi og eru efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum fyrir fyrra fjárhagsár, og skýringargögnin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á tölurnar, skal skýrslu ekki krafist að því tilskildu að lýsingin feli í sér allar eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) aðilinn sem ber ábyrgð á fjárhagsupplýsingunum, ef hann er annar en sá sem ber almenna ábyrgð á lýsingunni, samþykkir þær upplýsingar,
- b) óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur hafa samþykkt að upplýsingarnar séu efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum,
- c) þessar fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar.“

15) Í stað liðar 9.2. í XXVI. viðauka komi eftirfarandi:

„9.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

Ef fjárhagsupplýsingar tengjast fyrra fjárhagsári og fela eingöngu í sér tölur sem ekki eru villandi og eru efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum fyrir fyrra fjárhagsár, og skýringargögnin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á tölurnar, skal skýrslu ekki krafist að því tilskildu að lýsingin feli í sér allar eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) aðilinn sem ber ábyrgð á fjárhagsupplýsingunum, ef hann er annar en sá sem ber almenna ábyrgð á lýsingunni, samþykkir þær upplýsingar,
- b) óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur hafa samþykkt að upplýsingarnar séu efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum,
- c) þessar fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar.“

16) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXVIII. viðauka:

a) Í stað liðar 13.2. komi eftirfarandi:

„13.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

Ef fjárhagsupplýsingar tengjast fyrra fjárhagsári og fela eingöngu í sér tölur sem ekki eru villandi og eru efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum fyrir fyrra fjárhagsár, og skýringargögnin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á tölurnar, skal skýrslu ekki krafist að því tilskildu að lýsingin feli í sér allar eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) aðilinn sem ber ábyrgð á fjárhagsupplýsingunum, ef hann er annar en sá sem ber almenna ábyrgð á lýsingunni, samþykkir þær upplýsingar,

- b) óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur hafa samþykkt að upplýsingarnar séu efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum,
- c) þessar fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar.“
- b) Í stað fyrrsagnar 31. liðar komi eftirfarandi:

„3. HELSTU UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA HEIMILDARSKÍRTEINA“,

17) Í stað liðar 8.2. í XXIX. viðauka komi eftirfarandi:

„8.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

Ef fjárhagsupplýsingar tengjast fyrra fjárhagsári og fela eingöngu í sér tölur sem ekki eru villandi og eru efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum fyrir fyrra fjárhagsár, og skýringargögnin sem nauðsynleg eru til að leggja mat á tölurnar, skal skýrslu ekki krafist að því tilskildu að lýsingin feli í sér allar eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) aðilinn sem ber ábyrgð á fjárhagsupplýsingunum, ef hann er annar en sá sem ber almenna ábyrgð á lýsingunni, samþykkir þær upplýsingar,
- b) óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur hafa samþykkt að upplýsingarnar séu efnislega í samræmi við endanlegu tölurnar sem verða birtar í næstu árlegu endurskoðuðu reikningsskilum,
- c) þessar fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar.“

18) Eftirfarandi bætist við sem XXX. viðauki:

„XXX. VIÐAUKI

#### Viðbótarupplýsingar um samþykki eins og um getur í 20. gr. a

##### (Frekara viðbótarskjal)

- 1 UPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL UM SAMÞYKKI ÚTGEFANDANS EÐA AÐILANS SEM BER ÁBYRGÐ Á AÐ SEMJA LÝSINGUNA
  - 1.1 Ótvírætt samþykki útgefandans, eða aðilans sem ber ábyrgð á að semja lýsinguna, fyrir notkun lýsingarinnar og yfirlýsing þess efnis að hann beri ábyrgð á inntaki lýsingarinnar, einnig við síðari endursölu eða endanlegt útboð verðbréfa fyrir milligöngu fjármálamililiðar sem samþykkt var að mætti nota lýsinguna.
  - 1.2 Upplýsingar um tímabilið sem veitt samþykki fyrir notkun lýsingarinnar tekur til.
  - 1.3 Upplýsingar um tilboðstímabilið þegar síðari endursala og endanlegt útboð fjármálamililiða á verðbréfum getur farið fram.
  - 1.4 Upplýsingar um aðildarríkin þar sem fjármálamililiðir geta notað lýsinguna að því er varðar endursölu eða endanlegt útboð verðbréfa.
  - 1.5 Öll önnur skýr og hlutlæg skilyrði bundin samþykkinu, sem varða notkun lýsingarinnar.
  - 1.6 Tilkynning með feitu letri sem upplýsir fjárfesta um að leggi fjármálamililiður fram tilboð skuli sá fjármálamililiður veita fjárfestum upplýsingar um skilmála og skilyrði tilboðsins á þeim tíma sem tilboðið er gert.
- 2A VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL EF SAMÞYKKI ER VEITT EINUM EÐA FLEIRI TILGREINDUM FJÁRMÁLAMILILIDUM
  - 2A.1 Skrá yfir auðkenni (nafn og heimilisfang) fjármálamililiðarins eða fjármálamililiðanna sem hafa leyfi til að nota lýsinguna.

2A.2 Upplýsingar um hvernig skuli birta og hvar megi finna nýjar upplýsingar um fjármálamilliliði sem ekki voru þekktir þegar lýsingin, grunnlýsingin eða innlagningin á endanlegum skilmálum var samþykkt, eftir því sem við á.

**2B VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR SEM VEITA SKAL EF SAMÞYKKI ER VEITT ÖLLUM FJÁRMÁLA-MILLILIÐUM**

Tilkynning með feitu letri sem upplýsir fjárfesta um að fjármálamilliliðir sem nota lýsinguna verði að lýsa því yfir á vefsetri sínu að þeir noti lýsinguna í samræmi við samþykkið og skilyrðin sem það er bundið.

---



## Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/8/ESB

2013/EES/28/50

frá 2. mars 2012

um breytingu á tilskipun 2003/90/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (\*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði<sup>(1)</sup>, einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB<sup>(2)</sup> var samþykkt til að tryggja að yrki, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim viðmiðunarreglum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett að því er varðar þá eiginleika sem athugun á hinum ýmsu tegundum skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á yrkjum, að svo miklu leyti sem slíkar viðmiðunarreglur hafa verið settar. Í þessari tilskipun er kveðið á um að viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) skuli gilda um önnur yrki.
- 2) Yrkisskrifstofa Bandalagsins hefur síðan gefið út viðmiðunarreglur fyrir ýmsar aðrar tegundir og hefur uppfært gildandi reglur.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 2003/90/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB komi texti viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

Að því er varðar athuganir, sem hófust fyrir 1. október 2012, er aðildarríkjunum heimilt að beita þeirri útgáfu af tilskipun 2003/90/EB sem var í gildi áður en henni var breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. október 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. mars 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 64, 3.3.2012, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7.

## VIÐAUKI

## „I. VIÐAUKI

**Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir**

| Visindaheiti   | Almennt heiti  | Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins |
|--|--|---|
| <i>Festuca filiformis</i> Pourr.                     | Þráðvingull  | TP 67/1 frá 23.6.2011                       |
| <i>Festuca ovina</i> L.                              | Sauðvingull  | TP 67/1 frá 23.6.2011                       |
| <i>Festuca rubra</i> L.                              | Rauðvingull  | TP 67/1 frá 23.6.2011                       |
| <i>Festuca trachyphylla</i> (Hack.) Krajina          | Skrápvingull   | TP 67/1 frá 23.6.2011                       |
| <i>Lolium multiflorum</i> Lam.                       | Ítalskt rýgresi  | TP 4/1 frá 23.6.2011                        |
| <i>Lolium perenne</i> L.                             | Vallarrýgresi  | TP 4/1 frá 23.6.2011                        |
| <i>Lolium x boucheanum</i> Kunth                     | Rýgresisblendingur   | TP 4/1 frá 23.6.2011                        |
| <i>Pisum sativum</i> L.                              | Gráertur   | TP 7/2 frá 11.3.2010                        |
| <i>Brassica napus</i> L.                             | Fóðurrepja   | TP 36/2 frá 16.11.2011                      |
| <i>Helianthus annuus</i> L.                          | Sólblóm  | TP 81/1 frá 31.10.2002                      |
| <i>Linum usitatissimum</i> L.                        | Lín (spunalín, olíulín)  | TP 57/1 frá 21.3.2007                       |
| <i>Avena nuda</i> L.                                 | Snoðhafrar, hýðislausir hafrar   | TP 20/1 frá 6.11.2003                       |
| <i>Avena sativa</i> L. (þ.m.t. A. byzantina K. Koch) | Hafrar   | TP 20/1 frá 6.11.2003                       |
| <i>Hordeum vulgare</i> L.                            | Bygg   | TP 19/2 endursk. 11.3.2010                  |
| <i>Oryza sativa</i> L.                               | Hrisgrjón  | TP 16/1 frá 18.11.2004                      |
| <i>Secale cereale</i> L.                             | Rúgur  | TP 58/1 frá 31.10.2002                      |
| xTriticosecale Wittm. ex A. Camus                    | Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni Triticum og tegunda af ættkvíslinni Secale | TP 121/2, 1. endursk. frá 16.02.2011        |
| <i>Triticum aestivum</i> L.                          | Hveiti   | TP 3/4, 2. endursk. frá 16.02.2011          |
| <i>Triticum durum</i> Desf.                          | Harðhveiti   | TP 120/2 frá 6.11.2003                      |
| <i>Zea mays</i> L.                                   | Maís   | TP 2/3 frá 11.3.2010                        |
| <i>Solanum tuberosum</i> L.                          | Kartöflur  | TP 23/2 frá 1.12.2005                       |

Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins ([www.cpvo.europa.eu](http://www.cpvo.europa.eu)).

## II. VIÐAUKI

## Skrá yfir tegundir sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir

| Visindaheiti   | Almennt heiti   | Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja |
|--|---|---|
| <i>Beta vulgaris</i> L.                                      | Fóðursykurrófa  | TG/150/3 frá 4.11.1994  |
| <i>Agrostis canina</i> L.                                    | Týtulingresi  | TG/30/6 frá 12.10.1990  |
| <i>Agrostis gigantea</i> Roth.                               | Stórlíngresi  | TG/30/6 frá 12.10.1990  |
| <i>Agrostis stolonifera</i> L.                               | Skriðlíngresi   | TG/30/6 frá 12.10.1990  |
| <i>Agrostis capillaris</i> L.                                | Hálingresi  | TG/30/6 frá 12.10.1990  |
| <i>Bromus catharticus</i> Vahl                               | Sólfax  | TG/180/3 frá 4.4.2001   |
| <i>Bromus sitchensis</i> Trin.                               | Sitkafax  | TG/180/3 frá 4.4.2001   |
| <i>Dactylis glomerata</i> L.                                 | Axhnoðapunktur  | TG/31/8 frá 17.4.2002   |
| <i>Festuca arundinacea</i> Schreber                          | Tágavingull   | TG/39/8 frá 17.4.2002   |
| <i>Festuca pratensis</i> Huds.                               | Hávingull   | TG/39/8 frá 17.4.2002   |
| <i>xFestulolium</i> Asch. et Graebn.                         | Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Festuca</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Lolium</i> | TG/243/1 frá 9.4.2008   |
| <i>Phleum nodosum</i> L.                                     | Hnúðfoxgras   | TG/34/6 frá 7.11.1984   |
| <i>Phleum pratense</i> L.                                    | Vallarfoxgras   | TG/34/6 frá 7.11.1984   |
| <i>Poa pratensis</i> L.                                      | Vallarsveifgras   | TG/33/6 frá 12.10.1990  |
| <i>Lupinus albus</i> L.                                      | Ljósálúpína   | TG/66/4 frá 31.3.2004   |
| <i>Lupinus angustifolius</i> L.                              | Lensúlúpína   | TG/66/4 frá 31.3.2004   |
| <i>Lupinus luteus</i> L.                                     | Ilmlúpína   | TG/66/4 frá 31.3.2004   |
| <i>Medicago sativa</i> L.                                    | Refasmári   | TG/6/5 frá 6.4.2005   |
| <i>Medicago x varia</i> T. Martyn                            | Sandrefasmári   | TG/6/5 frá 6.4.2005   |
| <i>Trifolium pratense</i> L.                                 | Rauðsmári   | TG/5/7 frá 4.4.2001   |
| <i>Trifolium repens</i> L.                                   | Hvítsmári   | TG/38/7 frá 9.4.2003  |
| <i>Vicia faba</i> L.   | Hestabaunir   | TG/8/6 frá 17.4.2002  |
| <i>Vicia sativa</i> L.                                       | Fóðurflækja   | TG/32/6 frá 21.10.1988  |
| <i>Brassica napus</i> L. var. <i>napobrassica</i> (L.) Rchb. | Gulrófa   | TG/89/6 endursk. 4.4.2001 + 1.4.2009                            |
| <i>Raphanus sativus</i> L. var. <i>oleiformis</i> Pers.      | Fóðurhreðka   | TG/178/3 frá 4.4.2001   |
| <i>Arachis hypogea</i> L.                                    | Jarðhnetur  | TG/93/3 frá 13.11.1985  |

| Visindaheiti   | Almennt heiti    | Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja |
|--|------------------|---|
| <i>Brassica rapa</i> L. var. <i>silvestris</i> (Lam.) Briggs | Akurfrækál       | TG/185/3 frá 17.4.2002  |
| <i>Carthamus tinctorius</i> L.                               | Litunarþistill   | TG/134/3 frá 12.10.1990   |
| <i>Gossypium</i> spp.  | Baðmull          | TG/88/6 frá 4.4.2001  |
| <i>Papaver somniferum</i> L.                                 | Valmúi           | TG/166/3 frá 24.3.1999  |
| <i>Sinapis alba</i> L.                                       | Hvítur mustarður | TG/179/3 frá 4.4.2001   |
| <i>Glycine max</i> (L.) Merrill                              | Sojabaunir       | TG/80/6 frá 1.4.1998  |
| <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench                           | Dúrri            | TG/122/3 frá 6.10.1989  |

Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja ([www.upov.int](http://www.upov.int)).“

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 630/2012

2013/EES/28/51

frá 12. júlí 2012

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur fyrir vélknúin ökutæki sem knúin eru vetni og blöndu vetnis og jarðgass, með tilliti til losunar, og að sértækum upplýsingum, varðandi ökutæki með rafaftrás, verði bætt í upplýsingaskjalið fyrir EB-gerðarviðurkenningu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja <sup>(1)</sup>, einkum a-, f- og i-lið 3. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins og efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins — Evrópsk áætlun um hrein og orkunýtin ökutæki <sup>(2)</sup>, er gefinn gaumur að því að fyrir hendi er margs konar tækni (raforka, vetni, lífgas og fljótandi lífheldsneyti) sem líklegt er að stuðli verulega að framgangi forgangsatrida í stefnumörkuninni fyrir Evrópu 2020 um þróun hagkerfis sem grundvallast á þekkingu og nýsköpun (hugvittissamur hagvöxtur) og sem stuðlar að hagkerfi sem nýtir auðlindir betur, er umhverfisvænna og samkeppnishæfara (sjálfbær hagvöxtur).
- 2) Líklegt þykir að brunahreyfillinn verði áfram ráðandi í ökutækjum til skemmri eða meðallangs tíma lítið og því mætti auðvelda umskiptin frá brunahreyflum til annarra tegunda aftrása sem byggjast á raforku (rafgeymar, efnarafalar) með aðlögun brunahreyfilsins að hreinu eldsneyti á borð við vetni (H2) eða blöndu vetnis og jarðgass.
- 3) Með hliðsjón af þeirri óvissu sem umlykur framþróun tækni á sviði aftrása og líkunum á að ný tækni öðlist sívaxandi hlut markaðarins er nauðsynlegt að aðlaga núgildandi evrópska löggjöf um gerðarviðurkenningu að þessari tækni.
- 4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um

viðgerðir og viðhald ökutækja <sup>(3)</sup> eru vetni og blanda vetnis og jarðgass ekki meðal þeirra eldsneytistegunda sem teknar eru til athugunar. Því þykir rétt að rýmka gerðarviðurkenningaráðferðina sem komið var á með þeirri reglugerð svo að hún nái til þessara eldsneytistegunda.

- 5) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vetnisknúinna ökutækja og um breytingu á tilskípun 2007/46/EB <sup>(4)</sup> er kveðið á um öryggiskröfur að því er varðar gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja m.t.t. vetnisknúnings. Einnig verður að tryggja umhverfisvernd, því losun köfnunarefnisoxíðs við notkun vetnis sem eldsneytis í brunahreyflum getur haft áhrif á umhverfið.
- 6) Blöndur vetnis og jarðgass gefa frá sér tiltekið magn mengunarefna í andrúmsloftið, einkum vetniskolefni, kolsýring, köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og er nauðsynlegt að bregðast við þessari losun.
- 7) Aðlaga skal formúlur og mæliþætti sem notuð eru til að greina niðurstöður losunarprófana fyrir þau tilteknu tilvik þegar vetni og blöndur vetnis og jarðgass eru notuð í brunahreyfla, þar sem þessar formúlur og mæliþættir eru að verulegu leyti háð tegund og einkennum eldsneytisins sem notað er.
- 8) Uppfæra skal þau gögn sem framleiðandinn lætur landsbundnum viðurkenningaryfirvöldum í té þannig að þau feli í sér viðkomandi upplýsingar varðandi vetni, blöndur vetnis og jarðgass og rafknúin ökutæki.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 692/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

*I. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað 16. liðar:

„16. „fjölknúid rafökutæki“: ökutæki, þ.m.t. ökutæki sem draga orku frá nýtanlegu eldsneyti eingöngu til þess að hlaða rafmagnssafnbúnað fyrir orku/

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 182, 12.7.2012, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> COM(2010) 186, lokagerð.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 32.

afl, sem dregur þá orku sem knýr það úr báðum eftirtöldum safnorkugjöfum í ökutækinu:

- a) nýtanlegu eldsneyti,
- b) rafgeymi, þétti, sveifluhjóli/rafal eða öðrum rafmagnssafnbúnaði fyrir orku/afl,

b) Eftirfarandi liðir bætist við:

„33. „rafaflrás“: kerfi sem samanstendur af einni eða fleiri rafhlöðum, einu eða fleiri tækjum til að aðlaga raforku og einni eða fleiri rafmagnsvélum sem breyta raforku frá safnorkugjafa í vélræna orku, sem afhent er við hjólin til að knýja ökutækið,

34. „ökutæki sem er eingöngu rafknúið“: ökutæki sem eingöngu er knúið rafaflrás,

35. „vetnis- og jarðgasknúið ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti“: ökutæki knúið fjölblöndueldsneyti sem getur gengið fyrir mismunandi blöndum af vetni og jarðgasi/lífmétani,

36. „vetnisknúið ökutæki með efnarafal“: ökutæki sem er knúið með efnarafal sem breytir efnaorku vetnis í raforku til að knýja ökutækið.“

2. Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað liðar 1.1:

„1.1. Viðbótarkröfur fyrir gasknúin ökutæki knúin einni eldsneytistegund, gasknúin ökutæki sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum og vetnis- og jarðgasknúin ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti.“

b) Í stað liðar 1.1.1.1 komi eftirfarandi:

„1.1.1.1. Hópur er flokkur ökutækjagerða sem eru knúin fljótandi jarðolíugasi, jarðgasi/lifmetani, blöndu vetnis og jarðgass sem auðkennist af stofnökutæki.“

c) Í stað liðar 1.1.2 komi eftirfarandi:

„1.1.2. EB-gerðarviðurkenning fyrir ökutæki knúin fljótandi jarðolíugasi, jarðgasi/lifmetani, blöndu vetnis og jarðgass er veitt með fyrirvara um eftirfarandi kröfur:“

d) Í lið 1.1.2.1 bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Ef um er að ræða vetnis- og jarðgasknúið ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti má samsetningin vera á bilinu frá 0% vetni til hámarkshlutfalls vetnis í blöndunni sem skal tilgreint af framleiðandanum. Sýna skal fram á að stofnökutækið lagi sig að öllum hlutföllum innan þeirra marka sem tilgreind eru af framleiðandanum. Einnig skal sýna fram á að það lagi sig að öllum samsetningum jarðgass og lifmetans sem kunna að finnast á markaðnum án tillits til hlutfalls vetnis í blöndunni.“

e) Í stað liðar 1.1.2.2, 1.1.2.3 og 1.1.2.4 komi eftirfarandi:

„1.1.2.2. Ef um er að ræða ökutæki sem knúin eru fljótandi jarðolíugasi, jarðgasi/lifmetani skal stofnökutækið prófað í prófun 1 með þeim tveimur jaðartegundum viðmiðunargaseldsneytis sem tilgreindar eru í IX. viðauka. Hvað varðar jarðgas/lifmetan skal ekki nota rofann við gerðarviðurkenningu, ef skiptingin frá einu gaseldsneyti yfir í hitt gaseldsneytið er í reynd auðvelduð með notkun rofa.

Ef um er að ræða vetnis- og jarðgasknúið ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti skal stofnökutækið prófað í prófun 1 með eftirfarandi samsetningum eldsneytis:

- 100% H-gas.
- 100% L-gas.
- Blanda af H-gasi og hámarkshlutfalli vetnis sem framleiðandi tilgreinir.
- Blanda af L-gasi og hámarkshlutfalli vetnis sem framleiðandi tilgreinir.

1.1.2.3. Ökutækið er talið vera í samræmi ef það er innan losunarmarka við prófun með þeim viðmiðunareldsneytistegundum sem um er getið í lið 1.1.2.2.

1.1.2.4. Ef um er að ræða ökutæki sem eru knúin fljótandi jarðolíugasi eða jarðgasi/lifmetani skal reikna hlutfall losunarmiðurstaðna „r“ fyrir hvert mengunarefni á eftirfarandi hátt:

| Eldsneytistegund            | Viðmiðunareldsneyti | Útreikningur á „r“    |
|-----------------------------|---------------------|-----------------------|
| Fljótandi jarðolíugas (LPG) | eldsneyti A         | $r = \frac{B}{A}$     |
|                             | eldsneyti B         |                       |
| Jarðgas/lifmetan            | eldsneyti G20       | $r = \frac{G25}{G20}$ |
|                             | eldsneyti G25       |                       |

f) Eftirfarandi liður 1.1.2.5 bætist við:

„1.1.2.5. Ef um er að ræða vetnis- og jarðgasknúið ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti skal reikna tvö hlutföll losunarniðurstaðna „ $r_1$ “ og „ $r_2$ “ fyrir hvert mengunarefni á eftirfarandi hátt:

| Eldsneytistegund          | Viðmiðunareldsneyti   | Útreikningur á „ $r$ “      |
|---------------------------|---|-----------------------------|
| Jarðgas/lífmetan          | eldsneyti G20   | $r_1 = \frac{G25}{G20}$     |
|                           | eldsneyti G25   |                             |
| Blanda vetnis og jarðgass | Blanda af vetni og G20 með hámarkshlutfalli vetnis sem framleiðandi tilgreinir. | $r_2 = \frac{H2G25}{H2G20}$ |
|                           | Blanda af vetni og G25 með hámarkshlutfalli vetnis sem framleiðandi tilgreinir. |                             |

g) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 1.1.3 komi eftirfarandi:

„Hvað varðar gerðarviðurkenningu gasknúinna ökutækja sem ganga fyrir einni eldsneytistegund og gasknúinna ökutækja sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum, starfrækt í gasham, knúin fljótandi jarðolíugasi eða jarðgasi/lífmetani, sem hluti af ökutækjahópi, skal framkvæma prófun 1 með einu viðmiðunargaseldsneyti. Viðmiðunareldsneyti má vera hvort viðmiðunargaseldsneytið sem er. Ökutækið er talið vera í samræmi ef eftirfarandi kröfum er fullnægt:“

h) Eftirfarandi liður 1.1.4 bætist við:

„1.1.4. Hvað varðar gerðarviðurkenningu á vetnis- og jarðgasknúnu ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti, sem er hluti af ökutækjahópi, skal framkvæma prófun 1 tvisvar, fyrst með 100% af annað hvort G20 eða G25 og í seinni prófuninni með blöndu vetnis og sama jarðgasi/lífmetani og notað er við fyrri prófunina, með því hámarkshlutfalli vetnis sem framleiðandinn tilgreinir.

Ökutækið sem prófað er í samræmi við fyrstu málsgrein skal teljast fullnægja kröfunum ef það uppfyllir eftirfarandi kröfur, til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í a-, e- og g-lið liðar 1.1.3:

- ef jarðgasið/lífmetanið er viðmiðunareldsneytið G20 skal losunarniðurstaðan fyrir hvert mengunarefni margfölduð með viðkomandi stuðlum (með  $r_1$  fyrir fyrri prófunina og  $r_2$  fyrir þá seinni) sem reiknaðir eru í lið 1.1.2.5 ef viðkomandi stuðull er  $> 1$ ; ef viðkomandi stuðull er  $< 1$  er ekki leiðréttingar þörf,
- ef jarðgasið/lífmetanið er viðmiðunareldsneytið G25 skal deila í losunarniðurstöðuna fyrir hvert mengunarefni með samsvarandi viðkomandi stuðlum (með  $r_1$  fyrir fyrri prófunina og  $r_2$  fyrir þá seinni) sem reiknaðir eru í samræmi við lið 1.1.2.5 ef samsvarandi viðkomandi stuðull er  $< 1$ ; ef samsvarandi viðkomandi stuðull er  $> 1$  er ekki leiðréttingar þörf,
- óski framleiðandi eftir því skal framkvæma prófun 1 með þeim fjórum mögulegu samsetningum viðmiðunareldsneytis samkvæmt lið 1.1.2.5 svo ekki sé þörf á leiðréttingu,
- ef ítrekaðar prófanir eru framkvæmdar á sama hreyfli skal fyrst reikna meðaltal niðurstaðna fyrir viðmiðunareldsneyti G20 eða blöndu vetnis og jarðgass, og viðmiðunareldsneyti G25 eða blöndu vetnis og jarðgass með því hámarkshlutfalli vetnis sem framleiðandinn tilgreinir, og síðan skulu stuðlarnir „ $r_1$ “ og „ $r_2$ “ reiknaðir út frá hvoru meðaltali.“





| Ókutækjaflokkur  | Ókutæki með hreyfil með rafkræftum, þ.m.t. fjölknútt ókutæki |    |    |    |    |                                      |                               |                               |                               |                               | Ókutæki sem eru eingöngu rafknútt | Vetnisknútt ókutæki með efnarafal |                           |
|--|--|----|----|----|----|--------------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-------------------------------|-----------------------------------|-----------------------------------|---------------------------|
|  | Knútt einni eldsneytistegund                                 |    |    |    |    | Knútt tveimur eldsneytistegundum (1) |                               |                               |                               |                               |                                   |                                   | Knútt fjölbliðdueldsneyti |
|  | Já   | Já | Já | Já | Já | Já (báðar eldsneytistegundir)        | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (eingöngu B5) (2)              | Já                                |                           |
| Samræmi ókutækja í notkun  | Já   | Já | Já | Já | Já | Já (báðar eldsneytistegundir)        | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (eingöngu B5) (2)              | —                                 | —                         |
| Imbygð greiningar-kerfi  | Já   | Já | Já | Já | Já | Já                                   | Já                            | Já                            | Já                            | Já                            | Já                                | —                                 | —                         |
| Losun koltvísýringa, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni | Já   | Já | Já | Já | Já | Já (báðar eldsneytistegundir)        | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (báðar eldsneytistegundir) | Já (eingöngu B5) (2)              | Já                                | Já                        |
| Reykþéttni   | —  | —  | —  | —  | —  | —                                    | —                             | —                             | —                             | —                             | Já (eingöngu B5) (2)              | Já                                | —                         |

(1) Þegar ókutæki sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum er sameinað ókutæki sem knýja má með fjölbliðdueldsneyti gilda báðar prófumarkröfur.

(2) Þetta ákvæði er tímabundið, tillögur að frekari kröfum fyrir lífríslu verða lagðar fram síðar.

(3) Aðeins prófað með bensini fyrir dagsetningarnar sem tilgreindar eru í 6. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007. Prófunin verður framkvæmd með báðum eldsneytistegundum eftir þessar dagsetningar. Nota skal viðmiðunareldsneyti E75 sem tilgreint er í B-lið IX. viðauka.

(4) Aðeins skal ákvarða losun NOx þegar ókutækib gengur fyrir vetni.“

j) Eftirfarandi komi í stað liðar 4.9:

„4.9. Athugun á samræmi ökutækis sem knúid er fljótandi jarðolíugasi, jarðgasi eða blöndu vetnis og jarðgass“,

k) Í stað liðar 4.9.1 komi eftirfarandi:

„4.9.1. Við prófun á samræmi í framleiðslu er heimilt að nota markaðseldsneyti þar sem hlutfallið C3/C4 hefur gildi sem er á milli samsvarandi gilda fyrir tvenns konar viðmiðunareldsneyti fljótandi jarðolíugass eða sem hefur Wobbe-stuðul sem er á milli samsvarandi gilda fyrir jaðarviðmiðunareldsneyti þegar um jarðgas eða blöndu vetnis og jarðgass er að ræða. Í því tilviki skal afhenda viðurkenningaryfirvaldinu eldsneytisgreiningu.“

l) Ákvæðum 3. viðbætur er breytt sem hér segir:

i. Í stað liðar 3.2.2 komi eftirfarandi:

„3.2.2. Eldsneyti“,

ii. Eftirfarandi liður 3.2.2.1 bætist við:

„3.2.2.1. Létt ökutæki: Dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas eða lífmetan/etanól(E85)/lífdísilolía/vetni/blanda vetnis og jarðgass (\*)(\*\*)

(\*) Strikið yfir það sem á ekki við (í sumum tilvikum þarf ekki að strika yfir neitt þegar fleiri en ein færsla á við).

(\*\*) Ökutæki, sem geta notað bæði bensín og loftkennt eldsneyti en eru búin bensínkerfi sem neyðarráðstöfun eða eingöngu til ræsingar og þar sem bensingeymir tekur mest 15 lítra bensíns, verður, með tilliti til prófunarinnar, lítið á sem ökutæki sem eingöngu geta notað loftkennt eldsneyti.“

iii. Eftirfarandi liðir 3.2.18 – 3.2.19.4.3 bætist við:

„3.2.18. Eldsneytiskerfi fyrir vetni: já/nei (\*)

3.2.18.1. EB-gerðarviðurkenningarnúmer samkvæmt reglugerð (EB) nr. 79/2009: .....

3.2.18.2. Rafeindastýriening fyrir hreyfil knúinn vetni

3.2.18.2.1. Tegund(-ir): .....

3.2.18.2.2. Gerð(-ir): .....

3.2.18.2.3. Stillimöguleikar tengdir losun: .....

3.2.18.3. Frekari upplýsingaskjöl

3.2.18.3.1. Lýsing á öryggisráðstöfunum vegna hvatans þegar skipt er frá bensíni yfir í vetni og öfugt: .

3.2.18.3.2. Kerfisuppráttur (raftengingar, tengingar á sog- og jöfnunarslögum o.s.frv.): ...

3.2.18.3.3. Teikning af táknuinu: .....

3.2.19. Eldsneytiskerfi fyrir blöndu vetnis og jarðgass: já/nei (\*)

3.2.19.1. Hlutfall vetnis í eldsneytinu (hámarkshlutfall sem framleiðandinn tilgreinir):

3.2.19.2. EB-gerðarviðurkenningarnúmer samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 110 (\*\*)

3.2.19.3. Rafeindastýriening fyrir hreyfil knúinn blöndu vetnis og jarðgass

3.2.19.3.1. Tegund(-ir): .....

3.2.19.3.2. Gerð(-ir): .....

3.2.19.3.3. Stillimöguleikar tengdir losun: .....

3.2.19.4. Frekari upplýsingaskjöl

3.2.19.4.1. Lýsing á öryggisráðstöfunum vegna hvatans þegar skipt er frá bensíni yfir í blöndu vetnis og jarðgass og öfugt: .....

3.2.19.4.2. Kerfisuppráttur (raftengingar, tengingar á sog- og jöfnunarslögum o.s.frv.): .....

3.2.19.4.3. Teikning af táknu: .....

(\*) Strikið yfir það sem á ekki við (í sumum tilvikum þarf ekki að strika yfir neitt þegar fleiri en ein færsla á við).

(\*\*) Stjtið. ESB L 72, 14.3.2008, bls. 113.“

iv. Eftirfarandi liðir 3.3 til 3.3.2.4. bætist við:

„3.3. Rafmagnshreyfill

3.3.1. Gerð (vafningar, mögnun): .....

3.3.1.1. Hámarksafköst á klukkustund: ..... Kw

3.3.1.2. Vinnsluspenna: ..... V

3.3.2. Rafgeymir

3.3.2.1. Fjöldi rafgeymiseininga: .....

3.3.2.2. Massi: ..... kg

3.3.2.3. Rýmd: ..... Ah (amperstundir)

3.3.2.4. Staða: .....

v. Í stað liðar 3.4.8 í 3. viðbæti komi eftirfarandi:

„3.4.8. Drægi ökutækis á rafmagnni ... km (í samræmi við 9. viðauka reglugerðar efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 101) (\*).

(\*) Stjtið. ESB L 158, 19.6.2007, bls. 34.“

vi. Í stað liða 3.5.2.1. til 3.5.2.3. komi eftirfarandi:

„3.5.2.1. Eldsneytisnotkun (akstur í þéttbýli) ..... l/100 km eða m<sup>3</sup>/100 km eða kg/100 km (\*)

3.5.2.2. Eldsneytisnotkun (akstur utan þéttbýlis) ..... l/100 km eða m<sup>3</sup>/100 km eða kg/100 km (\*)

3.5.2.3. Eldsneytisnotkun (blandaður akstur) ..... l/100 km eða m<sup>3</sup>/100 km eða kg/100 km (\*)“

(\*) Strikið yfir það sem á ekki við (í sumum tilvikum þarf ekki að strika yfir neitt þegar fleiri en ein færsla á við).

vii. Eftirfarandi liðir 3.5.3. til 3.5.4.3. bætist við:

„3.5.3. Raforkunotkun ökutækja sem eru eingöngu rafknúin ..... Wh/km

3.5.4. Raforkunotkun fjölknúinna rafökutækja sem hægt er að hlaða utan ökutækisins

3.5.4.1. Raforkunotkun (skilyrði A, blandaður akstur) ..... Wh/km

3.5.4.2. Raforkunotkun (skilyrði B, blandaður akstur) ..... Wh/km

3.5.4.3. Raforkunotkun (veginn, blandaður akstur) ..... Wh/km“

2. Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 3.3. komi eftirfarandi:

„3.3. Litið skal svo á að útblástursloft sem nefnt er í lið 4.3.1.1 nái einnig til metans, vatns og vetnis:

„... (hitaður logajónunarnemi). Kvarða skal með própangasi, tilgreint sem jafngildi kolefnisatóma (C<sub>1</sub>).

Metangreining ( $\text{CH}_4$ ):

Greiningartækið skal vera gasgreinir ásamt logajónunarnema eða logajónunarnemi með metanskiljuaðferð, kvarðaður með metangasi sem tilgreint er sem jafngildi kolefnisatóma ( $\text{C}_1$ ).

Vatnsgreining ( $\text{H}_2\text{O}$ ):

Greiningartækið skal vera ódreifinn innroðagreinir (NDIR). Kvarða skal NDIR-tækið með vatnsgufu eða própýleni ( $\text{C}_3\text{H}_6$ ). Ef NDIR-tækið er kvarðað með vatnsgufu skal tryggja að ekki geti orðið nein rakapétting í rörum og tengingum við kvörðunina. Ef NDIR-tækið er kvarðað með própýleni skal framleiðandi greiningartækisins veita upplýsingar varðandi umbreytingu styrks própýlens í samsvarandi styrk vatnsgufu. Framleiðandi greiningartækisins skal athuga gildin fyrir umbreytingu reglulega og a.m.k. einu sinni á ári.

Vetnisgreining ( $\text{H}_2$ ):

Greiningartækið skal vera segulsviðsgeiramaðgreinir sem er kvarðaður með vetni.

Köfnunarefnisoxíð ( $\text{NO}_x$ ) ...“:

## b) Eftirfarandi liður 3.3.a. bætist við:

„3.3.a. Lítið skal svo á að hreinar lofttegundir sem nefndar eru í lið 4.5.1 nái einnig til própýlens:

“... própán: (lágmarkshreinleiki 99,5%).

própýlen: (lágmarkshreinleiki 99,5%)“:

## c) Eftirfarandi texti bætist við lið 3.4:

„Fyrir blöndu vetnis og jarðgass  $d = \frac{9,104 \cdot A + 136}{1524,152 - 0,583A}$  g/l

þar sem A er magn jarðgass/lífmetsans í blöndu vetnis og jarðgass, gefið upp sem hlutfall af rúmmáli“:

## d) Eftirfarandi komi í stað liðar 3.8:

„3.8. Lítið skal svo á að aðra undirgrein í lið 1.3 í 8. viðbæti 4. viðauka beri að skilja sem hér segir:

„... Þynningarstuðull er reiknaður út með eftirfarandi hætti:

Fyrir hverja tegund viðmiðunareldsneytis nema vetni:

$$DF = \frac{X}{C_{\text{CO}_2} + (C_{\text{HC}} + C_{\text{CO}}) \cdot 10^{-4}}$$

Fyrir eldsneyti með samsetninguna  $\text{C}_x\text{H}_y\text{O}_z$  er almenna formúlan:

$$X = 100 \frac{x}{x + \frac{y}{2} + 3,76 \cdot \left(x + \frac{y}{4} - \frac{z}{2}\right)}$$

Sérstaklega fyrir blöndu vetnis og jarðgass er formúlan:

$$X = \frac{65,4 \cdot A}{4,922A + 195,84}$$

Þynningarstuðull vetnis er reiknaður út með eftirfarandi hætti:

$$DF = \frac{X}{C_{\text{H}_2\text{O}} - C_{\text{H}_2\text{O-DA}} + C_{\text{H}_2} \cdot 10^{-4}}$$

Fyrir viðmiðunareldsneyti í IX. viðauka skulu gildi „X“ vera eftirfarandi:

|                             |       |
|-----------------------------|-------|
| Eldsneyti                   | X     |
| Bensín (E5)                 | 13,4  |
| Dísilolía (B5)              | 13,5  |
| Fljótandi jarðoliugas (LPG) | 11,9  |
| Jarðgas/lífmetan            | 9,5   |
| Etanól (E85)                | 12,5  |
| Etanól (E75)                | 12,7  |
| Vetni                       | 35,03 |

Í þessum jöfnum merkir:

- $C_{CO_2}$  = styrkur  $CO_2$  í þynntu útblásturslofti í sýnatökusekknum, gefinn upp sem hlutfall af rúmmáli,
- $C_{HC}$  = styrkur HC í þynntu útblásturslofti í sýnatökusekknum, gefinn upp í milljónarhlutum kolefnisjafngilda,
- $C_{CO}$  = styrkur CO í þynntu útblásturslofti í sýnatökusekknum, gefinn upp sem milljónarhluti,
- $C_{H_2O}$  = styrkur  $H_2O$  í þynntu útblásturslofti í sýnatökusekknum, gefinn upp sem hlutfall af rúmmáli,
- $C_{H_2O-DA}$  = styrkur  $H_2O$  í þynningarloftinu, gefinn upp sem hlutfall af rúmmáli,
- $C_{H_2}$  = styrkur vetnis í þynntu útblásturslofti í sýnatökusekknum, gefinn upp sem milljónarhluti,
- A = magn jarðgass/lífmetans í vetnis- og jarðgasblöndunni, gefið upp sem hlutfall af rúmmáli.“

3. Eftirfarandi texti bætist við fyrsta undirlið liðar 2.2 í 1.viðbæti IV. viðauka:

„— fyrir blöndu vetnis og jarðgass:  $\frac{1,256 \cdot A + 136}{0,654 \cdot A}$

þar sem A er magn jarðgass/lífmetans í blöndu vetnis og jarðgass, gefið upp sem hlutfall af rúmmáli.“

4. Eftirfarandi bætist við 1. undirlið A-hluta IX. viðauka:

„Gerð: Vetni fyrir brunahreyfla

| Eiginleikar                     | Einingar            | Mörk    |                  | Prófunaraðferð |
|---------------------------------|---------------------|---------|------------------|----------------|
|                                 |                     | lágmark | hámark           |                |
| Hreinleiki vetnis               | % mólhlutfall       | 98      | 100              | ISO 14687-1    |
| Heildarmagn vetniskolefna       | $\mu\text{mol/mol}$ | 0       | 100              | ISO 14687-1    |
| Vatn <sup>(1)</sup>             | $\mu\text{mol/mol}$ | 0       | ( <sup>2</sup> ) | ISO 14687-1    |
| Súrefni                         | $\mu\text{mol/mol}$ | 0       | ( <sup>2</sup> ) | ISO 14687-1    |
| Argon                           | $\mu\text{mol/mol}$ | 0       | ( <sup>2</sup> ) | ISO 14687-1    |
| Köfnunarefni                    | $\mu\text{mol/mol}$ | 0       | ( <sup>2</sup> ) | ISO 14687-1    |
| CO                              | $\mu\text{mol/mol}$ | 0       | 1                | ISO 14687-1    |
| Brennisteinn                    | $\mu\text{mol/mol}$ | 0       | 2                | ISO 14687-1    |
| Varanlegar agnir <sup>(3)</sup> |                     |         |                  | ISO 14687-1    |

<sup>(1)</sup> Án rakabættingar

<sup>(2)</sup> Samtals vatn, súrefni, köfnunarefni og argon: 1900  $\mu\text{mol/mol}$ .

<sup>(3)</sup> Í vetninu skal ekki vera ryk, sandur, óhreinindi, gúmmi, olíur eða önnur efni í magni sem er nægilegt til að valda tjóni á eldsneytisafyllingarbúnaði ökutækisins (hreyfilsins) sem verið er að fylla á.

Gerð: Vetni fyrir ökutæki með efnarafal

| Eiginleikar                                      | Einingar      | Mörk    |        | Prófunaraðferð |
|--|---------------|---------|--------|----------------|
|  |               | lágmark | hámark |                |
| Vetniseldsneyti <sup>(1)</sup>                   | % mólhlutfall | 99,99   | 100    | ISO 14687-2    |
| Heildarmagn lofttegunda <sup>(2)</sup>           | µmol/mol      | 0       | 100    |                |
| Heildarmagn vetniskolefna                        | µmol/mol      | 0       | 2      | ISO 14687-2    |
| Vatn   | µmol/mol      | 0       | 5      | ISO 14687-2    |
| Súrefni  | µmol/mol      | 0       | 5      | ISO 14687-2    |
| Helium (He), vetni (N <sub>2</sub> ), argon (Ar) | µmol/mol      | 0       | 100    | ISO 14687-2    |
| CO <sub>2</sub>                                  | µmol/mol      | 0       | 2      | ISO 14687-2    |
| CO   | µmol/mol      | 0       | 0,2    | ISO 14687-2    |
| Heildarmagn brennisteinssambanda                 | µmol/mol      | 0       | 0,004  | ISO 14687-2    |
| Formaldehýð (HCHO)                               | µmol/mol      | 0       | 0,01   | ISO 14687-2    |
| Maurasýra (HCOOH)                                | µmol/mol      | 0       | 0,2    | ISO 14687-2    |
| Ammoníak (NH <sub>3</sub> )                      | µmol/mol      | 0       | 0,1    | ISO 14687-2    |
| Heildarmagn halógenaðra efnasambanda             | µmol/mol      | 0       | 0,05   | ISO 14687-2    |
| Stærð agna                                       | µm            | 0       | 10     | ISO 14687-2    |
| Styrkur agna                                     | µg/l          | 0       | 1      | ISO 14687-2    |

(<sup>1</sup>) Stuðull vetniseldsneytis er ákvarðaður með því draga heildarinnihald loftkenndra efnisþátta annarra en vetnis sem taldir eru upp í töflunni (Heildarmagn lofttegunda), gefið upp sem % mólhlutfall, frá 100% mólhlutfalli. Hann er lægri en summan af leyfilegum hámarksgildum allra efnisþátta annarra en vetnis sem tilgreindir eru í töflunni.

(<sup>2</sup>) Gildi heildarmagns lofttegunda er samtala gilda efnisþátta annarra en vetnis sem talin eru upp í töflunni, að ögnum undanskildum.

Gerð: Blanda vetnis og jarðgass

Vetni og jarðgas/lífmétan sem mynda saman blöndu vetnis og jarðgass verða hvert fyrir sig að vera í samræmi við samsvarandi eiginleika sem settir eru fram í þessum viðauka.“

5. Ákvæðum XII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„ÁKVÖRÐUN LOSUNAR KOLTVÍSÝRINGS, ELDSNEYTISNOTKUNAR, RAFORKUNOTKUNAR OG DRÆGIS Á RAFMAGNI“

b) Í stað inngangsins komi eftirfarandi:

„Í þessum viðauka eru settar fram kröfur varðandi mælingu á losun koltvísýrings, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni.“

c) Í stað liðar 3.1. komi eftirfarandi:

„3.1. Tæknilegar kröfur og forskriftir varðandi mælingu á losun koltvísýrings, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni skulu vera þær sem settar eru fram í viðaukum 6 til 10 við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 101, með þeim undantekningum sem tilgreindar eru hér fyrir neðan.“

d) Eftirfarandi komi í stað inngangsmálsliðarins í lið 1.4.3:

„1.4.3. Eldsneytisnotkun, gefin upp í lítrum á 100 km (ef um er að ræða bensín, fljótandi jarðolíugas, etanól (E85) og dísilolíu), í rúmmetrum á 100 km (ef um er að ræða jarðgas/lífmetan og blöndu vetnis og jarðgass) eða kg á 100 km (ef um er að ræða vetni), er reiknuð með eftirfarandi jöfnum:“,

e) Eftirfarandi f- og g-liður bætist við:

„f) fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfil knúin blöndu vetnis og jarðgass:

$$FC = \frac{9104 \cdot A + 13600}{44,655 \cdot A^2 + 667,08 \cdot A} \left( \frac{7,848 \cdot A}{9,104 \cdot A + 136} \cdot HC + 0,429 \cdot CO + 0,273 \cdot CO_2 \right)$$

g) fyrir ökutæki knúin loftkenndu vetni:

$$FC \approx 0,024 \cdot \frac{V}{d} \cdot \left[ \frac{1}{Z_2} \cdot \frac{p_2}{T_2} - \frac{1}{Z_1} \cdot \frac{p_1}{T_1} \right]$$

Samkvæmt fyrra samkomulagi við gerðarviðurkenningaryfirvaldið og fyrir ökutæki sem knúin eru annað hvort loftkenndu eða fljótandi vetni getur framleiðandinn, í stað aðferðarinnar hér að framan, valið að nota formúluna

$$FC = 0,1 \cdot (0,1119 \cdot H_2O + H_2)$$

eða aðferð samkvæmt stöðluðum aðferðalýsingum á borð við *SAE J2572*.“

f) Í stað annarrar málsgreinar komi eftirfarandi:

„Í þessum formúlum merkir:

FC = eldsneytisnotkun í lítrum á 100 km (ef um er að ræða bensín, etanól, fljótandi jarðolíugas, dísilolíu eða lífdísilolíu), í rúmmetrum á 100 km (ef um er að ræða jarðgas og blöndu vetnis og jarðgass), eða kg á 100 km ef um er að ræða vetni.

HC = mæld losun vetniskolefna í g/km

CO = mæld losun kolsýrings í g/km

CO<sub>2</sub> = mæld losun koltvísýrings í g/km

H<sub>2</sub>O = mæld losun H<sub>2</sub>O í g/km

H<sub>2</sub> = mæld losun H<sub>2</sub> í g/km

A = magn jarðgass/lífmetans í vetnis- og jarðgasblöndunni, gefið upp sem hlutfall af rúmmáli

D = eðlismassi prófunareldsneytis.  
Ef um er að ræða loftkennd eldsneyti er D eðlismassinn við 15 °C.

d = vegalengdin í km sem ökutækið gæti fræðilega ekið í prófun 1.

p<sub>1</sub> = þrýstingur í geymi fyrir loftkennt eldsneyti fyrir prófunarlotuna í Pa

p<sub>2</sub> = þrýstingur í geymi fyrir loftkennt eldsneyti eftir prófunarlotuna í Pa

T<sub>1</sub> = hitastig í geymi fyrir loftkennt eldsneyti fyrir prófunarlotuna í K

T<sub>2</sub> = hitastig í geymi fyrir loftkennt eldsneyti eftir prófunarlotuna í K

Z<sub>1</sub> = þjöppunarstuðull loftkennda eldsneytisins við p<sub>1</sub> og T<sub>1</sub>

Z<sub>2</sub> = þjöppunarstuðull loftkennda eldsneytisins við p<sub>2</sub> og T<sub>2</sub>

V = innra rúmmál geymisins fyrir loftkennda eldsneytið í m<sup>3</sup>



Þjökkunarstuðullinn skal fenginn úr eftirfarandi töflu:

| $p(\text{bar}) \setminus T(\text{k})$ | 33     | 53     | 73     | 93     | 113    | 133    | 153    | 173    | 193    | 213    | 233    | 248    | 263    | 278    | 293    | 308    | 323    | 338    | 353    |
|---------------------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|
| 5                                     | 0,8589 | 0,9651 | 0,9888 | 0,9970 | 1,0004 | 1,0019 | 1,0026 | 1,0029 | 1,0030 | 1,0028 | 1,0035 | 1,0034 | 1,0033 | 1,0032 | 1,0031 | 1,0030 | 1,0029 | 1,0028 | 1,0027 |
| 100                                   | 1,0508 | 0,9221 | 0,9911 | 1,0422 | 1,0659 | 1,0757 | 1,0788 | 1,0785 | 1,0765 | 1,0705 | 1,0712 | 1,0687 | 1,0663 | 1,0640 | 1,0617 | 1,0595 | 1,0574 | 1,0554 | 1,0535 |
| 200                                   | 1,8854 | 1,4158 | 1,2779 | 1,2334 | 1,2131 | 1,1990 | 1,1868 | 1,1757 | 1,1653 | 1,1468 | 1,1475 | 1,1413 | 1,1355 | 1,1300 | 1,1249 | 1,1201 | 1,1156 | 1,1113 | 1,1073 |
| 300                                   | 2,6477 | 1,8906 | 1,6038 | 1,4696 | 1,3951 | 1,3471 | 1,3123 | 1,2851 | 1,2628 | 1,2276 | 1,2282 | 1,2173 | 1,2073 | 1,1982 | 1,1897 | 1,1819 | 1,1747 | 1,1680 | 1,1617 |
| 400                                   | 3,3652 | 2,3384 | 1,9225 | 1,7107 | 1,5860 | 1,5039 | 1,4453 | 1,4006 | 1,3651 | 1,3111 | 1,3118 | 1,2956 | 1,2811 | 1,2679 | 1,2558 | 1,2448 | 1,2347 | 1,2253 | 1,2166 |
| 500                                   | 4,0509 | 2,7646 | 2,2292 | 1,9472 | 1,7764 | 1,6623 | 1,5804 | 1,5183 | 1,4693 | 1,3962 | 1,3968 | 1,3752 | 1,3559 | 1,3385 | 1,3227 | 1,3083 | 1,2952 | 1,2830 | 1,2718 |
| 600                                   | 4,7119 | 3,1739 | 2,5247 | 2,1771 | 1,9633 | 1,8190 | 1,7150 | 1,6361 | 1,5739 | 1,4817 | 1,4823 | 1,4552 | 1,4311 | 1,4094 | 1,3899 | 1,3721 | 1,3559 | 1,3410 | 1,3272 |
| 700                                   | 5,3519 | 3,5697 | 2,8104 | 2,4003 | 2,1458 | 1,9730 | 1,8479 | 1,7528 | 1,6779 | 1,5669 | 1,5675 | 1,5350 | 1,5062 | 1,4803 | 1,4570 | 1,4358 | 1,4165 | 1,3988 | 1,3826 |
| 800                                   | 5,9730 | 3,9541 | 3,0877 | 2,6172 | 2,3239 | 2,1238 | 1,9785 | 1,8679 | 1,7807 | 1,6515 | 1,6521 | 1,6143 | 1,5808 | 1,5508 | 1,5237 | 1,4992 | 1,4769 | 1,4565 | 1,4377 |
| 900                                   | 6,5759 | 4,3287 | 3,3577 | 2,8286 | 2,4978 | 2,2714 | 2,1067 | 1,9811 | 1,8820 | 1,7352 | 1,7358 | 1,6929 | 1,6548 | 1,6207 | 1,5900 | 1,5623 | 1,5370 | 1,5138 | 1,4926 |

Ef nauðsynleg flagsgildi  $p$  og  $T$  eru ekki tiltekin í töflunni skal þjökkunarstuðullinn fundinn með línulegum innreikningi milli þjökkunarstuðla sem tilteknir eru í töflunni og skal velja gildi sem eru næst þeim sem sást er eftir.“

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1149/2012

2013/EES/28/52

frá 4. desember 2012

## um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósarínkjarna (E 392) í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta (\*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVROPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á rósarínkjarna (E 392) sem þráavarnarefni í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Þráavarnarefni eru efni sem lengja geymsluþol matvæla með því að verja þau skemmdum af völdum oxunar, t.d. þránun fitu og litabreytingum. Notkun rósarínkjarna (E 392) í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta bætir stöðugleika fituefna og olía í uppskriftinni (t.d. jurtaolíu, fitu í kjöti, osti og mjólkurafurðum sem eru notaðar sem innihaldsefni) yfir allan geymsluþolstíma vörunnar. Bragðið af fylltu, þurrkuðu pasta er stöðugra og laust við skynmatsgalla og óæskilega lykt og bragð vegna fituoxunar.

- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á öryggi rósarínkjarna þegar hann er notaður sem matvælaaukefni<sup>(3)</sup>. Á grundvelli öryggismarka, sem fást með því að notast við mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif<sup>(4)</sup> úr mismunandi rannsóknum, þar sem hæsta prófaða skammtastærð miðaðist við mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif, og með því að áætla fæðutengd váhrif hóflega var komist að þeirri niðurstöðu að notkun rósarínkjarna við tillagða notkun og notkunarmagn, eins og lýst er í vísindalega álitinu, skapi ekki öryggisvanda. Inntekið magn til viðbótar, sem byggist á nýrri notkun í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta hefur ekki veruleg áhrif á heildarinntöku. Því er rétt að leyfa notkun rósarínkjarna (E 392) sem þráavarnarefni í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun rósarínkjarna (E 392) sem þráavarnarefni í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta telst uppfærsla á þeirri skrá sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum<sup>(5)</sup>, gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun rósarínkjarna (E 392) í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistöðudag að því er varðar þessa notkun matvælaaukefnisins.
- 9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 721, 1–29.

<sup>(4)</sup> Mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL) — skammtur eða styrkur efnis sem er prófað þar sem engin skaðleg áhrif finnast.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Forseti.*

José Manuel BARROSO

---

VÍÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, í matvælaflökki 06.4.5, „Fyllingar í fylltu pasta (ravioli (ít.) og svipað)“:

a) bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 200–203:

|        |                |     |           |   |                                       |
|--------|----------------|-----|-----------|---|---------------------------------------|
| „E 392 | Rósmarínkjarni | 250 | (41) (46) | einungis í fyllingar í fyllt og þurrkað pasta | Gildistími:<br>Frá 25. desember 2012“ |
|--------|----------------|-----|-----------|---|---------------------------------------|

b) Eftirfarandi neðammálgreinar bætast við á eftir neðammálgrein (2):

„(41): Gefið upp á grundvelli fituinnihalds

(46): Sem summa karnósóls og karnóssýru“

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1183/2012

2013/EES/28/53

frá 30. nóvember 2012

## um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

0025265-71-8 vísar frekar til blöndu hverfa sem er notuð í viðskiptalegum tilgangi en til hreina efnisins, skal þó bæta því aftur við reglugerð (ESB) nr. 10/2011. CAS Nr. 0000110-98-5 skal áfram skráð í töflu 1.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 5. gr. (a- og e-lið 1. mgr.), 11. gr. (3. mgr.) og 12. gr. (6. mgr.),

5) Athugasemd nr. 4 um samræmi í töflu 3 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 inniheldur óskýra tilvísun í matvælahermi D en þar á að vísa í matvælahermi D2. Því skal athugasemd nr. 4 vísa í matvælahermi D2.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

6) Því ber að leiðrétta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 til samræmis við það.

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli <sup>(2)</sup>, er tekin saman skrá Sambandsins yfir einliður, önnur grunnefni og aukefni sem nota má við framleiðslu á efniviði og hlutum úr plasti. Nýlega sendi Matvælaöryggisstofnun Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) frá sér jákvætt vísindalegt mat á fleiri efnum sem rétt er að bæta við á núverandi skrá.

7) Til að takmarka rekstrarlegt álag á rekstraraðila skal vera hægt að setja efnivið og hluti úr plasti, sem hafa verið settir á markað á lögmætan hátt á grundvelli þeirra krafna sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og sem eru ekki í samræmi við þessa reglugerð, á markað í eitt ár eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Leyfilegt er að hafa þá áfram á markaði þar til birgðir hafa verið fullnýttar.

2) Þegar um er að ræða tiltekin önnur efni skal takmörkunum og/eða forskriftum, sem þegar hafa verið settar á vettvangi Evrópusambandsins, breytt á grundvelli nýs, jákvæðs vísindalegs mats Matvælaöryggisstofnunarinnar.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

3) Því ber að breyta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

4) Efnið díprópýlenglýkól sem hefur ESM-efnisnúmerið 257, er leyft til notkunar sem aukefni í plasti samkvæmt töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011, og skráð með CAS-nr. 0000110-98-5. Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB frá 6. ágúst 2002 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli<sup>(3)</sup> er vísað í efnið með CAS-nr. 0025265-71-8. Þeirri tilvísun var eytt við gildistöku reglugerðar (ESB) nr. 10/2011, sem kemur í stað fyrir tilskipun 2002/72/EB, þar sem hún var talin óþörf. Með tilliti til þess að CAS-nr.

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 338, 12.12.2012, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 220, 15.8.2002, bls. 18.

Heimilt er að halda áfram að setja efnivið og hluti úr plasti, sem hafa verið settir á markað á lögmætan hátt fyrir 1. janúar 2013 og sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar, á markað fram til 1. janúar 2014. Þessi efniviður og þessir hlutir úr plasti mega vera áfram á markaði þar til birgðir hafa verið fullnýttar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað þess, sem stendur í dálki 3 í töflu 1 fyrir eftirfarandi efni, komi eftirfarandi:

| (1) | (2)                        | (3)                          | (4)                   | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) |
|-----|----------------------------|------------------------------|-----------------------|-----|-----|-----|-----|-----|------|------|
| 257 | 13 550<br>16 660<br>51 760 | 0000110-98-5<br>0025265-71-8 | díprópýlen-<br>glýkól | já  | já  | nei |     |     |      |      |

2) Í stað þess, sem stendur í dálki 8 í töflu 1 fyrir eftirfarandi efni, komi eftirfarandi:

| (1) | (2)    | (3)          | (4)                      | (5) | (6) | (7) | (8)  | (9) | (10) | (11) |
|-----|--------|--------------|--------------------------|-----|-----|-----|------|-----|------|------|
| 449 | 49 840 | 0002500-88-1 | dioktadekyl-<br>disúlfíð | já  | nei | já  | 0,05 |     |      |      |

3) Í stað þess, sem stendur í dálkum 8 og 9 í töflu 1 fyrir eftirfarandi efni, komi eftirfarandi:

| (1) | (2)    | (3)          | (4)     | (5) | (6) | (7) | (8) | (9)  | (10) | (11) |
|-----|--------|--------------|---------|-----|-----|-----|-----|------|------|------|
| 180 | 17 160 | 0000097-53-0 | evgenól | nei | já  | nei |     | (33) |      |      |

4) Í stað þess, sem stendur í dálki 10 í töflu 1 fyrir eftirfarandi efni, komi eftirfarandi:

| (1) | (2)    | (3)          | (4)  | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10)   | (11) |
|-----|--------|--------------|--|-----|-----|-----|-----|-----|--|------|
| 807 | 93 485 | —            | títannítríð,<br>nanóagnir  | já  | nei | nei |     |     | Ekkert flæði nanóagna títannítríðs.<br>Eingöngu til notkunar í pólýetýlenterepalati (PET) í allt að 20 mg/kg.<br>Agnasamsöfn í pólýetýlenterepalati eru 100–500 nm að þvermáli og eru úr nanógrunnögnum títannítríðs. Grunnagnir eru u.þ.b. 20 nm að þvermáli. |      |
| 865 | 40 619 | 0025322-99-0 | (bútýlakrýlat,<br>metýl-<br>metakrýlat,<br>bútýl-<br>metakrýlat)-<br>samfjölliða | já  | nei | nei |     |     | Eingöngu til notkunar í:<br>a) stíft pólý(vínýlklóríð) (PVC) í styrk að hámarki 1% (massahlutfall),<br>b) pólýmjólkursýru (PLA) í styrk að hámarki 5% (massahlutfall),   |      |
| 868 | 53 245 | 0009010-88-2 | (etýlakrýlat,<br>metýl-<br>metakrýlat)-<br>samfjölliða                           | já  | nei | nei |     |     | Eingöngu til notkunar í:<br>a) stíft pólý(vínýlklóríð) (PVC) í styrk að hámarki 2% (massahlutfall),<br>b) pólýmjólkursýru (PLA) í styrk að hámarki 5% (massahlutfall),<br>c) pólýetýlenterepalat (PET) í styrk að hámarki 5% (massahlutfall),                  |      |

5) Í töflu 1 er eftirfarandi línur skotið inn, í númeraröð eftir ESM-efnisnúmeri.

| (1) | (2)    | (3)          | (4)   | (5) | (6) | (7) | (8)  | (9)  | (10)   | (11) |
|-----|--------|--------------|---|-----|-----|-----|------|------|--|------|
| 858 | 38 565 | 0090498-90-1 | 3,9-bis[2-(3-(3-tert-bútýl-4-hýdroxý-5-metýlfenýl)própiónýloxý)-1,1-dimetýletýl]-2,4,8,10-tetraoxaspiró[5,5]úndekan                             | já  | nei | já  | 0,05 |      | Sértæk flæðimörk gefin upp sem summa efnanna og þeirra efna sem myndast við oxun þeirra 3-[(3-(3-tert-bútýl-4-hýdroxý-5-metýlfenýl)próp-2-enóýloxý)-1,1-dimetýletýl]-9-[(3-(3-tert-bútýl-4-hýdroxý-5-metýlfenýl)própiónýloxý)-1,1-dimetýletýl]-2,4,8,10-tetraoxaspiró[5,5]-úndekan í jafnvægi við parakínometíðráphverfu sína. | (2)  |
| 874 | 16 265 | 0156065-00-8 | $\alpha$ -dímetýl-3-(4'-hýdroxý-3'-metoxýfenýl)própiýlsílóxý, $\omega$ -3-dímetýl-3-(4'-hýdroxý-3'-metoxýfenýl)própiýlsílyl polý-dímetýlsíloxan | nei | já  | nei | 0,05 | (33) | Eingöngu til notkunar sem sameinliða í síloxanumbreyttu pólýkarbonati. Fáliðublöndunni skal lýst með formúlunni $C_{24}H_{38}Si_2O_5(SiOC_2H_6)_n$ ( $50 > n \geq 26$ ).   |      |
| 902 |        | 0000128-44-9 | 1,2-bensisóþíasól-3(2H)-ón 1,1-díoxíð, natríumsalt  | já  | nei | nei |      |      | Efnið skal uppfylla sérstöku hreinleikaskilyrðin eins og þau eru sett eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 <sup>(1)</sup>   |      |
| 979 | 79 987 | —            | (pólýetýl-enterepalat, hýdroxýlað pólýbútadíen, pýró mellít-anhýdríð) samfjöllíða   | já  | nei | nei |      |      | Eingöngu til notkunar í pólýetýl-enterepalat (PET) í styrk að hámarki 5% (massahlutfall),  |      |

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1.

6) Í töflu 2 er eftirfarandi línu skotið inn, í númeraröð eftir flokkatakmarkunarnúmeri:

| (1)                   | (2)           | (3)                          | (4)                         |
|-----------------------|---------------|------------------------------|-----------------------------|
| Flokka-takmarkunarnr. | Nr. ESM-efnis | Sértæk flæðimörk (T) [mg/kg] | Forskrift flokkatakmarkunar |
| 33                    | 180<br>874    | ógreinanlegt                 | gefið upp sem evgenól       |



7) Í stað þess, sem stendur í athugasemd nr. 4 í töflu 3 varðandi sannprófun á samræmi, komi eftirfarandi:

| (1)       | (2)   |
|-----------|---|
| Aths. nr. | Athugasemd varðandi sannprófun á samræmi  |
| (4)       | Þegar um er að ræða snertingu við fitu skal framkvæma samræmisprófun með matvælahermi úr mettaðri fitu sem matvælahermi D2. |

## FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/51/ESB

2013/EES/28/54

frá 10. október 2012

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágur varðandi búnað sem inniheldur kadmíum, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði<sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun kadmíums í rafbúnaði og rafeindabúnaði sem settur er á markað.
- 2) Enn er ógerlegt frá tæknilegu sjónarmiði að skipta út kadmíum í viðnámsljósnemum fyrir hliðstæð ljóstengi í hljóðbúnaði til faglegra nota. Notkun kadmíums í þeim viðnámsljósnemum skal því undanþegin banninu. Sú undanþága skal þó gilda í takmarkaðan tíma þar eð verið er að rannsaka kadmíumlausu tækni og gætu staðgönguæfni verið orðin tiltæk í lok ársins 2013.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 2. janúar 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. október 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Forseti.*

José Manuel BARROSO

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 348, 18.12.2012, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

*VIÐAUKI*

Eftirfarandi 40. liður bætist við í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

|     |   |                                    |
|-----|---|------------------------------------|
| „40 | Kadmíum í viðnámsljósnemum fyrir hliðstæð ljóstengi í hljóðbúnaði til faglegra nota | Fellur úr gildi 31. desember 2013“ |
|-----|---|------------------------------------|

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 547/2012

2013/EES/28/55

frá 25. júní 2012

## um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun vatnsdælna (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar orkutengdar vörur <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um vishönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB skal framkvæmdastjórnin setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta, að því er varðar umhverfisáhrif án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.
- 2) Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, eftir því sem við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum, innleiða framkvæmdarráðstafanir fyrir vörur sem notaðar eru í rafmagnshreyflakerfum, s.s. vatnsdælur.
- 3) Vatnsdælur sem eru hluti af rafmagnshreyflakerfum eru nauðsynlegar í ýmsum dælingarferlum. Í heildina er mögulegt að bæta orkunýtni þessara dælukerfa um u.þ.b. 20 til 30% á kostnaðarhagkvæman hátt. Jafnvel þótt sparnaður náist helst með hreyflum, er notkun orkunýtinna dælna einn þáttur slíkra úrbóta. Vatnsdælur eru því forgangsvara og setja skal kröfur varðandi vishönnun fyrir þær.
- 4) Rafmagnshreyflakerfi taka til ýmissa orkutengdra vara, t.d. hreyfla, stýringa, dælna og víftna. Vatnsdælur eru meðal þessara vara. Lágmarkskröfur eru settar varðandi hreyfla með sérstakri ráðstöfun, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 640/2009<sup>(2)</sup>. Af þessum sökum eru í þessari reglugerð einungis settar lágmarkskröfur varðandi vökvaknúin afköst vatnsdælna án hreyfilsins.
- 5) Margar dælur eru felldar inn í aðrar vörur án þess að vera settar sérstaklega á markað. Til að ná fram að fullu þeim kostnaðarhagkvæma orkusparnaði sem er mögulegur skulu ákvæði þessarar reglugerðar einnig gilda um vatnsdælur sem eru felldar inn í aðrar vörur.
- 6) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á vatnsdælum. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.
- 7) Undirbúningsrannsóknin sýnir að vatnsdælur eru settar á markað Evrópusambandsins í miklu magni. Orkunotkun þeirra á notkunartímanum er mikilvægasti umhverfisþátturinn á öllum vistferlinum, en árleg raforkunotkun þeirra nam 109 TWh árið 2005, sem jafngildir losun 50 Mt af koltvísýringi. Ef ekki verður gripið til ráðstafana til að takmarka þessa notkun er því spáð að orkunotkun muni aukast í 136 TWh árið 2020. Komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að bæta megi raforkunotkun á notkunartíma umtalsvert.
- 8) Undirbúningsrannsóknin sýnir að raforkunotkun á notkunartímanum er eini mikilvægi mæliþáttur vishönnunar sem tengist vörühönnun eins og um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB.
- 9) Bæta skal raforkunotkun á notkunartíma vatnsdælna með því að beita fyrirleggjandi kostnaðarhagkvæmri tækni sem er ekki háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þær.
- 10) Kröfur varðandi vishönnun skulu samræma kröfur um aflþörf vatnsdælna í gervöllu Evrópusambandinu og styðja þannig starfsemi innri markaðarins og stuðla að umbótum á vistvænleika þessara vara.
- 11) Framleiðendum skal gefinn viðeigandi tímarammi til að endurhanna vörur. Með tímarammanum skal miðað að því að forðast neikvæð áhrif á virkni vatnsdælna og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á framleiðendum, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.
- 12) Aflþörf skal ákvörðuð með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar mæliaðferðir sem

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 165, 26.6.2012, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 191, 23.7.2009, bls. 26.

taka tillit til viðurkenndrar, nýjustu og fullkornustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu<sup>(1)</sup>.

- 13) Reglugerð þessari er ætlað að auka útbreiðslu á markaði á tækni sem dregur úr umhverfisáhrifum vatnsdælna á vistferli þeirra og leiðir til orkusparnaðar sem áætlaður er 3,3 TWh fyrir árið 2020 miðað við aðstæður þar sem ekki er gripið til ráðstafana.
- 14) Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal í þessari reglugerð tilgreina gildandi aðferðir við samræmismat.
- 15) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum skulu framleiðendur veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tæknigögnunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB.
- 16) Til að takmarka enn frekar umhverfisáhrif vatnsdælna skulu framleiðendur veita viðeigandi upplýsingar um sundurhlutun, endurvinnslu eða förgun þegar varan er úr sér gengin.
- 17) Setja skal viðmiðanir fyrir fyrirbyggjandi tækni með góða orkunýtni. Þetta mun hjálpa til við að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, sem mun auðvelda enn frekar samþættingu bestu tiltæku tækni til að draga úr orkunotkun.
- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja snúningsvatnsdælur á markað til þess að dæla hreinu vatni, einnig þær dælur sem eru felldar inn í aðrar vörur.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um:
  - a) vatnsdælur, sem eru sérstaklega hannaðar til þess að dæla hreinu vatni við hitastig sem er lægra en  $-10^{\circ}\text{C}$  eða hærra en  $120^{\circ}\text{C}$ , nema að því er varðar kröfur um upplýsingar í 11. til 13. undirlíð 2. liðar II. viðauka,
  - b) vatnsdælur sem aðeins eru hannaðar til notkunar við slökkvistörf,
  - c) ruðningsvatnsdælur,
  - d) sjálfsgjandi vatnsdælur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Auk skilgreininganna sem settar eru fram í tilskipun 2009/125/EB er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „vatnsdæla“: vökvaknúinn hluti búnaðar sem flytur hreint vatn með eðlisfræðilegum eða vélrænum aðferðum og er hönnun hennar ein af eftirfarandi:
  - Lárétt inntak, á fótstykki (e. end suction own bearing ESOB),
  - Lárétt inntak, lokaðar múffur (e. end suction close coupled ESCC),
  - Lárétt inntak, lokaðar múffur, samása (e. end suction close coupled inline ESCCi),
  - Lóðrétt margþrepa (MS-V),
  - Sökkvanleg margþrepa (MSS),
- 2) „Vatnsdæla með láréttu inntaki“: eins þreps snúningsvatnsdæla með láréttu inntaki og áspétti hönnuð fyrir þrýsting allt að 16 börum, með tilgreindan snúningshraða  $n_s$  milli 6 og 80 snún./mín., lágmarksmálrennsli  $6\text{ m}^3/\text{klst.}$  ( $1,667 \cdot 10^{-3}\text{ m}^3/\text{sek.}$ ), hámarksöxul afl 150 kW, hámarksþrýsting 90 m við málsnúningshraða 1450 snún./mín. og hámarksþrýsting 140 m við málsnúningshraðann 2900 snún./mín.,
- 3) „Málrennsli“: þrýstingur og rennsli sem framleiðandi ábyrgist við venjulegar notkunaraðstæður,
- 4) „Áspétti“: lokuð ástenging milli dæluhjóls í dæluhúsi og hreyfils. Vélin helst þannig þurr.
- 5) „Vatnsdæla með láréttu inntaki, á fótstykki“ (ESOB): vatnsdæla með láréttu inntaki og eigin fótstykki.
- 6) „Vatnsdæla með láréttu inntaki og lokuðum múffum (ESCC)“: vatnsdæla með láréttu inntaki þar sem vélarásinn er framlengdur og er einnig dæluásinn,
- 7) „Samása vatnsdæla með láréttu inntaki og lokuðum múffum“ (ESCCi): vatnsdæla með vatnsinntak á sama ási og vatnsúttak dællunnar,
- 8) „Lóðrétt margþrepa vatnsdæla“ (MS-V): margþrepa ( $i > 1$ ) snúningsvatnsdæla með áspétti þar sem dæluhjólin eru samtengd á lóðréttum snúningsás, sem er hannaður fyrir þrýsting allt að 25 börum, með málsnúningshraða 2900 snún./mín. og hámarksrennsli  $100\text{ m}^3/\text{klst.}$  ( $27,78 \cdot 10^{-3}\text{ m}^3/\text{sek.}$ ),
- 9) „Sökkvanleg margþrepa vatnsdæla (MSS)“: margþrepa ( $i > 1$ ) snúningsvatnsdæla með ytra nafnþvermál sem er 4" (10,16 cm) eða 6" (15,24 cm) ætluð til notkunar í borholu við málsnúningshraða 2900 snún./mín. og ganghita á bilinu  $0^{\circ}\text{C}$  til  $90^{\circ}\text{C}$ ,

- 10) „snúningsvatnsdæla“: vatnsdæla sem flytur hreint vatn með straumfræðilegum kröftum,
- 11) „ruðningsvatnsdæla“: vatnsdæla sem flytur hreint vatn með því að loka af tiltekið rúmmál af hreinu vatni og færa það að úttaki dælnnar,
- 12) „sjálfsjúgandi vatnsdæla“: vatnsdæla sem flytur hreint vatn og getur farið í gang og/eða starfað jafnvel þótt hún sé aðeins vatnsfyllt að hluta,
- 13) „hreint vatn“: vatn með hámarksinnihald óiseysgs, óbundins þurrefnis sem nemur 0,25 kg/m<sup>3</sup>, og með hámarksinnihald uppleysts þurrefnis sem nemur 50 kg/m<sup>3</sup>, að því tilskildu að heildarinnihald lofttegunda í vatninu fari ekki yfir metunarrúmmálið. Ekki skal tekið tillit til aukefna sem þörf er fyrir til að koma í veg fyrir að hitastig vatns fari niður í – 10° C.

Skilgreiningar að því er varðar II. til V. viðauka eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

#### Kröfur varðandi vishönnun

Lágmarkskröfur varðandi orkunýtni ásamt kröfum um upplýsingar varðandi snúningsvatnsdælar eru settar fram í II. viðauka.

Kröfur varðandi vishönnun gilda í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

- 1) frá 1. janúar 2013 skulu vatnsdælar hafa lágmarksorkunýtni eins og hún er skilgreind í a-lið 1. liðar II. viðauka,
- 2) frá 1. janúar 2015 skulu vatnsdælar hafa lágmarksorkunýtni eins og hún er skilgreind í b-lið 1. liðar II. viðauka,
- 3) frá 1. janúar 2013 skulu upplýsingar um vatnsdælar fullnægja kröfum sem settar eru fram í lið 2 í II. viðauka.

Samræmi við kröfur varðandi vishönnun skal mælt og reiknað í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í III. viðauka.

Engin krafa varðandi vishönnun er nauðsynleg varðandi aðra mæliþætti vishönnunar sem um getur í I. hluta í I. viðauka tilskipunar 2009/125/EB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

4. gr.

#### Samræmismat

Aðferðin við samræmismat sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfi við samræmismat, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

5. gr.

#### Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB vegna þeirra vishönnunarkrafna sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita sannprófunaraðferðinni sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

#### Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vatnsdælnar sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

7. gr.

#### Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um vishönnun eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku hennar. Endurskoðunin skal miða að víðara vöruhugtaki.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða vikmörkin sem notuð eru í aðferðum við að reikna út orkunýtni fyrir 1. janúar 2014.

8. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## I. VIÐAUKI

## Skilgreiningar sem gilda að því er varðar II. til V. viðauka

Hvað varðar II. til V. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „Dæluhjól“: snúningshluti snúningsdælu sem flytur orku í vatnið,
- 2) „Hámarksstærð dæluhjól“: dæluhjól sem hefur hámarksþvermál sem nothæfiseiginleikar hafa verið tilgreindir fyrir miðað við dælustærð í vöruskrám vatnsdæluframleiðanda,
- 3) „Tilgreindur snúningshraði“ ( $n_s$ ): gildi varðandi mál vatnsdæluhjólans hvað varðar lögum þess, þrýsting, rennsli og snúningshraða ( $n$ ):

$$n_s = n \cdot \frac{\sqrt{Q_{BEP}}}{(1/i)H_{BEP}^{\frac{3}{4}}} \quad [\text{lágmark -1}]$$

Þar sem:

- „Þrýstingur“ (H): aukning vatnsorku vatnsins í metrum [m], sem vatnsdælan myndar á tilteknu stigi notkunar,
  - „Snúningshraði“ (n): fjöldi snúninga ássins á mínútu [rpm],
  - „Rennsli“ (Q): rúmmál vatnsrennslis [ $\text{m}^3/\text{s}$ ] um vatnsdæluna,
  - „Þrep“ (i): fjöldi dæluhjóla í röð í vatnsdælunni,
  - „Besta orkunýtni“ (BEP): vinnslustig vatnsdæluinnar við hámarksorkunýtni vökvadæluinnar mælt með hreinu köldu vatni,
- 4) „Orkunýtni vökvadælu“ ( $\eta$ ): hlutfall vélrænnar orku sem flyst í vökvann á leið hans í gegnum vatnsdæluna og vélræna innafslisins sem er flutt í dæluna við ás hennar.
  - 5) „Hreint kalt vatn“: hreint vatn sem nota skal við dæluþrófun og hefur hámarksæðlisseigju  $1,5 \times 10^{-6} \text{ m}^2/\text{s}$ , hámarksæðlismassi  $1050 \text{ kg/m}^3$  og hámarkshitastig  $40^\circ \text{ C}$ ,
  - 6) „Hluthleðsla“ (PL): vinnslustig vatnsdæluinnar við 75% rennslis við mestu orkunýtni,
  - 7) „Ofhleðsla“ (OL): vinnslustig vatnsdæluinnar við 110% rennslis við mestu orkunýtni,
  - 8) „Lágmarksorkunýtnistuðull“ (MEI): víddarlaus eining fyrir nýtni vökvadælu við mestu orkunýtni, hluthleðsla og ofhleðsla,
  - 9) „C“: fasti fyrir hverja tiltekna tegund vatnsdælu sem magngreinir mun á orkunýtni mismunandi tegunda dælna.

## II. VIÐAUKI

## Kröfur varðandi vishönnun vatnsdæla

## 1. ORKUNÝTNIKRÖFUR

a) Frá 1. janúar 2013 skulu vatnsdælar hafa:

- lágmarksorkunýti við bestu orkunýtni (BEP) a.m.k.  $(\eta_{BEP})_{min\ requ}$  mælt skv. III. viðauka og reiknað út með C-gildi fyrir  $MEI = 0,1$ , skv. III. viðauka,
- lágmarksorkunýtni við hlutahleðslu (PL) a.m.k.  $(\eta_{PL})_{min\ requ}$  mælt skv. III. viðauka, og reiknað ú með C-gildi fyrir  $MEI = 0,1$ , skv. III. viðauka,
- lágmarksorkunýtni við ofhleðslu (OL) a.m.k.  $(\eta_{OL})_{min\ requ}$  mælt skv. III. viðauka og reiknað út með C-gildi fyrir  $MEI = 0,1$ , skv. III. viðauka.

b) Frá 1. janúar 2015 skulu vatnsdælar hafa:

- lágmarksorkunýtni við bestu orkunýtni (BEP) a.m.k.  $(\eta_{BEP})_{min\ requ}$  mælt skv. III. viðauka og reiknað út með C-gildi fyrir  $MEI = 0,4$ , skv. III. viðauka,
- lágmarksorkunýtni við hlutahleðslu (PL) a.m.k.  $(\eta_{PL})_{min\ requ}$  mælt skv. III. viðauka, og reiknað út með C-gildi fyrir  $MEI = 0,4$ , skv. III. viðauka,
- lágmarksorkunýtni við ofhleðslu (OL) a.m.k.  $(\eta_{OL})_{min\ requ}$  mælt skv. III. viðauka og reiknað út með C-gildi fyrir  $MEI = 0,4$ , skv. III. viðauka.

## 2. KRÖFUR VARÐANDI VÖRUPPLÝSINGAR

Frá 1. janúar 2013 skulu upplýsingarnar um vatnsdælar sem um getur í 1. gr. og tilgreindar eru í eftirfarandi 1. - 15. lið koma fram:

- a) í tæknigögnum um vatnsdælar,
- b) á vefsetrum með opnum aðgangi sem framleiðendur vatnsdælna halda úti.

Upplýsingarnar skulu settar fram í sömu röð og í 1. - 15. lið. Merkjja skal varanlega með upplýsingum sem um getur í 1., 3. og 6. lið á merkiplötu vatnsdælnnar eða nálægt henni.


- 1) Lágmarksorkunýtnistuðull:  $MEI \geq [x,xx]$ ,
- 2) Staðlaður texti: „Viðmiðanir fyrir flestar skilvirkar vatnsdælar er  $MEI \geq 0,70$ “, eða, að öðrum kosti, upplýsingarnar „Viðmiðun  $MEI \geq 0,70$ “,
- 3) Framleiðsluár,
- 4) Heiti eða vörumerki framleiðanda, skráningarnúmer í fyrirtækjaskrá og framleiðslustaður,
- 5) Auðkenni vörutegundar og stærðar,
- 6) Orkunýtni vökvadælu (%) með leiðréttu þvermáli dæluhjóls  $[xx,x]$ , eða, að öðrum kosti, merkingunni  $[-.-]$ ,
- 7) Ferlar fyrir afköst dælnnar, þ.m.t. orkunýtni,
- 8) Staðlaður texti: „Nýtni dælu með leiðréttu þvermáli dæluhjóls er venjulega minni en dælu með dæluhjóli með hámarksþvermál. Leiðrétting þvermáls dæluhjóls aðlagar dæluna að föstum vinnupunkti, sem leiðir til minni orkunotkunar. Lágmarksnýtnistuðull (MEI) byggist á hámarksþvermáli dæluhjóls.“
- 9) Staðlaður texti: „Notkun þessarar vatnsdælu með breytilegum vinnutoppum getur verið nýtnari og hagkvæmari þegar henni er t.d. stýrt með notkun snúningshraðastýringar sem samræmir vinnu dælu og kerfis“,
- 10) Upplýsingar sem auðvelda sundurhlutun, endurnýtingu eða förgun þegar varan er úr sér gengin,
- 11) Staðlaður texti fyrir vatnsdælar eingöngu ætlaðar til að dæla hreinu vatni við hitastig sem er lægra en  $-10^{\circ}$  C: „Eingöngu ætluð til notkunar við hitastig sem er lægra en  $-10^{\circ}$  C“,



- 12) Staðlaður texti fyrir vatnsdælar eingöngu ætlaðar til að dæla hreinu vatni við hitastig sem er hærra en  $120^{\circ}\text{C}$ : „Eingöngu ætluð til notkunar við hitastig sem er hærra en  $120^{\circ}\text{C}$ “,
- 13) Framleiðendur verða að lýsa viðeigandi tæknilegum mælipáttum og eiginleikum sem notaðir eru vegna dælna sem eru hannaðar sérstaklega til að dæla hreinu vatni við hitastig sem er lægra en  $-10^{\circ}\text{C}$  eða hærra en  $120^{\circ}\text{C}$ ,
- 14) Staðlaður texti: „upplýsingar um viðmiðunarorkunýtni eru fyrirliggjandi á [[www.xxxxxxxx.xxx](http://www.xxxxxxxx.xxx)]“,
- 15) Línurit sem sýnir viðmiðunarorkunýtni dælnunnar  $\text{MEI} = 0,7$ , sem byggist á fyrirmyndinni sem sést á myndinni. Samskonar línurit um orkunýtni verður lagt fram fyrir  $\text{MEI} = 0,4$ .

*Mynd*

Dæmi um mynd af viðmiðunarorkunýtni fyrir ESOB 2900



Heimilt er að bæta við frekari upplýsingum með línurítum, myndum eða táknum.

## III. VIÐAUKI

## Mælingar og útreikningar

Vegna uppfyllingar og sannprófunar á uppfyllingu, á kröfum þessarar reglugerðar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og gefa niðurstöður með lítilli óvissu. Uppfylla skal alla eftirfarandi, tæknilega mæliþætti.

Orkunýtni vökvadælnnar, eins og hún er skilgreind í I. viðauka, er mæld við þrýsting og rennsli miðað við bestu orkunýtni (BEP), hlutahleðslu (PL) og ofhleðslu (OL) miðað við fullt þvermál dæluhjóls og hreint, kalt vatn.

Formúlan við að reikna út lágmarksorkunýtni sem krafist er við bestu orkunýtni er sem hér segir

$$\eta_{BEP} \text{ min requ} = 88,59 x + 13,46 y - 11,48 x^2 - 0,85 y^2 - 0,38 x y - C_{\text{Pump Type, rpm}}$$

þar sem:

$x = \ln(n_s)$ ;  $y = \ln(Q)$  og  $\ln =$  náttúrulegur logri og  $Q =$  rennsli í  $[m^3/h]$ ;  $n_s =$  sérstakur snúningshraði í  $[min^{-1}]$ ,  $C =$  gildi sbr. töflu.

Gildið  $C$  fer eftir gerð og málsnúningshraða dælnnar, ásamt MEI gildi.

## Tafla

## Lágmarksorkunýtnistuðull (MEI) og samsvarandi C-gildi hans eftir gerð og snúningshraða dælu

| C <sub>PumpType, rpm</sub> | C-gildi fyrir MEI | MEI = 0,10 | MEI = 0,40 |
|----------------------------|-------------------|------------|------------|
|                            | C (ESOB, 1450)    |            | 132,58     |
| C (ESOB, 2900)             |                   | 135,60     | 130,27     |
| C (ESCC, 1450)             |                   | 132,74     | 128,46     |
| C (ESCC, 2900)             |                   | 135,93     | 130,77     |
| C (ESCCi, 1450)            |                   | 136,67     | 132,30     |
| C (ESCCi, 2900)            |                   | 139,45     | 133,69     |
| C (MS-V, 2900)             |                   | 138,19     | 133,95     |
| C (MSS, 2900)              |                   | 134,31     | 128,79     |

Kröfur um skilyrði hlutahleðslu (PL) og ofhleðslu (OL) eru settar við aðeins lægri gildi en fyrir 100% rennsli ( $\eta_{BEP}$ ).

$$(\eta_{PL})_{\text{min, requ}} = 0,947 \cdot (\eta_{BEP})_{\text{min, requ}}$$

$$(\eta_{OL})_{\text{min, requ}} = 0,985 \cdot (\eta_{BEP})_{\text{min, requ}}$$

Öll nýtni byggist á hámarksþvermáli dæluhjóls (óleiðréttu þvermáli). Lóðréttar margþrepa vatnsdælur skulu prófaðar með 3 þrepa ( $i = 3$ ) útgáfu. Sökkvanlegar margþrepa vatnsdælur skulu prófaðar með 9 þrepa ( $i = 9$ ) útgáfu. Ef þessi fjöldi þrepa er ekki boðinn innan tiltekins vöruúrvals skal velja næsta þrepa fjölda fyrir ofan innan vöruflokksins til prófunar.

*IV. VIÐAUKI***Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits**

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í II. viðauka.

1. Yfirvöld í aðildarríkinu skulu prófa staka einingu af hverri tegund og veita yfirvöldum hinna aðildarríkjanna upplýsingar um niðurstöður prófana.
2. Tegundin telst uppfylla ákvæði sem sett eru fram í þessari reglugerð, ef orkunýtni vökvadælu sem mæld er miðað við hvert af skilyrðunum BEP, PL og OL ( $\eta_{BEP}$ ,  $\eta_{PL}$ ,  $\eta_{OL}$ ) er ekki meira en 5% undir gildum sem sett eru fram í II. viðauka.
3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í 2. lið nást ekki skal markaðseftirlitsyfirvaldið prófa þrjár einingar til viðbótar, sem valdar eru af handahófi og veita yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og Evrópuráðinu upplýsingar um niðurstöður prófana.
4. Tegundin skal teljast vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í þessari reglugerð, ef dælan stenst eftirfarandi þrjár aðskildar prófanir, ef:
  - meðaltal bestu orkunýtni (BEP) ( $\eta_{BEP}$ ) eininganna þriggja er ekki meira en 5% undir gildunum sem sett eru fram í II. viðauka, og
  - meðaltal hlutahleðslu (PL) ( $\eta_{PL}$ ) eininganna þriggja er ekki meira en 5% undir gildunum sem sett eru fram í II. viðauka, og
  - meðaltal ofhleðslu (OL) ( $\eta_{OL}$ ) eininganna þriggja er ekki meira en 5% undir gildunum sem sett eru fram í II. viðauka.
5. Ef niðurstöðurnar sem um getur í lið 4 fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

Vegna uppfyllingar, og sannprófunar á uppfyllingu, á kröfum þessarar reglugerðar skulu aðildarríki nota aðferðir sem um getur í III. viðauka þessarar reglugerðar og samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðra áreiðanlega, nákvæma og samanburðarnákvæma aðferð sem tekur tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkonnustu tækni, og birta niðurstöður sem teljast hafa litla óvissu.

*V. VIÐAUKI***Leiðbeinandi viðmiðanir sem um getur í 6. gr.**

Við gildistöku þessarar reglugerðar er lágmarksorkunýtnistuðull (MEI)  $\geq 0,70$  leiðbeinandi viðmiðun um bestu fánlegu tækni á markaðinum hvað varðar vatnsdætur.

---

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/28/56

frá 5. október 2012

## um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (\*)

(2012/627/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki<sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þann 17. nóvember 2009 veitti framkvæmdastjórnin samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (CESR) umboð, en Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót þann 1. janúar 2011 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirlaldi (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði) <sup>(2)</sup> (e. *ESMA*), hefur tekið við verkefnum hennar, og fór fram á ráðgjöf þeirra að því er varðar tæknilegt mat á laga- og eftirlitsramma Ástralíu varðandi lánshæfismatsfyrirtæki.
- 2) Í ráðleggingum sínum frá 18. apríl 2012 lagði Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði til að laga- og eftirlitsrammi Ástralíu varðandi lánshæfismatsfyrirtæki teldist jafngildir reglugerð (EB) nr. 1060/2009.
- 3) Samkvæmt öðrum undirlið 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, þarf að meta hvort þrjú skilyrði séu uppfyllt til að laga- og eftirlitsrammi í þriðja landi teljist jafngildir reglugerð (EB) nr. 1060/2009.
- 4) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verða lánshæfismatsfyrirtæki í því þriðja landi að hafa leyfi eða vera skráð og háð viðvarandi, skilvirku eftirliti og framfylgd. Ástralski laga- og regluramminn varðandi lánshæfismatsfyrirtæki var innleiddur 1. janúar 2010. Öll viðeigandi lög og reglugerðir, nánar tiltekið „Corporations Act“ (2001) og lög um verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu (e. *ASIC*) (2001), hafa öðlast gildi. Samkvæmt þessum regluramma verða lánshæfismatsfyrirtæki að vera skráð og undir viðvarandi eftirliti verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu. Ástralski laga- og eftirlitsramminn veitir verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu fullnægjandi heimildir til að framkvæma skilvirkt eftirlit og framfylgd

varðandi lánshæfismatsfyrirtæki, þ.m.t. heimild til að grípa til viðurlaga gegn lánshæfismatsfyrirtækjum sem brjóta gildandi reglur: Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu getur fengið heimild til að leggja hald á reikningshald sem lánshæfismatsfyrirtæki leggja ekki fram. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu hefur á grundvelli leitarheimildar, sem lögbært dómsmálafyrivald hefur veitt, heimild til að leita í húsnæði lánshæfismatsfyrirtækja. Auk þess veitir „Corporations Act“ verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu heimild til að fara fram á að alríkisdómstóll felli leyfi lánshæfismatsfyrirtækis úr gildi. Eftir slíka niðurfellingu leyfis getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu óskað eftir dómsúrskurði um að banna lánshæfismatsfyrirtæki varanlega að gefa út lánshæfismat í Ástralíu. Samkvæmt „Corporations Act“ getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu einnig óskað eftir úrskurði um að stöðva ólöglegt atferli lánshæfismatsfyrirtækis, eða beitt sektum, ef lánshæfismatsfyrirtækið hefur brotið í bága við einhverjar skuldbindingar sínar samkvæmt viðkomandi löggjöf um fjármálaþjónustu. Í samstarfssamningi Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar á verðbréfamarkaði og verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu er kveðið á um upplýsingaskipti að því er varðar framfylgdar- og eftirlitsráðstafanir gegn lánshæfismatsfyrirtækjum sem starfa þvert á landamæri.

- 5) Samkvæmt öðru skilyrðinu verða lánshæfismatsfyrirtæki í því þriðja landi að falla undir lagalega bindandi reglur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 6.–12. gr. og I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Ástralski laga- og eftirlitsramminn uppfyllir markmið regluramma Evrópusambandsins varðandi lánshæfismatsfyrirtæki í tengslum við stýringu hagsmunaárekstra. Í áströlsku löggjöfinni (e. *ASIC act*) er þess krafist að tekið sé á hagsmunaárekstrum, þ.m.t. skyldan til að stýra hagsmunaárekstrum og skipulagskröfur, einkum að því er varðar útivistun, skráhald og trúnaðarkvöð. Með tilliti til stjórnarháttar fyrirtækja skal lánshæfismatsfyrirtæki, að því er varðar skilyrði verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu fyrir leyfi, skipulagt þannig að viðskiptahagsmunir þess skerði ekki óhæði og nákvæmni lánshæfismatsstarfsemi þess. Í ástralska rammanum er þess einnig krafist að lánshæfismatsfyrirtæki komi á ströngu endurskoðunarferli varðandi aðferðir við lánshæfismat og felur hann í sér margvíslegar birtingarköfur að því er varðar lánshæfismat og matsstarfsemi. Ástralski laga- og eftirlitsramminn uppfyllir því markmið reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 varðandi stýringu hagsmunaárekstra, skipulagsferla og aðferða sem lánshæfismatsfyrirtæki

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

þarf að hafa yfir að ráða, gæði matsins og aðferð við mat, birtingu lánshæfismats og almenna og reglulega birtingu á lánshæfismatsstarfsemi. Því veitir ramminn jafngilda vernd með tilliti til heilleika, gagnsæis, góðra stjórnunarháttá lánshæfismatsfyrirtækja og áreiðanleika lánshæfismatsstarfsemi.

- 6) Samkvæmt þriðja skilyrðinu verður reglukerfi í þriðja landi að koma í veg fyrir afskipti eftirlitsyfirvalda og annarra opinberra yfirvalda þess þriðja lands af efnis-inntaki lánshæfismats og aðferðum. Slik afskipti af lánshæfismati og aðferðum við mat brýtur í bága við markmiðin í 7. kafla ástralska „Corporations Act“ frá 2001 og markmið verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu. Hvorki verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu né annað opinbert yfirvald hefur heimild til að skipta sér af inntaki lánshæfismats eða aðferðum við lánshæfismat.
- 7) Með tilliti til kannaðra þátta, er hægt að telja að skilyrðin sem mælt var fyrir um í öðrum undirlit 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 séu uppfyllt af áströlskum laga- og eftirlitsramma lánshæfismatsfyrirtækja. Því skal telja ástralskan laga- og eftirlitsramma lánshæfismatsfyrirtækja jafngildan þeim laga- og eftirlitsramma sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1060/2009. Framkvæmdastjórnin mun í samstarfi við Evrópsku eftirlits-

stofnunina á verðbréfamarkaði halda áfram að hafa eftirlit með þróun ástralska laga- og eftirlitsrammans vegna lánshæfismatsfyrirtækja og hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, eru uppfyllt.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Að því er varðar 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal telja ástralskan laga- og eftirlitsramma vegna lánshæfismatsfyrirtækja jafngildan kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1060/2009.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. október 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

## FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/28/57

frá 5. október 2012

## um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Bandaríkjanna jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (\*)

(2012/628/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki<sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þann 12. júní 2009 veitti framkvæmdastjórnin nefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (e. *CESR*) umboð, en Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót þann 1. janúar 2011 samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði) <sup>(2)</sup> (e. *ESMA*), hefur tekið við verkefnum hennar, og fór fram á tækniráðgjöf þeirra að því er varðar tæknilegt mat á laga- og eftirlitsramma Bandaríkjanna varðandi lánshæfismatsfyrirtæki.
- 2) Í fyrstu ráðleggingum sínum frá 21. maí 2010 lagði nefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila áherslu á tvö svið (varðandi gæði aðferða og mats og að því er tekur til birtingu mats) þar sem marktækur munur á ramma Bandaríkjanna og Sambandsins er viðvarandi. Eftir gildistöku „Dodd-Frank Wall Street Reform and Consumer Protection Act“ þann 21. júlí 2010 hefur Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði uppfært tækniráðgjöf sína til framkvæmdastjórnarinnar þar sem fram kemur að bandaríski laga- og eftirlitsramminn að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki teljist nú jafngilda reglugerð (EB) nr. 1060/2009.
- 3) Samkvæmt öðrum undirlit 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, þarf að meta hvort þrjú skilyrði séu

uppfyllt til að laga- og eftirlitsrammi í þriðja landi teljist jafngildur reglugerð (EB) nr. 1060/2009.

- 4) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verða lánshæfismatsfyrirtæki í þriðja landi að hafa leyfi eða vera skráð og háð viðvarandi, skilvirku eftirliti og framfylgd. Bandaríski laga- og eftirlitsramminn varðandi lánshæfismatsfyrirtæki samanstendur af „Credit Rating Agency Reform Act“ frá 2006 (e. „*Rating Agency Act*“), sem miðar að því að auka gæði mats til að vernda fjárfesta og hagsmuni almennings með því að auka ábyrgðarskyldu, gagnsæi og samkeppni innan lánshæfismatsgeirans, og kafla 15E <sup>(3)</sup>, kafla 17 <sup>(4)</sup> og kafla 21B(a) <sup>(5)</sup> í „Securities Exchange Act“ (e. „*Exchange Act*“). Samningsákvæði „Rating Agency Act“ tóku gildi í júní 2007 með samþykkt verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna á nokkrum reglum um framkvæmd skráningar- og eftirlitsáætlunar varðandi lánshæfismatsfyrirtæki sem verða skráð sem tölfraðilegar lánshæfismatsstofnanir viðurkenndar á landsvísu (e. *Nationally Recognized Statistical Ratings Organization* (e. *NRSRO*)). Til að unnt sé að nota mat þeirra í eftirlitsskyni skulu lánshæfismatsfyrirtæki þurfa að skrá sig hjá verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna og eru í kjölfarið undir eftirliti nefndarinnar á áframhaldandi grundvelli. Verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna hefur yfir yfirgripsmiklum eftirlitsheimildum að ráða sem gerir henni kleift að rannsaka hvort lánshæfismatsfyrirtæki uppfylli lagalegar skuldbindingar sínar. Þar á meðal eru heimildir til að fá aðgang að skjölum, framkvæma rannsóknir og framkvæma skoðun á staðnum auk heimildar til að fá aðgang að skráningu símtala og rafrænna samskipta. Verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna getur beitt þessum heimildum, ekki einungis að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki, heldur einnig að því er varðar aðra einstaklinga sem taka þátt í lánshæfismatsstarfsemi. Samkvæmt kafla 15E(p)(3)(A) í „Exchange Act“ skal verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna framkvæma athugun á hverri tölfraðilegri lánshæfismatsstofnun sem viðurkennd er á landsvísu a.m.k. árlega og gefa skýrslu um niðurstöðu þessara athugana <sup>(6)</sup>. Ef verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna kemst að þeirri niðurstöðu að tölfraðileg lánshæfismatsstofnun sem viðurkennd er á landsvísu hafi brotið í bága við skyldu sem leiðir af viðkomandi regluramma getur hún gripið til

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 32. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

<sup>(3)</sup> 15 U.S.C.78o-7.

<sup>(4)</sup> 15 U.S.C.78q.

<sup>(5)</sup> 15 U.S.C.78u-2.

<sup>(6)</sup> Sjá yfirlitsskýrslu starfsfólks verðbréfa- og kaupþingsnefndar Bandaríkjanna um athugun á hverri tölfraðilegu lánshæfismatsstofnun viðurkenndri á landsvísu frá 11. september 2011.

- margvíslegra eftirlitsráðstafana til að stöðva brotið. Meðal þessara ráðstafana er vald til að afturkalla skráningu, stöðva tímabundið notkun mats í eftirlitsskyni og skipa lánshæfismatsstofnuninni að stöðva brotið. Verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna getur einnig beitt lánshæfismatsfyrirtækjum þungum viðurlögum vegna brota á viðkomandi kröfum. Því eru tölfræðilegar lánshæfismatsstofnanir viðurkenndar á landsvisu háðar virku eftirliti og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Í samstarfssamningi Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar á verðbréfamarkaði og verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna er kveðið á um upplýsingaskipti að því er varðar framfylgdar- og eftirlitsráðstafanir gegn lánshæfismatsfyrirtækjum sem starfa þvert á landamæri.
- 5) Samkvæmt öðru skilyrðinu verða lánshæfismatsfyrirtæki í því þriðja landi að falla undir lagalega bindandi reglur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 6.–12. gr. og I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. Bandaríski laga- og eftirlitsramminn uppfyllir markmið reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 varðandi stýringu hagsmunaárekstra, skipulagsferla og aðferða sem lánshæfismatsfyrirtæki þarf að hafa yfir að ráða, gæði matsins og aðferða við mat, birtingu lánshæfismats og almenna og reglulega birtingu á lánshæfismatsstarfsemi. Því veitir bandaríski ramminn jafngilda vernd með tilliti til heilleika, gagnsæis, góðra stjórnunarháttanna lánshæfismatsfyrirtækja og áreiðanleika lánshæfismatsstarfsemi.
- 6) Samkvæmt þriðja skilyrðinu verður reglakerfi í þriðja landi að koma í veg fyrir afskipti eftirlitsyfirvalda og annarra opinberra yfirvalda þess þriðja lands af efnisinntaki lánshæfismats og aðferðum. Verðbréfa- og kaupþingsnefnd Bandaríkjanna er í þessu tilliti bannað með lögum að skipta sér af meginatriðum lánshæfismats og aðferðum við lánshæfismat.
- 7) Með tilliti til kannaðra þátta, er hægt að telja að skilyrðin sem mælt var fyrir um í öðrum undirlið 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 séu uppfyllt af bandarískum laga- og eftirlitsramma lánshæfismatsfyrirtækja. Því skal telja bandarískan laga- og eftirlitsramma lánshæfismatsfyrirtækja jafngildan þeim laga- og eftirlitsramma sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1060/2009. Framkvæmdastjórnin mun í samstarfi við Evrópsku eftirlitsstofnunina á verðbréfamarkaði halda áfram að hafa eftirlit með þróun bandaríska laga- og eftirlitsrammans vegna lánshæfismatsfyrirtækja og hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, eru uppfyllt.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

#### SAMBYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Að því er varðar 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 skal telja bandarískan laga- og eftirlitsramma vegna lánshæfismatsfyrirtækja jafngildan kröfum reglugerðar (EB) nr. 1060/2009.

##### 2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. október 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO



## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2013

2013/EES/28/58

frá 29. janúar 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara, sem stunduðu flugstarfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag, þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint, einnig með tilliti til rýmkunar á kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir þannig að það nái yfir EFTA-löndin innan EES (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN  
HEFUR,

EVROPUSAMBANDSINS

ekki háð innfærslu í skrána yfir umráðendur loftfara sem framkvæmdastjórnin tók saman á grundvelli 3. mgr. 18. gr. a. í þeirri tilskipun.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB <sup>(1)</sup>, einkum b-lið 3. mgr. 18. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB <sup>(2)</sup> breytti tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Evrópusambandsins taki til flugstarfsemi.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 <sup>(3)</sup> er tekin saman skrá yfir umráðendur loftfara sem höfðu stundað flugstarfsemi, eins og hún er skilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag.
- 3) Tilgangurinn með skránni er að draga úr stjórnsýslubyrði hjá umráðendum loftfara með því að leggja fram upplýsingar um það hvaða aðildarríki bera ábyrgð á tilteknum umráðanda loftfars.
- 4) Innfærsla í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir er háð starfrækslu flugstarfsemi eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og er

- 5) Tilskipun 2008/101/EB var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn <sup>(4)</sup>.
- 6) Rýmkun ákvæða er varða flug í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir þannig að þau nái yfir EFTA-löndin innan EES og viðmiðanirnar sem settar eru skv. 1. mgr. 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB til að ákvarða ábyrgðaraðildarríki umráðanda loftfars fela í sér að tilteknir umráðendur loftfara skulu heyra undir ábyrgð EFTA-landanna innan EES.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 748/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 748/2009 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 40, 9.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 219, 22.8.2009, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 35.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

José Manuel BARROSO

---

## VIÐAUKI

Skrá yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint, einnig með tilliti til rýmkunar á kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir þannig að það nái yfir EFTA-löndin innan EES

| BELGÍA               |                                  |                         |
|----------------------|----------------------------------|-------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                  | Ríki umráðanda          |
| 123                  | Abelag Aviation                  | BELGÍA                  |
| 7649                 | AIRBORNE EXPRESS                 | BANDARÍKIN              |
| 33612                | ALLIED AIR LIMITED               | NÍGERÍA                 |
| 30020                | AVIASTAR-TU CO.                  | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ |
| 31416                | AVIA TRAFFIC COMPANY             | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ |
| 908                  | BRUSSELS AIRLINES                | BELGÍA                  |
| 25996                | CAIRO AVIATION                   | EGYPTALAND              |
| 4369                 | CAL CARGO AIRLINES               | ÍSRAEL                  |
| 29517                | CAPITAL AVTN SRVCS               | HOLLAND                 |
| f11336               | CORPORATE WINGS LLC              | BANDARÍKIN              |
| 32909                | CRESAIR INC                      | BANDARÍKIN              |
| 32432                | EGYPTAIR CARGO                   | EGYPTALAND              |
| f12977               | EXCELLENT INVESTMENT LLC         | BANDARÍKIN              |
| f11102               | FedEx Express Corporate Aviation | BANDARÍKIN              |
| 13457                | Flying Partners CVBA             | BELGÍA                  |
| 29427                | Flying Service N.V.              | BELGÍA                  |
| 32486                | FAYARD ENTERPRISES               | BANDARÍKIN              |
| 24578                | GAFI GENERAL AVIAT               | SVISS                   |
| 32737                | GREAT ALLIANCE WORLD             | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ     |
| f12983               | GREEN DIESEL LLC                 | BANDARÍKIN              |
| 29980                | HAINAN AIRLINES (2)              | KÍNA                    |
| 23700                | HEWA BORA AIRWAYS                | KONGÓ                   |
| 27232                | Internet JET                     | HOLLAND                 |
| 28582                | INTER-WETALL                     | SVISS                   |
| 9542                 | INTL PAPER CY                    | BANDARÍKIN              |
| 27709                | KALITTA AIR                      | BANDARÍKIN              |
| 28087                | LAS VEGAS CHARTER                | BANDARÍKIN              |
| 32303                | MASTER TOP LINHAS                | BRASILÍA                |
| 37066                | MERIDIAN (AIRWAYS)               | BELGÍA                  |
| 1084                 | MIL BELGIUM                      | BELGÍA                  |

| BELGÍA               |  |                    |
|----------------------|--|--------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                              | Ríki umráðanda     |
| 26688                | NEWELL RUBBERMAID                            | BANDARÍKIN         |
| 31207                | N604FJ LLC                                   | BANDARÍKIN         |
| f11462               | N907WS AVIATION LLC                          | BANDARÍKIN         |
| f10341               | OfficeMax Inc                                | BANDARÍKIN         |
| 31660                | RIPPLEWOOD AVTN                              | BANDARÍKIN         |
| 2344                 | SAUDIA                                       | SÁDI-ARABÍA        |
| 27769                | SEA-AIR                                      | BELGÍA             |
| 27975                | SIA CARGO PTE LTD                            | SINGAPÚR           |
| 29222                | SILVERBACK CARGO                             | RÚANDA             |
| 39079                | SOLARIUS AVIATION                            | BANDARÍKIN         |
| 35334                | SONOCO PRODUCTS CO                           | BANDARÍKIN         |
| 26784                | SOUTHERN AIR                                 | BANDARÍKIN         |
| 38995                | STANLEY BLACK&DECKER                         | BANDARÍKIN         |
| 28453                | THOMAS COOK ARL BELG                         | BELGÍA             |
| 27011                | TNT AIRWAYS                                  | BELGÍA             |
| 34920                | TRIDENT AVIATION SVC                         | BANDARÍKIN         |
| 30011                | TUI AIRLINES — JAF                           | BELGÍA             |
| 27911                | ULTIMATE ACFT SERVIC                         | BANDARÍKIN         |
| 13603                | VF CORP                                      | BANDARÍKIN         |
| 36269                | VF INTERNATIONAL                             | SVISS              |
| 37064                | VIPER CLASSICS LTD                           | BRESKA KONUNGRÍKID |
| 20065                | V L M  | BELGÍA             |
| f11467               | WILSON & ASSOCIATES OF DELAWARE LLC          | BANDARÍKIN         |
| 37549                | YILTAS GROUP                                 | TYRKLAND           |
| a11534               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPBDV | Óskráð             |
| a11549               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: VQBHA | Óskráð             |

| BÚLGARÍA             |                     |                                |
|----------------------|---------------------|--------------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda     | Ríki umráðanda                 |
| 27359                | AEROTRANS KAZAKSTAN | KASAKSTAN                      |
| 27698                | AEROVISTA           | SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN |
| 33329                | AERO POWER LTD      | BRESKA KONUNGRÍKID             |
| 23962                | AIR BAN             | BÚLGARÍA                       |
| 35743                | AIR IBERIA LTD.     | GEORGÍA                        |
| 26520                | AIR LIBYA 2         | LÍBÍA                          |

| BÚLGARÍA             |                      |                                |
|----------------------|----------------------|--------------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda      | Ríki umráðanda                 |
| 11775                | AIR VIA BULGARIAN    | BÚLGARÍA                       |
| 33225                | AIR VICTORY          | GEORGÍA                        |
| 34357                | AIR WEST GEORGIA     | GEORGÍA                        |
| 31007                | ANIKAY AIR MIDDLE E  | JÓRDANÍA                       |
| 36020                | ARARAT INTERNATIONAL | ARMENÍA                        |
| 28818                | ASIAN SPIRIT         | FILIPPSEYJAR                   |
| 34563                | ASIA AIRWAYS         | SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN |
| 24508                | BALTIC AIRLINES UU   | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ        |
| 32131                | BEIBARS CJSC         | KASAKSTAN                      |
| 28445                | BH AIR               | BÚLGARÍA                       |
| 27538                | BULGARIAN AIR CHRTR. | BÚLGARÍA                       |
| 29056                | BULGARIA AIR         | BÚLGARÍA                       |
| 25981                | CARGO AIR LTD.       | BÚLGARÍA                       |
| 32313                | EAST WING KAZAKHSTAN | KASAKSTAN                      |
| 36884                | FLY ADJARA           | GEORGÍA                        |
| 36995                | GR AVIA S.A.         | GÍNEA                          |
| 10165                | HEMUS AIR            | BÚLGARÍA                       |
| 25134                | INTERNAL MINISTRY UU | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ        |
| 28505                | IRANIAN AIR TRANSPOR | ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN        |
| 31721                | JORDAN INT AIR CARGO | JÓRDANÍA                       |
| 27345                | KHORIV AVIA          | ÚKRAÍNA                        |
| 28246                | KOKSHETAU AIRLINE    | KASAKSTAN                      |
| 32034                | KOMIAVIATRANS 2      | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ        |
| 31019                | KREMENCHUK FLIGHT    | ÚKRAÍNA                        |
| 38939                | KRUNK AVIATION 2     | ÚKRAÍNA                        |
| 21448                | MOSCOW AIRLINES JSC  | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ        |
| 30622                | PMT AIR              | KAMBÓDÍA                       |
| 37661                | RGB ENTERPRISES LLC  | BANDARÍKIN                     |
| 27203                | ROSAVIA AIR COMPANY  | ÚKRAÍNA                        |
| 29085                | RUBYSTAR             | HVÍTA-RÚSSLAND                 |
| 32835                | SAYAT AIR KAZAKSTAN  | KASAKSTAN                      |
| 1830                 | SENEGALAIR           | SENEGAL                        |
| 32037                | SKY JET KAZAKHSTAN   | KASAKSTAN                      |
| 32664                | STARLINE KZ JSC      | KASAKSTAN                      |
| 32347                | TABAN AIR            | ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN        |

| BÚLGARÍA             |                      |                            |
|----------------------|----------------------|----------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda      | Ríki umráðanda             |
| 37954                | TROPICAL AIR (Z) LTD | SAMBANDSLÝÐVELDIÐ TANSANÍA |
| 37793                | UKRSPECEXPOT         | ÚKRAÍNA                    |
| 31648                | VIP-AVIA             | GEORGÍA                    |
| 37987                | YAK AIR              | GEORGÍA                    |
| 35082                | ZAGROS AIRLINES      | ÍSLAMSKA LÝÐVELDIÐ ÍRAN    |

| TÉKKLAND             |                                 |                                |
|----------------------|---------------------------------|--------------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                 | Ríki umráðanda                 |
| 7824                 | ACL SLOVACKY                    | TÉKKLAND                       |
| 35387                | ACS SA                          | SPÁNN                          |
| 16895                | AERO VODOCHODY                  | TÉKKLAND                       |
| f11813               | AERSALE INC                     | BANDARÍKIN                     |
| 31304                | AIRCRAFT INDUSTRIES             | TÉKKLAND                       |
| 39019                | AIRLINE CONT.MNTN EQ            | BANDARÍKIN                     |
| 38060                | AIR NAVIGATION LK               | TÉKKLAND                       |
| 31433                | ALANDIA AIR AB                  | FINNLAND                       |
| 30203                | ATMA AIRLINES                   | SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN |
| 34057                | AVTN SPECIALTIES INC            | BANDARÍKIN                     |
| 35333                | AXIS AVIATION GROUP             | BANDARÍKIN                     |
| 22621                | CAA CZECH REPUBLIC              | TÉKKLAND                       |
| 34430                | CAIMITO ENTERP. LTD             | KÝPUR                          |
| 859                  | CZECH AIRLINES                  | TÉKKLAND                       |
| 36294                | CZECH CONNECT AIRLIN            | TÉKKLAND                       |
| f10182               | Executive Flight Services, Inc. | BANDARÍKIN                     |
| 33327                | EARTH ONE LIMITED               | BRESKA KONUNGRÍKID             |
| 38868                | EURO JET FZCO                   | SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN |
| 36242                | GEORGIAN INTERNATION            | GEORGÍA                        |
| 31631                | GLOBAL AVIATION LIBY            | LÍBÍA                          |
| 36746                | HOLIDAY CZECH                   | TÉKKLAND                       |
| 35825                | HYUNDAI MOTOR CO                | LÝÐVELDIÐ KÓREA                |
| 32231                | ILIN AIRCOMPANY                 | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKID        |
| 30145                | INCLEDON ENTERPRISES            | KÝPUR                          |
| 27908                | JOB AIR SRO                     | TÉKKLAND                       |
| 39009                | JUMP-TANDEM                     | TÉKKLAND                       |

| TÉKKLAND             |   |                         |
|----------------------|---|-------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                               | Ríki umráðanda          |
| 30825                | LETS FLY SRO                                  | TÉKKLAND                |
| 38713                | LITTLE AVIATION LTD                           | ÁSTRALÍA                |
| 32935                | MIDAMERICA HOLDINGS                           | BANDARÍKIN              |
| 3597                 | MIL CZECH REPUBLIC                            | TÉKKLAND                |
| 30743                | NORSE AIR CHARTER                             | SUÐUR-AFRÍKA            |
| 29976                | NOVA CHEMICALS                                | BANDARÍKIN              |
| 35361                | OKAY HOLDING AS                               | TÉKKLAND                |
| 24121                | PETROPAVLOVSK AIR                             | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ |
| 38114                | PRAGA AVIATION S.R.O                          | TÉKKLAND                |
| f10379               | Red.Com                                       | BANDARÍKIN              |
| 36763                | RETENTURA LTD.                                | KÝPUR                   |
| 2276                 | ROCKWELL AUTOMATION                           | BANDARÍKIN              |
| 32157                | SKYDIVE LK                                    | TÉKKLAND                |
| 32812                | SKY DIVING FOR FUN                            | SLÓVAKÍA                |
| 27292                | SKY GEORGIA                                   | GEORGÍA                 |
| 31351                | SKY KG AIRLINES                               | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ |
| 37554                | SOVEREIGN EXPRESS                             | BRESKU JÓMFRÚAREYJAR    |
| 13702                | STEVENS EXPRESS                               | BANDARÍKIN              |
| f13143               | TinBer LLC                                    | BANDARÍKIN              |
| 24903                | TRAVEL SERVIS A.S.                            | TÉKKLAND                |
| 25890                | UKRAINIAN PILOT                               | ÚKRÁÍNA                 |
| 32721                | VIDEOTAPE CENTER                              | BANDARÍKIN              |
| 38948                | VIETJET AIR S.R.O.                            | VÍETNAM                 |
| a12699               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N150RN | BANDARÍKIN              |

| DANMÖRK              |                     |                         |
|----------------------|---------------------|-------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda     | Ríki umráðanda          |
| 33185                | AIR ALPHA A/C SALES | DANMÖRK                 |
| 3456                 | AIR ALSIE           | DANMÖRK                 |
| 35623                | AIR BISHKEK         | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ |
| 22466                | AIR GREENLAND       | DANMÖRK                 |
| 37856                | AIR PANAMA          | PANAMA                  |
| 34774                | ALIGAP A/S          | DANMÖRK                 |
| 36866                | ALUMECO A/S         | DANMÖRK                 |

| DANMÖRK              |                             |                      |
|----------------------|-----------------------------|----------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda             | Ríki umráðanda       |
| 142                  | ATLANTIC AIRWAYS            | DANMÖRK              |
| 36122                | AVIATION HOLDINGS           | BANDARÍKIN           |
| 35753                | A/S MAERSK AVIATION         | DANMÖRK              |
| 36842                | BRASILIA JET CENTER         | BRASILÍA             |
| 32921                | CANYON GATE FLT SVCS        | BANDARÍKIN           |
| 781                  | CIMBER STIRLING             | DANMÖRK              |
| 33047                | CITICAPITAL LOCAVIA         | FRAKKLAND            |
| f10500               | Duchossois Industries, Inc. | BANDARÍKIN           |
| 366                  | DANISH AIR TRANSPORT        | DANMÖRK              |
| 27919                | DRT VERTRIEBS GMBH          | DANMÖRK              |
| 35298                | EAGLE HELICOPTER MTC        | SVISS                |
| 25431                | ELMAGAL AVIATION            | SÚDAN                |
| 26272                | EXECUJET EUROPE A/S         | DANMÖRK              |
| 35478                | FIRST GREENWICH             | BRESKA KONUNGRÍKID   |
| f10218               | GCTPA, LLC                  | BANDARÍKIN           |
| 37052                | GENCHART B.V.               | HOLLAND              |
| 33254                | GE CAPITAL SOLUTIONS        | DANMÖRK              |
| 32364                | GLOBAL TRANSERVICE          | BANDARÍKIN           |
| 32595                | GRAAKJAER A/S               | DANMÖRK              |
| 36297                | JET FLEET INTL              | BANDARÍKIN           |
| 32158                | JET TIME A/S                | DANMÖRK              |
| 34892                | JJO INVEST APS              | DANMÖRK              |
| 33518                | KIRKBI INVEST               | DANMÖRK              |
| 31243                | KIRKBI TRADING              | DANMÖRK              |
| 36538                | KIRK AVIATION A/S           | DANMÖRK              |
| 34672                | LAO CAPRICORN AIR           | ALÞÝÐULÝÐVELDIÐ LAOS |
| 38155                | MOENS, G                    | HOLLAND              |
| 38120                | MONGOLIAN AIRLINES          | MONGÓLÍA             |
| 12230                | Nordic Aviation Capital A/S | DANMÖRK              |
| 32541                | NAPLES FLIGHT MGMT          | BANDARÍKIN           |
| 9914                 | NILAN A/S                   | DANMÖRK              |
| 38224                | NUUK AIRCRAFT A APS         | DANMÖRK              |
| 34830                | OLGA LEASING LTD            | BERMÚDAEYJAR         |
| 33803                | PARTNERSELSKABET            | DANMÖRK              |
| 23090                | PHARMA NORD                 | DANMÖRK              |



| DANMÖRK              |                        |                |
|----------------------|------------------------|----------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda        | Ríki umráðanda |
| 35196                | PRIMERA AIR SCAND      | DANMÖRK        |
| 33624                | QUAD/AIR LLC           | BANDARÍKIN     |
| 29123                | RHEINLAND AIR SERV.    | ÞÝSKALAND      |
| 30500                | STANDARD & POORS      | BANDARÍKIN                     |
| 36639                | STARS AWAY AVIATION   | SUÐUR-AFRÍKA                   |
| 38586                | STAR AERO HOLDINGS    | BANDARÍKIN                     |
| 32446                | STAR AVIATION SRVCS   | SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN |
| 35816                | STAR PERU             | PERÚ                           |
| 32554                | STA (2006) LLP        | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ            |
| 32993                | STC BERMUDA LTD.      | EGYPTALAND                     |
| 33469                | STEPHEN R. LLOYD      | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ            |
| 30889                | STIRLING AVTN         | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ            |
| 17378                | STOCKHOLM AIRCRAFT    | HOLLAND                        |



| BRESKA KONUNGRÍKIÐ   |   |                            |
|----------------------|---|----------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                                     | Ríki umráðanda             |
| 27889                | STULLER SETTINGS                                    | BANDARÍKIN                 |
| 28152                | ST AVIATION   | BANDARÍKIN                 |
| 24644                | ST MERRY AIR  | BRESKA KONUNGRÍKIÐ         |
| 24529                | SUBPRICE  | BRESKA KONUNGRÍKIÐ         |
| 9182                 | SUCKLING AIRWAYS (CAMBRIDGE) LTD<br>T/A SCOTAIRWAYS | BRESKA KONUNGRÍKIÐ         |
| 20474                | SUMMIT AVTN USA 2                                   | BANDARÍKIN                 |
| 29813                | SUNCOR ENERGY                                       | KANADA                     |
| f11402               | SUNTRUST EQUIPMENT FINANCE &<br>LEASING CORP        | BANDARÍKIN                 |
| 31354                | SUNWING AIRLINES                                    | KANADA                     |
| 32807                | SUN TV NETWORK                                      | INDLAND                    |
| 8963                 | SUREWINGS   | BRESKA KONUNGRÍKIÐ         |
| 28720                | SUZUKI DEL CARIBE                                   | PÚERTÓ RÍKÓ                |
| 34329                | SVCS AEREOS DENIM                                   | MEXÍKÓ                     |
| 5683                 | SWAGELOK  | BANDARÍKIN                 |
| 38217                | SWEDEWINGS AB                                       | SVÍBJÓÐ                    |
| 38435                | SWIFT AVIATION LTD                                  | BRESKA KONUNGRÍKIÐ         |
| 28494                | SWISS   | SVISS                      |
| 38361                | SYBERJET AIRCRAFT                                   | BANDARÍKIN                 |
| 31527                | SYMPHONY MILLENIUM                                  | BERMÚDAEYJAR               |
| 2642                 | SYRIAN ARAB AIRLINES                                | SÝRLENSKA ARABALÝÐVELDIÐ   |
| 22649                | S BOTSWANA  | BOTSVANA                   |
| 22593                | S BRUNEI SULTAN                                     | BRÚNEI DARÚSSALAM          |
| 27535                | S PRESIDENT SUDAN                                   | SÚÐAN                      |
| 29242                | S TANZANIA  | SAMBANDSLÝÐVELDIÐ TANSANÍA |
| f12492               | Target corporation                                  | Óskráð                     |
| f13146               | Tejria Services Limited (Bermuda)                   | BERMÚDAEYJAR               |
| f11003               | Tendencia Asset Management                          | CAYMAN-EYJAR               |
| f10439               | Tesoro Aviation Company                             | BANDARÍKIN                 |
| 38565                | Tetran Assets Ltd                                   | BRESKU JÓMFRÚAREYJAR       |
| 25363                | The Boeing Company                                  | BANDARÍKIN                 |
| f12612               | The Private Jet Company                             | BRESKA KONUNGRÍKIÐ         |
| f10831               | The Richard E. Jacobs Group, LLC                    | BANDARÍKIN                 |
| f12238               | The Whitewind Company US                            | BANDARÍKIN                 |
| f11873               | Tillford Limited                                    | BERMÚDAEYJAR               |

| BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |  |                      |
|----------------------|--|----------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                                      | Ríki umráðanda       |
| f12235               | Top Delight Worldwide Ltd                            | BRESKU JÓMFRÚAREYJAR |
| f10446               | Tour Air, Inc.                                       | BANDARÍKIN           |
| f12231               | Translatin S.A.                                      | BANDARÍKIN           |
| f10452               | Truman Arnold Companies                              | BANDARÍKIN           |
| f12479               | Tyremax Pty Ltd                                      | ÁSTRALÍA             |
| f10990               | Ty-Tex Exploration Inc.                              | BANDARÍKIN           |
| 26684                | TAG AVIATION UK LTD                                  | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 33802                | TAIL WIND LTD.                                       | SINGAPÚR             |
| 36754                | TAK AVIATION   | NÍGERÍA              |
| 33497                | TAK SERVICES LTD AVV                                 | JÓRÐANÍA             |
| f12709               | TAMPA BAY AIRLINES LLC C/O<br>BLUMBERGEXCELSIOR CORP | BANDARÍKIN           |
| 35547                | TAM AVIATION   | ASERBAÍDSJAN         |
| 27291                | TARRANT ADVISORS                                     | BANDARÍKIN           |
| 38625                | TASHI CORPORATION                                    | BANDARÍKIN           |
| 31697                | TAS CORP   | BANDARÍKIN           |
| 4189                 | TAUBMAN  | BANDARÍKIN           |
| 32242                | TAYLOR ENERGY COMPANY LLC                            | BANDARÍKIN           |
| 36827                | TCC AIR SERVICES INC                                 | BANDARÍKIN           |
| 38545                | TEAM AERO  | BANDARÍKIN           |
| 36108                | TEAM VIPER   | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 37359                | TEKLOC   | BANDARÍKIN           |
| 29164                | TELUS COMMUNICATIONS                                 | KANADA               |
| 37446                | TEMPEST CAPITAL                                      | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 28114                | TEXAS AVTN SALES&LSN                                 | BANDARÍKIN           |
| 15677                | TEXTRON  | BANDARÍKIN           |
| 27034                | THOMAS COOK AIRLINES LTD                             | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 35441                | THOMAS ENTERPRISES                                   | BANDARÍKIN           |
| f10971               | THOMAS William H.                                    | BANDARÍKIN           |
| 37352                | THOMAS & BETTS                                       | BANDARÍKIN           |
| 30131                | THOMSON AIRWAYS LTD                                  | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 31218                | THUNDER AIR UK LTD                                   | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 35153                | THUN AB  | SVÍÐJÓÐ              |
| 27799                | TIDEWATER  | BANDARÍKIN           |
| 4744                 | TITAN AIRWAYS LTD                                    | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |

| BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |                                      |                      |
|----------------------|--------------------------------------|----------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                      | Ríki umráðanda       |
| 36184                | TNT EXPRESS (UK)                     | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| f12990               | TOKECO INCORPORATED                  | BANDARÍKIN           |
| 36462                | TOP ACES INC                         | KANADA               |
| 32110                | TOP AIRCRAFT                         | BANDARÍKIN           |
| 9705                 | TOWER HOUSE CONSULTS                 | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 33891                | TOWN & COUNTRY FOOD                  | BANDARÍKIN           |
| 32029                | TPG AVIATION                         | SUÐUR-AFRÍKA         |
| 38996                | TP AERO                              | BANDARÍKIN           |
| 34674                | TRANSCONT. WINGS                     | BRESKU JÓMFRÚAREYJAR |
| 26670                | TRANSMERIDIAN AVTN                   | BANDARÍKIN           |
| 37267                | TRANSWORLD AV TRADE                  | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 5759                 | TRANS CAN PIPELINES                  | KANADA               |
| 30585                | TRANS EURO AIR                       | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 31673                | TRAVELERS INDEMNITY CO               | BANDARÍKIN           |
| 33923                | TREK-AIR B.V.                        | HOLLAND              |
| 29593                | TRIDENT JET JERSEY                   | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 28999                | TRIDENT LEASING                      | ÍRLAND               |
| 37551                | TRIDENT PETROLEUM                    | EGYPTALAND           |
| 36495                | TRIMEL INVESTMENT                    | BANDARÍKIN           |
| 33853                | TRINITY AVIATION LTD                 | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 38580                | TRIPLE A AVIATION                    | LÚXEMBOURG           |
| 36471                | TRIPLE S AVIATION LLC                | BANDARÍKIN           |
| 13174                | TRUSTAIR LTD                         | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 26165                | TRYGON LTD                           | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 32832                | TUCK AVIATION                        | BANDARÍKIN           |
| 21887                | TUDOR INVESTMENTS                    | BANDARÍKIN           |
| 24731                | TURKMENISTAN                         | TÚRKMENISTAN         |
| 28983                | TWINWOOD TRANSPORT.                  | CAYMAN-EYJAR         |
| 7971                 | TW AIR                               | BERMÚDAEYJAR         |
| f10460               | Unisys Corporation                   | BANDARÍKIN           |
| 2795                 | Universal Weather and Aviation, Inc. | BANDARÍKIN           |
| 22512                | UGANDA EXEC FLIGHT                   | ÚGANDA               |
| 12105                | UIM AIRCRAFT                         | BANDARÍKIN           |
| 32889                | UNIQE AIR (UK)                       | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |
| 2782                 | UNITED AIRLINES                      | BANDARÍKIN           |

| BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |  |                                |
|----------------------|--|--------------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                        | Ríki umráðanda                 |
| 35763                | UNITED AIRWAYS (BD)                    | BANGLADESS                     |
| 4090                 | UNITED COMPANY THE                     | BANDARÍKIN                     |
| 21505                | UNITED CONSTRUCTION                    | TYRKLAND                       |
| 34059                | UNITED WEST AIRLINES                   | BANDARÍKIN                     |
| 33177                | UNIV AVN MIDDLE EAST                   | SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMIN |
| 34914                | USA JET AIRLINES 3                     | BANDARÍKIN                     |
| f10462               | US Bank NA Trustee                     | BANDARÍKIN                     |
| 34260                | US MARSHALS SERVICE                    | BANDARÍKIN                     |
| 35834                | UTFLIGHT                               | BANDARÍKIN                     |
| 18224                | UZBEKISTAN AIRWAYS                     | ÚSBEKISTAN                     |
| 30637                | Vale S/A                               | BRASILÍA                       |
| f10591               | Vulcan Materials Company               | BANDARÍKIN                     |
| 37678                | VALEANT PHARMACEUT                     | BANDARÍKIN                     |
| 8962                 | VALERO SERVICES, INC                   | BANDARÍKIN                     |
| 33003                | VEDANTA ALUMINA LTD                    | INDLAND                        |
| 38968                | VERHILL CORPORATE                      | BRESKU JÓMFRÚAREYJAR           |
| 7861                 | VERIZON CORPORATE SERVICES GROUP       | BANDARÍKIN                     |
| 35720                | VICIS CAPITAL L.L.C                    | BANDARÍKIN                     |
| 34107                | VIPER AVIATION LLC                     | BANDARÍKIN                     |
| 37019                | VIPJET LIMITED                         | ÍRLAND                         |
| 8142                 | VIRGIN ATLANTIC AIRWAYS LTD            | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ            |
| 30418                | VMD AVIATION                           | BANDARÍKIN                     |
| 36911                | VOLITO AVIATION DEUX                   | SVÍÞJÓÐ                        |
| 34977                | V1 FLT SUP. INTL                       | BANDARÍKIN                     |
| f12485               | Waco Air Supply                        | BANDARÍKIN                     |
| f10471               | Wayne A Reaud                          | BANDARÍKIN                     |
| 2634                 | Western Air Charter Inc                | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ            |
| f10629               | Weyerhaeuser Company                   | BANDARÍKIN                     |
| f10479               | Wichita Air Services, Inc.             | BANDARÍKIN                     |
| f10482               | Windsor Media Inc.                     | BANDARÍKIN                     |
| f11514               | Windway Capital Corp                   | Óskráð                         |
| f10881               | Worldwide Business Jets Corp           | BANDARÍKIN                     |
| f10483               | World Harvest Church Flight Operations | BANDARÍKIN                     |
| f12248               | World Noble Limited Cayman Island      | BRESKU JÓMFRÚAREYJAR           |
| 35911                | WALLAN AVIATION 2                      | SÁDI-ARABÍA                    |

| BRESKA KONUNGRÍKIÐ   |                           |                    |
|----------------------|---------------------------|--------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda           | Ríki umráðanda     |
| 25432                | WAL-MART STORES           | BANDARÍKIN         |
| 30900                | WARNER ROAD AVTN          | BANDARÍKIN         |
| 35511                | WARWICKSHIRE BLUE         | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 38924                | WAR ENTERPRISES           | BANDARÍKIN         |
| f10470               | WASTE MANAGEMENT, INC     | BANDARÍKIN         |
| 36041                | WATSCO HOLDINGS INC       | BANDARÍKIN         |
| 31377                | WA DEVELOPMENTS           | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 35535                | WELLS FARGO BANK (2)      | BANDARÍKIN         |
| 2885                 | WESTAIR FLYING            | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 36283                | WESTERN AIR CHTR KX       | BANDARÍKIN         |
| 34328                | WESTFIELD LLC             | BANDARÍKIN         |
| 2890                 | WESTLAND                  | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 25990                | WESTSHORE AVTN MGMT       | BANDARÍKIN         |
| 34873                | WESTSTAR AVTN SVCS        | MALASÍA            |
| 22445                | WHITE CLOUD               | BANDARÍKIN         |
| 38210                | WHITE MOUNTAIN AVTN       | BANDARÍKIN         |
| 28542                | WHITE ROSE AVTN           | BANDARÍKIN         |
| 32120                | WILDERNESS POINT ASS      | BANDARÍKIN         |
| 35983                | WILLIAMS AVIATION         | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 3021                 | WILLIAMS COMPANIES        | BANDARÍKIN         |
| 1162                 | WILLIAMS GRAND PRIX       | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| f11390               | WILLIS LEASE FINANCE CORP | BANDARÍKIN         |
| 36185                | WILMINGTON TRUST(EI)      | ÍRLAND             |
| 37196                | WINCOR AVIATION           | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 38987                | WINDSOR JET MNGT          | BANDARÍKIN         |
| 34008                | WINGED BULL AVIATION      | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 36815                | WING AVTN CHTR SVC        | BANDARÍKIN         |
| 25648                | WING AVTN USA             | BANDARÍKIN         |
| 29596                | WINNEPEG C/O REYES        | BANDARÍKIN         |
| 37767                | WIN AVIATION LTD.         | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 32802                | WIV AIR-2 LLC             | BANDARÍKIN         |
| 31438                | WOOD J M                  | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 30474                | WORLD IS YOURS            | BRESKA KONUNGRÍKIÐ |
| 22444                | WORTHINGTON INDUSTRY      | BANDARÍKIN         |
| 32152                | WYNDHAM WORLDWIDE         | BANDARÍKIN         |

| BRESKA KONUNGSRÍKIÐ  |   |                         |
|----------------------|---|-------------------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                               | Ríki umráðanda          |
| f10485               | Xerox Corporation                             | BANDARÍKIN              |
| 24421                | XAMEX INVESTMENTS                             | BANDARÍKIN              |
| 32609                | XIAMEN AVIATION AVV                           | RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ |
| 38359                | YAAS  | BANDARÍKIN              |
| 34976                | YH AVIATION LTD                               | SVISS                   |
| 37033                | YUM RESTAURANT SVCS                           | BANDARÍKIN              |
| f10983               | Zachry Industrial Inc.                        | BANDARÍKIN              |
| f10488               | Ziff Brothers Investment, LLC                 | BANDARÍKIN              |
| f10490               | Zimmer Inc.                                   | BANDARÍKIN              |
| f11242               | Zoe Air                                       | SUÐUR-AFRÍKA            |
| f12223               | ZC Aviation                                   | BANDARÍKIN              |
| 34953                | ZENITH CAPITAL LTD                            | SVISS                   |
| f11027               | ZENITH INSURANCE COMPANY                      | BANDARÍKIN              |
| 5943                 | ZENO AIR                                      | BANDARÍKIN              |
| 38819                | ZEST AVIATION PVT                             | INDLAND                 |
| 38977                | ZWEITE XR-GMBH                                | ÞÝSKALAND               |
| 35380                | 19TH HOLE CORP                                | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ     |
| 1905                 | 3M COMPANY                                    | BANDARÍKIN              |
| 36971                | 350 S.R.O.                                    | SLÓVAKÍA                |
| 38182                | 4274 AVIATION                                 | BANDARÍKIN              |
| 34746                | 51 NORTH LIMITED                              | BRESKA KONUNGSRÍKIÐ     |
| 30021                | 57 AVIATION SERVICES LLC                      | BANDARÍKIN              |
| 6803                 | 711 CODY INC                                  | BANDARÍKIN              |
| f12809               | 73MR LLC                                      | BANDARÍKIN              |
| 27726                | 994748 ONTARIO INC                            | KANADA                  |
| a11749               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: CFLHQ  | Óskráð                  |
| a11758               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: GOCSE  | Óskráð                  |
| a11482               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N192NC | Óskráð                  |
| a11485               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N22NG  | Óskráð                  |
| a11486               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N254GA | Óskráð                  |
| a11743               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N289MU | Óskráð                  |
| a11493               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N44EG  | Óskráð                  |
| a11494               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N450LC | Óskráð                  |
| a11499               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N588AT | Óskráð                  |
| a11507               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N86LF  | Óskráð                  |

| BRESKA KONUNGSRIKIÐ  |   |                |
|----------------------|---|----------------|
| CRCO-auð-kennisnúmer | Heiti umráðanda                               | Ríki umráðanda |
| a12844               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N886DT | BANDARÍKIN     |
| a11513               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N928GC | Óskráð         |
| a11518               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: N995BE | Óskráð         |
| a11532               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPBAT  | Óskráð         |
| a12656               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPCBY  | CAYMAN-EYJAR   |
| a11538               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPCJM  | Óskráð         |
| a11540               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: VPCRO  | Óskráð         |
| a11544               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: VQBAM  | Óskráð         |
| a12914               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: VTDHA  | INDLAND        |
| a11747               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: VTRAK  | Óskráð         |
| a12916               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: WW1    | Óskráð         |
| a12924               | Umráðandi sem notar skráningarstafina: XARGB  | MEXÍKÓ         |

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 733/2002****2013/EES/28/59****frá 22. apríl 2002****um að taka í notkun .eu höfuðlénid (\*)**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 156. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi

- 1) Eitt af markmiðunum til að flýta fyrir rafrænni verslun í framtaksverkefnum rafrænni Evrópu, sem leiðtogaráðið lýsti yfir stuðningi við á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars árið 2000, er að stofna .eu höfuðlénid.
- 2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um skipulag og stjórnun Netsins er vísað til stofnunar .eu höfuðlénisins og í ályktun ráðsins frá 3. október 2000 um skipulag og stjórnun Netsins <sup>(4)</sup> er framkvæmdastjórninni falið að hvetja til samræmingar á stefnum í tengslum við stjórnun Netsins.
- 3) Höfuðlén eru órjúfanlegur þáttur í innviðum Netsins. Þau eru nauðsynlegur þáttur í hnattrænu rekstrarsamhæfi veraldarvefsins („WWW“ eða „vefsins“). Tengingar og tilvist sem úthlutun lénsheita leyfir sem og tengd vefböng gera notendum kleift að finna tölvur og vefsetur á veraldarvefnum. Höfuðlén eru einnig órjúfanlegur þáttur í öllum tölvupóstföngum á Netinu.
- 4) Með .eu höfuðléninu skal stuðla að notkun og aðgangi að tenginetum Netsins og þeim sýndarmarkaði sem byggir á Netinu, í samræmi við 2. mgr. 154. gr. sátt

málans, með því að bæta viðbótarskráningarléni við landskóða landsbundinna höfuðléna (ccTLD) sem þegar eru til eða við hnattræna skráningu á almennum höfuðlénunum, og ætti í kjölfarið að auka möguleika og samkeppni.

- 5) Með .eu höfuðléninu skal bæta rekstrarsamhæfi sam-evrópskra neta, í samræmi við 154. og 155. gr. sáttmálans, með því að tryggja að nafnaþjónar séu tiltækir innan Bandalagsins. Þetta mun hafa áhrif á netskipan og tæknilega innviði Netsins í Evrópu sem mun njóta góðs af viðbótarnafnaþjónum í Bandalaginu.
- 6) Með .eu höfuðléninu ætti innri markaðurinn að verða sýnilegri á þeim sýndarmarkaði sem byggir á Netinu. Með .eu höfuðléninu skal verða til tenging á milli Bandalagsins, tengds lagamma og evrópska markaðarins. Það skal gera fyrirtækjum, samtökum og einstaklingum innan Bandalagsins kleift að skrá sig undir sérstöku léni sem gerir þessa tengingu augljósa. Sem slíkt verður .eu höfuðlénid þá ekki aðeins hornsteinn rafrænnar verslunar í Evrópu heldur stuðlar það einnig að því að ná markmiðum 14. gr. sáttmálans.
- 7) Með .eu höfuðléninu er hægt að flýta fyrir ávinningi af upplýsingasamfélaginu í Evrópu í heild sinni, það getur gegnt hlutverki í aðlögun aðildarríkja að Evrópusambandinu í framtíðinni og hjálpað til við að berjast gegn því að stafræn gjá myndist á milli nágrannarríkja. Því má gera ráð fyrir að reglugerð þessi muni einnig ná til Evrópska efnahagssvæðisins og að leitast verði eftir breytingum á núverandi fyrirkomulagi á milli Evrópusambandsins og þriðju landa innan Evrópu, með það í huga að taka tillit til krafna .eu höfuðlénisins þannig að einingar innan þessara landa geti tekið það upp.
- 8) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á lög Bandalagsins um vernd persónuupplýsinga. Reglugerð þessi skal framkvæmd í samræmi við meginreglur varðandi friðhelgi einkalífsins og vernd persónuupplýsinga.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 113, 30.4.2002, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 96 E, 27.3.2001, bls. 333.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 155, 29.5.2001, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 4. júlí 2001 (Stjtið. EB C 65 E, 14.3.2002, bls. 147), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. nóvember 2001 (Stjtið. ESB C 45 E, 19.2.2002, bls. 53) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 28. febrúar 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Ákvörðun ráðsins frá 25. mars 2002.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB C 293, 14.10.2000, bls. 3.



- 9) Stjórnun Netsins hefur almennt byggt á meginreglum um að hún sé án íhlutunar og að í henni felist sjálfstýring og sjálfseftirlit. Eftir því sem unnt er og án þess að hafa áhrif á lög Bandalagsins skulu þessar meginreglur einnig eiga við um landskóða .eu höfuðlénsins. Þegar .eu höfuðlénið er tekið í notkun er heimilt að taka tillit til bestu starfsvenja hvað þetta varðar og styðjast við frjálsar viðmiðunarreglur eða siðareglur, eftir því sem við á.
- 10) Með því að stofna .eu höfuðlénið er stuðlað að kynningu á ímynd Evrópusambandsins á hnattrænum upplýsinganetum og heitakerfi á Netinu veitt aukid vægi, til viðbótar við landsbundna landskóða höfuðléna.
- 11) Markmið með þessari reglugerð er að koma á skilyrðum fyrir því að taka í notkun .eu höfuðlénið, að kveða á um tilnefningu skráningarstofu og að koma á ramma um almenna stefnu sem skráningarstofan starfar innan. Reglugerðin nær ekki yfir landskóða landsbundinna höfuðléna.
- 12) Skráningarstofan er sú eining sem fer með skipulag, stjórnsýslu og stjórnun á .eu höfuðléninu, þ.m.t. skipulag samsvarandi gagnagrunna og tengdrar opinberar leitarþjónustu, faggildingu skráningaryfirvalda, skráningu lénsheita sem faggilt skráningaryfirvöld sækja um, rekstur nafnaþjóna fyrir höfuðlén og útbreiðslu á svæðisskrá höfuðléna. Opinber leitarþjónusta sem tengist höfuðléninu er kölluð „hver er (Who is)“ leitarþjónusta. Gagnagrunnar af tegundinni „hver er“ skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins um gagnavernd og friðhelgi einkalífsins. Aðgangur að þessum gagnagrunnum veitir upplýsingar um handhafa lénsheitis og gegnir mikilvægu hlutverki í að auka traust notenda.
- 13) Eftir birtingu á auglýsingu eftir áhugasömum aðilum í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna skal framkvæmdastjórnin tilnefna skráningarstofu, á grundvelli valaðferðar sem er opin, gagnsæ og án mismununar. Framkvæmdastjórnin skal gera samning, með takmarkaðan gildistíma sem þó er hægt að framlengja, við völdu skráningarstofuna þar sem tilgreind verða skilyrðin sem henni eru sett varðandi skipulag, stjórnsýslu og stjórnun .eu höfuðlénsins.
- 14) Fyrir hönd Bandalagsins hefur framkvæmdastjórnin farið fram á úthlutun á EU-kóðanum í þeim tilgangi að búa til landsbundna landskóða höfuðléna á Netinu. Þann 25. september 2000 gáfu Netsamtök um úthlutað heiti og númer (ICANN-samtökin) út ályktun þar sem kveðið er á um að „tveggja stafa kóðum megi aðeins úthluta sem landslénnum ef stofnunin sem fer með eftirlit á ISO-staðli 3166 hefur skráð í sérstaka skrá sína yfir kóða sem búið er að taka frá að búið sé að taka frá kóðann, sem nær yfir alla beitingu á ISO-staðli 3166-1 sem þarf að kóða í nafni lands, yfirráðasvæðis eða svæðis sem um er að ræða“. Þessi skilyrði eru uppfyllt með EU-kóðanum og því má úthluta honum til Bandalagsins.
- 15) Sem stendur bera ICANN-samtökin ábyrgð á að samræma og úthluta kóðum fyrir landslén til skráningarstofa. Í ályktun ráðsins frá 3. október 2000 er hvatt til að teknar verði upp meginreglur sem eiga við um skráningarstofur fyrir landslén sem voru samþykktar af ráðgjafarnefnd stjórnvalda (GAC-nefndinni). Skráningarstofan skal gera samning við ICANN-samtökin þar sem meginreglur GAC-nefndarinnar eru virtar.
- 16) Með samþykkt opinberrar stefnu sem tekur á skráningu lénsheita sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni er kveðið á um að handhafar eldri réttar, sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum eða lögum Bandalagsins eða opinberra aðila, muni njóta ávinnings á tilteknu tímabili („sólarupprásartímabili (e. sunrise period“) þegar skráning lénsheita þeirra er frátekin sérstaklega fyrir slíka handhafa fyrri réttinda sem er viðurkenndur eða stofnað til samkvæmt landslögum eða lögum Bandalagsins eða opinberra aðila.
- 17) Ekki skal afturkalla lénsheiti með geðþóttaákvörðun. Hinsvegar má afturkalla lénsheiti, sérstaklega ef það stríðir bersýnilega gegn allsherjarreglu. Afturköllunarstefna skal þó kveða á um tímanlegt og skilvirkt fyrirkomulag.
- 18) Samþykkja skal reglur varðandi lénsheiti án handhafa (bona vacantia) til að taka á tilfellum þar sem skráning á lénsheiti er ekki endurnýjuð eða þar sem lénsheiti eru án handhafa t.d. vegna erfðalaga.
- 19) Nýja skráningarstofan fyrir .eu höfuðlén skal ekki hafa vald til að búa til undirlén með tveggja stafa kóða fyrir lönd.
- 20) Innan rammans sem komið er á með þessari reglugerð, reglum um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess sem og stefnu um allsherjarreglur um skráningu skal taka ólíka möguleika til athugunar þegar skráningarstefnan er mótuð, þ.m.t. „fyrstir koma, fyrstir fá“.
- 21) Þegar vísað er til hagsmunaaðila skal kveða á um samráð sem einkum nær til opinberra yfirvalda, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Skráningarstofunni er heimilt að stofna ráðgjafarnefnd til að skipuleggja slíkt samráð.

- 22) Samþykking skal ráðstafanir sem nauðsynlegar eru framkvæmd þessarar reglugerðar, þ.m.t. viðmiðanir fyrir valaðferð skráningarstofunnar, tilnefningu skráningarstofunnar, sem og samþykkt reglna um opinbera stefnu í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.
- 23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. að taka í notkun .eu höfuðlénin, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif er Bandalaginu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari reglugerð er að taka í notkun landskóðann .eu fyrir .eu höfuðlénin innan Bandalagsins. Í reglugerðinni eru sett fram skilyrði fyrir því að taka það í notkun, þ.m.t. tilnefningu á skráningarstofu, og komið á fót almennum viðmiðunarramma sem skráningarstofan starfar innan.

2. Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um fyrirkomulag aðildarríkja að því er varðar landsbundin höfuðlén.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Skráningarstofa“: eining sem falið er skipulag, stjórn-sýsla og stjórnun á .eu höfuðléninu, þ.m.t. skipulag samsvarendi gagnagrunna og tengdrar opinberar leitarþjónustu, skráning lénshéiti, rekstur skráningarstofunnar fyrir lénshéiti, rekstur nafnaþjóna skráningarstofu fyrir höfuðlén og útbreiðsla á svæðisskrám höfuðléna.
- b) „Skráningaryfirvald“: einstaklingur eða aðili sem veitir skráningaraðilum skráningarþjónustu lénshéiti í gegnum samning við skráningarstofu.

##### 3. gr.

#### Eiginleikar skráningarstofunnar

1. Framkvæmdastjórnin skal:

- a) ákveða viðmiðanir og málsmeðferð við tilnefningu skráningarstofu, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 6. gr.,

- b) tilnefna skráningarstofu, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr., eftir að hafa birt auglýsingu eftir áhugasömum aðilum í Stjórnartíðindum Evrópu-bandalaganna og eftir að hafa lokið málsmeðferð við slíka auglýsingu,

- c) gera samning, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr., sem tilgreinir skilyrðin sem framkvæmdastjórnin fer eftir við eftirlit með skipulagi, stjórn-sýslu og stjórnun skráningarstofunnar á .eu höfuðléninu. Samningurinn á milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar skal hafa takmarkaðan gildistíma og það skal vera hægt að endurnýja hann.

Skráningarstofan má ekki taka við skráningum fyrr en skráningarstefnan er til staðar.

2. Skráningarstofan skal vera stofnun sem er ekki rekin í hagnaðarskyni og skal stofnuð í samræmi við lög aðildarríkis og hafa skráða skrifstofu sína, yfirstjórn og höfuðstöðvar innan Bandalagsins.

3. Með fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar skal skráningarstofan gera viðeigandi samning sem kveður á um úthlutun landskóða .eu höfuðlénsins. Hvað þetta varðar skal taka tillit til viðeigandi meginreglna sem samþykktar hafa verið af ráðgjafarnefnd stjórnvalda.

4. Skráningarstofa .eu höfuðléns skal ekki sjálf fara með hlutverk skráningaryfirvalds.

##### 4. gr.

#### Skyldur skráningarstofunnar

1. Skráningarstofan skal fara að reglum, stefnum og málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari og þeim samningum sem um getur í 3. gr. Skráningarstofan skal fara að gagnsæjum málsmeðferðarreglum sem eru án mismununar.

2. Skráningarstofan skal:

- a) skipuleggja, reka og stjórna .eu höfuðléninu í þágu almannahagsmuna og á grundvelli meginreglna um gæði, skilvirkni, áreiðanleika og aðgengi,
- b) skrá lénshéiti í .eu höfuðléninu í gegnum faggilt .eu skráningaryfirvöld eftir ósk þess efnis frá:
- i. fyrirtæki sem hefur skráða skrifstofu, yfirstjórn eða höfuðstöðvar innan Bandalagsins, eða
  - ii. stofnun með staðfestu innan Bandalagsins, með fyrirvara um beitingu landslaga, eða
  - iii. einstaklingi sem búsettur er innan Bandalagsins,
- c) innheimta gjöld sem tengjast beint þeim kostnaði sem stofnað er til,

- d) innleiða stefnu um samkomulag utan dómstóla vegna ágreinings byggðan á innheimtu kostnaðar og málsmeðferð til að greiða hratt úr ágreiningi á milli handhafa lénshéiti, að því er varðar réttindi varðandi heiti sem fela í sér hugverkaréttindi, sem og ágreiningi að því er varðar einstakar ákvarðanir skráningarstofunnar. Stefnan skal samþykkt í samræmi við 1. mgr. 5. gr. og taka tillit til til-mæla Alþjóðahugverkastofnunarinnar. Stefnan skal kveða á um fullnægjandi málsmeðferðarrétt hlutadeigandi aðila og skal gilda með fyrirvara um dómsmál,

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- e) samþykkja málsmeðferðarreglur fyrir faggildingu .eu skráningaryfirvalda, og framkvæma faggildinguna sem og að tryggja skilvirk og sanngjörn samkeppnisskilyrði milli .eu skráningaryfirvalda,
- f) tryggja heilleika gagnagrunna yfir lénsheiti.

5. gr.

### Stefnurammi

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við skráningarstofuna og fara að málsmeðferð sem um getur í 3. mgr. 6. gr. við samþykkt reglna um opinbera stefnu varðandi að taka .eu höfuðlénið í notkun og hlutverk þess og meginreglur opinberra stefna varðandi skráningu. Opinber stefna skal ná yfir:

- a) stefnu um samkomulag utan dómstóla vegna ágreinings,
- b) opinbera stefnu um skráningar lénsheita sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni, þ.m.t. möguleika á áfangaskiptri skráningu lénsheita til að tryggja tímabundið viðeigandi möguleika handhafa eldri réttar, sem er viðurkenndur eða stofnað var til samkvæmt landslögum eða lögum Bandalagsins eða opinberra aðila, til að fá heiti sín skráð,
- c) stefnu um hugsanlega afturköllun lénsheita, þ.m.t. varðandi lénsheiti án handhafa,
- d) málefni er varða tungumál og landfræðileg hugtök,
- e) meðhöndlun hugverkaréttinda og annarra réttinda.

2. Innan þriggja mánaða frá því að reglugerð þessi öðlast gildi geta aðildarríki birt framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum takmarkaðan lista með almennt viðurkenndum heitum yfir landfræðileg og/eða landfræðipólítísk hugtök sem hafa áhrif á stjórnmalalegt skipulag þeirra eða svæðaskiptingu, sem annað hvort:

- a) eru ekki skráð, eða
- b) eru aðeins skráð á undirléni samkvæmt reglum um opinbera stefnu.

Framkvæmdastjórnin skal án tafar tilkynna skrifstofunni um skrá yfir tilkynnt heiti sem slíkar viðmiðanir gilda um. Framkvæmdastjórnin skal birta þessa skrá á sama tíma og hún tilkynnir skrifstofunni um hana.

Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin gerir athugasemd við atriði á tilkynntum lista, innan 30 daga frá birtingu hans, skal framkvæmdastjórnin grípa til ráðstafana til að ráða bót á stöðu mála, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

3. Skráningarstofan skal, áður en skráning hefst, samþykkja upphaflega skráningarstefnu fyrir .eu höfuðlénið í samráði við framkvæmdastjórnina og aðra hagsmunaaðila. Skráningar

stofan skal innleiða í skráningarstefnuna reglurnar um opinbera stefnu sem samþykktar voru skv. 1. mgr., að teknu tilliti til skrárinnar yfir undantekningar sem um getur í 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal reglulega tilkynna nefndinni sem um getur í 6. gr. um þær aðgerðir sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

### Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fjarskiptanefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) <sup>(1)</sup>. Þar til fjarskiptanefndin hefur verið stofnuð samkvæmt ákvörðun 1999/468/EB skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndar sem komið er á skv. 9. gr. tilskipunar ráðsins 90/387/EBE frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum <sup>(2)</sup>.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

### Áskilnaður réttinda

Bandalagið skal halda eftir réttindum varðandi .eu höfuðléni, einkum hugverkaréttindi og önnur réttindi gagnagrunna skráningarstofunnar, sem nauðsynleg eru framkvæmd þessarar reglugerðar og réttindum til að endurtilnefna skráningarstofuna.

8. gr.

### Framkvæmdarskýrsla

Ári eftir að reglugerð þessi er samþykkt skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, um hvernig gekk að taka í notkun, skilvirkni og hlutverk .eu höfuðléna, og upp frá því á tveggja ára fresti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 192, 24.7.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/51/EB (Stjtið. EB L 295, 29.10.1997, bls. 23).

9. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 22. apríl 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. Arias CAÑETE

*forseti.*

---